


skoðun 26

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
10. desember 2010
290. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Frá Póllandi til Íslands

*Pawel Bartoszek er meðal fulltrúa á stjórnlagaþingi. Æskan í Póllandi hefur áhrif á viðhorf hans til þjóðfélagsmála.*

**föstudagsviðtalið** 24

## Miklar vinsældir

*Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson á tvær af mest seldu bókum landsins.*

**fólk** 56



## Betri leikur en samt tap

*Stelpurnar okkar sýndu mikinn baráttuvilja gegn Svartfellingum í gær.*

**sport** 66

## veðrið í dag




**VINDASAMT** í dag verða vestan 10-18 m/s. Skýjað og dregur úr vætu vestan til eftir hádegi. Hiti á bilinu 0-10 stig.

**VEÐUR** 4



**SAMNINGSBROS** Lee C. Buchheit, formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar, var brosmildur þegar hann kynnti nýjan samning við Breta og Hollendinga í Iðnó í gærkvöldi. „Þetta er sanngjarn samningur," sagði Buchheit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kostnaður ríkisins mest 50 milljarðar

**Kostnaður ríkisins vegna Icesave lækkar um 110 milljarða frá fyrri samningi, að mati samninganefndar Íslands. Vonir standa til að greiðslum verði lokið árið 2016.**

**FJÁRMÁL** „Þetta er sanngjarn samningur," segir Lee C. Buchheit, formaður samninganefndar Íslands, um ný samningsdrög í Icesave-deilunni. Nýr samningur er mun hagstæðari en sá sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.

Allir sem Fréttablaðið ræddi við í gærkvöldi eru sammála um að samningsdrögin séu mun hagstæðari en samningurinn sem var felldur. Vaxtakjör hafa lækkað í þrjú prósent úr 5,5 prósentum. Heildarkostnaður ríkisins er metinn á tæpa 50 milljarða á móti 162 milljörðum samkvæmt fyrri samningi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, tekur samningnum þó með fyrirvara og leggur til að málinu verði skotið til þjóðarinnar eins og fyrri samningi. Óeðlilegt sé úr því sem komið er að Alþingi eigi síðasta orðið.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir samninginn vissulega betri en þann fyrri.

> **2,64%** Meðalvextir á tímabilinu 2009-2016, að teknu tilliti til vaxtahlés og lækkunar höfuðstóls.
>
> GREINARGERÐ SAMNINGANEFNDAR ÍSLANDS

Hins vegar þurfi að vega og meta hvort þjóðin hafi hagsmuni af því að ljúka málinu með samningum, þrátt fyrir að engin lagaskylda hafi verið til að greiða innstæðutryggingar.

Fyrsta vaxtagreiðslan, 26 milljarðar, verður greidd strax á næsta ári, öðlist nýi Icesave-samningurinn gildi. Tuttugu milljarðar króna koma frá Tryggingasjóði innstæðueigenda. Sex milljarðar verða greiddir úr ríkissjóði.

Ýmis lagaleg skilyrði breytast frá fyrri samningi. Þyngst vegur að úrlausn ágreiningsmála er flutt úr lögsögu breskra dómstóla og undir regluverk Alþjóðagerðardómstólinn í Haag. Fari svo að máli vegna samninganna verði vísað til dómsins er tryggt að Ísland á þar fulltrúa.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur stofnað mál á hendur íslenska ríkinu vegna Icesave-málsins. Ef samningar takast ekki má búast við að endi með málshöfðun fyrir EFTA-dómstólnum. Ef niðurstaða verður Íslandi í óhag gæti ríkið verið skaðabótaskylt og EES-samningurinn verið í uppnámi, að mati samninganefndar Íslands.

Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður, sem tilnefndur var af stjórnarandstöðuflokkunum í samninganefndina, segir að upplýsingagjöf til stjórnarandstöðunnar hafi verið góð allan tímann sem samningaviðræðurnar stóðu yfir. „Ég tel að stjórnarandstaðan hafi haft sömu upplýsingar og stjórnin," segir Lárus.

Formenn stjórnarflokkanna vildu ekki tjá sig um niðurstöðuna í gær.

**- shá, sh** / sjá síður 6 og 8

Framleiðir utan greiðslumarks:

## Fyrstu ostarnir frá Kú í búðir

**VIÐSKIPTI** Nýtt fyrirtæki sem framleiðir osta sem búnir eru til úr mjólk utan greiðslumarkskerfisins hefur tekið til starfa. Fyrirtækið heitir Kú og er fjölskyldufyrirtæki Ólafs M. Magnússonar. Hann stýrði áður mjólkurvörufyrirtækinu Mjólku.

Í viðtali við Ólaf í Fréttablaðinu í dag kemur fram að fyrsta kastið einbeiti fyrirtækið sér að framleiðslu osta að franskri fyrirmynd. Fyrstu tveimur ostunum verður dreift í verslanir um helgina, hvítmygluostinum Ljúflingi og hvít- og blámygluostinum Öðlingi.

Alls starfa sex manns að framleiðslu ostanna, fjórir í verksmiðju fyrirtækisins í Hafnarfirði og tveir við mjólkurframleiðslu á kúabúi fjölskyldu Ólafs í Kjós. „Við köllum síðan til aukamannskap þegar gera þarf átak í pökkun," segir Ólafur.

**- óká** / sjá síðu 18

Ólafur Elíasson sýnir í London:

## Ein af stjörnum Ólympíuhátíðar

**FÓLK Ólafur Elíasson verður ein af stjörnum sérstakrar Ólympíulistahátíðar sem blásið verður til í London árið 2012. Ólafur er í góðum hópi listamanna því meðal þeirra sem koma fram eru Cate Blanchett, Damon Albarn og Jude Law. Listahátíðin verður sett hinn 21. júní og er ætlað að standa þar til Ólympíuleikum fatlaðra verður slitið hinn 9. september. Ekki liggur fyrir hvaða verk Ólafur ætlar sér að sýna við þetta tækifæri og má gera ráð fyrir því að það eigi að koma á óvart.**



ÓLAFUR ELÍASSON

**- fgg** / sjá síðu 70










**SPURNING DAGSINS**



*Páll, er þessi plata made in sveitin?*

„Nei, kannski ekki alveg. Þetta eru frekar perlur frá gamalli tíð. Þjóðarsálin að vissu leyti."

Páll Rósinkranz stórsöngvari gaf nýlega út plötuna Ó hvílík elska. Hann sagði þar að finna ákveðna sveitarómantík.

Úrræði vegna skuldavanda heimilanna að skýrast:

# Verklag til reiðu í næstu viku

**EFNAHAGSMÁL** Verklagsreglur fyrir ný úrræði vegna skuldavanda heimilanna verða væntanlega tilbúnar hinn 15. þessa mánaðar. Eftir þann tíma ætti almenningur að geta borið sig eftir öllum þeim lausnum sem í boði eru.

Eftir margra vikna viðræður hagsmunaaðila komust stjórnvöld, lánastofnanir og lífeyrissjóðir að samkomulagi sem var undirritað fyrir réttri viku. Það kvað meðal annars á um að skuldarar í yfirveðsettum íbúðum gætu beðið bankann um að færa eftirstöðvar niður í 110 prósent af verðmæti fasteignarinnar eða að öðrum kosti sótt um sértæka skuldaaðlögun.

Fyrrgreindir kostir eru þegar aðgengilegir hjá bönkum, en eftir 15. desember verða einnig í boði ný úrræði tengd vaxtabótum og sérstökum vaxtaniðurgreiðslum.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi Umboðsmanns skuldara, segir í samtali við Fréttablaðið að embættið muni áfram leiðbeina þeim sem snúi sér til þess til ráðgjafar vegna sértækrar skuldaaðlögunar. Þá aðstoði það einnig fólk sem hafi ekki verið ánægt með þau svör sem það fái frá bönkum. **- þj**



**RÁÐGJÖF** Hægt er að snúa sér til banka um niðurfærslu skulda og skuldaaðlögun, en ekki verða öll úrræði vegna skuldavanda komin á hreint fyrr en í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nauðgunardómur staðfestur:

# Þrjú og hálft ár fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær þriggja og hálfs árs fangelsisdóm yfir Tomasz Burdzan fyrir að hafa nauðgað konu á heimili sínu í júlí 2009.

Konan kærði manninn. Hún greindi frá því að erlendur maður hefði boðið henni heim til sín en hún hefði þurft að hringja símtal. Í herbergi hans hefði hann hrint henni þannig að hún hefði fallið á skáp eða hillu. Hún hefði vankast og hann nauðgað henni. Konunni voru dæmdar 1,5 milljónir króna í skaðabætur. **- jss**

Auknar tekjur í ferðaiðnaði:

# Gjald lagt á ferðamenn

**ALÞINGI Fjármálaráðherra lagði í gær fram frumvarp á Alþingi um farþegagjald og gistináttagjald sem innheimt verður af ferðamönnum á Íslandi, bæði innlendum og erlendum.**



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

**Markmið laganna er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða.**

**Ferðaþjónustuaðilum verður gert að greiða gjald fyrir hvern farþega. Upphæðin fer eftir því hversu langt að menn koma, en gjaldið er á bilinu 65 til 390 krónur. Þá mun ríkissjóður innheimta 100 króna gjald fyrir hverja gistinótt á hótelum, en 50 krónur fyrir hverja gistinótt á annars konar gististöðum.** **- jhh**

Íslandsdeild Amnesty:

# Stjórnvöld fullgildi bókun SÞ

**MANNRÉTTINDI** Íslandsdeild Amnesty ítrekar áskorun til stjórnvalda um að undirrita og fullgilda bókun Sameinuðu þjóðanna við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Tvö ár eru í dag frá því að allsherjarþing SÞ samþykkti bókunina. „Hún er mikilvægt skref í þeirri viðleitni að tryggja aðgang að réttlæti fyrir þolendur mannréttindabrota," segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag. „Fullgilding bókunarinnar er raunhæft skref í átt að útrýmingu fátæktar bæði heima og heiman," segir Jóhanna. Sjá síðu 32

# Neita að reisa mosku með nýja trúfélaginu

**Þrátt fyrir fund fulltrúa múslimafélaganna tveggja með mannréttindastjóra Reykjavíkur sýnist útilokað að félögin byggi sameiginlega mosku. Fái annað félagið lóð verður ekki gengið framhjá hinu félaginu, segir mannréttindastjórinn.**

**TRÚFÉLÖG** „Þetta er alveg eins og að segja þjóðkirkjunni að vera með Vottum Jehóva," segir Salmann Tamimi, forstöðumaður Félags múslima, sem kveður það ekki koma til greina að félagið byggi mosku sameiginlega með Menningarsetri múslima eins og borgaryfirvöld vilja.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að bæði félögin vildu lóð frá borginni undir mosku. Borgin segir ekki hægt að útvega nema eina lóð fyrir slíkt. Fulltrúar félaganna tveggja funduðu um málið með fulltrúum skipulagsyfirvalda og Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkur, 30. september síðastliðinn. Anna segir að í fyrrnefnda félaginu séu 373 skráðir meðlimir en 218 í því síðara. Þegar svo fámennir hópar sæki um lóðir fyrir tilbeiðsluhús sé eðlilegt að athuga hvort mögulegt sé að samnýta lóðir.



ANNA KRISTINSDÓTTIR

„Það er auðvitað ekki verið að fara fram á það að trúfélögin sameinist en við höfum spurt hvort menn gætu sameinast um einhvers konar regnhlífarsamtök um byggingu moskunnar sem slíkrar," útskýrir Anna, sem kveðst hafa túlkað fundinn þannig að báðir hópar teldu að ef moska yrði byggð myndi hún nýtast öllum múslimum.

Eins og sagði í Fréttablaðinu í gær segir Karim Askari, varaformaður stjórnar Menningarsetursins, það ekki andvígt sameiginlegri mosku. Menningarsetrið, sem meðal annars var stofnað af fyrrverandi meðlimum Félags múslima, sótti fyrst nýlega um lóð. Salmann Tamimi segir Félag múslima hafa haft lóðaumsókn í gangi í nærri tólf ár.



**SALMANN TAMIMI** Okkar umsókn er alveg aðskilin lóðaumsóknum annarra, segir forstöðumaður Félags múslima, sem tekur ekki í mál að byggja mosku með öðru trúfélagi múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Okkar umsókn er alveg aðskilin þeirra málum. Þetta er alveg eins og að segja þjóðkirkjunni að vera með Vottum Jehóva," segir Salmann um útspil borgarinnar.

Anna Kristinsdóttir ítrekar hins vegar að borgin eigi fáar lóðir sem henti undir bænahús. „Það er ekki þannig að hver 200 eða 300 manna söfnuður í borginni geti komið og sagt: Nú viljum við að fá lóð. Mér finnst mjög eðlilegt að menn segi á einhverjum tímapunkti að nú geti þeir ekki lengur, án greiðslu, fengið úthlutað svona takmörkuðum gæðum. En ég geri mér alveg grein fyrir því að ef það er úthlutað lóð til annars félagsins er ekki hægt að ganga framhjá hinu félaginu heldur," segir mannréttindastjórinn.

**gar@frettabladid.is**



**JÓLASTEMNING** Borgarstjóri opnaði Jólabæinn formlega og sést hér í góðum félagskap með Helgu Jónu Ásbjarnardóttur og einum jólasveinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jólabærinn opnaður:

# Borgarstjórinn tendraði ljósin

**FÓLK Jón Gnarr borgarstjóri opnaði Jólabæinn á Hljómalindarreit við Laugaveg við sérstaka athöfn í gær. Þetta er í annað sinn sem jólabærinn er starfræktur á þessum stað og þykir hann setja sannan jólavip á Laugaveginn.**

**Í jólabænum eru sölubásar þar sem ýmis varningur verður til sölu auk þess sem boðið verður upp á fjölbreyttar uppákomur og viðburði þar, sem og víðar í miðborginni, fram að jólum.**

**Eftir að borgarstjóri opnaði Jólabæinn formlega tók Karlakórinn Fóstbræður nokkur lög auk þess sem hálftröll og jólasveinar heimsóttu jólabæinn.** **- þj**

Skólagjöld hækkuð í Bretlandi:

# Átök í London

**BRETLAND** Óeirðir brutust út við þinghúsið í London í gær eftir að meirihluti breska þingsins samþykkti frumvarp sem heimilar hækkun skólagjalda.

Samkvæmt frumvarpinu geta skólagjöld allt að því þrefaldast. Þúsundir námsmanna mótmæltu og kom til átaka milli mótmælenda og lögreglu. Þá réðust mótmælendur á bifreið Karls Bretaprins og Camillu, eiginkonu hans, þegar þau óku um miðborgina. Rúða í bílnum var brotin og málningu skvett á hann. Nokkrir mótmælendur og lögreglumenn hafa slasast í átökunum. **- th**






Tæplega fimmtugur maður ákærður fyrir þjófnað, vopnalagabrot og fleira:

# Án byssuleyfa með vopnasafn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fimmtugan karlmann fyrir að brjótast inn í bifreið sem stóð í fjöru í landi Hafnar í Hvalfjarðarsveit. Úr bílnum stal maðurinn haglabyssu og riffli, ásamt skotum í bæði skotvopnin.

Maðurinn er ákærður fyrir Héraðsdómi Vesturlands, en brotin sem hann er ákærður fyrir áttu sér stað á 2009 og á þessu ári.

Manninum er enn fremur gefið að sök vopnalagabrot með því að hafa átt þrjá riffla án þess að hafa tilskilin skotvopnaleyfi.

Þá er hann ákærður fyrir að hafa geymt tvær haglabyssur og þrjá riffla, svo og skotfæri í þau, auk loftbyssuskota, óaðskilin og í ólæstum hirslum.

Loks fann lögregla hnúajárn við húsleit.

Fjórum sinnum hafði lögregla svo afskipti af manninum þar sem hann ók bifreið, án þess að hafa öðlast ökuréttindi. Í eitt skiptanna var bíllinn sem hann ók þar að auki ótryggður.

Ákæruvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar og að skotvopnasafn hans og skotfæri, svo og hnúajárnið, verði gerð upptæk. **- jss**



**VOPNABÚR** Maðurinn var vel vopnum búinn. MYND ÚR SAFNI.

# PLÚS vikunnar

## Síðustu jóla- og áramótaferðirnar á ótrúlegu verði!

**Jólaferðir**

### Kanarí
15 nætur — 21. des - 5. jan

Verð frá: ★★★

**139.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð á Roque Nublo með 1 svefnherbergi.

**Áramót**

### Tenerife
6 nætur — 29. des - 4. jan

Verð frá: ★★★

**94.500 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð á Parque de las Americas með einu svefnherbergi.

hálft fæði innifalið!

**Áramót**

### Tenerife
6 nætur — 29. des - 4. jan

Verð frá: ★★★★

**138.700 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi á Hotel Fanabe Costa Sur með morgun- og kvöldmat.



Sjá einnig fleiri frábær verðdæmi á plusferdir.is!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

## GENGIÐ 09.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,74 | 115,28 |
| Sterlingspund | 180,96 | 181,84 |
| Evra | 151,54 | 152,38 |
| Dönsk króna | 20,324 | 20,442 |
| Norsk króna | 19,027 | 19,139 |
| Sænsk króna | 16,595 | 16,693 |
| Japanskt jen | 1,3647 | 1,3727 |
| SDR | 176,04 | 177,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,322

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Atkvæði greidd um fjárlagafrumvarp að lokinni annarri umræðu í gær:

# Lilja Mósesdóttir sat hjá

**ALÞINGI** Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, annars ríkisstjórnarflokkanna, greiddi ekki atkvæði með tillögum ríkisstjórnarinnar við lok annarrar umræðu um fjárlög næsta árs á Alþingi í gær.

Ásmundur Einar Daðason og Atli Gíslason, þingmenn VG, gerðu einnig fyrirvara við tillögur ríkisstjórnarinnar um skerðingu á framlögum til heilbrigðisstofnana.

Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 34 milljarða króna halla næsta ár. Áformaður niðurskurður til heilbrigðisstofnana hefur verið mildaður verulega frá því sem áður var ráðgert. Lilja Mósesdóttir taldi þó ekki nóg að gert og sagði nauðsynlegt að fara hægar í niðurskurð. Til mótvægis mætti bæði flýta skattlagningu séreignarsparnaðar og skattleggja það útstreymi fjár sem yrði þegar gjaldeyrishöftum yrði aflétt.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins sérstaklega gagnrýniverða. Þar væri að finna skattahækkanir sem dragi þrótt úr efnahagslífinu. Frumvarpið fer nú á ný til fjárlaganefndar fyrir þriðju og síðustu umræðu í þinginu. - pg



**FJÁRLÖG** Alþingi vinnur að mótun fjárlaga næsta árs á grundvelli frumvarpsins sem Steingrímur J. Sigfússon lagði fram hinn 1. október.

Barnaheill áhyggjufull:

# Andvíg niðurskurði í skólum

**MENNTAMÁL Barnaheill hafa þungar áhyggjur af niðurskurði í skólakerfinu. Í tilkynningu skora samtökin á hið opinbera að standa vörð um réttindi barna á tímum niðurskurðar.**

**„Nú eru uppi hugmyndir hjá sveitarfélögum um frekari niðurskurð sem felast í því að skerða nám barna um allt að fimm tíma á viku, eða sem nemur allt að fimm vikum á ári. Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja þessar hugmyndir óásættanlegar,“ segir í tilkynningunni. - sh**



**MEÐ VERÐLAUNASKJALIÐ** Óljóst var hvaða tengsl stúlkan hafði við verðlaunahafann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðlaun afhent í Kína:

# Verðlaunahafinn mætti ekki

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld afhentu í gær sín eigin friðarverðlaun til höfuðs friðarverðlaunum Nóbels, sem afhent verða í Ósló í dag.

Kínversku verðlaunin fékk Lien Chan, fyrrverandi varaforseti Taívans, en hann mætti ekki sjálfur til athafnarinnar og var á síðustu stundu ákveðið að ung stúlka myndi taka á móti verðlaununum í staðinn.

Liu Xiaobo, kínverski andófsmaðurinn sem fær friðarverðlaun Nóbels, kemst ekki heldur til Óslóar í dag vegna þess að hann situr í fangelsi í Kína. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Réðist á lögreglumann

Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega tvítugan karlmann fyrir að ráðast á lögreglumann. Atvikið varð í október í fyrra við skemmtistaðinn Glaumbar í Reykjavík. Afleiðingarnar urðu þær að lögreglumaðurinn hlaut mar á hálsi og tognun á hálshrygg.

## LEIÐRÉTTING

Í aðsendri grein frá Ómari Stefánssyni í gær var sagt að hann væri fyrrverandi bæjarfulltrúi. Það er rangt því Ómar er bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Í herþjálfun í Sovétríkjunum

**Alls fóru 24 félagar í íslenska Kommúnistaflokknum í byltingarnám til Sovétríkjanna á fjórða áratug síðustu aldar og fengu flestir herþjálfun. Alls meiddust 60 í átökum við kommúnista á fimm ára tímabili.**

**SAGNFRÆÐI** Íslenski Kommúnistaflokkurinn sendi samtals 24 Íslendinga í byltingarnám í Sovétríkjunum á átta ára tímabili á fjórða áratug síðustu aldar, nítján karlmenn og fimm konur. Þetta kemur fram í bókinni Sovét-Ísland óskalandið eftir sagnfræðinginn Þór Whitehead sem út er komin.

Enginn þeirra sem sagt hafa sína sögu af dvölinni í Sovétríkjunum hefur staðfest að hafa verið þjálfaður í hernaði og neðanjarðarstarfsemi. Fram kemur í bók Þórs að hvorutveggja hafi verið á námsskránni og fátt bendi til þess að íslensku nemendurnir hafi verið undanþegnir þeim æfingum.

Kommúnistaflokkurinn kom sér upp bardagaliði vopnuðu bareflum úr tré og járni við upphaf fjórða áratugarins. Bardagaliðið var lengst af fjölmennara en lögreglulið Reykjavíkurborgar, sem á þessum tíma taldi 28 lögreglumenn.

Harður kjarni flokksmanna í Kommúnistaflokknum bjóst skotvopnum. Harðasti kjarninn úr flokknum taldi sumarið 1932, stuttu fyrir þriðja og fjórða Gúttóslaginn, að hér gæti komið upp ástand sem jaðraði við byltingarástand. Þeir leituðu til Alþjóðasambands kommúnista og óskuðu eftir fyrirmælum um hvernig skyldi bregðast við slíku ástandi.

Kommúnistaflokkurinn vann skipulega að því að ná markmiði sínu að beina stjórnmálaástandinu á Íslandi í átt til byltingar. Alþjóðasambandið gaf flokknum fyrirmæli um að beita lögreglumenn ofbeldi og virða hvorki lög né reglur.

Þó að ofbeldisöldu sem Kommúnistaflokkurinn stóð fyrir á árunum 1930 til 1934 hafi slotað með nýrri línu frá Moskvu árið 1935 hélt Kommúnistaflokkurinn áfram að vinna að byltingu í landinu. Flokkurinn vildi byltingu í áföngum frekar en í einni svipan. Arftaki flokksins, Sósíalistaflokkurinn, tók þá stefnu upp og fylgdi meðal annars í stjórnarsamstarfi árið 1944, að því er segir í bók Þórs. brjann@frettabladid.is



**GÚTTÓSLAGURINN** Engin mynd af sjálfum Gúttóslagnum er til á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en hér má sjá hvernig umhorfs var í Gúttó eftir að verkamenn, kommúnistar og aðrir hleyptu upp bæjarstjórnarfundi og börðust við lögreglumenn. MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

## Sextíu slasaðir eftir átök við kommúnista

Flokksmönnum í Kommúnistaflokknum tókst ásamt öðrum að yfirbuga lögregluna í Reykjavík í fjórða Gúttóslagnum, sem átti sér stað árið 1932. Allir 20 lögreglumennirnir sem börðust með kylfum sínum gegn stórum hópi verkamanna, þar á meðal mörgum liðsmönnum kommúnista, þann dag slösuðust í átökunum.

Tilefni bardagans var tillaga sem lá fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur um að lækka laun í atvinnubótavinnu borgarinnar. Ræða átti tillöguna á fundi í Gúttó hinn 9. nóvember 1932.

Alls meiddust 60 lögregluþjónar og hjálparmenn þeirra í átökum sem Kommúnistaflokkurinn efndi til á árunum 1930 til 1934. Sumir náðu sér aldrei, þrír lögreglumenn urðu að hætta störfum vegna örorku.

Dómarar kváðu upp 67 fangelsisdóma, skilorðsbundna jafnt sem óskilorðsbundna, yfir þeim sem ofbeldið frömdu, en engum dómi var fullnægt.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HELGARHORFUR**

Veðurhorfur helgarinnar eru býsna góðar, en það lægir til muna á morgun og léttir víðast til. Á sunnudag lítur út fyrir hæga suðlæga átt en þykknar hins vegar aðeins upp vestan til. Það kólnar lítillega um helgina.





Á MORGUN
5-10 m/s en strekkingur austast fram eftir degi.



SUNNUDAGUR
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 3° |
| Berlín | -4° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 5° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 4° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -7° |
| París | 2° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is



# EINFALT

## AÐ SKILA OG SKIPTA

**AÐ SKIPTA JÓLAGJÖFUM
ER EINFALT...**
hjá okkur geta þínir nánustu
valið úr yfir 50.000 vörutegundum
og allir finna eitthvað við sitt hæfi:

*leikföng, spil, snyrtivörur,
fatnaður, skór, skemmtiefni,
bækur, búsáhöld, raftæki
og margt fleira.*




**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## ICESAVE: Nýr samningur við Breta og Hollendinga kynntur

### ÆVINTRÝRALEGUR MUNUR



„Það er náttúrlega ævintýralegur munur á þessari niðurstöðu og þeirri sem við stóðum frammi fyrir haustið 2009 sem þjóðin síðan hafnaði í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir Ögmundur Jónasson, sem frá upphafi hefur verið helsti efasemdarmaðurinn í stjórnarliðinu um Icesave-málið. Hann sagði sem kunnugt er af sér ráðherradómi í fyrrahaust þar sem hann vildi ekki styðja Icesave-samninginn sem þá lá fyrir.

„Mat okkar sem töldum óráð að ganga að afarkostum Breta og Hollendinga á þessum tíma hefur nú sannast að var rétt,“ segir hann. „Ef þetta verður niðurstaðan erum við að tala um tugi ef ekki hundruð milljarða króna sem sparast. Annað eins skiptir nú máli fyrir þjóð í þrengingum og velferðarkerfi sem æmtir undan 20 til 30 milljarða niðurskurði.“

> Mér finnst flest benda til þess að við séum komin á endastöð í þessu ógæfumáli.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON** SAMGÖNGURÁÐHERRA

Spurður hvort hann muni greiða atkvæði með ríkisábyrgð vegna samningsins á Alþingi segir Ögmundur: „Ég hef allan fyrirvara á enn – ég vil skoða málið nánar. En mér finnst flest benda til þess að við séum komin á endastöð í þessu ógæfumáli og mun styðja það með fyrirvara um að ekki komi eitthvað fleira í ljós við nánari skoðun.“

Ögmundur kveðst hins vegar ekki líta á niðurstöðuna sem áfellisdóm yfir þeim sem áður sömdu um málið fyrir Íslands hönd. „Íslendingar hafa verið með hnífinn á barkanum allar götur frá haustinu 2008. Við skulum ekki gleyma því að þeir sem þá fóru með völdin á Íslandi, fulltrúar þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat, voru með alls kyns yfirlýsingar og gengust undir skuldbindingar sem voru miklu verri en kom síðan út úr fyrstu samningsdrögunum vorið 2009. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við ættum að líta á þetta sem nánast stríðsástand þar sem við höfum verið að fikra okkur áfram syllu af syllu til að bæta stöðu okkar. Þannig lít ég á málið fremur en að bera saman samninganefndir.

Hins vegar var það vissulega mikil gæfa að við skyldum fá til liðs við okkur samningamann sem er þrautreyndur í alþjóðlegum samningum eins og þessum – Lee Buchheit – en það er ekki þar með sagt að ég sé að kveða upp einhverja áfellisdóma yfir þeim sem á undan komu.“

### ÖLLUM Í HAG AÐ KLÁRA MÁLIÐ



„Þessi niðurstaða er í takt við það sem okkur hafði verið kynnt áður og eftir kynninguna að dæma er þessi niðurstaða mun hagstæðari en þeir samningar sem áður voru á borðinu, þannig að ég tel að það sé öllum í hag að klára málið,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann kveðst vonast til að það geti orðið fljótlega.

> Mun hagstæðari en þeir samningar sem áður voru á borðinu.
>
> **VILHJÁLMUR EGILSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Samtökin hafa frá upphafi lagt áherslu á að samið yrði um Icesave-málið sem allra fyrst, enda hafi það staðið í vegi fyrir því að atvinnulífið næði fullum dampi. Nú þegar þessi samningur liggur fyrir, telur Vilhjálmur þá að biðin hafi verið þess virði? „Það er bara sagnfræðin sem getur sagt til um það – ef það verður þá einhvern tímann hægt,“ segir hann. Fleira en Icesave-málið hafi staðið í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu, til dæmis gjaldeyrishöft, og því sé afar erfitt að leggja mat á það í krónum hversu mikið töfin sem slík hafi kostað samfélagið. - sh


**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.



**Jólakaffi með Kópavogsbúum**

Samfylkingin í Kópavogi býður í jólakaffi **laugardaginn 11. desember** klukkan **11.00 til 13.00** í húsnæði flokksins Hamraborg 11, 3. hæð.

Upplestur úr nýjum bókum, tónlistaratriði og fleiri góðir gestir mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur

Samfylkingin í Kópavogi




**SAMKOMULAG KYNNT Í IÐNÓ** Nýr Icesave-samningur var kynntur í Iðnó gærkvöldi. Auk Guðrúnar Þorleifsdóttur, stjórnarformanns tryggingasjóðs innstæðueigenda, eru á myndinni fulltrúar íslensku samninganefndarinnar, þeir Einar Gunnarsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Lee C. Buchheit og Guðmundur Árnason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Telja að Icesave verði úr sögunni árið 2016

**Lee C. Buchheit, formaður samninganefndar Íslands, segir að nýr Icesave-samningur sé sanngjarn. 110 milljarðar sparast í vaxtakostnaði frá samningnum sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkið sleppur með 50 milljarða hið mesta.**

Innan við 50 milljarðar króna falla á ríkissjóð vegna Icesave, að mati samninganefndar Íslands. Eingöngu er um vaxtakostnað að ræða en eignir Landsbankans eru taldar standa undir höfuðstól skuldarinnar. Greiðslum verður að fullu lokið árið 2016, að mati nefndarinnar. Með fyrirliggjandi niðurstöðu er samningaleiðin fullreynd.

Íslenska Icesave-samninganefndin kynnti í gærkvöldi niðurstöðu viðræðna við bresk og hollensk stjórnvöld vegna Icesave sem hafa staðið síðan í febrúar. Samningsdrög voru undirrituð á miðvikudagskvöld. Með undirrituninni er einungis staðfest að niðurstaða er fengin í viðræður landanna. Endanleg skuldbinding af Íslands hálfu bíður samþykktar Alþingis. Drög að lagafrumvarpi byggðu á efni samkomulagsins hafa verið afhent formönnum allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi.

Lee C. Buchheit sagði í samantekt sinni á fundinum að samningurinn væri að sínu mati sanngjarn. Ekki hefði verið mögulegt, að hans mati, að ná lengra. Hann telur að allar þjóðirnar þurfi að axla byrðar vegna málsins.

„Grundvallarspurningin sem við stóðum frammi fyrir var þessi. Hvernig semur maður um greiðsluskilmála af skuld sem maður veit ekki hver er og mun ekki vita um nokkurra ára skeið?“ sagði Buchheit. Hann sagði þess vænst að eignir gamla Landsbankans stæðu undir láninu. Það væri hins vegar ekki vitað með vissu.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur stofnað til samningabrotamáls á hendur íslenskum stjórnvöldum. Án samnings heldur það mál áfram með útgáfu rökstudds álits ESA og jafnvel málshöfðun fyrir EFTA-dómstólnum. Verði niðurstaða Íslandi í óhag gætu vaknað spurningar um skaðabótaskyldu ríkisins og EFTA-samningurinn yrði í uppnámi í framhaldinu. Málshöfðun ESA verður felld niður með samningi.

Niðurstaðan nú er Íslendingum mun hagstæðari en sá samningur sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars. Ef samningarnir tveir eru lagðir upp samkvæmt sömu forsendum hefur nýr samningur í för með sér 47 milljarða króna kostnað fyrir íslenska ríkið, miðað við 162 milljarða kostnað við fyrri samninginn, eins og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður, sem var tilnefndur af stjórnarandstöðuflokkunum í samninganefndina, útskýrði á fundinum. „Þetta stóra Icesave-mál fer minnkandi,“ komst Lárus að orði.

„Við myndum tæpast treysta okkur til að ná betri árangri,“ sagði Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, spurður um mat á samningnum.

Fram kom í máli Jóhannesar Karls Sveinssonar hæstaréttarlögmanns að samningalotan nú hefði verið úrslitatilraun til að ná samningum.

svavar@frettabladid.is

### Inntak tveggja Icesave-samninga




**KOSIÐ UM ICESAVE** Hinn 6. mars fór fram fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan í sögu íslenska lýðveldisins þegar þjóðin kaus um Icesave.

**Samningur felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010**

- Vextir: 5,55 prósent.
- Endurgreiðslur hefjast: árið 2016.
- Greiðslum skal lokið: árið 2024 (möguleiki á framlengingu til 2030).
- Efnahagslegir fyrirvarar: lægri afborganir ef hagvöxtur yrði undir tilteknum mörkum.
- Úrlausn ágreiningsmála: Fyrir breskum dómstólum.
- Mat á kostnaði ríkisins: 162 milljarðar.

**Samningsdrög undirrituð 8. desember 2010**

- Vextir: Hollendingar 3 prósent, Bretar 3,3 prósent.
- Endurgreiðslur hefjast: árið 2011 (vaxtagreiðsla Tryggingasjóðs og ríkisins samtals 26 milljarðar).
- Greiðslum skal lokið: í síðasta lagi árið 2046.
- Efnahagslegir fyrirvarar: Þak á árlegar greiðslur ríkisins eftir 2016 miðast við 5% af tekjum ríkisins á fyrra ári. Lenging lánstíma: Ef eftirstöðvar höfuðstóls nema innan við 45 milljörðum árið 2016 greiðast þær innan tólf mánaða (2016-2017). Endurgreiðslutími lengist um eitt ár við hverja 10 milljarða sem höfuðstóllinn hækkar umfram 45 milljarða. Lokagreiðsla í síðasta lagi 2046.
- Úrlausn ágreiningsmála: Hjá alþjóða gerðardómstólnum í Haag, þar sem báðir aðilar eiga fulltrúa.
- Mat á kostnaði ríkisins: 47 milljarðar.



UPPLIFÐU TÖFRANDI DISNEY JÓL!
3.490.- ÆVISAGA
JÓAKIM
1.590.- CARS
1.090.- ÞRAUTABÓK
2.490.- KRÓKUR
BLAÐ 490.-
2.690.- JÓLASYRPA
DISNEY
Á HEIMA Í EYMUNDSSON
YFIR 100 DISNEY TITLAR!
VERÐ FRÁ 3.900.- ÁSKRIFTARKASSAR
Disney kríli
TOY STORY 3
1.890.- TOY STORY MAXI
TOY STORY
3-D
1.190.- 3D BÓK
DISNEY BÆKURNAR FÁST Í EYMUNDSSON
Kvöldsögur
Jólasögur
Sögusafn Leikfangasaga
SÖGUSAFN DISNEY 3.990.-
13.000 EINTÖK SELD 3.990.-
Stóra Disney matreiðslubókin
©Disney/Pixar
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# ICESAVE: Nýr samningur við Breta og Hollendinga kynntur

## ICESAVE-SAGAN

2008

**Október:** Landsbankinn fellur. Tugir þúsunda innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi geta ekki nálgast peninga sína.

**Október:** Íslensk og hollensk stjórnvöld undirrita skjal um að tryggingasjóður innstæðueigenda á Íslandi fái lán til að standa straum af greiðslu innstæðutrygginga. Miðað við 6,7 prósenta vexti. Samningaviðræður við Breta skila hins vegar ekki árangri.

**Nóvember:** ESB beitir sér fyrir samþykkt svokallaðra Brussel-viðmiða, þar sem meðal annars er viðurkennt að tilskipun ESB um innistæðutryggingar gildi á Íslandi og að í samningum við Ísland eigi að taka tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna landsins.

**Desember:** Alþingi samþykkir þingsályktun sem heimilar stjórnvöldum að leiða Icesave-málið til lykta.

2009

**Júní:** Ritað er undir lánasamninga á milli Íslands og Hollands og Bretlands. Frumvarp er lagt fram á Alþingi.

**September:** Frumvarpið er samþykkt með miklum breytingum, svokölluðum fyrirvörum um bæði efnahagsleg og lagaleg áhrif samninganna.

**Október:** Gerðir viðaukasamningar við Bretland og Holland til að koma til móts við fyrirvara Alþingis.

**Desember:** Alþingi samþykkir nýtt Icesave-frumvarp.

2010

**Janúar:** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands synjar Icesave-lögunum staðfestingar. Boðað er til þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Febrúar – mars:** Skipuð er ný samninganefnd undir forystu Lee Buchheit. Reynt til þrautar að ná nýjum samningi fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, en það mistekst.

**Mars:** Icesave-lögin er felld í þjóðaratkvæðagreiðslu með rúmlega 98 prósentum atkvæða.



**BÆYSFÖR Á AUSTURVELLI** Hinn 30. desember í fyrra var haldin blysför til þess að mótmæla Icesave-samkomulagi ríkisstjórnarinnar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, vísaði málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 5. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## STEINGRÍMUR ÍHUGI STÖÐU SÍNA



„Það er greinilegt að það borgar sig að hafa fagmenn í vinnu," segir Þór Saari, Hreyfingunni, um nýjan Icesave-samning. „Þeir hafa náð umtalsverðum árangri miðað við það sem áður var uppi á borðum.

Nú þegar þetta er komið niður í upphæðir eins og kemur þarna fram hef ég velt upp þeirri hugmynd, og meðal annars rætt hana við fjármálaráðherra, að aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja verði einfaldlega látin borga þetta. Hrunið er þeim að kenna og þótt þetta yrðu bara fjármálafyrirtækin myndu þau ekki finna fyrir því að borga þetta," segir Þór.

Þór segist ekki vita á þessari stundu hvort hann muni greiða atkvæði með samningnum á þingi. Til þess þurfi að lúslesa hann og öll fylgiskjöl. „Við höfum brennt okkur á því áður í tvígang að taka við skjölum frá ríkisstjórninni sem segja að við séum með æðislegan Icesave-samning sem hefur svo verið bara blekkingin innantóm. Ég reikna að vísu ekki með því að það sé þannig í þetta skiptið því ég treysti Lee Buchheit fyllilega til að segja sannleikann."

Hins vegar telji hann líklegt að umtalsverður meirihluti verði fyrir þessu á þingi ef því verði gefinn nægur tími til að fara yfir málið og að því gefnu að hvergi sé fiskur undir steini. „En það er kurr í mönnum af því að það heyrðist strax á Steingrími að hann langaði að keyra þetta í gegn fyrir jól. Ef hann ætlar að reyna það verður allt vitlaust."

Þór segir ekki víst að Steingrímur J. Sigfússyni sé sætt sem fjármálaráðherra eftir þetta mál. Hann hafi haft kolrangt fyrir sér þegar hann reyndi að keyra í gegn samninga sem hefðu kostað þjóðina tugi ef ekki hundruð milljarða. „Ég held að hann ætti að sjálfsögðu að skoða sína stöðu mjög rækilega eftir þetta allt saman. Við ættum kannski að gera Lee Buchheit að fjármálaráðherra." - sh

> Við ættum kannski að gera Lee Buchheit að fjármálaráðherra.
>
> **ÞÓR SAARI**
> ÞINGMAÐUR HREIFINGARINNAR

## NÚNA ÞARF AÐ VEGA OG META KOSTI ÞESS AÐ SEMJA UM MÁLIÐ



„Þegar þessi niðurstaða samninganefndarinnar er kynnt er manni auðvitað efst í huga hversu miklu máli það skipti að hnekkja fyrri samningum og að það skuli hafa verið gert með jafnafgerandi hætti og samstöðu meðal þjóðarinnar," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Það sendi skýr skilaboð um að menn ætluðu ekki að sæta neinum afarkostum í þessu máli og ólíkt því sem forysta ríkisstjórnarinnar hélt þá fram, um að þjóðaratkvæðagreiðslan væri tilgangslaus tímasóun, hefur komið í ljós að hún skipti öllu."

Um efni samninganna segir Bjarni tvennt blasa við: „Annars vegar að þær fjárhagslegu skuldbindingar sem menn væru að undirgangast með þessum samningum eru af allt annarri stærðargráðu en samkvæmt fyrri samningi." Hins vegar sé umgjörð málsins gjörbreytt. Ekki væri verið að gangast í ábyrgðir fyrir risavaxin lán og þá hafi verið endursamið um ýmis lagaleg atriði með skynsamlegri hætti.

„Eftir sem áður, þó að þetta tvennt hafi breyst svona mikið, þá er réttlætiskennd manns á vissan hátt misboðið yfir því að við skulum yfirhöfuð þurfa að ræða þetta mál, vegna þess að þarna var um að ræða banka sem var ekki á nokkurn hátt rekinn á ábyrgð ríkisins," segir Bjarni.

Verkefni næstu daga sé að fara yfir það hvort þjóðin hafi engu að síður hagsmuni af því að ljúka málinu, með tilliti til efnahagslegra og lagalega þátta, þótt Bjarni segist enn algjörlega sannfærður um að engri lagaskyldu sé til að dreifa.

„Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að efnahagsleg áhrif þess að málið hafi tafist hafi verið stórkostlega ýkt og nær ekkert staðist af því sem flestir sem fjallað hafa um málið hafa sagt – allt frá háskólaprófessorum yfir í aðila vinnumarkaðarins – þá er ekki hægt að horfa alfarið framhjá því að því fylgja einhver efnahagsleg áhrif að málið skuli vera óleyst."

Bjarni vill á þessu stigi ekkert segja um það hvort hann telji sig munu greiða atkvæði með ríkisábyrgð vegna samninganna. - sh

> Réttlætiskennd manns er á vissan hátt misboðið yfir því að við skulum yfirhöfuð þurfa að ræða þetta mál.
>
> **BJARNI BENEDIKTSSON**
> FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

## VILL ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU UM SAMNINGINN



„Fljótt á litið er þetta mun hagstæðara tilboð en fyrri samningurinn," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „En hafi Íslendingar lært af reynslunni í þessu máli þá verðum við að kynna okkur þetta mál í þaula áður en mikið er hægt að segja."

Sigmundur Davíð segist ekki geta lagt mat á það hvort hann muni styðja samninginn í meðförum Alþingis. „Þó að þetta tilboð sé mun hagstæðara þarf það líka að vera það ef menn telja ásættanlegt að taka á sig kröfu sem er ekki lagastoð fyrir. Það er óbreytt og ég held að það sé afstaða ríkisstjórnarinnar núna að þetta sé ekki samkvæmt lagaskyldum."

Sigmundur segir að óháð niðurstöðunni úr samningaferlinu verði að meta hvort „fari vel á því að þingið taki síðasta orðið af almenningi. Þegar búið er að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem niðurstaðan var afgerandi, verður að meta hvort ekki sé eðlilegt að það sé gert aftur. Ég tel að það sé eðlilegt úr því sem komið er." - shá

> Fljótt á litið er þetta mun hagstæðara tilboð en fyrri samningurinn
>
> **SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**
> FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

Lokað í dag

**Föstudaginn 10. desember** verður lokað hjá embætti ríkisskattstjóra og á öllum starfsstöðvum (skattstofum).

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

## TAL UM ÞJÓÐARATKVÆÐI ÓTÍMABÆRT



„Ég held að það sé ótímabært að ræða það strax hvort þetta á að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að það á alveg eftir að ræða innihald samningsins og skoða það," segir Jóhannes Þór Skúlason úr InDefence-samtökunum. „Það veit enginn meira um þetta en þær völdu staðreyndir sem samninganefndin hefur kynnt."

Samtökin söfnuðu í fyrra um 60 þúsund undirskriftum til að skora á forseta Íslands að synja lögum um ríkisábyrgð vegna síðasta Icesave-samnings staðfestingar.

„Við fyrstu sýn er augljóst að þjóðin hefur, með því að hafna Icesave 2 í þjóðaratkvæðagreiðslu, skapað forsendur fyrir því að þessi samningur hefur batnað mjög mikið frá því sem áður var," segir Jóhannes.

Hann segir að liðsmenn samtakanna eigi þó eftir að leggjast almennilega yfir samninginn og forsendurnar að baki útreikningum áður en þeir taki afstöðu til hans. „Brennt barn forðast eldinn. Við munum að þegar fyrsti samningurinn var kynntur var talað um að þetta væru 150 milljarðar plús vextir sem féllu á ríkissjóð og síðan þegar menn fóru að reikna betur voru þeir fljótlega komnir upp í 300 milljarða, og svo upp í 500 milljarða þegar seinni samningurinn lá fyrir.

Tölurnar í þessu geta reynst varasamar og það er nauðsynlegt að vera með forsendurnar á hreinu áður en þeim er slegið föstum. Við viljum sérstaklega skoða hvaða forsendur liggja að baki þeirri ályktun að aldrei lendi meira en 50 milljarðar á íslensku þjóðinni." - sh

> Tölurnar í þessu geta reynst varasamar.
>
> **JÓHANNES Þ. SKÚLASON**
> INDEFENCE-SAMTÖKUNUM

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin



## HAMBORGARHRYGGUR

KJÖTSEL

31% afsláttur

**898** kr/kg
áður 1.298 kr/kg

# Allt fyrir jólahlaðborðið



### HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

26% afsláttur

**1.997** kr/kg
áður 2.698 kr/kg

KEA





### HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

26% afsláttur

**2.441** kr/kg
áður 3.298 kr/kg

KEA



### SVÍNASÍÐA
PURUSTEIK

38% afsláttur

**557** kr/kg
áður 898 kr/kg

KJÖTSEL



### KALKÚNASTEIK
REYKT, FULLELDUÐ

30% afsláttur

**1.665** kr/kg
áður 2.379 kr/kg

ÍSFUGL



### HUMAR
2 KG ASKJA

29% afsláttur

**3.995** kr/pk.
áður 5.598 kr/pk.



### RAUÐKÁL
FERSKT

**238** kr/kg
Frábært verð!





### ANTHON BERG
400 G

**1.998** kr/pk.
áður 2.998 kr/pk.





### LINDT LINDOR
200 G

**695** kr/pk.
Tilboðsverð!





### SMÁAR KLEMENTÍNUR
2,3 KG KASSI

**495** kr/pk.
áður 598 kr/pk.

Birtist með fyrirvara um prentvillur.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **9. - 12.** desember
eða meðan birgðir endast

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir utanríkisráðherra Ástralíu?*
2. *Hversu háir eru stýrivextir Seðlabankans eftir síðustu vaxtabreytingu?*
3. *Hvaða leikkona mun leika álfkonuna Galadriel í kvikmyndinni um Hobbitann?*

**SVÖR**

*1. Kevin Rudd. 2. 4,0 prósent. 3. Cate Blanchett.*

Íslenskir aðalverktakar og Carbon Recycling hefja byggingu fyrstu verksmiðju sinnar tegundar við Svartsengi:

# Ný verksmiðja hefur starfsemi næsta vor

**IÐNAÐUR** Íslenskir aðalverktakar (ÍAV) og íslenska hátæknifyrirtækið Carbon Recycling International (CRI) hafa skrifað undir samning um byggingu fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum sem framleiðir vistvænt eldsneyti fyrir almennan markað úr koltvísýringsútblæstri.

Fram kemur í tilkynningu fyrirtækjanna að ÍAV reisi verksmiðjuna á lóð við jarðvarmaorkuver HS Orku við Svartsengi á Reykjanesi. „Framkvæmdir við verksmiðjubygginguna eru nú hafnar og er áætlað að verksmiðjan verði komin í gagnið vorið 2011. Verksmiðjan notar raforku og koltvísýring úr gufu frá jarðvarmaverinu til að framleiða vistvænt eldsneyti fyrir bíla. Þessi framleiðslutækni var þróuð af CRI og er vernduð með einkaleyfi,“ segir í tilkynningunni.

Framleiðslugeta verksmiðjunnar er sögð munu verða allt að fimm milljónir lítra af endurnýjanlegu metanóli á ári. „Eldsneytið fer fyrst á innlendan markað. Endurnýjanlegu metanóli er hægt að blanda í bensín eða lífrænan dísil til þess að framleiða vistvænt eldsneyti án



**TÖLVUGERÐ MYND** Þrívíddarmynd af verksmiðju Carbon Recycling (til vinstri) sem framleiða mun vistvænt eldsneyti fyrir bíla úr koltvísýringsútblæstri og rafmagni frá orkuveri HS Orku í Svartsengi. MYND/ARKÍS, CRI

þess að breyta þurfi bílvélum eða dreifingu og flutningsmáta eldsneytis,“ segir í tilkynningunni, en þar kemur jafnframt fram að við blöndun hækki oktantala bensíns og bruni véla verði hreinni. **- óká**



**PORSCHE CAYENNE** Sportjeppi Porsche fékk „Gullstýrið“ í ár, en það veita lesendur 26 evrópskra bílablaða.

250 þúsund greiddu atkvæði:

## Porsche hlýtur Gullstýrið í ár

**ÞÝSKALAND** Evrópsku bílaverðlaunin „Gullstýrið 2010“ komu nýverið í hlut sportjeppans Porsche Cayenne í flokki jepplinga.

250 þúsund lesendur kusu á milli tilnefndra bíla í vali útgáfufélagsins Springer-Verlag. Nýjasta útgáfa þessa vinsæla sportjeppa er sögð hafa heillað lesendur með fagurri hönnun og miklu notagildi, að ótöldu hámarksafli og þeirri akstursánægju sem hafa má af bílum Porsche.

Um 40 milljón lesendum Auto Bild, Bild am Sonntag og 26 annarra evrópskra bílablaða var boðið að taka þátt í valinu. **- óká**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kona sló lögreglumann**

Kona er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, ákærð fyrir að hafa slegið lögreglumann í andlitið þar sem hann var við skyldustörf utandyra við Vegamótastíg í Reykjavík. Atvikið átti sér stað á síðasta ári.

# Tannlæknir hefur kært ákvörðun Sjúkratrygginga

**Tannlæknir á Reykjanesi sem ákærður hefur verið fyrir fjársvik hefur kært ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands til heilbrigðisráðuneytisins. Efni hennar er að stöðva þátttöku í kostnaði við tannlækningar hans.**

**STJÓRNSÝSLA** Tannlæknir á Suðurnesjum hefur kært ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands þess efnis að stöðva þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar hans frá og með 1. október síðastliðnum. Þetta staðfestir Gestur Jónsson hrl., lögmaður tannlæknisins, við Fréttablaðið.

Tannlæknirinn sem um ræðir hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir meint tryggingasvik upp á 129 þúsund krónur. Verjandi hans sagði í Fréttablaðinu fyrr í vikunni að málatilbúnaðurinn væri undarlegur. Hann hefur gert kröfu um að málinu verði vísað frá dómi.

Rannsókn málsins hjá lögreglu hefur tekið á fimmta ár. Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og var jafnvel talið, samkvæmt upplýsingum sem þeim voru veittar, að svikin næmu allt að 200 milljónum króna síðustu þrjátíu ár, uppreiknað til nóvember 2007. Samkvæmt ákærunni sem þingfest hefur verið er tannlækninum gefið að sök á hafa á árunum 2003 til 2006 svikið út rúmar 129 þúsund krónur vegna 34 tannviðgerða í ellefu einstaklingum. Sjúkratryggingar Íslands gera einkaréttarkröfu í málinu um að tannlækninum verði gert að endurgreiða mest ríflega 23 milljónir króna en minnst 129.412 krónur.



**TANNLÆKNINGAR** Verjandi tannlæknisins, Gestur Jónsson hrl., segir ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands ólögmæta. Myndin er úr safni.

Fimm vikum áður en tannlækninum var birt ákæran fékk hann bréf frá Sjúkratryggingum þess efnis að ekki yrði um að ræða frekari endurgreiðslur frá stofnuninni vegna tannlæknisverka hans.

Verjandi tannlæknisins hefur kært ákvörðunina og segir hana ólögmæta. Sjúkratryggingar grundvalli hana meðal annars á nýjum reglum í reglugerð frá 15. september 2010.

„Nýju reglunum frá því 15. september verður einungis beitt um atvik eða ástand sem upp hefur komið frá því að reglurnar tóku gildi,“ útskýrir Gestur og bendir á að hver maður eigi rétt á að teljast saklaus nema sekt hans sé sönnuð fyrir dómi.

Reynir Jónsson, tryggingatannlæknir hjá Tryggingastofnun, hefur ekki viljað tjá sig um málið, að hluta né í heild, þegar eftir því hefur verið leitað.

**jss@frettabladid.is**






**STEINGRÍMUR ARI ARASON** Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands segir rekstur tannlæknisins ekki uppfylla skilyrði reglugerðar sem sett var í júlí í ár.

Forstjóri Sjúkratrygginga um stöðvun endurgreiðslna:

## Uppfyllir ekki skilyrði

**STJÓRNSÝSLA** „Stöðvun Sjúkratrygginga (SÍ) á endurgreiðslum kostnaðar vegna tannviðgerða umrædds tannlæknis á Reykjanesi byggir á því að eftir gildistöku reglugerðar frá 15. september 2010 er SÍ einungis heimilt að endurgreiða tannlæknakostnað að rekstur tannlæknis uppfylli sett skilyrði.“

Þetta segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. Hann segir SÍ telja að tannlæknirinn uppfylli ekki þessi skilyrði.

„Niðurstaða SÍ um að skilyrði reglugerðarinnar séu ekki uppfyllt byggir meðal annars á matsgerð dómkvadds sérfræðings í tannlækningum þess efnis að kærandi hafi krafið sjúklinga sína um greiðslur fyrir viðgerðir sem ekki hafi verið framkvæmdar. Matsgerðin er frá 12. júlí 2010,“ segir Steingrímur Ari. Umræddur tannlæknir hafnar niðurstöðu matsgerðarinnar og lögfræðingur hans hefur staðfest að engin breyting hafi orðið á starfsemi hans þegar SÍ tilkynnti honum fyrirhugaða stöðvun 16. september.

Kæran er rökstudd og hefur SÍ verið gefinn kostur á athugasemdum við hana. Kærandinn hefur einnig komið viðbótarupplýsingum á framfæri við ráðuneytið. **- jss**

Ellingsen
– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Opnunartímar í desember:**

| | |
|---|---|
| Laugardagur 11. des. | 10–18 |
| Sunnudagur 12. des. | 12–16 |
| Föstudagur 17. des. | 10–20 |
| Laugardagur 18. des. | 10–22 |
| Sunnudagur 19. des. | 12–22 |
| Mánudagur 20. des. | 10–22 |
| Þriðjudagur 21. des. | 10–22 |
| Miðvikudagur 22. des. | 10–22 |
| Fimmtudagur 23. des. | 10–22 |
| Aðfangadagur 24. des. | 10–12 |



20% AFSLÁTTUR

# VARMA
## – GEFÐU MJÚKAN PAKKA Í JÓLAGJÖF

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

VARMA
The Warmth of Iceland



Ullarsokkar. Þykkir og góðir sokkar sem halda hita á smáum fótum.

Verð **840 kr.** Verð áður 1.050




Angórusokkar. Hlýir, þjálir og endingargóðir.

Verð **1.640 kr.** Verð áður 2.050



Fingravettlingar með áttablaða rós. Íslensk framleiðsla úr ull.

Verð **1.800 kr.** Verð áður 2.250



Munstraðir belgvettlingar. Íslensk framleiðsla.

Verð **1.800 kr.** Verð áður 2.250



Angóruullarhúfa. Hlý og mjúk. Íslensk framleiðsla.

Verð **1.592 kr.** Verð áður 1.990



Eyrnaband með áttblaða rósarmynstri. Íslensk framleiðsla.

Verð **1.512 kr.** Verð áður 1.890

Peysur, húfur og treflar í miklu úrvali.



PIPAR\TBWA • SÍA



**SNJÓMOKSTUR VIÐ KREML** Á Rauða torginu í Moskvu þurfti að hreinsa burt snjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúmt 21 prósent landsframleiðslu fór í velferðarmál á Íslandi árið 2008:

# Ísland á botninum í velferðarmálum

**VELFERÐARMÁL** Útgjöld til velferðarþjónustu og félagsverndar á Íslandi námu 325,6 milljörðum króna eða 21,8 prósentum af landsframleiðslu árið 2008. Þetta er hlutfallslega minna en hjá nágrannalöndum okkar. Í Danmörku er þetta hlutfall 28,9 prósent, í Svíþjóð 28,8 prósent, í Noregi 24 prósent og í Færeyjum og Finnlandi 25,6 prósent. Þetta kemur fram á visir.is.

Um 40 prósent útgjaldanna á Íslandi árið 2008 voru vegna heilbrigðismála, en það samsvarar 8,8 prósentum af landsframleiðslu.

Þetta kemur fram í ritinu Social tryghed i de nordiske lande 2008/09, sem gefið er út af Norrænu hagskýrslunefndinni á sviði félags- og tryggingarmála. Í ritinu er að finna samanburð á velferðarþjónustu og félagsverndar milli Norðurlandanna. Þar er fjallað um aðgerðir opinberra aðila og einkaaðila sem miða að lífskjarajöfnun og að því að létta byrðum af heimilum og einstaklingum vegna fjárhagslegrar íþyngingar eða tekjumissis. Greint er frá niðurstöðunum á vef Hagstofunnar.



**ELDRI BORGARAR** Ísland situr á botninum á lista Norðurlandanna yfir útgjöld til velferðarmála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þar má sjá að hlutfallið er lægst á Íslandi þegar kemur að útgjöldum til aldraðra eða 4,9 prósent af landsframleiðslu samanborið við 11,1 prósent í Danmörku, 8,4 prósent í Færeyjum, 8,9 í Finnlandi, 6,7 í Noregi og 11,5 í Svíþjóð.

Tveir menn ákærðir:

# Veiddu í óleyfi

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvo menn fyrir brot á lögum um lax- og silungsveiði.

Mönnunum er gefið að sök að hafa síðdegis sunnudaginn 4. júlí 2010 verið að veiða á stöng í Tungufljóti í Árnessýslu fyrir landi Bergstaða í Bláskógabyggð. Þeir höfðu ekki leyfi til veiðanna, þar sem Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga ákvað á aðalfundi sínum þann 12. apríl 2010 að leigja veiðirétt í Tungufljóti til fimm ára. Voru því lax- og silungsveiðar á umræddum tíma og stað óheimilar öðrum en leigutaka og þeim er hann hafði ráðstafað veiði til. - jss

Fjölbreytt flóra á Vestfjörðum:

# Tíu prósent íbúa eru með erlent ríkisfang

**VESTFIRÐIR Vestfirðingar voru í upphafi árs 7.362 talsins og þar af voru um 709 íbúar með erlent ríkisfang, eða sem nemur 9,6 prósentum af heildaríbúafjölda í fjórðungnum. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.**

**Hlutfallið hefur hækkað lítillega síðastliðin þrjú ár en árið 2008 var það 8,2 prósent og 9,5 prósent á síðasta ári. Pólverjar eru langflestir þeirra erlendu ríkisborgara sem búa á Vestfjörðum, eða 436 talsins. Það gerir um 60 prósent þeirra sem eru með erlent ríkisfang.**

**Hæst er hlutfallið í Tálknafjarðarhreppi þar sem yfir fimmtungur íbúanna er með erlent ríkisfang, eða 64 af 299 íbúum sveitarfélagsins.** - kh

Papco stendur fyrir átakinu „Taktu þátt í að gefa gjöf“:

# Gefa salernisrúllur

**FÉLAGSMÁL** „Taktu þátt í að gefa gjöf“ heitir styrktarherferð íslenska hreinlætispappírsframleiðandans Papco nú fyrir jólin.

„Ein rúlla af hverri seldri pakkningu af hreinlætispappír í jólaumbúðum frá Papco rennur til góðgerðamála,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins, en það styrkir Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauða krossinn og Fjölskylduhjálpina.

Haft er eftir Þórði Kárasyni, framkvæmdastjóra Papco, að fyrirtækið geri ráð fyrir að gefa 20 þúsund salernisrúllur til góðgerðamála. „Og erum þegar búin að afhenta um helminginn. Okkar viðskiptavinir, bæði einstaklingar og fyrirtæki, hafa tekið mjög vel í þessa styrktarherferð og með því að fara þessa leið geta allir lagt sitt af mörkum og gjöfin verður veglegri,“ segir hann. Þá er í tilkynningu fyrirtækisins haft eftir Ásgerði Jónu Flosadóttur, formanni Fjölskylduhjálpar Íslands, að Papco hafi veitt Fjölskylduhjálpinni ómetanlegan stuðning allt frá stofnun samtakanna fyrir átta árum. Söfnun Papco stendur út desember, en auk styrktarherferðarinnar er fyrirtækið sagt hafa aukið stuðninginn við Fjölskylduhjálpina enn frekar með auknu vöruframlagi til samtakanna. - óká



**PAPPÍR GEFINN** Þórður Kárason, framkvæmdastjóri Papco, (í miðið) naut aðstoðar jólasveinsins við að afhenta starfsmanni Fjölskylduhjálparinnar pappír.



**ALLS STAÐAR Í FRÉTTUM** Í Pakistan var í gær efnt til mótmæla þar sem fáni Bandaríkjanna var brenndur til stuðnings Wikileaks og Julian Assange. NORDICPHOTOS/AFP

# Stríð út af Wikileaks í netheimum

**PayPal opnaði reikning Wikileaks í gær eftir árásir frá netþrjótum, sem undanfarna daga hafa gert harðar árásir á fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Síður Visa og Mastercard lágu niðri um hríð.**

**WIKILEAKS** Greiðslumiðlunarsíðan Paypal lét í gær undan árásum frá netþrjótum og losaði um fé sem komið var inn á reikning Wikileaks. Ekki verður þó hægt að greiða meira inn á reikninginn.

Hópur netþrjóta sem nefnir sig Anonymous hefur jafnt og þétt hert árásir sínar á fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem hafa gagnrýnt, unnið gegn eða lokað á þjónustu Wikileaks.

Meðal annars hafa síður kortafyrirtækjanna Visa og Mastercard legið niðri vegna árásanna og vefur saksóknaraembættis í Svíþjóð, sem krefst framsal Julians Assange frá Bretlandi, lá einnig niðri um hríð.

Þá varð Sarah Palin, fyrrverandi ríkisstjóri Alaska og einn helsti forsprakki teboðshreyfingarinnar í Bandaríkjunum, fyrir árás nafnlausu netþrjótanna, sem lokuðu vefsíðu hennar eftir að hún hafði gagnrýnt Assange.

Sjálf brást hún ókvæða við: „Þetta er það sem gerist þegar þú notar fyrsta viðaukann og talar gegn þessum sjúklegu, óamerísku njósnatilburðum hans.“

Árásir voru einnig gerðar á samskiptasíðuna Twitter eftir að lokað var á Wikileaks, en samskiptasíðan Facebook úthýsti hins vegar netþrjótunum og lokaði síðu þeirra. Netþrjótarnir segjast vera fjölmargir og nefna aðgerðir sínar Operation Payback, eins konar endurgjald fyrir þá framkomu sem Wikileaks hefur orðið fyrir.

Stuðningsfólk Wikileaks hefur fullyrt að þrýstingur og jafnvel hótanir frá Bandaríkjastjórn liggi að baki aðgerðum fyrirtækjanna gegn Wikileaks.

Á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Genf í gær sagðist Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, hafa verulegar áhyggjur af fregnum um að kortafyrirtæki hefðu látið undan þrýstingi og hætt að taka við greiðslum til Wikileaks.

Greiðslumiðlunarsíðan PayPal viðurkenndi í gær að hafa hætt að þjónusta Wikileaks vegna þrýstings frá Bandaríkjastjórn. Ákvörðunin hafi verið tekin eftir að bréf barst frá Bandaríkjastjórn, þar sem fullyrt var að starfsemi Wikileaks bryti í bága við bandarísk lög. Talsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna neitaði því hins vegar að slíkt bréf hafi verið skrifað. Þá dró talsmaður PayPal í land og sagði starfsfólk PayPal hafa tekið ákvörðunina með hliðsjón af almennri afstöðu Bandaríkjastjórnar.

gudsteinn@frettabladid.is

ERTU Í VITLAUSUM BANKA?

Samanburður debetreikninga*




Veldu S24 og fáðu betri vexti á debetreikninginn

DEBETREIKNINGUR MEÐ BETRI VÖXTUM

Sæktu um á www.s24.is eða hringdu í 533 2424 til að fá nánari upplýsingar – og þú hagnast.

S24 ...og þú hagnast

*M.v. vaxtatöflu banka og sparisjóða þann 1.12.2010. Tekið er mið af fyrsta þrepi debetreiknings.

S24 ER Í EIGU BYRS

DYNAMO REYKJAVÍK

# Langvinsælasta skáldsagan!

★★★★½

KB / Morgunblaðið






FURÐUSTRANDIR

## 5 VIKUR Á TOPPNUM!

1. Sæti – METSÖLULISTI EYMUNDSSON – Skáldverk 3.–9.11.10

1. Sæti – METSÖLULISTI EYMUNDSSON – Skáldverk 10.–16.11.10

1. Sæti – METSÖLULISTI EYMUNDSSON – Skáldverk 17.–23.11.10

1. Sæti – METSÖLULISTI EYMUNDSSON – Skáldverk 24.–30.11.10

1. Sæti – METSÖLULISTI EYMUNDSSON – Skáldverk 1.–7.12.10

1. sæti – HEILDARLISTI 8.–14.11.10 – FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

1. sæti – SKÁLDVERK 15.–21.11.10 – FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

1. sæti – SKÁLDVERK 22.–28.11.10 – FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

1. sæti – SKÁLDVERK 29.11.–5.12.10 – FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

1. sæti – Heildarlisti 29.11–5.12.10 – METSÖLULISTI BÓKABÚÐAR Máls og menningar

**7 MILLJÓNIR**
ARNALDARBÓKA SELDAR UM VÍÐA VERÖLD

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



**TILBOÐ 30% afsláttur við kassa**

**ÍSLENSK PEKING ÖND**
**1.329 kr/kg.**
Merkt verð 1.898.-

# TROÐIN PEKING ÖND
*að hætti kokkalandsliðsins*

200 g smjör
125 g bláber
3 g ferskt garðablóðberg
10 g portvín
1 stk önd
Salt
Pipar

Smjörið þeytt í hrærivél ásamt bláberjum, portvíni og söxuðu garðablóðbergi. Þeytið í u.þ.b. 4-6 mín. á hálfum hraða og saltið eftir þörf og smekk. Troðið smjörinu í gegnum fínt sigti og setjið svo í öndina milli skinns og kjöts.

MEÐLÆTI
8 meðalstórar gulrætur
3 stk steinseljurót
4 stk kartöflur (stórar)
1 stk laukur
3 stk rauðvínsglös
½ kjötsoð
1 stk kryddvöndur (rósmarín+garðablóðberg +lárviðarlauf+grænn hluti af blaðlauk)
Smjördeig

Allt grænmetið skrælt, skorið gróft niður, forsoðið í saltvatni og snögg kælt í klakavatni. Grænmetið þarf u.þ.b. 5 mín. í suðu. Setjið grænmeti í botn á potti og afganginn inn í gæsina. Leggið svo gæsina yfir grænmetið, rauðvínið og kjötsoðið, saltið og piprið. Fletjið smjördeigið svo það passi yfir hringinn á pottinum og lokið pottinum með viðeigandi loki.Ath. það þarf að bleyta smjördeigið aðeins svo það festist vel við pottinn og lokið. Bakið í ofni við160° í 30 min. Hægt er að nota kjarnhitamæli.Takið svo pottinn út og látið standa í 15 mín. Því næst eru bringurnar og lærin skorin af. Soðið er sett í annan pott og sósan löguð úr því, bragðbætt með salti og pipar. Grænmetið á sínum stað í pottinum og kjötið sett aftur yfir það og sósunni hellt yfir.

*frábært verð!*
**Á BIRKIREYKTU HANGIKJÖTI**



**TILBOÐ 27% afsláttur við kassa**

**SS BIRKIREYKT HANGILÆRI**
**2.335 kr/kg.**
Merkt verð 3.198.-

**SS BIRKIREYKTUR FRAMPARTUR**
**1.911 kr/kg.**
Merkt verð 2.618.-

*frábært verð!*
**Á FRÖNSKUM ANDABRINGUM**



**TILBOÐ 10% afsláttur við kassa**

**FRANSKAR ANDABRINGUR**
**3.148 kr/kg.**
Merkt verð 3.498.-

## JÓLAVILLIBRÁÐIN KOMIN Í VERSLANIR


Strútur


Krónhjörtur


Kengúra


Skosk rjúpa


Antilópa


Fashani


Hreindýr


Sebrahestur

**SMÁKÖKUR** MEÐ EXTRA SÚKKULAÐI
**SMÁKÖKUR** MEÐ HÖFRUM OG RÚSÍNUM
**SMÁKÖKUR** MEÐ HUNANGI OG MÚSLÍ
**SMÁKÖKUR** MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐI



**499 kr/pk**




**TILBOÐ**
**JÓI FEL KÖKUDEIG**
**499 kr/pk**



**HAMLET JÓLASTAFIR**
**299 kr/pk**

**NÝTT**



**EPLA KANILHRINGUR**
**999 kr/stk**




**TILBOÐ**
**MYLLAN JÓLATERTA**
**499 kr/stk**

**NÝTT**



**PIPARKÖKUR SKRAUT**
**549 kr/stk**

**NÝTT**



**PEKANBAKA**
**549 kr/stk**

Gildir til 12. desember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# GRÁÐAOSTA- OG VALHNETUFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR

*fyrir 4 að hætti Rikku*

4 stk kjúklingabringur
50 g gráðaostakurl
50 g valhnetur, saxaðar
4 stk tannstönglar
1 msk ólífuolía
salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 180°C. Blandið gráðaosti og valhnetum saman í skál. Skerið vasa í kjúklingabringurnar og kryddið með salti og pipar. Fyllið vasana með rúmlega 1 msk af gráðaosti og valhnetum og lokið fyrir með tannstöngli. Hitið ólífuolíu á meðal-heitri pönnu og brúnið kjúklingabringurnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið. Raðið bringunum í eldfast mót og bakið í 30 mínútur.

KORNASINNEPSSÓSA
1 msk ólífuolía
2 stk skalottlaukar
125 ml hvítvín
2 msk kornasinnep
1 dós sýrður rjómi 5%
100 ml maizena rjómi 7%
1 stk kjúklingakraftsteningur
salt og nýmalaður pipar

Hitið ólífuolíuna á pönnu og steikið skalottlaukana þar til að þeir verða mjúkir í gegn, hellið hvítvíninu yfir og látið það sjóða niður í 2 mínútur. Bætið þá afganginum af hráefninu yfir og látið malla þar til kjúklingabringurnar eru tilbúnar. Kryddið sósuna með salti og pipar. Berið kjúklingabringurnar fram með kartöflum og fersku salati.

| | |
|---|---|
| Kcal: | 733 / 37% |
| Prótein: | 32,8 g / 66% |
| Fita: | 46 g / 71% |
| Kolvetni: | 41 g / 14% |
| Trefjar: | 3,4 g / 14% |
| Kalk: | 196 mg / 20% |
| Járn: | 3,1 mg / 17% |

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 kcal orkuþörf.




**Heill kjúklingur**
ferskur




**Piparsteik**




**Hamborgarar**
4 stk. með brauði




**Nautahakk**
10-12%

MJÚKÍS 1 ltr.




TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa




TILBOÐ
CHICAGO TOWN
PIZZUR
449 kr/pk




TILBOÐ
KJÚKLINGA
VÆNGIR
399 kr/pk



TILBOÐ
JÓLASAFI
1 LTR.
299 kr/stk




ORKUDRYKKUR
VERÐ FRÁ
108 kr/stk

NÝTT
HAMLET
KONFEKT




NÝTT
BAHLSEN
KÖKUR





GOTT VERÐ
FRANSKUR BRIE
500 G
749 kr/stk

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Viðræður um lengingu lágmarksfæðingarorlofs í ESB-ríkjum halda áfram:

# Ráðherrar hafna tillögu um 20 vikna orlof

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Ráðherrar Evrópusambandsríkja hafa hafnað tillögu Evrópuþingsins frá því í október um að lengja lágmarksfæðingarorlof í ESB-löndunum 27 í 20 vikur.

Lágmarksorlof í ESB er nú 14 vikur, að því er greint er frá á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt til að lágmarksfæðingarorlof verði lengt í 18 vikur, en ekki er búist við að samkomulag náist um málið meðal ESB-ríkjanna fyrr en á næsta ári.

BBC greinir frá því að Bretland hafi verið meðal þeirra ríkja sem lögðust gegn lengingu orlofsins í 20 vikur. Lagt var fram mat þar sem viðbótarkostnaður breskra fyrirtækja við breytinguna var metinn á 2,5 milljarða punda, eða tæplega 450 milljónir króna.

Svipaðar áhyggjur voru viðraðar í Frakklandi og Þýskalandi. Frakkar sögðu kostnað heilsugæslu myndu aukast um 1,3 milljarða evra (tæpa 198 milljarða króna) og Þjóðverjar sögðu kostnaðaraukann verða 1,2 milljarða evra (183 milljarðar króna).

Belgía, sem veitir framkvæmdastjórninni forystu, segir meirihluta ríkjanna hlynntan frekari viðræðum um tillögu framkvæmdastjórnarinnar, um lengingu orlofs í 18 vikur. **- óká**



**Í MEÐGÖNGUSUNDI** Sameiginlegur réttur íslenskra foreldra til töku fæðingarorlofs telur níu mánuði, margfalt lágmark ESB-ríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LÆTUR VEL AÐ HVOLPNUM** Í dýragarði í sunnaverðu Frakklandi komu nokkrir ljónshvolpar í fyrsta sinn inn í hóp fullorðinna ljóna í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP



**UMHVERFISÁTAK** Akureyringar stefna að umhverfisvænni sorpförgun.

Sorphirða á Akureyri:

## Endurvinna í auknum mæli

**AKUREYRI** Akureyrarbær mun verja um 189 milljónum króna á næsta ári til að breyta fyrirkomulagi við sorphirðu og förgun.

Í fjáhagsáætlun sem lögð var fyrir bæjarstjórn í vikunni. Í greinargerð segir að verið sé að stórauka endurvinnslu og minnka sorp til urðunar, en þó er gert ráð fyrir að sorphirðugjald verði óbreytt frá þessu ári, eða 22.000 krónur á heimili. **- þj**

Úthlutað úr forvarnasjóði:

## Alls konar verkefni fá styrki

**REYKJAVÍK Góðverkadagurinn, Hafnarkortið og vinafjölskyldur í Austurbæjarskóla eru meðal þeirra verkefna sem í gær fengu úthlutað styrkjum úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar. Heildarupphæð styrkja nemur um 6,75 milljónum króna.**



**JÓN GNARR**

**Jón Gnarr borgarstjóri úthlutaði styrkjunum níu í gær í sjöunda sinn. Hann sagði við afhendinguna að verkefnin sem hlotið hefðu styrki væru jafn ólík og þau hefðu verið mörg. Þau hefðu verið „allskonar“ og skemmtileg – hvert á sinn hátt.**




**ÁSGEIR JÓNSSON** Markaðir eru framsýnir. Um leið og stjórnvöld hér lýsa því yfir að stefnt sé að inngöngu í myntbandalag Evrópu mun krónan taka við sér, segir forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Krónan er ávísun á haftastefnu í tíu ár

**Ætli Íslendingar að halda í krónuna verða þeir að reikna með lítilli einkaneyslu í skugga hafta um árabil. Seðlabankinn brást of seint við. Núverandi vaxtastigi hefði átt að vera náð fyrir ári, segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er staða krónunnar og er tímabært að afnema gjaldeyrishöft?

Ætli Íslendingar að halda áfram að nota krónuna er vafamál hvort gjaldeyrishöft verði afnumin á næstu fimm til tíu árum. Í skugga hafta verður að byggja myntsvæðið upp á nýtt með lágu raungengi og lítilli einkaneyslu.

Svo mælir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Hann var einn fjögurra frummælenda á morgunverðarfundi Arion banka um áhrif gjaldeyrishafta og framtíð krónunnar.

Ásgeir tæpti á því að saga flotgengisstefnu hér hefði verið afar stutt; staðið yfir frá 2001 og fram til loka árs 2008 þegar höftin voru innleidd til að stöðva útflæði á fjármagni úr landi í skugga banka- og gengishruns.

Ásgeir var á móti höftunum í fyrstu en hefur nú skipt um skoðun: „Eftir á að hyggja má segja að þau hafi verið nauðsynlegt böl, neyðarúrræði. Það hefði verið mjög erfitt að endurskipuleggja fjármálakerfið með fljótandi gjaldmiðli,“ sagði hann og taldi langt í að krónan yrði sett á flot á ný.

„Ég held að þjóðin vilji í raun og veru ekki flotgengi nema hún sætti sig við óstöðugt gengi. Það þarf að ríkja sátt um það. En ég efast um að við séum andlega tilbúin fyrir fljótandi mynt,“ sagði hann.

### Býst við langri kreppu

Ásgeir sagði seðlabanka annarra ríkja hafa brugðist fljótt við þegar róðurinn þyngdist á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum fyrir þremur árum. Þeir hefðu lækkað vexti hratt og sett peningaprentvélarnar í gang. Þetta hafi Seðlabanki Íslands ekki gert. Þvert á móti hafi hann brugðist seint við og afleiðingarnar eftir því orðið verri.

„Ein af ástæðum þess að við lentum í þessu var sú að við gátum ekki brugðist við; við gátum ekki lækkað stýrivexti í núll og prentað peninga. Seðlabankinn var of seinn. Það skref sem hann steig [í fyrradag] hefði hann átt að stíga á sama tíma í fyrra. Af þeim sökum munum við sjá þessa niðursveiflu verða dýpri og lengri en við höfum áður séð,“ sagði hann.

### Evran er lykillinn

Viðræður stjórnvalda um aðild að Evrópusambandi eiga að fela í sér inngöngu í myntbandalag Evrópu, að mati Ásgeirs. Í kjölfar yfirlýsingar um slíkt muni gengi krónunnar jafna sig, hún fest við gengi evru og sveiflast innan ákveðinna vikmarka. Gangi það eftir þurfi ekki að aflétta höftum fyrr en yfirlýsing um slíkt verði gefin.

„Markaðir eru framsýnir,“ sagði Ásgeir. „Um það leið og fyrir liggur á einhverjum tímapunkti að skiptin fari fram munu allar ákvarðanir miðast við það og krónan taka við sér,“ sagði hann og vísaði á bug svartsýnisröddum um bága stöðu evrunnar í skugga fjárhagserfiðleika Grikkja, Íra og Portúgala. Fjarri því sem sumir haldi fram telji hann engin ríki á leið úr myntbandalaginu.

„Allar aðrar þjóðir myndu tapa því. Í raun myndi bankakerfi þessara ríkja tæmast undir eins ef þau myndu lýsa því yfir að þau gengju úr myntbandalaginu. Það yrði íslenskt gjaldþrot, íslenskt kerfishrun,“ sagði Ásgeir.

**jonab@frettabladid.is**

## Hreyfa vexti í takt við markmið

Seðlabankinn hefur verið gagnrýndur síðastliðin þrjú ár fyrir að hafa farið sér of hægt í lækkun stýrivaxta þegar erfiðleika tók að gæta á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum árið 2007. Peningastefnunefnd lækkaði stýrivexti í fyrradag og eru þeir nú miðað við skilgreiningu bankans 4,0 prósent. Á sama tíma eru stýrivextir í helstu nágrannalöndum nálægt núlli.

„Við hreyfum vextina upp og niður eins og þarf til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvort við erum að fara of hratt eða of hægt. Þeir hafa fullan rétt til þess,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri.



**MÁR GUÐMUNDSSON**

# Nýtt frá Vilko



**FRÉTTAVIÐTAL:** Ólafur Magnússon hefur stofnað nýtt fyrirtæki í mjólkuriðnaði og ætlar sér stóra hluti, utan kvóta!

# Aftur á byrjunarreit – nú með Kú

**Ólafur M. Magnússon þurfti að selja Mjólku frá sér í kjölfar hrunsins. Hann kennir þó ekki öðrum um en sjálfum sér og mikilli skuldsetningu vegna hraðs vaxtar. Nú stigur hann fram með framleiðslufyrirtækið Kú og býður upp á osta framleidda úr mjólk utan kvóta.**

Ljúflingur og Öðlingur heita tveir nýir ostar sem koma eiga í verslanir núna um helgina. Ljúflingur er hvítmygluostur í ætt við Camembert og Öðlingur er blá- og hvítmygluostur.

Ostarnir eru þeir fyrstu sem líta dagsins ljós frá nýju framleiðslufyrirtæki í mjólkuriðnaði sem kallast Kú og er fjölskyldufyrirtæki Ólafs M. Magnússonar. Í allt starfa nú sex manns að framleiðslunni, velflestir tengdir Ólafi fjölskyldubændum, en hann segist vonast til þess að fyrir árslok starfi 15 til 20 manns við framleiðsluna.

Auk fyrstu ostanna tveggja segir Ólafur svo standa til að koma með á markað eftir áramót íslenskan Port-Salut, sem ekki hafi verið hér á markaði í dálítinn tíma.

„Og svo komum við með gráðaost, sem verður í ætt við Gorgonzola og unninn á sama hátt.“ Þá segir Ólafur standa til að koma með á markað fyrir páska rauðmygluost sem hér hafi ekki fengist áður.

### Eins og að gefa frá sér barn

Ólafur var áður forstjóri Mjólku, sem þar til á síðasta ári framleiddi mjólkurafurðir úr mjólk sem framleidd var utan kvóta. Skuldir sem höfðu hrannast upp samfara afar hröðum vexti gerðu það að verkum að Ólafur sá sig nauðbeygðan til að selja fyrirtækið Kaupfélagi Skagfirðinga.

Ólafur líkir því við að hafa þurft að láta frá sér barn, rétt komið á fermingaraldur, þegar lá fyrir að selja þurfti Mjólku. „Það var mjög sárt, en það sem huggar okkur er að hagsmunir þeirra góðu aðila sem með okkur höfðu starfað, lánardrottna, birgja og starfsfólks, voru tryggðir að mestu. Við höfum verið að ganga frá því öllu saman í góðri sátt,“ segir hann og kveðst óendanlega þakklátur bæði birgjum og lánardrottnum fyrir langlundargeð þeirra.

Ólafur segir að rekstur Mjólku hafi hafist með tvær hendur tómar og fyrirtækið byggst mjög hratt upp. „Við fengum gríðarlega góðar viðtökur neytenda og hittum kannski líka á réttu hlutina í byrjun.“

Hraður vöxtur hafi um leið kallað á mikið lánsfé og reksturinn hafi því orðið mjög skuldsettur. „Velta fyrsta mánuðinn í sölu Mjólku var 186 þúsund krónur. Síðasta mánuðinn sem við héldum á fyrirtækinu var veltan tæpar 140 milljónir króna. Þetta útheimti mikla skuldsetningu og vöxturinn bitnaði náttúrlega bæði á lánardrottnum og birgjum. Við vorum að ná tökum á rekstri félagsins eftir þennan mikla uppbyggingarfasa seinni hluta ársins í fyrra, en efnahagshrunið varð kannski til þess að við náðum ekki að klára þetta.“ Ólafur segir svo hafa verið ákveðið með hagsmuni birgja, lánardrottna og starfsfólks í huga að selja hlutabréfin í fyrirtækinu.

„En okkur er enginn vorkunn og við getum engum öðrum kennt um en okkur sjálfum. Við bárum fulla ábyrgð á rekstri félagsins og höfðum með okkur dugmikla hluthafa sem stóðu með okkur til enda í þessari vegferð,“ segir Ólafur og bætir við að reynsla þessi hafi sýnt honum að alröng sé sú mynd sem stundum sé dregin upp af viðskiptalífinu að þar sé fólk óheiðarlegt og svífist einskis í að skara eld að eigin köku. „Það er bara ekki rétt. Megnið af viðskiptamönnum hér er drengskaparmenn.“

Núna segist Ólafur aftur á byrjunarreit, en kveðst standa uppi með ný sóknarfæri. „Það er okkar að vinna úr þeim og við ætlum að bjóða neytendum upp á nýja valkosti í ostaflórunni og leggjum áherslu á að bjóða þar nýja nálgun.“

> Við viljum ryðja úr vegi þeim hindrunum sem gert hafa það að verkum að haldið er aftur af bændum, sem eru að upplagi dugmiklir og framsæknir.



**BRÆÐUR AÐ STÖRFUM** Kú er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Hér eru bræðurnir Tómas og Ólafur í einum fjögurra kæliklefa fyrir ost á framleiðslustað fyrirtækisins í Hafnarfirði. Ólafur segir hins vegar stefnt að því að flytja alla framleiðsluna upp í Kjós og setja þar upp verslun fyrir osta beint frá býli. Sú aðstaða verði komin upp með vorinu, en í Kjós er mjólkurbú fjölskyldunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Horft er til fransks stíls í ostagerð við framleiðsluna á nýju ostunum frá Kú, en fyrirtækið hefur þróað þá í samvinnu við Bornholm Dairy í Danmörku sem framleiðir meðal annars St. Clemens-ostana.

„Við horfum til þess að framleiða mýkri osta,“ segir Ólafur, en sumir aðrir framleiðendur hér horfi frekar til þýskrar ostagerðar þar sem ostar eru harðari. Íslenskan mjólkuriðnað segir Ólafur hins vegar hafa gert marga hluti mjög vel.

„Við ráðumst ekkert á garðinn þar sem hann er lægstur því gæði íslenskra mjólkurafurða eru með því mesta sem gerist í heiminum, hvort sem litið er til osta eða annarra hluta.“

### Fullþroska í hillur verslana

Sérstaða ostanna frá Kú segir Ólafur hins vegar endurspeglast í því að osturinn sé mýkri og þroskaðri og tilbúinn til neyslu beint úr hillum verslana. „Það þarf ekkert að geyma hann í ísskáp í einhverjar vikur þar til hann er tilbúinn,“ segir Ólafur. „Við stillum af þroskann á ostinum áður en við setjum hann á markað.“ Ekki þurfi annað en að leyfa honum að jafna sig við stofuhita um stund áður en hann er borinn á borð. „Reyndar eru það líklega algengustu mistök sem fólk gerir við framreiðslu á ostum að bjóða fólki þá beint úr ísskápnum,“ segir hann og hlær.

Um leið viðurkennir Ólafur að ákveðinn vandi sé fólginn í að bjóða ostinn jafnþroskaðan í versluninni, því líftími hans í hillu sé skemmri. Um leið segir hann að horft sé til fleiri tækifæra en sölu í verslunum, því jafnmikil áhersla sé lögð á sölu á ostinum beint til þeirra sem starfa í veitingageira. „Við getum boðið veitingahúsum og ostabúðum að kaupa ost á mismunandi þroskastigi. Hér höldum við lagera þannig að það sé hægt og í því felst kannski sérstaða okkar sem lítils framleiðanda að geta boðið upp á slíkan sveigjanleika í afhendingu.“

Ólafur segir að þau hjá Kú vilji halda áfram þeirri vegferð að auka fjölbreytni í mjólkuriðnaði og standa vörð um að einstaklingar hafi tækifæri til að vinna úr sínum afurðum sjálfir og koma þeim á markað.

„Við viljum ryðja úr vegi þeim hindrunum sem gert hafa það að verkum að haldið er aftur af bændum, sem eru að upplagi dugmiklir og framsæknir, með þeim hindrunum sem settar eru af hálfu löggjafans til að binda þá alla á sama básinn.“

Eins og er kemur mjólkin í framleiðsluna hjá Kú frá kúabúi fjölskyldu Ólafs í Kjós, en þar segir hann framleidda utan greiðslumarks á ári um 220 þúsund lítra af mjólk. Fyrirtækið hafi hins vegar tryggt sér aðgang að mjólk frá fleiri framleiðendum. „Við getum keypt af Mjólkursamsölunni, en ætlum svo eiginlega frekar að snúa okkur að Vesturmjólk,“ segir hann og kveður það eðlilegt enda standi það fyrirtæki utan mjólkurkvótakerfisins eins og Kú.

### Kvótasala skýrir þrönga stöðu

Ólafur kveðst ekki kvíða nýju frumvarpi landbúnaðarráðherra sem lagt var fram á Alþingi í sumarlok og hafði að geyma ákvæði í þá veru að refsa bæri afurðastöðvum sem byggju til vörur úr mjólk sem framleidd væri utan kvótakerfisins, en á því byggja ríkisstyrkir í mjólkurframleiðslu.

„Þessu var náttúrlega beint sérstaklega til höfuðs okkur,“ segir Ólafur, sem kveðst nýverið hafa sent landbúnaðarnefnd tillögur að breytingum á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

„Það verður að huga að réttarstöðu þeirra sem standa fyrir utan kerfið. Samkvæmt núgildandi lögum þá er þessi starfsemi ekki bönnuð og við erum ekki aðilar að greiðslumarkskerfinu. Og í raun og sann fjallar frumvarpið fyrst og fremst um viðurlög gagnvart þeim sem aðilar eru að greiðslumarkskerfinu og framleiða umfram það magn sem þeim er úthlutað í því kerfi. En við erum ekki aðilar að því,“ segir Ólafur og telur vandséð að dómstólar myndu skrifa upp á að beita þessum viðurlögum á bú sem utan kerfisins standa.

„Auk þess gengur þetta gegn atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og skýtur auðvitað mjög skökku við ef fólki er ekki heimilt að framleiða mjólk án þess að þiggja til þess ríkisstuðning. En auðvitað skiljum við þessi sjónarmið manna sem lagt hafa mikinn kostnað í fjárfestingu á framleiðslurétti, sem verið hefur mjög dýr.“

Ólafur kveðst þeirrar skoðunar að meginástæðu þröngrar stöðu og mikillar skuldsetningar mjólkurbænda sé að leita í því hversu miklir fjármunir hafi verið teknir út úr greininni með sölu á framleiðslurétti. „Eftir situr greinin mjög skuldsett,“ segir hann og kveður að jafnvel hafi meiri fjármunir horfið úr greininni en ríkið hafi til hennar lagt á hverjum tíma.

„Og er þá ekki alveg eins gott að leggja kerfið niður í þessari mynd, fremur en að skilja greinina eftir skuldsettari og skuldsettari,“ spyr Ólafur og telur að til viðamikilla breytinga á framleiðslukerfi mjólkur hljóti að þurfa að koma.

„Ég held að menn séu almennt sammála um það, hvar í flokki sem þeir eru, að þeir vilji standa vörð um dreifðari byggðir landsins og landbúnað. En það verður þá mikið fremur að gerast í gegnum byggðatengda styrki en að hengja það við atvinnugreinina sjálfa.“




**BÍLL FRÁ KÚ** Svona sjá ímyndarfræðingar fyrir sér að merkja megi flutningabifreiðar Kú þegar fram líða stundir.

MYND/KÚ



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



# 25% AF ÖLLUM
## SÓFUM OG SÓFASETTUM
9. TIL 12. DESEMBER





OG VIÐ MEINUM ÖLLUM
SÓFUM OG SÓFASETTUM

***Nýtt kortatímabil***

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

**ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8,**
**112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is**
**fimmtudag 11-18:30, föstudag 11-20,**
**laugardag 10-22, sunnudag 12-22**

shop online

**FRÉTTASKÝRING:** Lokun Varnarmálastofnunar

# Engin sátt um skiptingu varnarverkefna

**Eftir þrjár vikur verður Varnarmálastofnun lögð niður eins og ákveðið var í vor. Þrátt fyrir það er enn ekki búið að ráðstafa þeim verkefnum sem þar eru unnin til annarra stofnana. Meðal þess sem eftir er að ákveða er hver mun sjá um loftvarnakerfið.**



**LOFTRÝMISGÆSLA** Meðal verkefna Varnarmálastofnunar er að skipuleggja loftrýmisgæslu sem flugherir annarra NATO-ríkja taka að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin ákvað í desember 2009 að leggja ætti Varnarmálastofnun niður frá og með komandi áramótum. Þá verður settur lokapunktur við starfsemi þessarar oft á tíðum umdeildu stofnunar. Hún er sennilega með skammlífustu stofnunum, en hún hóf starfsemi 1. júní 2008.

Þrátt fyrir að sú stefna stjórnvalda að leggja Varnarmálastofnun niður hafi legið fyrir frá því í lok mars síðastliðins hefur enn ekki verið ákveðið hvað verður um þau verkefni sem hún hefur sinnt.

Pólitískt skipuð verkefnisstjórn tók við rekstri Varnarmálastofnunar í september. Ráðgert var að verkefnisstjórnin samþætti verkefni Varnarmálastofnunar hlutverki annarra opinberra stofnana frá því að hún tók við og fram að áramótum. Lítið hefur farið fyrir þeim áformum, og er staðan í raun lítið breytt frá því að verkefnisstjórnin tók við störfum.

Nú virðist stefnt á að hluti verkefnanna færist undir sameinað ráðuneyti samgöngumála og dómsmála, innanríkisráðuneytið. Hluti verkefnanna mun áfram heyra undir utanríkisráðuneytið.

Það er einmitt þessi skipting sem er að valda ráðherrunum sem þessum ráðuneytum stýra vanda. Verkefnisstjórnin átti að leggja til tillögur um skipan verkefna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins klofnaði hún í afstöðu sinni til þess hvar best væri að koma umsjón með loftvarnakerfinu fyrir.

### Varnir til opinbers hlutafélags

Meirihluti nefndarinnar vill samkvæmt heimildum blaðsins að Isavia ohf., áður Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöllur ohf., taki við rekstri loftvarnakerfisins. Heimildir Fréttablaðsins herma að slík áform hugnist yfirstjórn NATO illa, þar sem þá væri opinbert hlutafélag farið að sjá um rekstur hernaðarmannvirkja og kerfa sem annars staðar er á hendi hermálayfirvalda.

Heimildir Fréttablaðsins herma að NATO muni ekki leggjast alfarið á móti því að þetta verði niðurstaðan, enda ekki hlutverk bandalagsins að hlutast til um innanríkismál bandalagsríkja. Færist umsjón með loftvarnakerfinu til Isavia er þó mögulegt að aðgengi Íslands að upplýsingum úr kerfinu verði takmarkað.

Í skýrslu samráðshóps sem skipaður var eftir að ákveðið var að leggja Varnarmálastofnun niður er bent á að hvergi meðal bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins þekkist að loftrýmiseftirlit sé samþætt borgaralegri flugleiðsögu, sem Isavia hefur með höndum. Verkefnin séu eðlisólík. Slíkt sé raunar gert í Brasilíu og Óman, en þá undir stjórn hersins.



**HERINN KVADDUR** Bandarísk stjórnvöld kvöddu orrustuþotur og hermenn af landi brott árið 2006 eftir að hafa rekið hér herstöð í 65 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framtíðarsýn hópsins gerði ráð fyrir því að varnarmál myndu að mestu heyra undir innanríkisráðherra eftir að samgönguráðuneyti og dómsmálaráðuneyti verða sameinuð.

Þar er þó gert ráð fyrir því að utanríkisráðuneytið, sem nú hefur varnarmál alfarið á sínu forræði, fari eftir sem áður með forræði í samskiptum við NATO og aðrar alþjóðlegar stofnanir og samtök.

Verði niðurstaðan á þessa leið yrði verkaskiptingin hér á landi svipuð því sem gerist í öðrum aðildarríkjum NATO.

### Fylgja ekki stefnu ráðuneytis

Gagnrýnt hefur verið að ákveðið hafi verið að leggja niður stofnunina fyrst og svo farið yfir hvar þeim verkefnum sem þar hafi verið unnin væri best niður komið.

Þetta er í algeru ósamræmi við þá stefnu sem mótuð er í riti fjármálaráðuneytisins um sameiningu ríkisstofnana sem gefið var út í desember 2008.

*Þar er sameiningarferli ríkisstofnana skipt í fimm hluta:*

- Vinna frumathugun, skilgreina markmið með sameiningunni og kanna hversu fýsilegt sé að sameina.
- Eiga samráð og afla sameiningunni stuðnings og taka að því loknu ákvörðun um sameiningu.
- Undirbúa sameiningu með gerð vandaðrar samrunaáætlunar.
- Hrinda sameiningu í framkvæmd með virkri þátttöku starfsmanna.
- Gera úttektir til að meta árangurinn af sameiningunni.

Aðdragandi lokunar Varnarmálastofnunar var nokkuð annar en hér er lýst, þrátt fyrir að lokun einnar stofnunar og færsla verkefna til annarrar eða annarra stofnana sé eitt af dæmunum sem notað eru í riti fjármálaráðuneytisins.

Fyrsta skrefið í því verkefni að loka Varnarmálastofnun var ekki að vinna frumathugun á því hvort fýsilegt væri að færa verkefni hennar til annarrar stofnunar. Fyrsta skrefið var stigið á fundi ríkisstjórnarinnar í desember 2009. Þar var ákveðið að leggja Varnarmálastofnun niður. Í kjölfarið var svo stofnaður starfshópur sem hafði það hlutverk að meta hvernig best væri staðið að því.




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


## Varnir í tímans rás

- **1940** Breskt herlið hernemur Ísland.
- **1941** Bandarískt herlið tekur við vörnum landsins.
- **1949** Ísland gerist stofnaðili að NATO.
- **1951** Tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna er undirritaður.
- **1953 til 1958** Bandaríska herliðið reisir og hefur rekstur á fjórum ratsjárstöðvum.
- **1987** Ratsjárstofnun hefur starfsemi og yfirtekur rekstur ratsjárstöðva.
- **2006** Bandarísk stjórnvöld ákveða einhliða að loka herstöð sinni á Miðnesheiði.
- **2008** Varnarmálastofnun tekur til starfa.
- **2011** ?

## Fjölbreytt verkefni Varnarmálastofnunar

**Helstu verkefni Varnarmálastofnunar eru:**

- Rekstur loftvarnakerfis, þar með talið ratsjárstöðva NATO á Íslandi.
- Þátttaka í loftrýmiseftirliti sem erlendir flugherir hafa sinnt.
- Rekstur öryggissvæða í eigu ríkisins og NATO.
- Undirbúningur og umsjón varnaræfinga.
- Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi NATO og úrvinnsla upplýsinga.
- Þátttaka í hernaðarstarfi NATO.
- Verkefni tengt varnarsamningi.
- Samskipti við erlend stjórnvöld og stofnanir á sviði varnarmála.




# Veiðileg Jól

**NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR**
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-

**PROLOGIC GÆSAGALLI**
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-

**RJÚPNAVESTI**
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-

**GÆSAFLAUTUR**
Aðeins 3.595,-

**SKOTABELTI**
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-

**SCIERRA VAÐSTAFUR**
Nauðsynlegt öryggistæki fyrir veiðimenn.
Verð aðeins 7.995,-

**FLUGUHNÝTINGASETT**
Veniard fluguhnýtingasett með öllu.
Verð aðeins 13.995,-

**DANVISE**
Jólatilboð aðeins 9.995,-

**DAM VÖÐLUTÖSKUR**
Verð aðeins 5.995,-

**HNÍFASETT**
Verð aðeins 5.995,-

**SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR**
Verð frá 6.895,-

**SKOTVEIÐIHANSKAR**
Verð aðeins frá 3.995,-

**ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR**
Jólatilboð aðeins 14.995,-

**DR.SLICK VEIÐISETT**
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-

**SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.**
Aðeins 49.900,-

**RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR**
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-

**VEIÐISETT**
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-

**REDINGTON FLUGUVEIÐISETT**
Stöng, hjól og lína. Hólkur fylgir.
Verð frá 29.900,-

**NEOPENVÖÐLUR OG VATNSHELDUR VEIÐIJAKKI.**
Frábært verð.
Aðeins 25.900,-

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - SÍMI 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS
NORÐANFISKUR Íslenskur lax
REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG
Lax
Lax
1398
KR. kg
Danskar grísalundir
DANISH CROWN
1998
KR. kg
Þýskar kalkúnabringur
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498
KR. kg
FERSKT NAUTASNITSEL
1498
KR. kg
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1879
KR. kg
FERSKT NAUTAHAKK MEÐ TREFJUM
898
KR. kg
9 LTR. COKE
2 LTR. JÓLABLANDA
11 lítrar 998 kr.
Coca-Cola
JÓLA BLANDA
VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = 2 ltr.
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = 9 ltr.
FERSKUR KJÚKLINGUR BRINGUR OG BITAR
KJÖRFUGL
1798
KR. kg
KJÖRFUGL FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR
479
KR. kg
KJÖRFUGL BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 598 KR.KG
Súkkulaði ís 2
Vanillu ís 2
BÓNUS
298
KR. 2 ltr.
BÓNUS ÍS SÚKKULAÐI & VANILLA 298 2.ltr.
BRAGÐAREFUR
2 LÍTRAR
398
KR. 2 ltr.
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 398 2.ltr.
MÖNDLUKAKA 420g
259 KR.
FJÖLKORN
FJÖLKORNABRAUÐ
129 KR 385g
398
KR. kg
AMERÍSK RAUÐ FERSK VÍNBER
TE & KAFFI
598
KR. 400g
TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g BAUNIR & MALAÐ
pepsi
179
KR. 2ltr
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS
Ali
Nýreyktur Hamborgarhryggur
og 1.flokks Bayonneskinka
Enginn afsláttur, bara lágt verð alla daga
HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1298 KR.KG.
BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
998 KR.KG.
HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
1598 KR.KG.
Gillette
Gillette fusion rakblöð
4 stk 200 kr. lækkun
Nú 1598 kr.
Gillette fusion power rakblöð
4 stk 200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.
STALLONE STATHAM LI LUNDGREN
COUTURE AUSTIN CREWS ROURKE WILLIS
THE EXPENDABLES
Gillette
Gillette MACH3 rakblöð
4 stk 300 kr. verðlækkun
Nú 998 kr.
Gillette Fusion Power rakvél
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.
Sanpellegrino
MULTICOLORS 50
Sanpellegrino
Dömusokkabuxur 998 kr.
MULTICOLOR 50 & HIVER 70 den
THE
EXPENDABLES
2198 KR.
Þitt eigið herrakvöld heima !
ÞAÐ KOSTAR
MINNA AÐ SKEMMTA
SÉR HEIMA
HANDY SMOKKAR
18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR
498 KR.PK/28 KR.STK
ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

föstudagur FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ Pawel Bartoszek stjórnlagaþingmaður

# Verðum að byrja á stóru málunum

**Pawel Bartoszek** er meðal fulltrúa á stjórnlagaþinginu sem tekur til starfa í febrúar. Hann fæddist í Póllandi en hefur búið á Íslandi síðan hann var átta ára. *Björn Þór Sigbjörnsson* spjallaði við Pawel um æskuna, stjórnmálin og stjórnlagaþingmennskuna.

Pavel fæddist í Póllandi árið 1980, í háskólaborginni Poznan. Þar voru foreldrar hans í námi. „Þau kynntust þar og eignuðust mig. Svo fékk mamma, sem er mannfræðingur, vinnu annars staðar og við fluttum þangað. Þar bjuggum við á útisafni, eins konar Árbæjarsafni, sem olli oft vandræðum. Krakkarnir í skólanum heimsóttu mig til dæmis aldrei því þegar þau tilkynntu foreldrum sínum að Pawel byggi á Árbæjarsafninu þá var því ekki trúað og sagt að þar byggi enginn. Við höfðum ekki síma svo það var ekki hægt að hringja og kanna málið.

Pólland var kommúnistaríki á þessum tíma og ekki allsnægtir. En eftir margra ára bið fengum við síma. Úr honum var hægt að hringja í einn klukkutíma, einu sinni í viku. Þetta var um vorið. Um sumarið voru einhverjar framkvæmdir á svæðinu, menn að grafa, og þeir slitu blessaða símalínuna. Þar með lauk símareynslu okkar.

Við fluttum svo til Íslands 1988. Pabbi er tungumálasérfræðingur. Hann hafði lært norsku og langaði, eins og tungumálasérfræðinga er háttur, að læra skrítnara tungumál. Íslenskan heillaði hann og þess vegna komum við.

Ég fór í Melaskóla. Það voru engar móttökudeildir á þessum tíma en tuttugu árum áður höfð börn pólska sendiherrans verið í Melaskóla. Það var því reynsla af svona, eins og menn sögðu. Það hafði líka sitt að segja að þá var lítið um útlenska krakka þannig að íslensku krakkarnir voru forvitnir í garð útlendinga.

Mér var vel tekið í Melaskóla, ég var í góðum og elskulegum bekk og hafði mjög góða kennara. Þar lærði ég Heyrðu snöggvast Snati minn og fleira í þeim dúr og pabbi og mamma hjálpuðu mér með íslenskuna. Við töluðum samt pólsku heima.“



PAWEL BARTOSZEK Eftir grunnskólanám fór Pawel í MR og þaðan í stærðfræðinám í HÍ. Hann lærði meiri stærðfræði í Danmörku og kenndi svo við HR meðan þar var starfrækt stærðfræðideild. Nú bíður hann þess að stjórnlagaþingið verði sett.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Öðruvísi uppeldi

*Manstu eftir fréttunum frá Póllandi af Lech Walesa og Jaruzelski og því umróti öllu?*

„Ég fylgdist mjög vel með. Ég segi oft að ég búi að þeirri reynslu að hafa alist upp í kommúnistaríki og að ég hafi upplifað muninn á kommúnisma og kapítalisma. Þegar menn reikna sjá þeir að ég var átta ára á þessum tíma og segja að þetta passi ekki því börn hafi ekki áhuga á svona málum. Þá vita menn ekki af pólitísku uppeldi barna í svona ríkjum. Allir áttu ættingja á Vesturlöndum og allir vissu að þar var gott að búa en ekki jafn gott hjá okkur. Þar voru flott föt og leikföng og nammi en ekki hjá okkur. 1989 er merkilegt ártal fyrir mig og hefur pólitísk áhrif á mig.“

*Hefurðu enn tengsl við Pólland og fólk í Póllandi?*

„Já, sérstaklega núna. Ég á tveggja ára gamlan son og reyni að tala pólsku við hann og heimsækja gamla heimalandið.“

*Hvernig er ástandið þar?*

„Það er algjört 2007 í Póllandi. Um daginn sá ég John Cleese í pólskri bankaauglýsingu. Mér brá. Það er blússandi uppgangur þar. Margt af því sem ég segi um Pólland á ekki lengur við, ég er alinn upp á öðrum tíma. Þeir Pólverjar sem nú eru 21 árs fæddust þegar kerfið hrundi. Það fólk er ekki að velta sér upp úr þessum hlutum heldur stofnar fyrirtæki og sækir fram. Ég held að Pólland sé í ágætis málum.“

### Spjallið við Ögmund

*Þú ert í Sjálfstæðisflokknum. Hvað laðaði þig að honum?*

„Ég skráði mig í Sjálfstæðisflokkinn þegar ég var nítján ára. Á kjördegi kosninganna 1999 fór ég á kosningaskrifstofur allra flokka og þáði þar kaffi og samlokur. Á skrifstofu VG átti ég heillangt spjall við Ögmund Jónasson. Að því loknu labbaði ég yfir í Valhöll og skráði mig í Sjálfstæðisflokkinn. Þetta var ágætis spjall en ég var ósammála Ögmundi í flestu og gekk því í þann stjórnmálaflokk sem var fjærstur honum.

Ég er hægrimaður, trúi á frelsið, og Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem allavega að nafninu til á að standa vörð um þau gildi.“

*Ræður upprunninn þar einhverju?*

„Örugglega, en það er þó ekki þannig að allir Pólverjar séu hægrimenn. Í augnablikinu er sú staða uppi í Póllandi að flokkur hliðstæður Sjálfstæðisflokknum er með 40 prósenta fylgi og repúblikanaflokkur hægra megin við hann er með 40 prósent. Þetta er býsna hægrisinnað eins og stendur en það er kannski af því að vinstrimenn hafa spilað illa úr sínum málum að undanförnu.“

*Þú ert mjög gagnrýninn á flokkinn þinn.*

„Já, ég það. Skoðum til dæmis Evrópusambandsmálin. Flokkurinn hefur sagt mjög skýrt að hann vilji ekki hafa innanborðs fólk sem er hlynnt aðild. Aðalástæðan fyrir því að það er enn í flokknum er sú að upp til hópa er þetta fólk sem hefur verið lengi í flokknum og vill ekki fá á sig þann aulastimpil sem fylgir því að kljúfa sig út úr honum.

Sjálfstæðisflokkurinn er með langa sögu og ég býst við að menn séu hræddir við að brjóta hann upp. En skilaboð síðustu tveggja landsfunda geta ekki verið skýrari; Evrópusambandsaðildarsinnar eiga ekki samleið með flokknum.“

### Hagsmunir Íslands númer eitt

*Þú ert þarna ennþá.*

„Já, ég það. Sjálfstæðisflokkurinn er tæki til að ná fram hugmyndum. Í því sem er að fást við hugsa ég hvað sé best fyrir Ísland en ekki hvað sé best fyrir Sjálfstæðisflokkinn.“

*En af hverju heldurðu að Evrópusambandsaðild sé Íslandi fyrir bestu?*

„Ég tel að Evrópusambandið sem slíkt sé gott. Ég hef séð jákvæð áhrif þess í gegnum mitt gamla heimaland og löndin í kring og ég held að enginn hafi verið duglegri við að breiða út lýðræði og kapítalisma í heiminum undanfarna áratugi en Evrópusambandið. Vegna þess urðu ótrúlegar umbætur í Austur-Evrópu. Það eitt og sér gerir að verkum að mér finnst ESB frábært fyrirbæri.

Það er svo önnur spurning hvort aðild sé góð fyrir Ísland. Sé hún skoðuð kemur í ljós að með aðild myndi margt hér breytast til batnaðar. Margt er þegar í höfn vegna EES-samningsins en út af standa mál á borð við sjávarútveg, landbúnað, gjaldmiðil og aðkomu að stofnanaákvarðanatöku.

Um þau þarf að semja. Margir hafa áhyggjur af sjávarútveginum en ég sé ekki hvað í samningum gæti orðið Evrópusambandinu betur í hag en Íslandi.“

### Sjálfbært, sósíalískt kjaftæði

*Hvernig finnst þér ríkisstjórnin standa sig?*

„Ég held að þetta sé fólk sem er örugglega, að mörgu leyti, að reyna að gera sitt besta og ég hef samúð með og skilning á mörgu sem hún stendur í. Auðvitað myndi ég vilja að Evrópusambandsumsóknin væri keyrð áfram af alvöru en raunin er sú að hálf ríkisstjórnin er á móti henni þótt Alþingi hafi samþykkt að fara þessa leið.

Svo verð ég að segja að VG-megin í ríkisstjórninni gerast hlutir sem eru þess eðlis að hárin rísa. Það gerist til dæmis í hvert einasta skipti sem Jón Bjarnason tekur ákvörðun. Hann tekur reyndar ekki stærstu ákvarðanirnar sem valda umróti í efnahagslífinu en engu að síður þá stígur hann í hvert sinn frá því sem heitir markaðsbúskapur í átt til einhvers sem heitir sjálfbært, sósíalískt kjaftæði.

> Þetta var ágætis spjall en ég var ósammála Ögmundi í flestu og gekk því í þann stjórnmálaflokk sem var fjærstur honum.

Þess vegna er ég hræddur um að það verði erfitt að koma nokkru af stað á meðan ríkisstjórnin er svona.“

*Hvers vegna sóttist þú eftir kjöri á stjórnlagaþing?*

„Mig langaði bara til þess. Ég veit svo sem ekki hvað annað ég á að segja um það. En þó, ég hef annars vegar mikinn áhuga á nærumhverfinu og hins vegar grunnskipuninni, lýðræðinu og slíku. Ég hef minni áhuga á því dóti sem er á þinginu núna. Ég mat það svo að það gæti verið gaman að vera með í þessari kosningabaráttu og að það gætu verið góðar líkur á að ég næði kjöri.“

### Stjórnskipunin er aðalmálið

*Það mátti skilja orð þín í Fréttablaðinu nýverið þannig að þú óttist að stjórnarskráin kunni að fyllast af innantómum yfirlýsingum sem gleðja alla en gagnast engum.*

*Hvað áttu við?*

„Nú er ég að fara að vinna með fólki sem hefur ýmsar hugmyndir og ég vil ekki skjóta þær allar niður strax. Það væri óheppilegt fyrir samstarfið. En mörg förum við fram með einhverjum slagorðum um það sem við viljum koma í gegn. Alþingi setti stjórnlagaþinginu hins vegar ákveðinn ramma utan um átta atriði sem á að fjalla um. Við eigum að einbeita okkur að atriðum sem snúa að stjórnskipun ríkisins áður en við förum að bæta við áhugamálum okkar.

Ég vil breyta fullt af hlutum, jafnvel í mannréttindakaflanum. Það er til dæmis leyfilegt að setja skorður við tjáningarfrelsinu út af heilsu fólks. Mér finnst það of langt gengið en ætla ekki að ráðast á það núna því það er ekki eitt af því sem við áttum að gera.

Sú staða gæti komið upp að eftir tveggja mánaða vinnu höfum við bara velt fyrir okkur málum eins og aðskilnaði ríkis og kirkju, mannréttindakaflanum eða öðru sem við áttum ekki að gera. Allt svona á að mæta afgangi.“

*Öfugt við mjög marga ertu heldur mótfallinn ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum, hvers vegna?*

„Helmingur ríkja í OECD hefur ákvæði um auðlindir í stjórnarskrá. Af þeim er stærsti hlutinn einungis með ákvæði um skyldur ríkisins til að tryggja að auðlindir séu nýttar á skynsaman og sjálfbæran hátt. Það er hlutur sem má skoða enda hlýtur það að vera markmið allra sem hugsa um auðlindir yfirhöfuð. Einungis fjögur ríki innan OECD, þar af tvö Evrópuríki, Slóvakía og Írland, eru með ákvæði um að ríkið eigi auðlindirnar. Þar er ekki talað um þjóðareign, sem að mínu viti er of óljóst hugtak. Auðlindir eru líka óljóst hugtak.

Ég held að það eigi ekki að binda hendur stjórnmálamanna framtíðar þannig að einungis opinberir aðilar megi eiga þetta eða hitt. Ef menn vilja breyta kvótakerfinu, sem sjálfsagt margir eru að hugsa um í þessu sambandi, þá er miklu auðveldara og eðlilegra að gera það með lagabreytingum.“

*Margir eru líka að hugsa um orkuna.*

„Já, og ef menn vilja meina að orka eigi að vera eign ríkisins, þá er hægt að orða það í lögum. Markmið þeirra sem tala um þetta hlýtur að vera að auðlindir séu nýttar á skynsaman hátt. Stjórnarskrárákvæði um þjóðareign eða ríkiseign tryggir ekki skynsamlega nýtingu.

En ég tek skýrt fram að ég er ekki mættur á stjórnlagaþing til að þvælast fyrir öllu. Ég ætla að vinna að þessum málum. Alþingi setti okkur að vinna undirdaákvæði og það er ekki útilokað að niðurstaða fáist sem menn verði sáttir við.“

### Upphafið að meiru?

Þú varst í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn í vor, nú ertu kominn á stjórnlagaþing. Hefur þú velt fyrir þér frekari þátttöku í pólitík?

„Ég væri að ljúga ef ég segði að ég hefði ekki áhuga á því. Ég þáði boð um sæti á lista hjá Sjálfstæðisflokknum fyrir borgarstjórnarkosningar vegna þess að ég hef áhuga á borgarmálum. Ég fór fram til stjórnlagaþings vegna þess að ég hef áhuga á málefnum þess. Ég ætla ekki að gera pólítík að ævistarfi en ég hef áhuga og það kemur vel til greina að gera eitthvað meira.“

# JÓLAGJAFIR SEM GLEÐJA

## BÓK ER FALLEG OG GAGNLEG GJÖF FYRIR ALLA

**AHA!**
**-Ekki er allt sem sýnist**
Bók fyrir alla sem hafa gaman af þrautum og þverstæðum.

„Þegar Viktor hringdi í mig sagði ég honum að hann mætti ekki trufla mig því að ég væri með kvenmanni. En ég var bara að lesa bókina. Hef ekki lesið skemmtilegri bók."
***Sjötugur pípulagningamaður***

***Kr. 2.990,-***







**HÁLENDISHANDBÓKIN**
„Óþarfi virðist að nefna alltaf að nauðsynlegt sé að stíga út úr bílnum ef ætlunin er að ganga spottakorn. ... En hvað sem öllu þessu líður er bókin hin þarfasta. ... Víkverji mælir því hiklaust með bókinni."
***Víkverji Morgunblaðsins***

***Kr. 3.490,-***




**ERUPTION**
Gosmyndir Páls Stefánssonar. Bók sem selst hefur í 1.500 eintökum án þess að vera auglýst.
Frábær og ódýr jólagjöf fyrir vini innan lands sem utan.
„Næstbesta bókin mín". ***Páll Stefánsson***

***Kr. 1.530,-***

Í **Gallerý Iceland Review** fæst bók Páls Stefánssonar á einungis ***kr 1.000,-***




**ENN BETRA GOLF**
Úrvalsbók eftir tvo af fremstu golfþjálfurum landsins.
„Mjög góð, ef maður er að æfa golf."
***Bókaormar***

***Kr. 3.490,-***

# GALLERÝ ICELAND REVIEW

## LJÓSMYND ER FALLEG GJÖF FYRIR UNGU HJÓNIN



*Í **Gallerý Iceland Review** fæst bók Páls Stefánssonar á einungis **kr 1.000,-** (og aðrar ofantaldar bækur einnig á góðu verði)*

**Iceland Review** hefur í áratugi verið annálað fyrir fallegar Íslandsmyndir.
Nú opnum við sýningu þar sem hægt er að kaupa glæsilegar myndir eftir ljósmyndara Útgáfufélagsins Heims. Hægt er að velja úr fjölda glæsilega mynda.
Kíkið við í piparkökur og skoðið fallegar myndir.

**Opið alla daga nema sunnudaga fram að jólum milli klukkan12 og 17.**
**Gallerý Iceland Review Borgartúni 23, jarðhæð.**

heimur hf.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt Icesave-samkomulag minnkar skaðann.

## Endapunktur

Við nýja Icesave-samkomulagið sem náðist í London í fyrrinótt er aðeins eitt að gera; afgreiða það sem lög frá Alþingi eins fljótt og hægt er og ljúka þar með einkar óskemmtilegum kafla í Íslandssögunni. Nú þegar hefur lausn málsins tafizt í nærri heilt ár frá því að forseti Íslands synjaði lögum um fyrri samninginn staðfestingar í byrjun ársins.

Hefði samkomulag, sambærilegt við það sem nú liggur fyrir, náðst í marzbyrjun, áður en gengið var til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin, hefði mátt fullyrða að synjun forsetans hefði verið íslenzkum hagsmunum stórlega til framdráttar. En biðin eftir niðurstöðu hefur líka verið dýr. Enginn veit í raun hvaða fjármunir og tækifæri hafa glatazt vegna áhrifanna á lánstraust Íslands og fjárfestingar í íslenzku atvinnulífi. Hins vegar liggur nú fyrir svart á hvítu að skaðinn fyrir skattgreiðendur af Icesave-ævintýri eigenda og stjórnenda Landsbankans er samkvæmt nýja samkomulaginu aðeins þriðjungur af því sem hann hefði verið samkvæmt gamla samningnum, að gefnum sömu forsendum um endurheimtur úr búi gamla Landsbankans.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Að verulegum hluta skýrist sá sparnaður af nýjum vaxtaákvæðum, sem eru mesta afrek íslenzku samninganefndarinnar. Að hluta til lækkar kostnaðarmatið hins vegar vegna styrkingar krónunnar, sem út af fyrir sig hefur ekkert með samningsniðurstöðuna í London að gera.

Ákvörðun um að afgreiða ekki þetta nýja Icesave-samkomulag með hraði væri jafnframt ákvörðun um að bjóða áfram bandamönnum og vinaríkjum Íslands birginn og gefa alþjóðlegum fjármálamarkaði langt nef. Hún væri ákvörðun um að kasta á glæ verulegum ávinningi sem samningamennirnir hafa náð fram fyrir Íslands hönd. Og líkast til yrði hún túlkuð sem svo að nú lægi endanlega fyrir að Ísland hygðist ekki greiða skuldir sínar.

Hingað til hafa allir sem einhverja ábyrgð hafa tekið í Icesave-málinu; ríkisstjórn, stjórnarandstaða og forseti lýðveldisins, ítrekað þá afstöðu að ekki stæði til að greiða ekki innistæðutrygginguna, heldur stæði ágreiningurinn um kjörin. Þau hafa nú batnað stórlega og eru mun betri en vaxtakjör sem öðrum ríkjum bjóðast nú um stundir eins og Lee Buchheit, formaður íslenzku samninganefndarinnar, benti á í gær.

Í samantekt samninganefndarinnar um niðurstöðuna frá London kemur fram að verði hún ekki endapunkturinn megi gera ráð fyrir að Ísland verði dregið fyrir EFTA-dómstólinn. Sú málsmeðferð gæti tekið allt að tveimur árum og þarf ekki að hafa mörg orð um þann skaða sem á meðan væri unninn í íslenzku efnahagslífi. „Ef niðurstaða yrði Íslandi í óhag gætu vaknað spurningar um skaðabótaskyldu ríkisins og sérstök vandkvæði vegna framkvæmdar EES-samningsins í framhaldinu," bætir samninganefndin við.

Þetta er rétt mat. Það er fræðilegur möguleiki að betri niðurstaða næðist fyrir dómi, en hvort það gerist vitum við ekki. Hins vegar vitum við að frekari töf á málinu hefði enn meira tjón í för með sér. Með samningum hefur Ísland stjórn á útkomunni en fyrir dómi getur brugðið til beggja vona. Það er rétt og ábyrgt að setja endapunktinn hér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hressandi

Fátt er jafn hressandi og pólitískt karp. Lilja Mósesdóttir og Pétur Blöndal buðu upp á eitt slíkt á Bylgjunni í gærmorgun. Þau körpuðu um hvoru bæri að þakka að fyrsta samkomulagið um Icesave var fellt með tilheyrandi 200 milljarða sparnaði fyrir ríkið. Lilja byrjaði.

### Bresturinn

Trúnaðarbrestur hefur orðið milli Sjálfstæðisflokksins og atvinnurekenda. Óli Björn Kárason, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur fellt þann dóm. Hann byggist á því að Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í útvarpinu um daginn að aðilar vinnumarkaðarins væru ótrúverðugir þar til þeir hefðu beðist afsökunar á að hafa hvatt til staðfestingar á upphaflegum Icesave-samningi.



### Raunin

Þetta er auðvitað alvarlegt mál enda hafa atvinnurekendur og Sjálfstæðisflokkurinn gengið hönd í hönd lengur en elstu menn muna. Og reyndar gott betur en það. Atvinnurekendur eru jú upp til hópa í Sjálfstæðisflokknum. Sumir vilja meira að segja meina að atvinnurekendur séu Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta sé alla vega sami grauturinn í sömu skálinni. Í því ljósi er ekki gott að átta sig á dómi Óla. Nema hann sé í raun að segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi brugðist sjálfum sér. Nærtækara er að ætla að það sem Óli meini í raun og veru sé að trúnaðarbrestur hafi orðið á milli atvinnurekenda og Óla Björns Kárasonar. Sem er náttúrlega ferlegt út af fyrir sig.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að eiga sína eigin jörð?

Húsnæðismál



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Pólitískar deilur um Íbúðalánasjóð settu svip sinn á stjórnmál áranna fyrir Hrun. Skiptist fólk gjarnan í fylkingar með og á móti Íbúðalánasjóði og þá jafnframt með og á móti húsnæðislánum bankanna. Deilur um ríkisábyrgð á sjóðnum og samkeppni hans við bankakerfið stóðu árum saman. Hér var deilt um kosti og galla ríkisafskipta og markaðslausna í húsnæðislánum, líkt og einn kosturinn útilokaði hinn. Eftir á að hyggja skiluðu þessar deilur litlu: álitamál um ríkisábyrgð eru til að mynda enn óleyst.

Það er mikilvægt að rífa umræður um Íbúðalánasjóð upp úr gömlum hjólförum. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis dró upp skýra og heldur dapurlega mynd af húsnæðislánum bankanna. Enginn getur því gagnrýnt Íbúðalánasjóð með því að benda á glæstan feril bankakerfisins í húsnæðislánum. Ófarir bankanna eru heldur engin ástæða til að hefja Íbúðalánasjóð á stall og ræða um hann gagnrýnislaust. Í rannsóknarskýrslu Alþingis eru breytingar á húsnæðislánakerfinu árið 2003 taldar ein af stærstu hagstjórnarmistökum síðari ára.

> Séreignastefnan í húsnæðismálum hefur breyst í martröð fyrir fjölda Íslendinga.

Alþingi hefur nú samþykkt að ríkissjóður geti lagt Íbúðalánasjóði til 33 milljarða og fyrir liggur að leggja þarf sjóðnum til aukið fjármagn á næsta ári. Þessi framlög eru ekki beinlínis heilbrigðisvottorð um starfsemi sjóðsins. Framlög upp á tugi milljarða kalla auðvitað á sérstaka rannsókn á starfsemi sjóðsins í aðdraganda Hrunsins. Alþingi ber að mínu viti skylda til að standa fyrir slíkri rannsókn. Vandamálum Íbúðalánasjóðs má ekki sópa undir teppið eða gera lítið úr þeim vegna gamalla pólitískra deilumála.

Umræðu um fjárhag og starfsemi Íbúðalánsjóðs verður að setja í samhengi við stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum almennt. „Sá maður sem á sína eigin jörð" sagði Bjartur í Sumarhúsum, „hann er sjálfstæður maður í landinu." Þetta var stefnan í hnotskurn. Séreignastefnan í húsnæðismálum hefur breyst í martröð fyrir fjölda Íslendinga, ekki síst ungt fólk. Okkar bíður það verkefni að skapa fjölbreyttari kosti í húsnæðismálum og endurskoða þjónustuhlutverk Íbúðalánasjóðs í samræmi við það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Siðlausir útrásarvíkingar þjóðkirkjunnar

Ríki og kirkja

Hjörtur Magni Jóhannsson
forstöðumaður og prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík



Við Íslendingar erum flestir sammála um að helstu auðlindir okkar eigi að vera í þjóðareign. Ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar er hinn sameiginlegi trúar- og menningararfur sem hefur mótað sjálfsmynd, samkennd og þjóðarvitund okkar. En nú virðist vera sem búið sé, allt í senn, að meta trúararf okkar til fjár, einkavæða hann og græðgisvæða.

### Milljarða auðlindir

Ég er að tala hér um kirkjujarða-eignirnar sem mynduðust í þá daga þegar kaþólska kirkjustofnunin drottnaði hér á landi allt frá kristnitöku til um 1550. Kirkjustofnunin kaþólska sölsaði þá undir sig eignir landsmanna, oft með kúgun, ofbeldi og óhugnanlegum stofnunarþunga. Landsmenn áttu ekkert val, hér ríkti trúarnauðung, enginn komst undan. Í Evrópu var ranglætið svo yfirgengilegt að siðbótarmenn eins og Marteinn Lúter risu upp, mótmæltu og breyttu siðnum. Eftir siðbreytingu hér á landi allt fram á nýliðna öld var það því framandi hugsun að einhver kirkjustofnun eða trúfélag ætti þessar eignir. Með siðlausum samningi sem gerður var fyrir aðeins þrettán árum var hins vegar gengið svo frá að þjóðkirkjustofnunin fengi allar þessar kirkjusögulegu auðlindir allra landsmanna. Samningurinn grundvallaðist á kaþólskum kirkjuskilningi þar sem „kirkjan“ er skilgreind sem stofnun og „arfur kristninnar“ er skilgreindur sem eign stofnunarinnar. Þessi kirkjuskilningur er nokkuð sem lútersk kirkja var einmitt stofnuð til að berjast gegn og vara við! Þetta er í andstöðu við þá lútersku trú sem Stjórnarskrá Íslands heitir vernd og stuðningi. Hér erum við færð nokkrar aldir aftur í tíma, aftur fyrir siðbreytingu. Þessi siðlausi samningur setur allt tal um trúfélagafrelsi á svið fáránleikans.

Nú, þegar hin almenna kirkja á Íslandi vill aðskilnað ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar, eru sumir talsmenn stofnunarinnar farnir að tala æ meir eins og siðlausu útrásarvíkingarnir gerðu fyrir hrun. Þeir segja „jú endilega að greina á milli ríkis og kirkju, en vitið þið bara, að við höldum einir hinum kirkjusögulega arfi og milljörðunum öllum um ókomin ár“. Þeir telja sig eina vera hina sönnu kirkju en ekki fólkið í landinu eins og Lúter gamli hélt fram.

### Þingvellir og Garðabær í eignasafni

Sr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju og kirkjuþingsmaður, er einn af þeim starfsmönnum þjóðkirkjunnar sem skrifa reglulega pistla hér í Fréttablaðið. Hann skrifaði grein hinn 16. nóvember sl. þar sem hann varar alvarlega við aðskilnaði ríkis og þjóðkirkju. Af hans orðum má ráða vissa hótun um að ef skilið yrði á milli íslenska ríkisins sem jú stendur fyrir íslenska þjóð annars vegar og hins vegar þjóðkirkjustofnunarinnar, þá myndi prestur og hans kirkjustofnun taka helstu dýrmæti Íslands og gera ríkissjóð gjaldþrota. Hann skrifar; „Skilja strax? Ja, þá verður ríkið jafnvel dæmt til að skila öllu eignasafninu, sem í eru nokkur helstu dýrmæti Íslands, t.d. Þingvellir, allt land Garðabæjar (land Garðakirkju), Borgarnes (land Borgar). Ríkissjóður Íslands hefur jafnvel ekki burði til að skila eða bæta. Þjóðkirkjan óskar, að ríkið skipti sér sem minnst af málum hennar.“ Þetta minnir óneitanlega á hrokafullt tal forstöðumanna bankanna og útrásarvíkinga fyrir hrun, – en nú bara í skjóli kirkju og Krists. Hver þeirra skyldi ætla að eigna sér Þingvelli? Hver þeirra ætlar sér allan Garðabæ? Jarðirnar er nú ekki hægt að flytja til Cayman eða Tortóla en arfinn og arðinn er eflaust hægt að flytja út. Hvaða þjóðkirkjuprestur eða starfsmaður Biskupsstofu skyldi nú vera að taka út kirkjusögulegan arf minna formæðra og forfeðra – eða þeirra ca 65.000 Íslendinga sem kjósa að vera utan þjóðkirkjunnar? Við eigum rétt á að fá að vita. Stofnunin hlýtur að hafa skrá yfir þessa hluti.

> Nú virðist vera sem búið sé, allt í senn, að meta trúararf okkar til fjár, einkavæða hann og græðgisvæða.

### Kirkja misnotuð

Hvaða „kirkju“ á kirkjuþingsmaðurinn við þegar hann fullyrðir „Þjóðkirkjan óskar, að ríkið skipti sér sem minnst af málum hennar“? Kirkjuhugtakið er nefnilega notað á tvo vegu á kirkjuþingi. Annarsvegar þegar stofnunin er að afla fjár frá ríki og þjóð. Þá er hugtakið „kirkja“ látið merkja alla þjóðina í aldanna rás. En þegar kemur að ráðstöfun fjárins og stefnumótun þá hentar betur þrönga skilgreiningin, þá stendur hugtakið „kirkja“ í raun fyrir þröngan hóp starfsmanna stofnunarinnar.

Líklegast vill kirkjuþingsmaðurinn að ríkið og þjóðin skipti sér ekki af því hvernig hann og hans félagar á kirkjuþingi fara með sameiginlegan trúararf okkar allra hinna.

Allt þetta knýr frekar á um að sá siðlausi samningur milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar sem gerður var fyrir aðeins þrettán árum, verði rækilega endurskoðaður. Þjóðin má ekki leyfa neinum að ræna hinum kirkjusögulega arfi hennar. Íslendingar, stöndum vörð um okkar sameiginlegu auðlindir.

## AF NETINU

### Rændur með bókhaldsbrellum en ekki kúbeini



Upplýsingarnar um bókhaldsbrellur og bankarán Glitnismanna, sem fram komu í fréttum Ríkissjónvarps og Kastljósi (08.12.2010) voru svakalegar. Þeir Svavar Halldórsson og Helgi Seljan fá prik fyrir sinn þátt í framsetningu málsins. Þarna beraðist ótrúlegt svindilbrask. Þarna heyrðum við því lýst hvernig banki var rændur. Ekki með kúbeini eins og úrabúðin Leonard í Kringlunni Heldur af hvítflibbakrimmum með tölvur og excel forritið að vopni, sem voru sérfræðingar í bókhaldsbrellum.

Sérstakur kapítuli þessa máls er hlutur endurskoðunarfyrirtækisins Price Waterhouse Coopers. Venjulegur hlustandi og áhorfandi getur varla dregið aðra ályktun en þá, að þar hafi verið við störf bjánar eða að menn í fyrirtækinu hafi vitandi vits og skipulega unnið með þeim sem voru að ræna bankann og settu Glitni í þrot.

blog.eyjan.is/esg

**Eiður S. Guðnason**


Helgi Ingólfsson

RUNUKROSSAR

„Þetta er glæpasaga fyrir hugsandi fólk, mæli eindregið með henni.“
Stefán Snævarr, *Eyjunni*

„Helgi Ingólfsson hefur bætt við frumlegu verki við flóru íslenskra glæpasagna […] og tekst síðast en ekki síst á við stórar spurningar um tilgang trúarbragða og þeirra orða sem í trúartextum felast.“
Gauti Kristmannsson, *RÚV*



„Skemmtilegar pælingar.“
Egill Helgason, *Kiljunni*

**Óvægin og spennandi framtíðarsýn, þar sem sakamálasaga fléttast saman við orðræðu um trúmál, náttúruauðlindir og menningarverðmæti.**



Vorið 2010 hlaut Helgi Ingólfsson Blóðdropann, viðurkenningu Hins íslenska glæpafélags, fyrir bestu glæpasögu ársins, *Þegar kóngur kom.*

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

ORMSTUNGA sími 561 0055 • www.ormstunga.is



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir.is













FRÁBÆR VÍN Í ÚRVALI

JÓLIN KOMA TIL ÞÍN

Í hjarta miðborgarinnar býður veitingastaðurinn 1919 upp á girnilega þriggja og fimm rétta jólamatseðla og jólahlaðborð fyrir hópa. Flauelsmjúkir forréttir, safaríkar jólasteikur og gómsætir eftirréttir koma þér í sannkallað jólaskap. Pantaðu borð núna og njóttu þess að taka forskot á jólasæluna.

1919 RESTAURANT AND LOUNGE

Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2 102 Reykjavík **Sími: 599 1000**



# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

## EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!




30% afsláttur

2.780KR.
3.990*KR.




30% afsláttur

3.990KR.
5.690*KR.

DVD FYLGIR MEÐ




30% afsláttur

3.490KR.
4.999*KR.




35% afsláttur

3.690KR.
5.690*KR.

GILLZ OG TOBBA
ÁRITA LAUGARDAG
Kringlunni kl. 13
Smáralind kl. 16:30




35% afsláttur

3.870KR.
5.980*KR.




30% afsláttur

3.830KR.
5.480*KR.




30% afsláttur

4.180KR.
5.990*KR.




33% afsláttur

3.970KR.
5.890*KR.




35% afsláttur

2.590KR.
3.990*KR.

BJÖRGVIN FRANZ
ÁRITAR LAUGARDAG
Kringlunni kl. 15




30% afsláttur

2.640KR.
3.790*KR.




31% afsláttur

2.270KR.
3.290*KR.




30% afsláttur

1.980KR.
2.790*KR.

ÁRITUN LAUGARDAG
Kringlunni kl. 16




30% afsláttur

3.980KR.
5.699*KR.

*Upprunalegt verð

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 12. desember á meðan birgðir endast.

# ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR

# Á BETRA VERÐI




31% afsláttur

3.970KR.
~~5.690*KR.~~




35% afsláttur

4.520KR.
~~6.990*KR.~~




30% afsláttur

3.980KR.
~~4.990*KR.~~

KARL BERNDSEN ÁRITAR
Smáralind kl. 15 laugardag
Kringlunni kl. 16 sunnudag




33% afsláttur

4.680KR.
~~6.990*KR.~~




30% afsláttur

3.840KR.
~~5.490*KR.~~




30% afsláttur

3.970KR.
~~5.680*KR.~~




30% afsláttur

3.940KR.
~~5.680*KR.~~




35% afsláttur

3.890KR.
~~5.990*KR.~~

GUNNLAUGUR OG ÓTTAR ÁRITA
Kringlunni kl. 14-15 laugardag
Smáralind kl. 15-16 sunnudag




35% afsláttur

3.890KR.
~~5.990*KR.~~




30% afsláttur

9.890KR.
~~13.990*KR.~~




31% afsláttur

1.980KR.
~~2.880*KR.~~




30% afsláttur

3.140KR.
~~4.490*KR.~~




35% afsláttur

3.240KR.
~~4.990*KR.~~

NANNA ÁRITAR OG GEFUR SMAKK
Smáralind kl. 14 laugardag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Seinni grein um siðferði og bankahrun

Siðferði



Ari Skúlason
framkvæmdastjóri Landsvaka

Íslenska bankahrunið var gríðarlega stórt. Eignarýrnun bankanna var um 7.800 milljarðar króna, eða sem nemur fimmfaldri landsframleiðslu og um 25 milljónum króna á hvert mannsbarn. Hrunið var mun flóknara en svo að bara sé hægt að segja að of mikið hafi verið lánað til venjulegra viðskiptavina. Væntanlega var um alvarlega markaðsmisnotkun að ræða, gífurleg útlán til „eigenda“ bankanna og tengdra aðila, kannski meiri græðgi en annarsstaðar, einbeittari ásetning um að fara ekki eftir reglum, minna eftirlit, meiri þátttöku stjórnmálamanna og alls kerfisins í því að spila með nýjum eigendum og stjórnendum bankanna o.s.frv. Áfram mætti sjálfsagt lengi telja.

Við höfum eytt síðustu tveimur árum í að finna út hvað gerðist. Rannsóknarskýrsla Alþingis er stærsta skrefið á þeirri vegferð og með henni hefur verið lagður grunnur að frekari umfjöllun. Eining virðist ríkja um meginniðurstöður skýrslunnar, en hún er þó alls ekki fullkomin. Þeir sem vel þekkja til í einstökum málum telja að sums staðar skorti á dýpt og þekkingu. Ég hef t.d. átt þátt í að skrifa ítarlegar athugasemdir við kaflann um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Ég er alls ekki að halda því fram að meginniðurstöður kaflans séu rangar, einungis er verið að draga fram ýmis atriði sem eru röng eða byggð á misskilningi án þess að það kollvarpi niðurstöðunni.

Hluti Rannsóknarskýrslunnar er helgaður siðferðilegri hlið hrunsins og umfjöllun um það hvort skýringar á hruni bankanna megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Vinnuhópur um siðferði taldi að siðferði og starfshættir bankamanna hlytu að vera í brennidepli í slíkri rannsókn, en óhjákvæmilegt væri að skýra slíkt í tengslum við starfshætti í stjórnsýslu eftirlitsstofnana og siðferði stjórnmálamanna, en einnig í samhengi við t.d. fjölmiðla og háskólasamfélagið. Dómur vinnuhópsins er harður; Starfsháttum og siðferði var víða ábótavant í íslensku samfélagi og það er hluti af skýringunni á því hve illa fór. Þetta á jafnt við í stjórnmálum, viðskiptalífi, stjórnsýslu og fjölmiðlum. Hópurinn taldi að í fyrirtækjamenningu bankanna hafi siðferðilegir þættir verið vanræktir og að dyggðum sem séu kjölfesta góðra viðskiptahátta hafi verið kastað fyrir róða. Í því samhengi er t.d. bent á þrönga hagsmunagæslu fyrir ákveðna skjólstæðinga innan bankakerfisins. Fullyrt er að hvatakerfi bankanna hafi miðast við skammtímagróða stjórnenda og eigenda á kostnað smærri hluthafa og almennings. Þá nutu eigendur bankanna óheftrar fyrirgreiðslu og taumlítil gróðahyggja einkenndi samskipti bankamanna við viðskiptavini um leið og traust almennings var misnotað. Smæð samfélagsins og kunningjatengsl ýttu undir traust og samstöðu sem veikti skilyrðin fyrir nauðsynlegu aðhaldi. Engin stemning reyndist fyrir gagnrýni á það sem fram fór. Bankakerfið varð íslensku stjórnkerfi ofviða og atburðarásin í aðdraganda bankahrunsins afhjúpaði alvarlega veikleika í stjórnsýslunni. Stjórnmálamenn vanræktu margvíslegar skyldur sínar og brugðust almenningi. Vikið var frá eðlilegum starfsháttum við einkavæðingu bankanna og reynslulitlum aðilum treyst fyrir helstu fjármálastofnunum landsins.

Margir aðrir innviðir lýðræðissamfélagsins reyndust líka veikburða að mati hópsins. Fjölmiðlar ræktu illa það hlutverk sitt að upplýsa almenning og veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald og þeir áttu stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs. Háskólamenn hefðu sömuleiðis getað lagt meira af mörkum í opinberri umræðu á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Skýrsla vinnuhópsins um siðferði og starfshætti sýnir í hnotskurn að brýn þörf er á siðvæðingu á fjölmörgum sviðum í íslensku samfélagi. Þótt margir hafi vissulega gerst sekir um ámælisverða hegðun og á því þurfi að taka með viðeigandi hætti, telur hópurinn varasamt að einblína á einstaklinga. Hann telur að siðvæðing íslensks samfélags sé nauðsynleg og það sé langtímaverkefni sem krefjist framlags frá fólki á öllum sviðum samfélagsins. Niðurstaða hópsins er því sú að ábyrgðin af hruninu liggi víða.

Öll þekkjum við eftirmál rannsóknarskýrslunnar. Umræðan fer í hringi og hver bendir á annan þegar kemur að mögulegri ábyrgð. Stjórnmálamenn hafa þráast við að segja af sér og allir keppast við að bera af sér sakir. Þó sjást nokkur merki um breytingar. T.d. hefur fyrrverandi ráðuneytisstjóri verið ákærður fyrir innherjasvik og þrír einstaklingar ákærðir í tengslum við svokallað Exeter-mál. Stjórnendur tveggja banka hafa verið sakaðir um markvissa og alvarlega markaðsmisnotkun og Alþingi hefur ákveðið að stefna fyrrverandi forsætisráðherra fyrir Landsdóm fyrir meinta alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum.

Aðstæður í samfélaginu eru sérkennilegar. Enn skortir verulega

> Í almennri umræðu er iðulega fullyrt að enginn munur sé á umhverfi, vinnuaðferðum og siðferði í fjármálakerfinu fyrir og eftir hrun.

á traust og það hefur reynst erfitt að sýna nægjanlega vel fram á að mikið hafi breyst eftir hrun. Einungis lögreglan (91%), Háskóli Íslands (68%) og Ríkisútvarpið (52%) njóta trausts meira en helmings almennings. Aðeins 3% treysta fjármálakerfinu, 6% Fjármálaeftirlitinu og 7% treysta sjálfu Alþingi.

Í almennri umræðu er iðulega fullyrt að enginn munur sé á umhverfi, vinnuaðferðum og siðferði í fjármálakerfinu fyrir og eftir hrun. Þetta er að hluta rétt. Mörg ný ráðgjafafyrirtæki hafa tekið til starfa og þar eru innanborðs starfsmenn úr gamla kerfinu og þeir fást við enduruppbyggingu atvinnulífsins. Sumir aðalleikendur hrunsins fást við ráðgjafaþjónustu, bæði hérlendis og erlendis. Þá eru ótaldar slitastjórnir gömlu bankanna sem margir telja að starfi í anda sem sé lítt frábrugðinn gamla kerfinu. Því má þó ekki gleyma að í nýju bönkunum hafa verið gerðar víðtækar skipulags- og mannabreytingar frá því sem var.

Það er engu að síður ljóst að við eigum enn langt í land á þeirri leið sem við þurfum að fara til að endurskapa traust, siðferði og trú á framtíðina. Allt of mörgum spurningum er enn ósvarað um siðferðilegu hliðina og ábyrgðina á hruni hagkerfisins. Svörin við spurningunum eiga að hjálpa okkur að byggja upp til framtíðar en líkt og í Mattheusarguðspjalli þá stöndum við frammi fyrir vali um hvaða leið við viljum feta. Þar segir að vítt sé hliðið og vegurinn breiður sem liggi til glötunar og að þeir séu margir sem þar fara inn. Hins vegar sé það hlið þröngt og sá vegur mjór sem liggi til lífsins og þeir séu fáir sem finna hann (Matt 7:14).

*Byggt á erindi á ráðstefnu norrænna fyrirtækja innan UN Global Compact í október sl. Fyrri grein birtist í blaðinu í gær.*

# Áhersla á erlendar nýfjárfestingar

Fjárfestingar

Katrín Júlíusdóttir
iðnaðarráðherra



Erlend fjárfesting í atvinnuuppbyggingu er ekki aðeins mikilvæg vegna innspýtingar fjármagns í efnahagslífið heldur fylgir henni gjarnan ný þekking, tækni og tengsl við markaði. Hér á landi hafa erlendar fjárfestingar því miður verið bæði fátíðar og einhæfar enda hafa íslensk stjórnvöld aldrei mótað markvissa opinbera stefnu í þeim efnum. Úr því verður bætt.

Fjárfestingarstofan, verkefni iðnaðarráðuneytisins, fékk ráðgjafarfyrirtækið Pricewaterhouse-Coopers í Belgíu til að vinna ítarlega úttekt á því hvernig staðið er að öflun erlendra fjárfestinga á Íslandi. Skortur á stefnu stjórnvalda og stuðningi við markaðssetningu Íslands erlendis sem fjárfestingarkosts er talið meðal helstu hindrana á undanförnum áratugum. Enda hafa erlendar fjárfestingar verið einhæfar og frumkvæðið komið frá hinum erlendum framkvæmdaaðilum í kjölfar viðræðna við orkufyrirtækin.

Í ljósi þess hve mikilvægar fjölbreyttar erlendar fjárfestingar eru fyrir endurreisn efnahags-

> Sveiflukennd örmynt er ein stærsta hindrunin í vegi nýfjárfestinga.

lífsins, rammalöggjafar um ívilnanir vegna nýfjárfestinga, þeirra sóknarfæra sem felast í samstarfi Fjárfestingarstofu og nýrrar Íslandsstofu og skýrslu PWC hef ég skipað nefnd sérfræðinga úr atvinnulífinu til að vinna drög að stefnu stjórnvalda gagnvart erlendum fjárfestingum. Nefndin fer yfir skýrslu PWC, stefnumótunina að baki Íslandsstofu og þau verkefni sem Fjárfestingarstofa hefur verið að vinna á undanförnum árum og leggur fram tillögur um áherslusvið og breytt vinnubrögð stjórnvalda og stofnana. Markmiðið er að auka erlendar fjárfestingar með því að hafa frumkvæði að kynningum á Íslandi gagnvart völdum atvinnugreinum og svæðum auk þess að geta unnið markvissar úr þeim erindum sem berast frá áhugasömum fjárfestum.

Á sama tíma er það á ábyrgð stjórnvalda að taka höndum saman um að endurreisa traust á Íslandi á alþjóðamörkuðum, t.d. með lausn á Icesave-deilunni, og skapa þannig forsendur fyrir fjármögnun orkuframkvæmda á eðlilegum kjörum. Þá þarf að liggja fyrir hvert stefnt skuli í gjaldeyrismálum þjóðarinnar enda þekkja frumkvöðlar sem leitað hafa erlendra fjárfesta af eigin raun að sveiflukennd örmynt er ein stærsta hindrunin í vegi nýfjárfestinga.

# Hver tekur sér vald ?

Icesave

Baldur Ágústsson
fyrrv. forstjóri og forsetaframbjóðandi



Svavar Gestsson fyrrverandi alþingismaður, ráðherra, sendiherra og um tíma aðalsamningamaður ríkisstjórnarinnar í Icesave-málinu, skrifaði sérkennilega grein í Fréttablaðið þann 30. nóvember síðastliðinn. Mér finnst nauðsynlegt að svara þessum fyrrum baráttumanni alþýðunnar sem, eftir að hafa klifrað metorðastigann eins og stjórnmálamönnum er best lagið, snýst nú gegn alþýðu landsins undir því yfirvarpi að hann sé að gagnrýna stjórnkerfið og forseta Íslands.

Eins og menn muna kom Svavar heim frá Bretlandi með Icesave-samning sem ríkisstjórnin sagði afburða góðan fyrir Íslendinga, betur yrði ekki gert. Einhverjir höfðu reyndar á orði að Svavar hefði hætt samningaviðræðum þegar hann, að eigin sögn, „nennti ekki að hafa þetta mál hangandi yfir sér lengur“ – en hver trúir slíku?

Hvort það var þessi samningur eða annar þar á eftir sem hrinti af stað öldu áskorana á forsetann um þjóðaratkvæði má einu gilda. Forsetinn hlustaði á þjóðina og synjaði undirskrift.

Stjórnvöld reyndu að malda í móinn með fullyrðingum um að nú hillti í enn betri samning (!) en allt kom fyrir ekki. Þar með fóru lögin sem heimiluðu greiðslur og ríkisábyrgð í þjóðaratkvæðagreiðslu, skv. stjórnarskrá okkar.

Eins og lengi mun í minnum haft, hafnaði þjóðin þessu alfarið – yfir 90% þeirra sem kusu sögðu nei.

**Enn við sama heygarðshornið**

Þrátt fyrir þessa afdráttarlausu höfnun þjóðarinnar er ríkisstjórnin aftur á fullri ferð í nýjum Icesave-viðræðum við erlenda menn, sjálfsagt undir nýju lagafrumvarpsnúmeri eða greiðslu í öðru formi. Hvort sem er, kýs ríkisstjórnin enn að ganga gegn vilja þjóðar sinnar. Til sjós héti þetta uppreisn og lægju þungar refsingar við.

Eins og allir vita er ástæðan sú að ESB ætlar Íslendingum að greiða Icesave – sem er ósannað að við berum ábyrgð á – áður en við fáum innlimun. Ríkisstjórnin, sem er fyrst og fremst að vinna að innlimuninni, er því meira en tilbúin að binda þjóð sinni skuldabagga, sem hún ekki vill, til þess að koma henni í Evrópusambandið, sem hún heldur ekki vill!

Trúnaðarmenn okkar eru þannig enn að vinna að hagsmunum sínum og Evrópusambandsins, gegn sinni eigin þjóð.

En, aftur að grein Svavars Gestssonar alþingismanns, ráðherra, sendiherra og sérlegs sendimanns stjórnvalda. Nú hefur for-

> Nú hefur forseti Íslands látið það heyrast að komi Icesave-greiðslur aftur upp á borðið sé eðlilegt að bera það mál undir þjóðina. Ég leyfi mér að fullyrða að þorri landsmanna telji það líka.

seti Íslands látið það heyrast að komi Icesave-greiðslur aftur upp á borðið sé eðlilegt að bera það mál undir þjóðina. Ég leyfi mér að fullyrða að þorri landsmanna telji það líka.

Svavar Gestsson er nú ekki aldeilis á því máli. Hann virðist telja það eðlilegt að hafni þjóðin einhverju megi klæða málið í nýjan búning og láta það taka gildi – án þess að spyrja hana. Þetta álit Svavars sýnir viðhorf í fílabeinsturni margra stjórnmálamanna: Vilja þjóðarinnar má virða að vettugi ef hann er í vegi fyrir hagsmunamálum stjórnvalda.

Svavar segir að forsetinn geti tekið sér þetta vald því Alþingi sé svo óvinsælt. Þetta vil ég leiðrétta: Hann tekur sér ekki þetta vald – hann hefur það. Og Alþingi er ekki bara óvinsælt núna, það hefur nær óslitið verið neðst á traust-lista okkar í áratugi – líka þegar Svavar Gestsson sat þar.

Svavar beitir því við að svona embættisfærsla sé ekki bönnuð í stjórnarskránni – þó að það hefði raunar mátt gera. Spyrja má: Af hverju var það ekki gert. Var ástandið e.t.v. þannig eins og oftar að þingmenn voru með hugann við annað – t.d. ráðherrastól eða sendiherrastöðu eða eftirlaunin sín?

Hitt er umhugsunarefni hvaða afgreiðslu þetta mál og önnur hefðu fengið, hefðu hendur forseta verið bundnar, eða embættið lagt niður eins og sumir vilja?

Um eitt er ég sammála Svavari Gestssyni; það væri sérkennilegt ef Alþingi þyrfti að spyrja forseta fyrirfram hvort hann féllist á hvert mál. En það er ekki þannig – og svo lengi sem Alþingi vinnur af heilindum fyrir þjóðina og eftir vilja hennar þarf það og ríkisstjórn ekki að hafa áhyggjur af afskiptasemi forseta. Meðan svo er hinsvegar ekki, þakkar þjóðin Guði fyrir að hér er forsetaembætti með þessi völd.

Það vita flestir að ég hef um margt verið ósáttur við framgöngu og embættisfærslu Ólafs Ragnars – það svo að ég hef boðið mig fram á móti honum sem er nær óþekkt þegar um sitjandi forseta er að ræða. Í Icesave-málinu tel ég hins vegar að hann hafi staðið með þjóð sinni og það ber að virða. Þegar landsölumenn, fullir græðgi og sérhagsmunagæslu, vilja selja fullveldi okkar og koma og leita stuðnings hjá Alþingi og íslenskri þjóð vona ég að á Bessastöðum verði líka forseti sem þorir að segja nei.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## AF NETINU

### Pólitískt rangeygður

Það er ágætt að vera ekki partur af stjórnmálasamtökum. Það er einhvern veginn eins og að vera áhangandi knattspyrnuliðs. Maður verður einhvern veginn blindur á leikinn. Tekur bara eftir því hvað annað liðið gerir vel eða illa. Svoleiðis verð ég þegar “ég held með” stjórnmálaflokki. Þegar illa gengur finnst mér þá að eigi að reka “stjórann” eða “skipta út” leikmanni. Og þegar “andstæðingurinn” skorar þá öskra ég á dómarann RANGSTAÐA (lesist: lýðskrum).
Pólitísk afstaða getur gert mann svo andskoti pólitískt rangeygðan.
Það er svo frjálslegt að hafa sitt eigið X í eigin vasa.

einar.eyjan.is

Einar Ben. Þorsteinsson


Lucky Charms
Cocoa Puffs
Eigðu bragðgóð jól með okkur

# Lausnin felst í réttlæti en ekki ölmusu

Mannréttindi

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International



Samviskufangar heimsins í dag eru hinir snauðu. Þær milljónir sem njóta ekki mannréttinda og lifa við fátækt. Fangelsið er stórt og það er að finna um allan heim. Fangelsið er rammbyggt og byggingarefnið eru mannréttindabrot. Mannréttindabrot sem viðhalda traustum múrum fangelsis. Skortur á efnislegum gæðum er vissulega ein birtingarmynd fátæktar, sú birtingarmynd sem flestir einblína á. En fátækt snýst ekki eingöngu um skort. Fátækt snýst öðru fremur um öryggisleysi, kúgun, spillingu, ofbeldi, mismunun, útilokun og raddleysi.

Baráttan gegn fátækt þarf að breytast, útrýming fátæktar getur ekki falist eingöngu í hagvexti og aukinni landsframleiðslu, þaðan af síður í ölmusu.

Auknar tekjur einar og sér binda ekki enda á mannréttindabrot. Lausnin felst fyrst og fremst í virðingu fyrir mannréttindum. Lausnin felst í því að beina sjónum að þeim mannréttindabrotum sem skapa fátækt og halda fólki í fjötrum hennar.

Því er gerð rík krafa á ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir, fyrirtæki og fjármálastofnanir að byggja allar aðgerðir gegn fátækt á virðingu fyrir mannréttindum, bæði heima og heiman.

### Mannréttindi fyrir alla

Hinn 10. desember árið 1948 var Mannréttindayfirlýsingin samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ætíð síðan hefur 10. desember verið alþjóðlegi mannréttindadagurinn. Mannréttindasamtökin Amnesty International byggja starf sitt á Mannréttindayfirlýsingunni og telja afar mikilvægt að hver og einn sé meðvitaður um efni hennar og leggi sitt af mörkum til að réttindi þau, sem þar eru skráð, verði virt.

Starf Amnesty International tryggir að fórnarlömb mannréttindabrota gleymast ekki og ríkisstjórnir sem gerast brotlegar komast ekki upp með mannréttindabrot án þess að athygli umheimsins beinist að þeim. Þess vegna minnir Amnesty International nú enn og aftur allar ríkisstjórnir heims á þau réttindi sem skráð eru í Mannréttindayfirlýsingunni, réttindi sem yfirvöldum ber að tryggja og um leið hvetja samtökin almenning til að styðja mannréttindabaráttu Amnesty International.

> Með því að gerast aðili að bókuninni myndi ríkisstjórn Íslands sýna að hún er reiðubúin til að koma fram af ábyrgð gagnvart þeim sem búa við fátækt

### Áskorun til íslenskra yfirvalda

Eitt af baráttumálum Amnesty International er að fólk geti dregið stjórnvöld til ábyrgðar þegar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eru vanvirt. Í dag, á alþjóðlega mannréttindadaginn eru tvö ár liðin frá því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Íslandsdeild Amnesty International hefur nú ítrekað fyrri áskoranir til íslenskra yfirvalda um að Ísland undirriti og fullgildi bókunina.

Bókunin opnar kæruleið fyrir einstaklinga og hópa sem brotið er á. Hún er mikilvægt skref í þeirri viðleitni að tryggja aðgang að réttlæti fyrir þolendur mannréttindabrota. Fólk sem lifir í sárri fátækt og hópar á jaðri samfélaga sæta alvarlegustu brotunum á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, þar með talið réttinum til húsnæðis, fæðis, vatns og hreinlætis, svo og réttinum til heilsu og menntunar.

Amnesty International telur að mannréttindi verði að vera miðlæg í allri viðleitni til að draga úr fátækt. Með því að gerast aðili að bókuninni myndi ríkisstjórn Íslands sýna að hún er reiðubúin til að koma fram af ábyrgð gagnvart þeim sem búa við fátækt. Fullgilding bókunarinnar er raunhæft skref í átt að útrýmingu fátæktar bæði heima og heiman.

Það er löngu tímabært að tryggja aðgang að úrræðum fyrir fórnarlömb allra mannréttindabrota. Fórnarlömb brota á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum hafa ekki notið sömu verndar og fórnarlömb brota á borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum. Fullgilding bókunarinnar er því mikilvægt skref til að tryggja alþjóðlega vernd og réttlæti til handa fórnarlömbum allra mannréttindabrota.

## AF NETINU

### Stjórnvöld þráskölluðust við uppbyggingu heilsugæslu



Stjórnvöld þráskölluðust við uppbygginguna þar til eftir hrun að loks fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir tók af skarið og ákvað að fjölga námsstöðum í heimilislækningum og styðja þannig við uppbyggingu heilsugæsluna þótt á erfðum tímum væri. Allt of seint var brugðist við og vandinn orðin mjög mikill. Flestir heimilislæknar eru nú komnir vel á aldur eða vel yfir fimmtugt og margir hætta störfum á næsta áratug.

Kjaraskerðingar og mikið vinnuálag auk frjáls aðgengis unglækna og sjúklinga í aðrar sérgreinar hafa síðan gert það að verkum að sárafáir unglæknar hafa nú áhuga á námsstöðunum. Þannig vantaði alveg að huga að eðlilegri mönnun heimilislækna í heilsugæslunni hér á höfuðborgarsvæðinu í rúman áratug og sem við erum nú að súpa seiðið af og skýrir ástandið meira en nokkuð annað. Það ástand breytist ekki nema verulega verði stutt við námsstöðurnar og starfsskilyrðin sem slík gerð fýsilegri hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ef síðan blikur eru á lofti að aðrar stéttir blandi sér með óeðlilegum hætti í störf heimilislækna er hætt við að áhuginn minnki en frekar. Ef breyta á heimilislækningum í færibandavinnu og sjálfvirka endurnýjunarafgreiðslu hjúkrunarfræðinga er vegið að sérfræðigrein heimilislækna og sennilega best fyrir unglækna að velja sér strax aðra sérgrein innan læknisfræðinnar sem tryggir sjálfstæðan starfsvettvang í nútímalegri læknisfræði, hér heima eða erlendis..

blog.eyjan.is/vilhjalmurari

**Vilhjálmur Ari Arason**

# Tækifæri í heilsugæslunni

Heilsugæsla

Elsa B. Friðfinnsdóttir
Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Í grein í Fréttablaðinu í gær er fjallað um umræður á Alþingi þar sem þingmenn ræddu leiðir út úr þeim vanda sem viðvarandi fækkun heimilislækna skapar í heilsugæslunni um allt land. Tvær leiðir voru nefndar, þ.e. að mennta nýja stétt aðstoðarmanna lækna eða að auka réttindi hjúkrunarfræðinga til að greina sjúkdóma eða ávísa lyfjum.

Viðfangsefni heilsugæslunnar eru fjölmörg og mikilvægt að þeir sem þangað leita geti fengið þjónustu frá þeim fagmönnum sem besta þekkingu hafa á hverju viðfangsefni. Heilsugæslan þarf að vera skipulögð þannig, bæði í áherslum og mannafla, að hún standi undir nafni sem heilsugæsla í stað þess að vera fyrst og fremst læknamóttaka. Því þarf að fjölga þeim fagstéttum sem taka virkan þátt í störfum innan heilsugæslunnar. Efla þarf hlutverk hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa o.fl. fagstétta.

Það er ekki keppikefli hjúkrunarfræðinga að sjúkdómsgreina, það gera læknar. Hjúkrunarfræðingar geta hins vegar tekið að sér sérhæfða móttöku fyrir langveika sjúklinga, aldraða og unglinga. Þeir geta haft eftirlit með heilsu og líðan einstaklinga og sinnt heilsuvernd, heilsueflingu og forvörnum, unnið vistunarmat og umsóknir um ýmsa aðstoð s.s. hjálpartæki, stoðþjónustu og hvíldarpláss. Hjúkrunarfræðingar geta endurnýjað lyfseðla hjá einstaklingum sem hafa langvinna sjúkdóma. Þeir geta sinnt slysamóttöku og geta tekið að sér aukna þjónustu þar s.s. að sauma minni sár, leggja gifs, sjá um endurkomur o.fl.

Það er ekki þörf fyrir nýja heilbrigðisstétt til að leysa skort á heimilislæknum eða til að efla heilsugæsluna. Með samstarfi þeirra heilbrigðisstétta sem þegar ættu að starfa innan heilsugæslunnar og tilflutningi verkefna milli þeirra, er hægt að tryggja aukna þjónustu og að þeir sem til heilsugæslunnar leita fái ætíð þjónustu þeirra sem mesta þekkingu hafa á hverju sviði. Í slíku samstarfi felst þá jafnframt að hver og einn fagmaður leitar ráðgjafar og eftir atvikum vísar verkefnum til annarra eftir því sem við á. Þannig nýtist fagþekking og fjármunir heilsugæslunnar best.

Fimm fræknar
FÖSTUDAGINN 10. DESEMBER KL. 17:00 Á SÚFISTANUM




Skáldin Gerður Kristný, Guðrún Hannesdóttir, Kristín Jónsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir og Þórdís Gísladóttir lesa úr nýlegum ljóðabókum sínum.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

# Öryggi barna á sundstöðum

Öryggi sundstaða

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, skrifar grein í Fréttablað gærdagsins þar sem hann furðar sig á nýrri reglugerð umhverfisráðuneytisins um öryggismál á sundstöðum. Ómar telur það hið versta mál að börnum yngri en tíu ára sé nú óheimill aðgangur að sundstöðum nema í fylgd með syndum einstaklingi fimmtán ára eða eldri. Hingað til hefur verið miðað við átta ára aldur. Ómar segist ekki sjá nein rök fyrir þessari breytingu. Mér er bæði ljúft og skylt að útskýra fyrir honum á hvaða forsendum ákvörðun mín byggir.

Breytingin er að sjálfsögðu til komin vegna öryggissjónarmiða. Hlutfall barna sem eru synd átta ára er lægra en hlutfall þeirra sem eru synd tíu ára gömul. Einnig eru börn yngri en tíu ára líklegri til að drukkna vegna þess að þau hafa ekki eins góð viðbrögð í öndunarvegi. Þannig hafa kokviðbrögð alla jafnan náð eðlilegum þroska við tíu ára aldur.

Meðal þeirra sem styðja þessa breytingu á reglugerðinni eru Félag barnalækna, Umboðsmaður barna, Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Samtaka forstöðumanna sundstöðva á Íslandi. Í umsögn Félags barnalækna og Sjóvá Forvarnarhúss um umrædda breytingu eru taldar upp fjórar ástæður fyrir hækkun aldurstakmarks í tíu ár:

> Flestir foreldrar hugsa fyrst og fremst um aldur barna en taka ekki tillit til raunverulegrar sundkunnáttu.

1. Í rannsókn á tíðni drukknana frá 1984 til 1993 kom fram að 42% allra barna sem rannsóknin náði yfir drukknuðu á opinberum sundstöðum. Flest þeirra voru á aldrinum 6-9 ára.
2. Í könnun sem unnin var af sundkennurum árið 1998 kemur fram að einungis 25% barna sem náð hafa 8 ára aldri eru synd samkvæmt gildandi skilgreiningum sundkennslu.
3. Reynslan sýnir að flestir foreldrar hugsa fyrst og fremst um aldur barna en taka ekki tillit til raunverulegrar sundkunnáttu barna sinna. Foreldrar hafa í flestum tilfellum ekki skýra mynd af því hvort barnið er synt eða ekki og treysta um of á gæslu sundlaugarvarða.
4. Samsetning íbúa á Íslandi hefur breyst. Þau börn sem hingað hafa flutt undanfarin ár hafa mörg hver ekki hlotið sundkennslu sem er sambærileg þeirri sem veitt er hér á landi.

Í þessu ljósi tók ég þá ákvörðun að hækka aldurstakmarkið í tíu ár. Ómar segist byggja andstöðu sína við þessa ákvörðun á spjalli við sundsérfræðinga og skorar því á mig að fresta gildistöku reglugerðarinnar og fá frekari umsagnir þeirra sem þekkingu hafa á þessum málum. Eins og fram kemur hér að framan er afstaða mín meðal annars byggð á þekkingu Félags barnalækna, Umboðsmanns barna og stjórnar Samtaka forstöðumanna sundstöðva. Ef Ómar telur sig búa yfir frekari upplýsingum sem kynnu að hafa áhrif á ákvörðun mína í málinu hvet ég hann til að koma á minn fund og gera grein fyrir þeim.

# JÓLIN KOMA!

**TILBOÐIN GILDA 10.12 - 12.12**

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLATRJÁM



**Kertalukt**
Mjög flott kertalukt fyrir sprittkerti. Fæst í rauðu, hvítu og svörtu. Stærð: Ø10 sm.

1 STK. 399



**Sitjandi jólasveinn**
Flottur jólasveinn sem situr á bekk. Með poka af gjöfum og fleira. Hæð: 27 sm.

JÓLASVEINN 1.495



**Jólatré**
Virkilega falleg og þétt jólatré. Fáanleg í nokkrum stærðum. Litir: Grænt og hvítt.



**SANTA jólatréstoppur**
Flottur jólatrés-toppur, fæst í gylltu og silfruðu.

1 STK. 499



**Fjöltengi með rofa**
Fyrir 3 tengla án rofa **345,-**
Fyrir 3 tengla með rofa **595,-**
Fyrir 5 tengla með rofa **655,-**

VERÐ FRÁ: 345



**SANTA englaspil**
Sprittkertastjaki með englum. Hæð: 15 sm.

ENGLASPIL 795



**Jólatrésmotta**
Flott motta undir jólatréð. Stærð: Ø110 sm.

MOTTA 795





**Jólaseríur og jólaljós**
Öll jólaljós og allar jólaseríur nú á 25% afslætti.

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM



**Jólakort**
Falleg jólakort með íslenskum texta. 20 kort í pakkanum með 10 mismunandi myndum.

20 STK. 598



**Jólarós**
Falleg og hátíðleg jólarós.

1 STK. 179



**Jólakúlur**
Fallegar jólakúlur. Fást í nokkrum litum. 12 stk. í pakka.

12 STK. 499



**Pakka-bönd**
6 stk. í pakka.

6 RÚLLUR 299



**SYMPHONY glerjólatré**
Falleg gler-jólatré. Fáanleg í rauðum og silfruðum lit. Hæð: 25 sm.

1 STK. 695



**Jólasveinn á sleða**
Flottur jólasveinn á sleða. Hæð: 30 sm.

JÓLASVEINN 1.695



**Jólaservíettur**
20 stk. í pakka.

20 STK. FRÁ: 259

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

AF NETINU

### Hundsa ráðleggingar frá útlöndum



Að minnsta kosti tvisvar beindi ECRI (Evrópunefndin gegn kynþáttamisrétti) því til íslenskra stjórnvalda að erlendar konur sem giftust íslenskum karlmönnum væru settar í hræðilega aðstöðu ef þær ættu það á hættu að vera vísað úr landi færu þær fram á skilnað. Í skýrslu ECRI sem unnin var 2006 sést að íslensk stjórnvöld tala niður vandann, gera lítið úr honum. Nú kemur á daginn með hjálp Wikileaks að bandaríski sendiherrann leit þetta sömu augum og ECRI. Enn á ný kemur í ljós að Íslendingum þótti ófínt að hlusta á ráðleggingar erlendis frá. Er það svo enn?

blog.eyjan.is/baldurkr

Baldur Kristjánsson

### Allt fast á Suðurnesjum



Svo virðist sem ekkert sé að gerast varðandi fyrirheit ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna til Suðurnesja. Ekki er enn búið, samkvæmt heimildum, að stofna nefnd um flutning Landhelgisgæslunnar. Í því máli er sagt að talsvert beri milli félaganna Össurar utanríkisráðherra og Ögmundar dómsmálaráðherra. Halla Gunnarsdóttir, samstarfskona Ögmundar, vill að Landhelgisgæslan fari undir Isavia. En Össur ekki. Meðan gerist fátt.

Miðjan.is

Sigurjón M. Egilsson

# Hvað á að verða um heimaþjónustu eftir fæðingu?

Heimaþjónusta

**Erla Rún Sigurjónsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir



Breytingar þær sem til standur að gera á heimaþjónustu kvenna eftir fæðingu hafa litla athygli fengið. Þó er það svo að sú þjónusta mun taka stakkaskiptum frá og með áramótum þar sem hún mun færast frá sjálfstætt starfandi ljósmæðrum og inn í heilsugæsluna.

Árið 1994 fór konum hér á landi fyrst að bjóðast að liggja sængulegu heima með aðstoð ljósmóður eftir eðlilega fæðingu. Þessi þjónusta var byggð upp af hópi ljósmæðra sem unnu innan einingar sem kallaðist MFS og hafði samfellda þjónustu við konur í meðgöngu, fæðingu og sængurlegu að leiðarljósi. Það þýddi að leitast var við að kona fengi sömu ljósmóður í meðgönguvernd og heim til sín á sængurlegutímabilinu, auk þess sem mögulegt var að sú hin sama gæti tekið á móti barninu. Varð þessi þjónusta fljótt mjög vinsæl og komust færri konur að en vildu. Því vakti það furðu margra þegar MFS-kerfið var lagt niður árið 2006. Það var gert fyrirvaralítið, þvert á vilja þeirra ljósmæðra sem komu kerfinu á fót og að sjálfsögðu án þess að það væri borið undir þær fjölmörgu konur sem fætt höfðu innan MFS eða höfðu hug á því.

Þar sem heimaþjónusta eftir fæðingu er mun hagkvæmari en sængurlega á sjúkrahúsi var þó ekki hreyft við henni. Ljósmæður sem sinna henni í dag gera hver og ein samning við Sjúkratryggingar Íslands. Þær eru flestar í öðru föstu starfi, sumar í mæðravernd en aðrar á fæðingardeildum og því oft hægt að koma því við að konur fái til sín ljósmóður sem þær hafa áður kynnst. Einnig geta konur óskað eftir ljósmóður að eigin vali. Þetta vilja ljósmæður fyrir alla muni halda í því samfelld ljósmæðraþjónusta hefur margsannað gildi sitt.

Það eru allir sammála um það að heimaþjónusta eftir fæðingu þarf að vera góð og hún verður að vera skjólstæðingum að kostnaðarlausu líkt og hún er og hefur alltaf verið. Hins vegar finnst mér það skjóta skökku við þegar góð þjónusta sem fagfólk hefur veitt, kostuð hefur verið af ríkinu og mikil ánægja hefur ríkt með er sett undir ríkisstofnun þó það þýði að skjólstæðingar fái lakari umönnun. Heimaþjónusta ljósmæðra eins og hún er í dag er eflaust ekki fullkomin. Hins vegar hafa hugmyndir ljósmæðra um hvernig megi gera þjónustuna skilvirkari enga athygli fengið.

Heimaþjónusta eftir fæðingu er vissulega á sviði heilsugæslu og henni yrði áfram sinnt af ljósmæðrum. Hvers vegna held ég því þá fram að þjónustan muni andlegan stuðning heldur gefur augaleið að eftirlit með móður og barni torveldast mikið. Þar að auki er hætt við að fræðsla verði ómarkvissari. Konur sem eru nýorðnar mæður og nýburar þeirra eru líka viðkvæmur hópur skjólstæðinga. Konur þurfa oftast að hleypa ljósmæðrum mjög nærri sér – bókstaflega inn á rúmgafl. Það að þær geti valið hver sinnir þeim eftir fæðingu er því atriði sem ekki má fórna.

Þó svo að ég geri ráð fyrir því að í nýju kerfi verði reynt að tryggja samfellu er ljóst að slíkt er ekki hægt nema að hætt verði að bjóða ljósmæðrum upp á að vera í hlutastarfi, eða þá að heimsóknum til kvenna verði fækkað verulega. Er það kannski það sem stefnt er að?

> Konur þurfa oftast að hleypa ljósmæðrum mjög nærri sér – bókstaflega inn á rúmgafl. Það að þær geti valið hver sinnir þeim eftir fæðingu er því atriði sem ekki má fórna.

skerðast? Mergurinn málsins er sá að börn fæðast árið um kring á öllum tímum sólarhrings. Þannig virkar heilsugæslan aftur á móti ekki. Þar er hvorki unnið á kvöldin, um helgar né á frídögum. Hvað á til dæmis að gera við konur sem fæða á fimmtudagskvöldi og fara heim seinni partinn á föstudegi? Nú er svo komið að Landspítalinn býður ekki lengur upp á sængurlegu fyrir heilbrigðar konur. Eiga þessar konur og börn þeirra að bíða heima yfir helgi þar til ljósmóðir frá heilsugæslu kemur á mánudagsmorgni? Það þarf ekki að fjölyrða um öll þau vandamál sem gætu komið upp á þessum tíma og ég tala nú ekki um þá vanlíðan sem slíkt óöryggi gæti bakað foreldrunum.

En gallarnir við fyrirhugaðar breytingar eru fleiri. Að mínu mati er ótækt hversu erfitt verður að tryggja að sama ljósmóðirin komi í öll skiptin. Séu fleiri en ein ljósmóðir að sinna sömu fjölskyldunni verður þjónustan ekki aðeins sundurslitin hvað varðar

Fyrir fólk sem hefur eytt mörgum árum í að byggja upp góða þjónustu á faglegum forsendum er gífurlega sárt að sjá hana rifna niður. Nú liggur líka fyrir að ekki mun sparast fé við þessar breytingar. Hví þá að ana af stað án þess að skoða málin af yfirvegun og taka tillit til allra hlutaðeigandi? Sú ómælda vinna sem ljósmæður hafa lagt á sig á undanförnum árum til að bæta þjónustu við nýbakaðar mæður er að engu höfð með þessu móti og síðast en ekki síst er heldur engin virðing borin fyrir þörfum eða löngunum kvenna og fjölskyldna þeirra. Finnst heilbrigðisráðherra eðlilegt að tekin sé stjórnvaldsákvörðun um breytingar á þessari viðkvæmu þjónustu án samráðs við þær konur sem þiggja hana né heldur við þær sem veita hana? Ég fyrir mitt leyti er orðin þreytt á því að breytingar á þjónustu við konur í barneignarferlinu séu gerðar fyrirvaralaust og án þess að reynt sé að ná neinni heildarsýn.

# Niðurskurður má ekki koma niður á mannréttindum

Heimahjúkrun

**María Gyða Pétursdóttir**
í ungmennaráði Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands, um að leggja af heimahjúkrun langveikra og fatlaðra barna, hefur víða vakið hörð viðbrögð. Sumir sem um málið hafa fjallað tala um að hreinlega sé um mannvonsku eða heimsku að ræða. Líklegra er að ákvörðunin sé byggð á skorti á skilningi á aðstæðum þeirra barna sem njóta þjónustunnar.

Í 23.grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem var staðfestur fyrir Íslands hönd árið 1992, kemur eftirfarandi fram: „Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.“

Ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands er augljóst brot á þessari grein. Nauðsyn niðurskurðar og ástæður hans eru þjóðinni vel kunnar. Ríkisstjórn Íslands stendur frammi fyrir gríðarlega erfiðum ákvörðunum og ekki er rétt að draga í efa allar þær ákvarðanir um niðurskurð sem teknar hafa verið. Engum líkar niðurskurður, sér í lagi ekki þegar um er að ræða mikilvæga þjónustu sem fólk hefur hingað til notið góðs af, en einhvers staðar verður að draga línuna.

Forgangsröðun er afar mikilvæg þegar veigamiklar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð. Huga þarf sérstaklega að því, þegar slíkar ákvarðanir eru teknar, að ekki sé brotið á réttindum barna eða fullorðinna. Þar sem heimahjúkrun langveikra eða fatlaðra barna er nauðsynleg öllum þeim er hana þiggja, hefur niðurskurður þessarar þjónustu í för með sér gríðarlega skerðingu á lífsgæðum þessara barna.

Ungmennaráð er liður í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi sem eru leiðandi og frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna um allan heim. Meðlimir ungmennaráðsins eru ekki fullorðnir heldur ungmenni. Við viljum endurspegla sjónarmið barna til hinna ýmsu mála sem varða börn og þar með okkur sjálf. Ungmennaráðið hefur sent Heilbrigðisráðuneytinu og Sjúkratryggingum Íslands áskorun um að beita sér fyrir endurskoðun þessarar ákvörðunar. og er það mín ósk að rödd okkar, ásamt öllum þeim, sem berjast fyrir rétti þessara barna, verði heyrð.

> Þar sem heimahjúkrun langveikra eða fatlaðra barna er nauðsynleg öllum þeim er hana þiggja, hefur niðurskurður þessarar þjónustu í för með sér gríðarlega skerðingu á lífsgæðum þessara barna.

JÓLIN KOMA




JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

DAPURLEG LESNING

# Gagnrýnendur eru á einu máli!




★☆☆☆☆

„Skárri en fyrsta útgáfa en það væri hægt að gera miklu betur.“
ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR, FORMAÐUR BSRB

„Hlífum þeim sem verst standa og sækjum frekar til þeirra sem meira hafa á milli handanna.“
STJÓRN BSRB

„Frekar á að fara hægar í sakirnar og greiða niður á lengri tíma, eða að leita annarra leiða, svo sem eins og í gegnum skattkerfið.“
AÐALFUNDUR BSRB

„Að auka á atvinnuleysið er ekki boðleg leið úr þeirri kreppu sem samfélagið nú upplifir.“
STJÓRN BSRB

**Kæri þingmaður**

Það er dapurleg lesning sem þingheimur býður þjóðinni upp á fyrir þessi jól. Fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp heggur að rótum velferðarkerfis sem forfeður okkar byggðu upp á tímum báginda og krappra kjara. Það er undir þér komið að tryggja að óbreytt frumvarp nái ekki fram að ganga!

**Verjum velferðina!**

BSRB

BSRB | Grettisgötu 89 | 105 Reykjavík | Sími 525 8300 | www.bsrb.is | bsrb@bsrb.is

# Flóttafjölskyldur frá Kólumbíu hefja nýtt líf fjarri ofbeldi og ofsóknum

Kynbundið ofbeldi

Anna Stefánsdóttir

formaður Rauða Kross Íslands



Nýtt líf á Íslandi bíður tveggja flóttafjölskyldna frá Kólumbíu sem íslensk stjórnvöld hafa boðið hingað til lands. Þetta eru einstæðar mæður með börn sín sem hafa orðið að flýja heimaland sitt, mátt sæta ofsóknum og ofbeldi vegna aðstæðna, en einnig vegna kynferðis.

Rauði kross Íslands er eitt af mörgum félagasamtökum sem nú standa í 20. sinn að 16 daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Yfirskrift átaksins 2010 er Berjumst gegn ofbeldi gegn konum á átakasvæðum, og því þykir mér vel við hæfi að vekja athygli á aðstæðum kólumbísku kvennanna sem munu hefja nýtt líf á Íslandi með aðstoð íslenskra stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og Rauða krossins.

Borgarastyrjöld hefur geisað linnulítið í Kólumbíu í fjóra áratugi. Skæruliðar heyja blóðuga baráttu gegn stjórnvöldum og glæpahópar vaða uppi. Morð, pyndingar, mannrán og nauðganir eru daglegt brauð í sumum hlutum landsins.

Þetta er í þriðja sinn sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna leitar til íslenskra stjórnvalda um að taka á móti konum sem flúið hafa Kólumbíu vegna hræðilegra atburða sem þær hafa orðið fyrir eða vitni að. Konurnar tilheyra hópi sem Sameinuðu þjóðirnar telja vera í sérstakri hættu, og hafa sætt ofbeldi vegna kynferðis síns og stöðu sem einstæðar mæður.

Það er ekki að ástæðulausu að konur njóta sérstakrar verndar undir alþjóðlegum mannúðarlögum. Kynbundið ofbeldi er nánast alltaf notað sem vopn á átakasvæðum – vopn sem ekki aðeins hefur áhrif á konurnar sem fyrir ofbeldinu verða heldur einnig á fjölskyldur þeirra. Rauði krossinn hefur áratugum saman unnið að því að veita konum á átakasvæðum sérstaka aðstoð. Fjölmörg verkefni um allan heim á vegum Rauða krossins stuðla að því að styrkja konur sem hafa orðið fórnarlömb kynferðisofbeldis og hjálpa þeim að takast á við lífið á ný.

> Oftar en ekki skilur kynbundið ofbeldi eftir sig ör sem ekki eru sjáanleg. Konur sem verða fyrir slíku áfalli lifa oft í ævilöngum ótta.

Það er heldur ekki tilviljun að Ísland verður fyrir valinu að veita kólumbísku flóttakonunum hæli. Íslenskt samfélag er vel í stakk búið að taka á móti mæðrunum og börnum þeirra þar sem hér ríkja engir fordómar í garð einstæðra foreldra og ýmis úrræði eru í boði sem gerir þeim kleift að fóta sig í nýju landi og nýju lífi sem gæti reynst erfitt annars staðar.

Kólumbísku konunum sem komu með fjölskyldum sínum hingað til lands árin 2005 og 2007 hefur tekist vel að laga sig að íslensku samfélagi og hafa sannarlega auðgað íslenskt samfélag. Þær hafa sýnt einstakan kjark og þor við að segja skilið við heimaland sitt og ástvini til að hefja nýtt líf í framandi landi.

Oftar en ekki skilur kynbundið ofbeldi eftir sig ör sem ekki eru sjáanleg. Konur sem verða fyrir slíku áfalli lifa oft í ævilöngum ótta. Það er gott að vita til þess að á þessum erfiðu tímum tökum við sem þjóð þátt í því að veita tveimur flóttafjölskyldum til viðbótar skjól, og hjálpa þeim að vinna bug á afleiðingum ofsókna og ofbeldis. Það er gott að geta lagt það á vogarskálarnar á þessum síðasta degi 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi.

# Vátryggingasvindl – þú borgar

Tryggingasvik

Vigdís Halldórsdóttir

lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja



Capacent-Gallup hefur með árs millibili framkvæmt tvær skoðanakannanir til að meta viðhorf Íslendinga á aldrinum 16-75 ára til vátryggingasvika. Niðurstöður úr þessum könnunum, sem eru þær fyrstu sinnar tegundar á Íslandi, sýna að þriðjungur aðspurðra hafði vitneskju um einhvern sem hafði fengið vátryggingabætur sem hann átti ekki rétt á. Þetta eru svipaðar niðurstöður og sjá má í danskri könnun frá árinu 2009 en þar voru þó 40% aðspurðra sem þekktu einhvern sem hafði fengið vátryggingabætur sem hann átti ekki rétt á. Sérstaklega áhugavert er að sjá í íslensku könnununum að marktækur munur er á svörum eftir aldri þátttakanda, þar sem 19% aðspurðra á aldrinum 55 ára og eldri höfðu vitneskju um einhvern sem hafði fengið vátryggingabætur sem hann átti ekki rétt á en 47% aðspurðra á aldrinum 16-24 ára.

Skoðanakannanir sem mæla viðhorf almennings til vátryggingasvika eru framkvæmdar með reglulegum hætti á Norðurlöndum og í öðrum ríkjum Evrópu. Einnig eru framkvæmdar rannsóknir til að mæla hversu hátt hlutfall af greiddum tryggingabótum er vegna svika og hvaða hópar eru líklegastir til að stunda eða vera þátttakendur í tryggingasvikum. Flestar niðurstöður sýna að hlutfall vátryggingasvika er á bilinu 10-15%. Þetta þýðir að 10-15% af öllum greiddum vátryggingabótum eru vegna svika og því bótagreiðslur sem eiga ekki rétt á sér.

Í könnun Capacent-Gallup var ánægjulegt að sjá að 93% aðspurðra voru sammála þeirri fullyrðingu að vátryggingasvik eru alvarleg brot. Það breytir því þó ekki að niðurstöðurnar sýna að virkilega hátt hlutfall fólks þekkir einhvern sem hefur fengið tryggingabætur sem hann á ekki rétt á.

> Þeir sem ákveða að svindla á tryggingafélaginu sínu eru í raun að svindla á okkur sem erum heiðarlegir viðskiptavinir.

En hvað er átt við með vátryggingasvikum? Þegar rætt er um vátryggingasvik koma oftast upp í hugann fréttir af sviðsetningu á árekstri, eldi í lúxusbifreiðum eða jafnvel skipulögð glæpastarfsemi þar sem markvisst er unnið að því að svíkja út bætur frá tryggingafélögum. Það eru hins vegar litlu svikin, þar sem sviknar eru út lægri fjárhæðir, sem kosta í raun aðra viðskiptavini gríðarlegar fjárhæðir á hverju ári enda safnast þegar saman kemur. Það samræmist kannski málvitund okkar betur að kalla þetta svindl en ekki svik og mun orðið vátryggingasvindl því notað hér eftir í þessari grein.

Þeir sem ákveða að svindla á tryggingafélaginu sínu eru í raun að svindla á okkur sem erum heiðarlegir viðskiptavinir og myndum aldrei láta okkur detta í hug að gera slíkt. Samkvæmt erlendum rannsóknum þar sem umfang vátryggingasvindls hefur verið rannsakað í meira mæli en þekkist hér á landi má gera ráð fyrir að stórar fjárhæðir séu greiddar út á hverju ári vegna þess. Ljóst er að tryggingasvindl hefur áhrif á rekstur og þar með iðgjöld og bitnar þannig á öllum. Sem dæmi um áhrif tryggingasvindls á iðgjöld hins almenna tryggingartaka má nefna að í Bretlandi er gert ráð fyrir að iðgjöld allra tryggingartaka hækki árlega um 6% vegna tryggingasvindls. Tryggingasvindl er því ekki einungis vandamál tryggingafélaganna heldur er þetta samfélagslegt vandamál sem við ættum öll að vera vakandi yfir. Auk þess er tryggingasvindl brot á almennum hegningarlögum og því refsivert. Við myndum ekki brosa yfir því eða láta það óátalið ef einhver myndi segja okkur að hann hafi stolið frá okkur peningum til að kaupa sér nýja tölvu eða nýtt sjónvarp. Af hverju ættum við þá að gera það þegar við fréttum af einhverjum sem ýkir kröfuna sína til tryggingafélagsins til að fá hærri bætur? Sá hinn sami er að fá þessa peninga úr okkar vasa.

Árið 2008 námu bótagreiðslur íslenskra vátryggingafélaga um 30 milljörðum króna og um 28 milljörðum árið 2009. Ef miðað er við áætlaða tíðni vátryggingasvika í nágrannalöndum okkar má gera ráð fyrir að 10-15% af þessum fjárhæðum séu til komin vegna vátryggingasvindls. Ef við miðum við neðri mörkin eða 10% má þá gera ráð fyrir að af öllum bótagreiðslum sem voru greiddar árið 2009 séu 2,8 milljarðar vegna vátryggingasvindls. Þetta þýðir að ef við gerum ráð fyrir að staðan hér sé sambærileg við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar þá má gera ráð fyrir að vátryggingasvindl kosti hinn almenna vátryggingataka 236 milljónir króna mánaðarlega eða tæplega 54 milljónir á viku. Það er því ljóst að það eru hagsmunir allra vátryggingataka að vera vakandi yfir og berjast gegn vátryggingasvindli.




## AF NETINU

### Lausn á fituvanda þjóðarinnar

Íslands óhamingju verður margt að vopni. Nýjasta ólán okkar er fitan sem sest á þjóðarbúkinn í ríkum mæli og hefur komið okkur í hóp feitustu þjóða heims. Þetta er í raun ekkert skrítið því hin meinta bókaþjóð, eins og við erum kölluð fyrir jólin, er í raun matreiðslubókaþjóð, ef marka má sölulista helstu bókaverslana. Við lifum til að borða.

Þar sem ofþyngd miðast við kjörþyngd sem vísir menn hafa reiknað út, er ljóst að lausnin er að hækka kjörþyngd fólks. Ég sé fyrir mér að metnaðarfullur og baráttuglaður þingmaður á vinsældaveiðum, leggi fram frumvarp um 20% hækkun á kjörþyngd þjóðarinnar. Þar með fækkar í flokki feitra, þungra, ofþungra og spikfeitra og við verðum aftur létt og hamingjusöm með matreiðslubækurnar okkar og transfituna.

Jafnvel mætti ganga enn lengra og leggja til þessa skilgreiningu, sem ég hef lengi stuðst við með góðum árangri: Kjörþyngd er sú þyngd sem maður hefur kjörið sér að vera í hverju sinni.

malbein.net Gísli Ásgeirsson

### Reknir á forsendum spilavítis

Íslensku bankarnir voru reknir á forsendum spilavítis þar sem eigendurnir tryggðu sér fyrirfram stærstu vinningana. Á milli bankanna þriggja var í gildi óformlegt samkomulag að komast undan reglum um viðskipti skyldra aðila. Eigendur Glitnis höfðu aðgang að láns hjá Kaupþingi og eigendur þar á bæ að lánsfé Glitnis; Landsbankinn var hluti af þessum undanskotum frá lögum um bankastarfsemi.

Þegar leið að lokum útrásarinnar voru allar fjáruppsprettur tæmdar og þá var komið að skapandi bókhaldi sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum vegna skýrslna sem slitastjórnir hafa fengið í hendur um framferði eigenda bankanna.

Hvernig stendur á því að fyrrum eigendur bankanna fái stuðning frá ríkisbanka eins og Landsbankanum til að stunda viðskipti hér á landi? Er Jón Ásgeir Jóhannesson með sína menn enn að störfum hjá endurreistum Landsbanka að skaf'ann að innan?

pallvil.blog.is Páll Vilhjálmsson



**Söngnemendur** í Listaskóla Mosfellsbæjar halda tónleika á jólamarkaðnum í Kjarna í dag klukkan 17.30. Þeir munu flytja sígild jólalög við undirleik Sigurjóns Alexanderssonar. Jólamarkaðurinn verður opinn á föstudögum fram að jólum en þar verður á boðstólum allt frá kínverskum silkislæðum yfir í íslenskt handverk.




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






# Jólahlaðborð

18. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar er hafið. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.290 kr.*

Skötu- og jólahlaðborð Perlunnar
*Þorláksmessa, í hádeginu*

Nýárskvöldverður
*1. janúar 2011*

Það borgar sig að panta skötuna snemma!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir.is


**Mataræði Arnþórs Ásgrímssonar er úthugsað og skilar honum góðum árangri.**

# Borðar kjúkling á hverjum degi



Arnþór er nýkrýndur bikarmeistari í fitness. Í niðurskurðinum fyrir mót borðar hann 400 grömm af kjúklingi á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Arnþór Ásgrímsson er nýkrýndur bikarmeistari í Fitness. Hann þarf að hafa mikið fyrir því að koma sér í form fyrir keppni en undirbúningurinn skiptist í uppbyggingartímabil og niðurskurð. „Ég æfi tvisvar á dag og á uppbyggingartímabilinu borða ég fjögur til fimm þúsund kaloríur á hverjum degi. Niðurskurðartímabilið hefst um það bil 14 til 16 vikum fyrir mót en þá fer ég að draga úr hitaeiningafjöldanum. Ég borða engin kolvetni sex daga vikunnar en hef svo einn kolvetnahleðsludag í hverri viku. Fjórum til fimm vikum fyrir mót fer ég svo í algert kolvetnasvelti.

En gerir þetta líkamanum gott? „Ég borða hollan mat en vitanlega er álagið frekar mikið síðustu tvær vikurnar fyrir keppni. Þá er ég farinn að vökvatæma líkamann, sem veldur álagi á nýrun en er mikilvægt þegar kemur að því að líta vel út á sviðinu.“ Arnþór segir ekki um eðlilegt líkamsástand að ræða og að engum sé eðlislægt að líta svona út árið um kring. „Ég er í svona formi um átta vikur á ári ef ég miða við að keppa tvisvar.“

Arnþór borðar eins og gefur að skilja mikinn kjúkling, enda er hann góður próteingjafi. „Á niðurskurðartímabilinu borða ég aðallega kjúkling, nautakjöt, olíur, majones, hnetusmjör, hnetur og allt sem er grænt. Hins vegar sneiði ég hjá kolvetnaríku grænmeti eins og gulrótum og tómötum og öllum ávöxtum.“ Arnþór borðar 400 grömm af kjúklingi á dag, sem kostar hann 25.000 krónur á mánuði. „Þó að ég leggi mikið upp úr einföldum mat er þetta dýrt fæði og skiptir miklu að fá góða styrktaraðila,“ segir Arnþór, sem gerði nýverið samning við Holtakjúkling. „Ég elda einfaldan mat á virkum dögum því annars hefði ég ekki tíma til að sinna fjölskyldu, vinnu og æfingum. Það er því lítið um kjúklingaspjót og fínar sósur nema þá kannski um helgar en þá nýti ég mér oft uppskriftir af holta.is.“ Arnþór segir það koma sér vel að unnusta hans Hrafnhildur Halldórsdóttir keppi líka í fitness og hefur hún því fullan skilning á mataræðinu.

Nú er hann farinn að byggja sig upp á ný og ætlar að leggjast undir smákökufeld um jólin. „Ég ætla að leggja upp næstu mót en mig langar að taka þátt í tveimur hér heima og svo jafnvel í einu á erlendri grund.“

*vera@frettabladid.is*

## HNETUSMJÖRSKJÚKLINGUR

með spínati og kasjúhnetum **FYRIR 1**



1 Holta kjúklingabringa
½ rauðlaukur
10 sveppir
1 lófi kasjúhnetur
1 matskeið gróft hnetusmjör (lífrænt)
1 matskeið olía
spínat blöð
krydd á kjúklinginn: ítölsk hvítlauksblanda og tandoori

*Skerið kjúklinginn í litla bita og eldið á pönnu upp úr olíunni. Saxið sveppi og rauðlauk og bætið út á kjúklinginn. Slökkvið á hellunni og bætið hnetusmjörinu út á pönnuna. Leyfið því að bráðna saman við kjúklinginn og meðlætið. Hellið kasjúhnetum yfir og berið fram með spínatblöðum. Þau má líka elda á pönnunni með hinu meðlætinu.*






**Leikföng frá liðinni öld** eru til sýnis í litlu leikfangasafni í Friðbjarnarhúsi á Akureyri, einu af elstu húsum bæjarins. Safnið er opið alla laugardaga frá 14-16 en þar er að finna gamlar brúður, dúkkuvagna, þríhjól og bíla svo dæmi séu nefnd.


Jólafötin komin

Bisgaard
Fuzzies
Mini a ture
Melton
Joha
Rubens
Lolly pop
Wheat



EMIL & ÍDA

www.emilogida.is :: Bæjarlind 12 :: 554-5410




Krakkarnir á leikskólanum Fífusölum í Kópavogi tóku vel á móti Inga Hrafni og Jóel þegar þeir kynntu söguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Framhaldssaga í skóinn

**Leikararnir Ingi Hrafn Hilmarsson og Jóel Ingi Sæmundsson hafa sent frá sér spennandi jólasögu í átta hlutum. Sagan byggir á samnefndu leikriti um drenginn Jónatan sem lendir í hremmingum fyrir jólin.**

Flest bíðum við jólanna óþreyjufull. Ekki þó hann Jónatan sem leiðist allt jólastúss þar til stríðinn álfur sendir hann í spennandi leiðangur. Svona hljóðar söguþráður nýrrar framhaldssögu eftir félagana Inga Hrafn Hilmarsson og Jóel Inga Sæmundsson, með myndum eftir listakonuna Maríu Möndu Ívarsdóttur.

„Sagan er byggð á leikritinu Strákurinn sem týndi jólunum sem við í Leikhópnum Vinir sýndum í leikskólum víðs vegar um landið í fyrra," útskýrir Ingi Hrafn og getur þess að góðar viðtökur hafi orðið til þess að ráðist var í gerð bókarinnar. „Eftir svolitlar pælingar ákváðum við svo að hluta hana niður í framhaldssögu, í anda Jóladagatals Sjónvarpsins, og sem handhægt er að gefa til dæmis í skóinn."

Að sögn Inga Hrafns gekk vel að koma leikritinu yfir í bókaform og lögðu félagarnir mikið kapp á að halda öllum persónunum inni. „Þetta er sannarlega litríkt safn af persónum sem verða á vegi Jónatans og sumar ættu íslensk börn sjálfsagt að kannast vel við, eins og tröllið og jólasveinamömmuna Grýlu sem hann sleppur frá við illan leik."

Að Grýlu undanskilinni sækja höfundarnir þó lítið í íslenskan sagnaarf heldur spinna söguna og persónur upp frá grunni. Boðskapurinn kemur hins vegar kunnuglega fyrir sjónir og er í anda jólanna. „Megininntak sögunnar er að sönn jólagleði felist ekki í jólagjöfum heldur hjálpsemi og vináttu þar sem samveran er svo dýrmæt, en Jónatan áttar sig smám saman á því í framrás sögunnar."

Ingi Hrafn bætir við að í tilefni af útgáfu bókarinnar ætli Leikhópurinn Vinir að sýna leikritið Strákurinn sem týndi jólunum í versluninni Iðu við Lækjargötu á morgun frá klukkan 14 til 16. Þar verður bókin fáanleg bæði í átta hlutum og saman í einum pakka og líka á N1-stöðum um land allt.

*roald@frettabladid.is*






**Mikið úrval af flottum Carter's náttfötum í Fiðrildinu og nú eru jólanáttfötin á frábæru tilboðsverði aðeins 2.490 kr. Einnig fallegar Carter's samfellur og gallar á góðu verði.**

Fiðrildið

**Barnaverslunin Fiðrildið**
Notað og nýtt fyrir börnin

Faxafeni 9
www.fidrildid.is
www.facebook.com/fidrildid



Krumma

Þroskandi og falleg leikföng fyrir flotta krakka



Skoðið úrvalið hjá okkur inni á www.krumma.is eða kíkið í verslun okkar að Gylfaflöt 7.
Allir krakkar sem koma í heimsókn geta föndrað tréengil og tekið með sér heim. Heitt kaffi á könnunni og piparkökur handa mömmu og pabba.

Gylfaflöt 7, 112 Grafarvogi
www.krumma.is
587-8700
krumma@krumma.is

KRUMMA



**Bart Simpson:** Sigrún Edda Björnsdóttir. **Hómer Simpson:** Örn Árnason er hinn óviðjafnanlegi Hómer.





**Mikki Mús:** Pétur Örn Guðmundsson er kallaður Pétur Mús í Sýrlandi.

# Fólkið á bak við röddina

**Góðkunningjar íslenskra barna úr sjónvarpinu eru hinar ýmsu teiknimyndafígúrur. Hér fáum við að sjá andlit nokkurra þeirra sem hafa ljáð þessum frægu sjónvarpspersónum rödd sína með talsetningu hjá Stúdíó Sýrlandi.**



**Gló magnaða:** Birgitta Haukdal er röddin á bak við Gló mögnuðu.



**Bangsímon:** Þórhallur Sigurðsson talar fyrir Bangsímon.



**Svampur Sveinsson:** Sigurður Sigurjónsson er Svampur Sveinsson.



**Grettir:** Hjálmar Hjálmarsson leikur köttinn knáa.







## Jólagjöfin í ár fyrir alla foreldra

**Matreiðslubókin Mataræði ungbarna fyrstu árin spannar allt frá fyrstu föstu fæðu barnanna til máltíðar fyrir alla fjölskylduna**

*„Falleg bók, full af fróðleik og frábærum uppskriftum. Ég gef henni mín bestu meðmæli“*

Rikka

*„Án efa bók sem ætti að vera til á öllum heimilum“*

Katrín Brynja Hermannsdóttir

**Sölustaðir:** Hagkaup - Móðurást - Penninn Eymundsson - Do Re Mí Glerártorgi.

**www.annabelkarmel.is**

Annabel Karmel býður upp á fjölbreytt vöruúrval af smávörum sem og skemmtilega hollt krakkasnakk





NÝTT




NÝTT





**Jólabærinn á Hljómalindarreit** var opnaður í gær. Gleði og gaman mun ríkja í jólabænum um helgina. Meðal þeirra sem troða upp eru 3 raddir og BEATUR, harmonikkuspilarar verða á svæðinu, Solla stirða lætur sjá sig svo og jólasveininn og Ari Eldjárn uppistandari. Tónleikar verða bæði föstudags- og laugardagskvöld á Lækjartorgi. www.midborgin.is






Íslandsdeild Amnesty International býður öllum að taka þátt í bréfmaraþoni á morgun milli 13 og 18 á skrifstofu deildarinnar í Þingholtsstræti 27. Þar gefst kostur á að leggja þolendum mannréttindabrota lið en í ár er sjónum beint að sex einstaklingum.

**Heimild: www. amnesty.is/**



Bjarni Sigurðsson keramiker segir Gallerý Kaolin í Ingólfsstræti vera lifandi stað þar sem verslað er beint við listamanninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vildi opna lifandi stað

**Kaolin er nýtt keramikgallerý í Ingólfsstræti 8 þar sem hægt er að versla beint við listamennina. Bjarni Sigurðsson stofnaði galleríið ásamt fleirum og býður upp á jólastemmingu á aðventunni.**

„Mér fannst alltaf vanta keramikgallerý hér í miðbæinn,“ segir Bjarni Sigurðsson, keramiker og einn átta aðstandenda gallerý Kaolin sem opnaði í Ingólfsstræti 8 nú í lok nóvember. Bjarni lærði keramik í Danmörku þar sem hann var með leirverkstæði í ellefu ár. Árið 2007 flutti hann heim, fór að vinna í Íslandsbanka en hætti þar nú í haust og sneri sér aftur að keramikinu.

„Ég hafði leitað í nokkurn tíma eftir húsnæði þegar ég fékk augastað á þessu rými. Ég lagði upp með að í Kaolin yrðu verk sem ekki fengjust alls staðar annars staðar og vildi jafnframt fá nýja aðila innan keramiksins með mér,“ segir Bjarni. „Við erum átta, öll með nám að baki í leirlist. Tvær eru tiltölulega nýkomnar heim úr námi frá Danmörku og koma með nýtt keramik inn í íslenska keramikflóru,“ segir Bjarni og bætir við að leirlist á Íslandi hafi verið á undanhaldi að hans mati miðað við Norðurlöndin.

„Í Danmörku er til dæmis mikið að gerast og mikið grúskað. Hér er gjarnan horft á keramik eingöngu sem nytjalist. Sjálfur vinn ég mikið út frá glerungnum þannig að hver vasi er meira eins og skúlptúr og stendur einn og sér sem slíkur.“

Í húsakynnum Kaolin eru einnig tvö sýningarrými. Fyrsti listamaðurinn sem sýnir þar er Steinunn Marteinsdóttir, heiðursfélagi Leirlistafélags Íslands.

„Steinunn er mikilsvirtur listamaður og gaman að hún eigi fyrstu sýninguna,“ útskýrir Bjarni og segir eftirspurnina eftir sýningarrýmunum góða. „Það taka tveir ungir listamenn við á eftir Steinunni 17. desember og eins er bókuð sýning eftir áramótin. Það hefur verið talsverð umferð hérna síðan við opnuðum en við sjáum gallerýið fyrir okkur sem lifandi stað þar sem fólk getur verslað beint af listamanninum,“ segir hann. Til dæmis muni Kaolin taka þátt í Hönnunarmars á vordögum. „Þá verða hér spákonur. Fólk getur keypt sér bolla, drukkið kaffi og fengið spádóm. Á aðventunni verða svo piparkökur og jólaglögg á föstudögum og laugardögum.“ *heida@frettabladid.is*








Margir kjósa að fella sín eigin jólatré.

FRETTABLADID/HARI

# Jólatrén í Hamrahlíð

**Nú er hægt að höggva sitt eigið jólatré í landi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar.**

Í Hamrahlíð við Vesturlandsveg er hægt að höggva sitt eigið jólatré, en þar hefur skógræktarfélag Mosfellsbæjar grætt upp hlíðina síðan 1957. Einnig er hægt að fá minni jólatré í pottum, ætluð til skreytinga útivið, sem og fyrirfram söguð jólatré.

Jólasveinar verða á staðnum nú um helgina en opið er frá 10 til 16 bæði laugar- og sunnudag. Opið er frá 12 til 16 á virkum dögum.
















Acer Aspire
5541-303G32Mn
2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300
- 3GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ
Kr. 89.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS
SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM – MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ ekki missa af

**LESIÐ Í STJÖRNURNAR** Bókin Hver er ég er bók um stjörnuspeki og þar má finna stjörnukort fyrir alla afmælisdaga. Í gegnum kortin er hægt að kynnast betur fjölskyldumeðlimum, vinum og maka og auðvitað þér sjálfum. Skemmtileg bók að blaða í!




## blogg vikunnar

### Yes you Kent

Bloggið www.struttlamode.blogspot.com er stórskemmtilegt blogg stúlku frá Kent. Stíll hennar er góð blanda af nýju og gömlu og setur hún það saman á skemmtilegan hátt. Ásamt því að mynda eigin föt er hún dugleg að fylgjast með því nýjasta sem er að gerast í tískunni og setur reglulega inn myndir frá tískusýningum, nýjum fatalínum og tískumyndatökum.



### Úti er ævintýri

Tískubloggið www.afashiontale.dk er danskt og má finna á vefsíðu danska tískuritsins Costume. Því er haldið úti af vinkonunum Lotte og Marie sem fylgjast vel með öllu því sem gerist í heimi tískunnar. Vægast sagt flott skandinavískt blogg!

### Tíska og meira

Á blogginu www.imnottrendy.blogspot.com má lesa um tísku, kannanir sem gerðar hafa verið á skyndibitafæði og ýmislegt annað. Áhugavert blogg sem gaman er að rúlla í gegnum.



Sigríður Ásta Árnadóttir hannar litríkar og skemmtilegar flíkur:

# Endurvinnur ullarpeysur

Sigríður Ásta Árnadóttir textílhönnuður hannar stórskemmtilegar flíkur undir heitinu Kitschfríður. Sigríður segir nafnið vera nokkuð lýsandi fyrir hönnun sína, „kitsch“ merkir eitthvað sem er skrautlegt og ofhlaðið og „fríður“ minnir svolítið á gamla tíma.

Sigríður endurvinnur gamlar ullarpeysur sem hún finnur hjá hjálparstofnunum og breytir þeim meðal annars í golftreyjur, húfur og kraga. Að hennar sögn byrjar hún á því að lita peysurnar og breyta sniðinu á þeim. „Ég breyti þeim gjarnan í gollur, ég er mjög veik fyrir svoleiðis peysum og er sjálf alltaf í gollu. Að lokum skreyti ég þær svo með ýmsu punti,“ útskýrir Sigríður. Hún segist hanna allar flíkurnar sjálf og á erfitt með að láta verkin í hendurnar á öðrum því mikill hluti hugmyndavinnunnar fer fram á meðan hún býr flíkurnar til.

Sigríður er mjög hrifin af litum og endurspeglast sú hrifning vel í hönnun hennar. „Ég er mjög spennt fyrir miklum litum og er sjálf alltaf eins og jólatré til fara. Ég hef stundum einsett mér að gera dempaðri flíkur svona til að ögra sjálfri mér, en svo þegar á hólminn er komið verður ekkert úr því. Þessi litagleði er greinilega eitthvað meðfætt.“

Þegar Sigríður er innt eftir því hvort hún ætli sér í útrás með Kitschfríði svarar hún neitandi. „Ég var oft spurð að því í góðærinu hvort ég ætlaði ekki að verða almennilega rík af þessu en ég kæri mig ekki um það. Ég er fyrst og fremst að þessu því þetta er sköpun sem ég hef ánægju af. Mér er líka umhugað um umhverfið og þess vegna endurvinn ég flíkur, ég kynni því illa ef flogið yrði með hráefnið mitt til framleiðslu í Kína og aftur til baka.“

Hönnun Sigríðar fæst í versluninni Kirsuberjatrénu við Vesturgötu. *- sm*



**Litaglöð** Sigríður Ásta Árnadóttir gerir stórskemmtilegar og litríkar flíkur úr gömlum ullapeysum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







Frægur bloggari klæðist Kron skóm:

# Tavi hrífst af Kron

Ungi bloggarinn Tavi Gevinson, sem skrifar undir nafninu Style Rookie, hefur bæst í hóp þeirra fjölmörgu kvenna sem fallið hafa fyrir skónum frá Kron by KronKron.

Tavi er ekki nema þrettán ára gömul og hefur haldið úti tískubloggi sínu í tvö ár. Hún hefur slegið rækilega í gegn og vermir núna fremsta bekk á tískusýningum með kanónum á borð við Carine Roitfeld og Anna Wintour.

Á blogginu www.tavi-thenewgirlintown.blogspot.com birtir Tavi mynd af sér þar sem hún klæðist fallegu bláleitu skópari frá Kron by KronKron og segir skóna fallega og stelpulega án þess þó að vera væmna. Samkvæmt bloggfærslunni eru skórnir þó svolítið of stórir á stúlkuna, en vonandi á hún eftir að vaxa í þá með aldrinum. *- sm*



**Ánægð í Kronskóm** Tískubloggarinn Tavi Gevinson er hrifin af skónum frá Kron by KronKron. MYND/STYLEROOKIE.COM

## ✻ augnablikið



**UNDIR NIÐRI** Leikararnir Anne Hathaway og Jake Gyllenhaal mættu saman á frumsýningu kvikmyndarinnar Love and Other Drugs í Sidney í Ástralíu.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is sími 512 5432 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Öll húsgögn 30% afsláttur - aðeins þessa helgi
Afsláttarhelgi
the PIER
Pure snyrtivörur 3 fyrir 2
3 fyrir 2
Pure snyrtivörur
3 fyrir 2 frá 490.-
3 fyrir 2
Pure snyrtivörur
3 fyrir 2 frá 490.-
Pure snyrtivörur
3 fyrir 2 frá 490.-
Téstyttur í mörgum
stærðum frá 490.-
Smákökukerti
verð frá 690.-
3 fyrir 2
Pure snyrtivörur
3 fyrir 2 frá 490.-
40% afsláttur
Kertastjakar verð áður
frá 590 nú 354.-
30% afsláttur
Matarstell margar teg.
- frá 2990.- settið
40% afsláttur
Kertastjakar verð áður
frá 590 nú 354.-
30% afsláttur
aðeins þessa helgi
Skenkur áður 89.900.-
Nú 62.930.-
30% afsláttur
Stólar 2 stk 11.893.-
Eldhúsborð 29.900.-
Nú 20.930.-
aðeins þessa helgi
3 fyrir 2
Jólakúlur 3 fyrir 2
LE ROSE
baðlínan
30%
afsláttur
30% afsláttur
Tréílát frá 1290.-
Nú 903.-
Mjúkdýr fyrir börnin
frá 990.-
the PIER
The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880

TEIKN Á LOFTI

# TÁMJÓIR SKÓR SNÚA AFTUR

Síðustu ár hefur skótískan verið einstaklega góð við fæturna okkar, breið og þægileg svo ekki sé talað um fylltu hælana en með þeirri hönnun er næstum því búið að sameina þægindi og fegurð. Nú lítur út fyrir að klossuðu skórnir sem hafa farið vel með fæturna séu að renna sitt skeið og spíssaða táin að koma sterk inn á ný.

Tískuheimurinn saup hveljur þegar hönnuðurinn Stella McCartney sýndi haust- og vetrarlínu fyrir þessa önnina og fyrirsæturnar gengu um á skóm með spíssaðri tá sem léttilega hefði getað unnið voðaverk. Ekki bætti úr skák þegar sjálfur Marc Jacobs lét sínar fyrirsætur klæðast flatbotna, támjóum skóm við sína hönnun. Þessi tvö eru engir aukvisar í tískuheiminum og því er hægt að gera ráð fyrir að þessi tíska komi til okkar á næstu misserum. Undanfarið hafa bloggheimar logað vegna skónna og tískuljónin sem þora þegar byrjuð að sjást í skóm Stellu McCartney.

Hringrás tískunnar tekur engan enda svo ef þú átt gamla támjóa skó með spísshæl falda niðri í geymslu geturðu farið að gefa þeim pláss í fataskápnum, og taka upp smyrslin og plástrana. *- áp*



**Þægindi?** Ætli þessir gráu skór séu jafn þægilegir og klossuðu skórnir sem tröllríða skótískunni núna? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Svartir lakkskór** Þessir lakkskór úr smiðju Stellu McCartney hafa notið mikilla vinsælda og eru fallegir á fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Lágbotna** Marc Jacobs sýndi þessa lágbotna skó í fatalínu sinni fyrir haustið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Hættuleg tá** Gráir með hæl frá Marc Jacobs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Sólargulir** Fallega gulir með sokkum frá Marc Jacobs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY








## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Feikuð fullnæging

Nýverið flutti ég fyrirlestur um sögu titrarans. Sú saga er ákaflega áhugaverð þar sem upphaf hennar má rekja til læknismeðferðar við móðursýki. Konur voru iðulega greindar móðursjúkar og minnti sjúkdómslýsingin á kynsvelta konu og því var eina lækningin fullnæging af hendi læknis eða ljósmóður.

Ég lagði sérstaka áherslu á mikilvægi titrarans fyrir fullnægingu kvenna því með tilkomu titrarans færðist athyglin frá innra kynfærinu, það er leggöngum, að því ytra, skapabörmum og sníp, sem mestu máli skiptir fyrir fullnægingu kvenna. Með þessari tæknivæðingu styttist einnig sá tími töluvert sem það tók að framkalla fullnægingu og læknar gátu tekið á móti fleiri þjáðum konum. Það voru því í raun læknar sem færðu okkur titrarann.

**Hann tjáði mér að hann og hans vinir hefðu oft haft samfarir við fjölda kvenna sem allar hefðu fengið fullnægingu í beinum samförum án allrar fingrafimi.**

Eftir fyrirlesturinn vatt sér upp að mér ungur karlmaður sem sagðist vera ósammála mér. Það er í sjálfu sér gott og blessað, nema hvað, hann var ósammála því að konur ættu erfitt með að fá fullnægingu í samförum. Hann tjáði mér að hann og hans vinir hefðu oft haft samfarir við fjölda kvenna sem allar hefðu fengið fullnægingu í beinum samförum án allrar fingrafimi. Þær konur sem ekki hefðu upplifað slíkt hefðu því ekki kynnst bólfimi þeirra félaga. Ég starði á hann í smástund, bara til að vera viss um að hann væri ekki að grínast, áður en ég datt í tölfræðina og heimildirnar. Freud á sökina að þessari tvíhyggju fullnægingarinnar, það er leggöng annars vegar og snípur hins vegar. Hann taldi leggangafullnægingu vera þroskaðri og betri fullnægingu. Í sakleysi mínu taldi ég þessa mýtu vera grafna og gleymda. Sannleikurinn er að meirihluti kvenna getur ekki fengið fullnægingu í beinum samförum heldur þarf aðra örvun. Margir kynfræðingar efast um tilvist fyrirbærisins leggangafullnægingar og telja að snípurinn sé eini staðurinn sem geti framkallað fullnægingu.

Ég reyndi hvað ég gat að sannfæra hann, án árangurs. Ég dansaði þá í kringum þá staðreynd að stórt hlutfall kvenna (og aðeins færri karlmenn) hefði „feikað“ fullnægingu. Þetta taldi maðurinn vera algera fjarstæðu því sannur karlmaður vissi hvenær kona væri í raun fullnægð. Ég brosti út í annað, klappaði honum á bakið og hvíslaði „When Harry Met Sally“ í eyra hans er ég gekk í burtu.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***



**Hönnuðurinn** Tom Ford er búinn að koma sér aftur í umræðuna og það með stæl. Vogue-dagatalið úr hans smiðju hefur skapað umtal enda í djarfari kantinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Vogue-dagatalið:

# Djarft dagatal

Hið árlega dagatal frönsku útgáfu tískubiblíunnar Vogue er komið út og í þetta sinn eru það tískukóngurinn Tom Ford og fyrirsætan Daria Werbowy sem leiða saman hesta sína. Útkoman er í djarfari kantinum þar sem nekt spilar stórt hlutverk. Fyrirsætan er sýnd í hinum ýmsu stellingum í litlum sem engum fatnaði og hafa miklar umræður sprottið upp um hvort dagatalið eigi heima uppi á veggjum tískuljóna eða hvort það hreinlega henti betur á kaffistofum bifvélavirkja.



**Fyrirsætan** Daria Werbowy er þekkt andlit í tískuheiminum og hefur eflaust ekki þótt gerð dagatalsins mikið tiltökumál. NORDICPHOTOS/GETTY

Ford hefur löngum verið þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir og vera ávallt korteri á undan sinni samtíð. Dagatalið og myndaþættirnir í franska Vogue voru hans leið til að komast aftur á kortið, enda getur almenningur barið nýja kvenfatalínu hans augum á næsta ári. Spennandi. *- áp*



**Umdeildur** Ljósmyndarinn Terry Richardson er nokkuð umdeildur innan tískubransans. Hann tók myndirnar fyrir dagatal Vogue. NORDICPHOTOS/GETTY

Jólalína Make Up Store:

# Tært og bjart fyrir jólahátíðina

**Sænska snyrtivörukeðjan Make Up Store kynnti jólalínu sína en hún samanstendur af einstaklega björtum og tærum litum á borð við ljósbláan og grænbláan. Línan ber heitið Frosnir demantar og er innblástur hennar dreginn frá demöntum, ísmolum og kristöllum. Þessi lína er óneitanlega ákveðið jafnvægi við annars dökka liti sem einkenna haustförðunina. Glært gloss, fjólublár tónn á vörum, grænn og sanseraður tónn á augnlokum. Frískandi og tært.**



**Kristaltært** Nýja línan frá Make Up Store ber heitið Frosnir demantar.





kr. 1.990
2.495

Jóladagskrá í IÐU

- Ellen Kristjánsdóttir ásamt Pétri Hallgrímssyni kynna nýja diskinn sinn "Let me be there" laugard. 11. des. kl. 17 og sunnud. 12. des. kl. 17
- Kvennakór Reykjavíkur syngur nokkur lög laugard. 11. des. kl. 16
- Leikhópurinn VINIR sýnir leikritið "Strákurinn sem týndi jólunum" laugardaginn 11. des. milli kl. 14 og 16 og kynnir nýútkomnar jólabækur sem byggðar eru á samnefndu leikverki.

Allir velkomnir!

IÐA

Alla daga fram að jólum munu Sólheimar vera með markað í IÐU frá kl. 13 til 18

Allar JÓLABÆKUR á kynningarverði í IÐU




kr. 2.990
3.990




kr. 3,295
4.495




kr. 3,980
5,690




kr. 4.590
6.490




kr. 2.690
3.990




kr. 3,990
5.490




kr. 2.190
2.490




kr. 2.295
2.965




kr. 2.140
2.965




kr. 1.495
1.995




kr. 2.099
2.870

★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★

Þessi kynningarverð gilda til 16. des.

# útlit

* hlæið saman



**NIKITA SKEMMTUN** Anna Sigríður hárhönnuður mun klippa samkvæmt nýjustu tísku í versluninni Nikita við Laugaveg í dag. Mac verður með kynningu á jólavörum sínum og hinn mikli snillingur Dj Benni B Ruff mun sjá um að þeyta skífum á meðan. Gamanið hefst klukkan 17.00 og stendur yfir til klukkan 20.00.

## Veislan





**1. Hælaskór** úr GS Skór, 14.990 kr. **2. Skrautlegur jakki** úr Topshop, 13.990 kr. **3. Hringur** úr Accessorize, 2.399 kr. **4. Rauðar sokkabuxur** úr Cobra, 3.790 kr. **5. Veski** úr Zöru, 8.995 kr. **6. Rauður varalitur**, 3.290 kr. **7. Eyeliner**, 2.990 kr. **8. Bursti fyrir eyeliner**, 2.990 kr. Allt úr Make Up Store.



**Svartur kjóll úr Topshop, 11.990 kr.**

Gerið vinnukjólinn að hinum fullkomna jólakjól:

# Úr vinnunni í veisluna

Desembermánuður getur verið mörgum erfiður vegna fjölda jólaboða og skemmtana. Suma daga þarf að æða beint úr vinnunni í jólaboðið og þá er ekki verra að vera svolítið undirbúinn. Með aðstoð fylgihluta er auðvelt að breyta vinnukjólnum í hinn fullkomna jólakjól. Rennið í gegnum fataskápinn og látið hugmyndaflugið ráða för.

## Vinnan





**1. Klútur** úr Zöru, 1.995 kr. **2. Peysa** úr Gallerí 17, 25.990 kr. **3. Skór** úr Kaupfélaginu, XXX kr. **4. Sokkabuxur** úr Cobra, 4.390 kr. **5. Ferskjulitaður** kinnalitur úr Make Up Store, 3.490 kr.




Þykkvabæjar
forsoðnar
Skyndikartöflur
FRÁBÆRAR
OG FLJÓTLEGAR
Tilbúnar á örfáum mínútum
– brúnaðar, gratíneraðar, steiktar á pönnu,
brytjaðar í salat eða einfaldlega hitaðar í potti eða örbylgjuofni.
Leiðbeiningar á umbúðunum.
Þykkvabæjar
Alltaf góðar, allavega!
ARGUS / 06-0667



„Þetta er brjálaður bransi og maður hittir rosalega mikið af skrítnu fólki þarna.“

# FARNAR TIL AÐ V






**Stúlkurnar í hljómsveitinni *The Charlies* eltu drauma sína alla leið til Los Angeles fyrr á árinu. Þær segja lífið í Hollywood vera ævintýri líkast enda sé borgin full af furðufuglum og snillingum.**

*Blaðamaður:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Anton Brink
*Fatnaður á forsíðu:* 66 N
*Fatnaður við viðtal:* Kiosk
*Hár:* Silla á Hárbeitt

Hljómsveitin The Charlies er skipuð Ölmu Guðmundsdóttur, Steinunni Camillu Sigurðardóttur og Klöru Elíasdóttur sem áður voru í stúlknasveitinni Nylon. Þær fluttu til Bandaríkjanna í vor og vinna nú hörðum höndum við að koma sér á framfæri í hörðum heimi tónlistarinnar. Stúlkurnar deila saman lítilli íbúð í miðbæ Los Angeles og þrátt fyrir þröngan íbúðarkost segjast þær alsælar með lífið.

Hver var aðdragandinn að flutningunum til Los Angeles?

Alma: „Eftir að Ólöf Valsdóttir sópransöngkona kom okkur í samband við okkar tengilið í Bandaríkjunum tók við mikil pappírsvinna og við þurftum líka að redda okkur dvalarleyfi. Þetta tók allt tíma en hafðist að lokum. Þegar við svo komum út tók við mikil vinna í hljóðveri. Við rétt náðum í raun að fara í IKEA, setja upp bókahillu og þrjú rúm og svo eyddum við næstu mánuðum bara í hljóðverinu.“

Stúlkunum bauðst upphaflega samningur við Hollywood Records sem hljóðaði upp á eina stuttskífu en því var breytt í heila breiðskífu stuttu eftir að upptökur hófust. Þetta telst góður árangur þar sem flestir tónlistarmenn þurfa að gefa út stuttskífu áður en fyrsta breiðskífan lítur dagsins ljós.

Alma: „Það var frábært að fá að gera breiðskífu strax því flestir af þessum stóru nöfnum í dag, eins og Justin Bieber og Bruno Mars, byrja á að gefa út stuttskífu. Það er oft ekki fyrr en þegar útgáfufyrirtækið sér að það ber árangur að það þorir að taka áhættuna á að gefa út heila breiðskífu með tónlistarmanninum.“

## FJARSAMBÖNDIN ERFIÐ

Stúlkurnar voru allar í samböndum þegar þær fluttu út og því hljóta menn að spyrja hvernig þau sambönd plumi sig þegar fjarlægðin er svo mikil?

Alma: „Allir í kringum okkur vissu að þetta var það sem okkur dreymdi um að gera þannig það ríkti mikill skilningur á því. En svo þegar við komum út þá áttaði maður sig á því að það er rosalega erfitt að halda fjarsambandi gangandi. Við gerðum það eins lengi og við gátum en svo fann maður bara að það gekk ekki til lengdar. En þetta var allt gert í miklum vinskap og það er allt í góðu á milli okkar.“

Klara: „Það er rosalega erfitt að vera ástfangin og sjá ekki manneskjuna sem þú elskar á hverjum degi. Ofan á það bætist þessi mikli tímamunur sem gerði öll samskipti mun erfiðari. Það er líka erfitt fyrir þann sem heima situr að fylgjast með öllu sem maður er að gera úr svona mikilli fjarlægð og geta ekki tekið beinan þátt í því.“

Var þetta erfið ákvörðun?

Alma: „Þetta var skelfilega erfið ákvörðun. Svona er auðvitað aldrei auðvelt.“

Klara: „Við höfðum sem betur fer hver aðra til að gráta utan í meðan á þessu stóð.“

Camilla er enn í sambandi og segir ekkert annað ganga í slíkri stöðu en að taka einn dag í einu og lifa í núinu.

## HYLDÝPI FURÐULEGHEITA

Stúlkurnar segja Hollywood vera svolítið súrrealískan stað til að búa á. Að sögn Camillu var erfitt að fá ekki stjörnur í augun þegar þær komu fyrst í hljóðverið og mættu hljómsveitum á borð við Black Eyed Peas og Maroon 5.

Hvernig er lífið þarna úti, er það ólíkt því sem þið eruð vanar?

Camilla: „Já. Þetta er brjálaður bransi og maður hittir rosalega mikið af skrítnu fólki þarna. Það hafa allir þarna skoðun á öllu og þetta er í raun svarthol af furðulegheitum.“

Alma: „En á móti kemur að þarna má líka finna mestu snillinga heims.“

Camilla: „Já. Þarna erum við í Mekka alls þess sem við viljum en maður þarf alltaf að vera svolítið var um sig og ég held það hjálpi okkur mikið að vera þrjár saman. Ég dáist að fólki sem gengur í gegnum þetta eitt.“

Alma: „Við stöndum þétt saman og það er í raun magnað að öll dramatíkin sem á sér stað er í kringum okkur en ekki innan hljómsveitarinnar. Við erum stelpuband sem rífst aldrei,“ segir hún og hlær.

En hvað með þá miklu útlitsdýrkun sem sögð er ríkja í Hollywood. Finnið þið fyrir miklum utanaðkomandi þrýstingi til að líta vel út?

Camilla: „Já. Þetta er mjög yfirborðskenndur heimur þarna úti.“

Alma: „Við fáum auðvitað að heyra ýmislegt um útlit okkar og ég er viss um að mörgum finnist við eiga að líta einhvernveginn öðruvísi út en við gerum, en það verður að taka öllu slíku tali með fyrirvara.“

Klara: „Þetta er líka spurning um ímynd. Við erum stelpusveit og það eru gerðar kröfur um að við séum stelpulegar en á sama tíma góð fyrirmynd.“

Hverjar eru þessar kröfur?

Camilla: „Við þurfum til dæmis að passa upp á að vera með fínt hár, vera vel málaðar og að vera með smá tískuvitund. Ímyndin er svo rosalega stór hluti af poppbransanum, eins og fólk veit, og þess vegna þurfum við að passa vel upp á útlitið.“

Nú hefur maður heyrt að margar



# VERA

stórstjörnurnar fá aðstoð frá stílistum við að velja fatnað á sig. Hvernig er það í ykkar tilfelli, fáið þið sjálfar að ráða útliti sveitarinnar?

Alma: „Við höfum mjög sterka skoðun á því hvernig við viljum líta út en fáum líka aðstoð frá góðum stílistum og öðru fagfólki sem við viljum vinna með og þróum þetta í samráði við þau. Núna erum við til dæmis að fara í samstarf við almannatengslaskrifstofu sem samtvinnar mjög margt og kemur meðal annars inn á ímyndarsköpun.“

Hversu langt fer þessi ímyndarsköpun? Mynduð þið íhuga lýtaaðgerðir ef til þess kæmi?

Camilla: „Mér finnst lýtaaðgerðir allt í lagi ef þær eru gerðar á réttum forsendum og í hófi.“

Klara: „Ég var með teina, er það ekki lýtaaðgerð?“

Alma: „Ef fólki líður betur með sjálft sig, af hverju ekki?“

Camilla: „Svo lengi sem þú ert ekki að gera þetta fyrir aðra og ferð ekki yfir strikið þá er þetta í lagi. Ef þú ferð ekki út í öfgar eins og Heidi Montag eða kattarkonan,“ segir hún hlæjandi.

## NÝ NÖFN

Það vakti athygli þegar stúlkurnar ákváðu að breyta nöfnum sínum að erlendri fyrirmynd stuttu áður en þær fluttu út. Alma varð því Alma Goodman, Klara að Klara Elias og Steinunn Camilla að Camilla Stones. Inntar eftir því hvort þeim þyki ekki skrítið að heita skyndilega öðrum nöfnum svara þær því neitandi.

Camilla: „Ég heiti fullu nafni Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir og ég hef ekki hitt Bandaríkjamann sem getur borið það fram. Ég fór líklega hvað lengst í nafnabreytingunum en Stones er gamla gælunafnið mitt.“

Klara: Það þykir bara nokkuð eðlilegt að tónlistarmenn taki upp sviðsnöfn. Okkur fannst sniðugast að breyta nöfnunum því það gerir okkur mun auðveldara fyrir að vera með nöfn sem fólk getur borið fram og skrifað án þess að við þurfum að stafa þau. Það er helmingi auðveldara og mun þægilegra.“

Urðu feður ykkar ekkert svekktir að þið skulið ekki bera nöfn þeirra lengur?

Alma: „Nei, pabba gat varla fundist slæmt að vera „good man“,“ segir hún og skellir upp úr. „Nei, nei, honum fannst þetta bara fyndið held ég.“

Klara: „Mitt eftirnafn er þarna ennþá, ég er bara ekki lengur dóttir.“

Haldið þið að það hafi verið ykkur til framdráttar að vera frá Íslandi? Vekur það athygli manna?

Klara: „Já, ég held það. Ég held það hjálpi líka að fólk virðist almennt tengja Ísland við Skandinavíu og Skandinavíu við góða popptónlist,“ segir hún brosandi.

## FARNAR TIL AÐ VERA

Stúlkurnar munu dvelja á Íslandi yfir hátíðarnar og munu meðal annars koma fram í Kringlunni klukkan 14.00 á morgun. En til gamans má geta að þær hafa komið fram í Kringlunni hver jól undanfarin sjö ár.

Alma: „Ein jólin sungum við 27 sinnum þarna í Kringlunni. “

Camilla: „Ég var farin að dauðvorkenna fólkinu sem vann þarna að heyra sömu lögin aftur og aftur,“ segir hún hlæjandi. „Núna er þetta orðinn hluti af jólaundirbúningi okkar og fyrir þessi jól erum við að sjálfsögðu með nýtt efni í bland við gamalt.“

Að lokum, eruð þið farnar til að vera eða eigum við von á ykkur heim á næstunni?

Camilla: „Svo lengi sem Bandaríkin vilja leyfa okkur að vera, þá viljum við vera.“

Alma: „Við ætlum að vera áfram í Los Angeles. Maður á auðvitað aldrei að segja aldrei, en eins og er búum við þarna og erum bara ofsalega þakklátar fyrir þetta tækifæri sem okkur hefur boðist.“





GAMLA VÍNHÚSIÐ hefur opnað á Klapparstíg 38
áður Basil & Lime

Nautasteik m/ bernaise, frönskum kartöflum og grænmeti



Verð kr. 1.800.- alla daga
Glæsilegur matseðill á verði sem allir ráða við




GAMLA VÍNHÚSIÐ
KLAPPARSTÍG 38 - Sími 565 1188
VESTURGÖTU 4 - HAFNARF. - Sími 565 1130

# tíðin

✻ Njótið skammdegisins

**GLAÐIR FÆTUR** Þessi litríku og skemmtilegu sokkapör eru fullkomin í jólapakkann handa makanum, syninum eða pabba gamla. Litirnir gleðja og mynstrin eru hressandi öðruvísi. Fást í versluninni Cobra og kosta 1.290 krónur parið.



## mælistikan

### Á uppleið:



**Jólamarkaðir.** Það er svo jólalegt og gaman að kíkja á markaði fyrir jólin og gera góð kaup. Hafið augun opin fyrir athyglisverðum mörkuðum fyrir jólin.



**Hlýr vetur.** Veðurguðirnir hafa verið góðir við okkur Íslendinga undanfarnar vikur og veðrið haldist nokkuð gott miðað við hvernig frosthörkurnar hafa lagst á aðrar Evrópuþjóðir síðustu daga. Húrra fyrir því.

**Fallegt viðmót.** Dagurinn verður svo miklu betri ef maður mætir góðu og fallegu viðmóti annarra. Allir ættu að bjóða brosandi góðan dag og sýna kurteisi.

### Á niðurleið:

**Ofát.** Jólahlaðborðin eru byrjuð og menn flykkjast á þau til að borða nægju sína. Það er þó ekki gott að borða sig það pakksaddan að manni verkjar. Allt er gott í hófi.



**Kossaflens á almannafæri.** Það er svo pínlegt að þurfa að verða vitni að of innilegum ástaratlotum annarra. Sleikur og kærleiksstrokur eiga ekki við í strætó eða í bíósal.



**Trúarsöfnuðir.** Fréttir um að yfirmenn trúarsafnaða séu að misnota vald sitt eru orðnar tíðar. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi og þarf að kippa í lag sem fyrst.



Tískumerkið Rag & Bone sýnir brot af nýrri haustlínu sinni:

## Látlaust og klæðilegt

Tískumerkið Rag & Bone kynnti nýverið hluta af nýrri haustlínu sinni fyrir árið 2011. Línan er látlaus, þægileg og hrikalega flott og samanstendur af síðum pilsum, víðum stuttermabolum og þægilegum prjónapeysum.

Snillingarnir á bak við Rag & Bone eru vinirnir David Neville og Marcus Wainwright og hófst þeirra samstarf þeirra árið 2002 þegar þeir ákváðu að hanna saman gallabuxnalínu. Hvorugur þeirra hefur þó menntað sig á sviði hönnunar heldur virðast hafa þetta í blóðinu auk þess sem þeir njóta góðs af hæfileikaríku samstarfsfólki sínu.

Fyrsta kvenfatalína merkisins var frumsýnd árið 2005 og sló hún í gegn.

Merkið er eitthvað sem allir tískuunnendur ættu að fylgjast vel með enda eru fötin sérstaklega klæðileg og flott. *- sm*


## Góðar jólagjafahugmyndir



Mikið úrval af handtöskum, skjalatöskum, dömuveskjum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum að ógleymdu hinu landsfræga úrvali af dömu- og herrahönskum.

**Líttu við í verslun okkar eða skoðaðu vöruúrvalið á www.th.is.**









Töskur og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is




Jólaþorpið í Hafnarfirði kemur fólki í jólaskap.

Jólamarkaðir spretta upp víða um borg:

## Jólamarkaðir skjóta rótum

Sumum finnst langt að bíða til jóla og til að stytta sér stundir þar til aðfangadagur rennur í garð er hægt að heimsækja hina mörgu skemmtilegu jólamarkaði sem sprottið hafa upp.

Jólaþorpið í Hafnarfirði er orðið fastur liður í jólaundirbúningi margra. Þorpið er opið allar helgar fram að jólum frá klukkan 13.00 til 18.00 og verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá alla daga. Meðal annars verður hægt að syngja og dansa í kringum jólatré og heilsa upp á jólasveina.

Jólabærinn í Hjartagarðinum í miðborg Reykjavíkur var opnaður í gær og verður starfræktur fram að jólum. Þar má upplifa jólastemninguna um leið og góð kaup eru gerð.

Vefverslunin Worn By Worship opnar einnig með pompi og prakt í dag og munu verslanir á borð við Royal Extreme og Kiosk vera í sannkölluðu jólaskapi í tilefni þess og bjóða meðal annars upp á jólaglögg og önnur huggulegheit.

Í Álakvosinni fer einnig fram jólamarkaður þar sem hægt er að skoða gjafir í jólapakkana og tylla sér svo á kaffihúsið og fá sér kaffi og með því. Þangað er nokkuð stutt að fara og því kjörinn bíltúr fyrir fjölskylduna.

Norðurpóllinn breytist einnig í sannkallaða jólaveröld yfir aðventuna og ætti fjölskyldan að finna eitthvað við allra hæfi þar. Handverksfólk verður með vörur til sölu, boðið er upp á föndur fyrir börnin auk þess sem hægt er að kaupa sér miða á skemmtilegt barnaleikrit.

# koko

Laugavegi 83, sími 554 4722

**NÝ SENDING AF KJÓLUM FRÁ DZHAVAEL**



24.900 kr.



23.900 kr.



24.900 kr.



24.900 kr.

Opið föstudag og laugardag 10-22 og sunnudag 12-18.

# Skarta

Laugavegi 72, sími 551 8687



Úr, verð frá 4.500.



Mikið úrval af skarti og klemmu-lokkum



Hárburstar 3.490



Taska 7.490



Seðlaveski, verð frá 2.990



Verð 4.990



Skór fyrir hringi 3.990
Skartgripastandur 6.490

Opið föstudag og laugardag 10-22 og sunnudag 12-18.




**UNDIR 3.000 KRÓNUM 1. Kertastjaki** úr Tekk Company, 1.800 kr. Krúttlegur kertastjaki í gervi uglu lýsir upp desembermyrkrið. **2. Sokkar** úr Cobra, 1.890 kr. Hlýir hnésokkar eru góðir í jólapakkann. **3. Eyrnalokkar** úr Topshop, 2.990 kr. Flottir kögureyrnalokkar passa við nánast allt. **4. Undrakrem** úr Mýrinni, 2.700 kr. Græðandi krem sem má nota við þurrki á vörum, höndum og þurri húð. **5. Bókamerki** úr Mýrinni, 1.500 kr. Nú týnist fólk ekki í jólabókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**UNDIR 5.000 KRÓNUM 1. Loð um hálsinn** úr Spúútnik, 4.900 kr. Fallegt hálsskraut sem getur flikkað upp á gamla jakka. **2. Kaffibrúsi** úr Tekk Company, 4.900 kr. Retrólegur kaffibrúsi sem hægt er að kippa með í skíðaferðir. **3. Kertastjaki** úr Mýrinni, 4.900 kr. Gamall kaffibolli hefur fengið nýtt hlutverk sem kertastjaki. **4. Bolur** úr Topshop, 4.490 kr. Brúnir litir hafa verið vinsælir í vetur. **5. Hálsmen** úr Spúútnik, 4.900 kr. Stór hálsmen eru nauðsynleg í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Leitið ekki langt yfir skammt að fallegum jólagjöfum:

# JÓLAGJÖFIN ÞÍN Í ÁR

Jólin nálgast óðfluga og eru flestir farnir að huga að jólagjöfum fyrir ástvinina. Fólk getur þó verið misfrjótt þegar kemur að því að finna hina fullkomnu gjöf fyrir vini og vandamenn. Föstudagur ákvað að fara á stúfana og leita uppi nokkrar skemmtilegar jólagjafahugmyndir.

**UNDIR 10.000 KRÓNUM 1. Perludýr** úr Aurum, 6.500 kr. Skemmtilegt og suðrænt perludýr til að skreyta heimilið með. **2. Teketill** úr Casa, 9.500 kr. Skemmtilegur teketill fyrir þær sem njóta þess að sötra heita drykki á köldum vetrarkvöldum. **3. Hanskar** úr Geysi, 6.900 kr. Hlýir hanskar eru ávallt velkomin jólagjöf. **4. Trefill** úr Geysi, 9.400 kr. Ótrúlega fallegur trefill sem passar við allt. **5. Dekurlína** úr Avedaversluninni, 9.400 kr. Lúxus hárvörur frá Aveda er draumur hverrar prinsessu. Falleg handunnin hárteygja fylgir með.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





## Dömulegt fyrir dömuna

Verð 22,990
Litur: Svartur
Stærð 36-46

**Stíll**
Laugavegur 58,
101-Reykjavík
Sími: 551-4884
www.stillfashion.is

**Silkikjóll**
Verð: 31.990
Litur: svartur
Stærð: 36 – 44









Verð: 16.990
Óhneppt
Verð: 14.990
Stærð: 36-48

Stærð: 36 - 48
Verð: 19.990
Litur: Svart og beige

**Kello**
Kringlunni
S: 568-4900

Stærð: 36 – 48
Verð: 19.990
Litir: svart/beige og svart/grátt.

Verð: 19.990
Stærð. 36 – 48
Litur: svart og beige

Verð: 6.990
Litur: svart og beige

Stærð: S – XX L
Verð: 13.900

**MOMO**
Laugavegi 42
Sími: 552-1818
Facebook merki hérna

Litur: Svartur
Stærð: S - XXL
Verð: 6,990









Kynning



ROSENDAHL



iittala





ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

royal vkb

# Allir fá þá eitthvað fallegt...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal 35 ÁRA 1975 2010







stelton

Joseph Joseph

menu SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS



eva solo

marimekko®

GEORG JENSEN

helgo®





Uppáhaldshlutir íslenskra vöruhönnuða

# FALLEGIR MUNIR

**Þessa dagana eru búðir fullar af alls konar fallegum munum úr smiðju íslenskra hönnuða sem vinna með sköpunargleðina að vopni. Föstudagur leitaði til sex vöruhönnuða og bað þá um að velja sér sinn uppáhaldshlut úr sinni eigin línu.**



**Nafn:** Þórunn Hannesdóttir

**Aldur:** 27 ára

**Menntun:** Vöruhönnuður - BA gráða frá Central St. Martins College of Art and Design.

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður?** Ég útskrifaðist frá St. Martins í London í byrjun ársins 2008 og hef unnið sem vöruhönnuður síðan ég útskrifaðist.

**Af hverju varð þessi hlutur fyrir valinu?** Það er erfitt að velja á milli enda eru vörurnar eins og börnin manns, svo mikil vinna og ást hafa farið í hvern einasta hlut.Ég valdi I ♡ RVK piparkökumótin vegna þess að við vorum að koma með þau á markaðinn fyrir nokkru svo þetta er nokkurs konar nýburi, en þetta var líka afskaplega skemmtilegt samstarf á milli mín og Herborgar Ingvarsdóttur arkitekts en hún vinnur með mér í FærID.



**Nafn:** Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir

**Aldur:** 33 ára

**Menntun:** Grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður?** 10 ár

**Afhverju var þessi hlutur fyrir valinu?** Krummi herðatré hefur flogið út um allan heim og sýnt á hönnunarsýningum í London, Moskvu, Tallinn, Tokyo, Shanghai og Kaupmannahöfn. Hann hefur tekið þátt í listasýningu í París, óperu í London og tískuvikunni í París. Diesel í London notaði hann í uppstillingum í verslunum sínum og BNG í Istanbul sömuleiðis. Hann er til sölu í 11 löndum og hefur fengið ótrúlega mikla umfjöllun í alþjóðlegum hönnunar- og tísku- og dagblöðum eins og Elle Decoration, Glamour, Icon, Sunday Times o.fl.



**Nafn:** Stefán Pétur Sólveigarson

**Aldur:** 33 ára

**Menntun:** BA í vöruhönnun frá LHÍ.

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður:** Fjögur ár.

**Af hverju varð þessi hlutur fyrir valinu?** Hann er svo fínn og fallega grænn, Bóndinn minn. Heill heimur í kassa. Hefðbundinn spilastokkur, uppskriftabók, skemmtilegar teikningar og leikur. Á hjörtunum eru hollar uppskriftir, spari á tíglum, íslenskar sveitauppskriftir á spöðum og fjölskyldu- og krakkavænar á laufum. Frábær gjöf fyrir þá sem finnst gaman að spila, leika sér og elda góðan mat. Áttu tómat?



**Nafn:** Sruli Recht

**Aldur:** 31 1/2 árs

**Menntun:** BA í fatahönnun og BA í hönnun.

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður?** Byrjaði fyrst að vinna með hönnun árið 1997.

**Af hverju varð þessi hlutur fyrir valinu?** The Ísbjörn er sá hlutur sem ég nota mest af öllum þeim hlutum sem ég hef búið til. Hann spilar stórt hlutverk í mínum hversdegi.



**Nafn:** Guðrún Valdimarsdóttir

**Aldur:** 29 ára

**Menntun:** BA í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands.

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður?** í tæplega tvö ár.

**Af hverju var þessi hlutur fyrir valinu?** Ætli það sé ekki vegna þess að maður er alltaf með hugann við nýjustu vöruna sína

**Nafn:** Alda Halldórsdóttir

**Aldur:** 27 ára

**Menntun:** Vöruhönnuður.

**Hversu lengi hefur þú verið starfandi hönnuður?** Ég hef verið að vinna í mismunandi verkefnum frá því ég útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2008.

**Af hverju varð þessi hlutur fyrir valinu?** Hellur er vara sem ég hannaði ásamt Guðrúnu Valdimarsdóttur fyrir Glerverksmiðjuna Samverk. Hún samanstendur af sex glerplöttum í mismunandi litum sem maður getur notað sem glasabakka, diska undir kökur eða sushi eða hvað sem manni dettur í hug. Það sem mér finnst skemmtilegast við þessa vöru er að maður getur alltaf fundið plöttunum nýtt hlutverk.



**Nafn:** Vík Prjónsdóttir = Brynhildur Pálsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Þuríður Rós Sigurþórsdóttir

**Aldur:** Vík Prjónsdóttir er fimm ára.

**Menntun:** Vöruhönnun, fatahönnun, myndlist.

**Hversu lengi hafið þið verið starfandi hönnuðir?** Hönnuðir Víkur Prjónsdóttur hafa útskrifast sem hönnuðir á mismunandi tímum, en hafa allir starfað sem hönnuðir eftir útskrift. Brynhildur og Guðfinna Mjöll útskrifuðust sem vöruhönnuðir frá Listaháskóla Íslands 2004 og Þuríður sem fatahönnuður frá Central Saint Martins 2000 en auk þess lauk hún MA í myndlist frá School of Visual Art í New York 2008.

**Af hverju varð þessi hlutur fyrir valinu?** Vík Prjónsdóttir er um þessar mundir að kynna trefla. Fyrstu treflarnir í þeirri línu eru Verndarhendur Dularhjúpsins og á næstu vikum munu svo fleiri treflar bætast við.


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI GLAMÚR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. visir.is





ÍSLENSK HÖNNUN – NÁTTÚRULEG HRÁEFNI

STOFNAÐ 2005





**HOF** – anorakkur úr Pima flaueli. Kr. 22.900
**GIL** – peysa úr íslenskri ull. Kr. 18.700
**ÖXL** – sjal úr hör og bómull. Kr. 17.400
**VOGAR** – vesti úr Alpaca. Kr. 24.300
**STÓRA-FLJÓT** – peysa úr íslenskri ull. Kr. 19.800
**HEIÐI** – kjóll úr silki. Kr. 26.500
**FET** – dömubuxur úr Pima bómull. Kr. 17.400

**HEIÐI** – kjóll úr silki. Kr. 26.500
**LITLA-REYKJAHLÍÐ** Kr. 14.500
barnajakki úr íslenskri ull. Búkur fóðraður með vindheldu bómullarfóðri.

**FARMERS MARKET**
Stúdíóverzlun
Eyjarslóð 9 (bakinngangur)
101 Reykjavík
Sími 552 1960

Farmers Market
iceland

www.farmersmarket.is



# HELGARRÁÐIN

**Gréta S. Guðjónsdóttir, ljósmyndari.**

1 Þegar fanga á stemningu er galdurinn að vera snöggur eða með svokallaða nærlinsu sem dregur að þannig að þú getir staðið lengra frá og tekið myndir án þess að fólk viti af því. Það er líka gott að tala við fólk á léttu nótunum á meðan þú ert að mynda svo það gleymi myndavélinni.



2 Það er ekki sniðugt að taka myndir af fólki á meðan það borðar, nema þið séuð að taka gamanmyndir, þá getið þið gengið lengra og beðið fólk að frussa og tekið myndir um leið. Myndirnar geta orðið óborganlegar auk þess sem fólk slappar af.

3 Ef allir eiga að sjást á mynd er upplagt að stilla fólki upp. Passið þá að fólk standi ekki þétt upp við vegg og að ekkert truflandi sé í bakgrunninum. Oft er gott að taka aðeins til, færa standlampa, flöskur og annað smádót. Sitji fólk þarf að passa að það sitji ekki eins og “klessur” í sófanum.



4 Lýsing skiptir miklu máli og gott er þá að stilla myndavélina hærra í ISO fjölda. Sumar vélar þola að fara upp í 400ISO án þess að verða grófar. Þetta geturðu fundið út með því að prófa þig áfram. Flass hefur þann galla að gefa af sér leiðinlega skugga, sérstaklega ef manneskjan stendur nálægt vegg.

5 Maður þarf ekki alltaf að hafa „allt“ inni á myndinni, stundum er gaman að nærmyndum líka. Það er mjög algengt að sjá tækifærismyndir þar sem stór hluti myndarinnar er bara loftið fyrir ofan hausinn á fólki. Munið svo að fá leyfi ef þið ætlið að birta veislumyndir á netinu.









Þórunn Ásdís Óskarsdóttir segir jólaskemmtun Kramhússins árvissan viðburð hjá mörgum. FRETTABLADID/VALLI

# Dansandi jólagleði

**Hin árlega jólaskemmtun Kramhússins verður haldin í Íslensku óperunni á morgun.**

Nemendur Kramhússins stíga á svið annað kvöld í Íslensku óperunni og bjóða upp á alþjóðlegan menningarkokkteil undir formerkjum dansins. Þetta er í 27. skiptið sem jólaskemmtun hússins er haldin og lofar Þórunn Ásdís Óskarsdóttir verkefnastjóri Kramhússins, fjölbreyttri sýningu þar sem mikið er í lagt. „Þetta er tveggja tíma prógram með vel hressu yfirbragði og óvæntum innkomum þar sem leyndir hæfileikar úr íslenskum veruleika verða afhjúpaðir af hinum íslensku hversdagsstjörnum."

Boðið verður upp á afródans, nútímadans, tangó, breikdans, bollywood, magadans, hiphop, balkan, bellybolly; leikfimishópurinn „fimmfimmtán" verður með beitt atriði og Morgunmeyjarnar svokölluðu verða með sitt óvænta atriði.

Kynnir í ár er Kolbrún Halldórsdóttir, en verkefnið ætti ekki að vefjast fyrir henni þar sem hún hefur haldið um stjórnartaumana á jólaskemmtuninni öll hin 26 árin sem hún hefur verið haldin. „Að sumu leyti er þetta mjög hefðbundið en að öðru leyti er alltaf eitthvað nýtt og ferskt. Við erum mjög metnaðarfull en blessunarlega laus við alla fullkomnunaráráttu. Þetta er eiginlega svona skemmtilega hressandi á aðventunni, en um leið slakandi."

Jólagleði Kramhússins hefst í Óperunni á morgun klukkan 20. Miðaverð er 1.800 krónur fyrir fullorðna, en 1.000 krónur fyrir 12 og yngri. *tryggvi@frettabladid.is*

# Höfum gaman af þessu

**Skemmtibandið Föruneyti G.H. verður með tónleika í Miðgarði í Garði á Reykjanesi á morgun. Tónleikarnir eru liður í alþjóðlegri listahátíð sem hefst í dag og nefnist Ferskir vindar í Garði.**

„Við vonum að fólk gefi sér tíma til að mæta á blokkflautupoppdjass með þjóðlagablæ, svona rétt fyrir jólin," segir Gísli Helgason tónlistarmaður með meiru. Hann er forsprakkinn í Föruneyti G.H., skemmtibandi sem stofnað var fyrr á þessu ári og efnir til tónleika í félagsheimilinu Miðgarði í Garði á morgun sem hefjast klukkan 16. Þeir falla inn í listahátíðina Ferskir vindar í Garði sem sett verður í dag. Hún byggist meðal annars á því að fjölda listafólks, bæði íslensku og erlendu, hefur verið boðið að dvelja og vinna í Garðinum næstu vikurnar.

„Markmiðið er að auðga andann, segir Ásmundur Friðriksson bæjarstjóri. „Listaveislan dreifir ávöxtum sínum til samfélagsins alls og vonandi njóta hennar sem flestir," Ásmundur segir listafólkið koma úr mörgum greinum og nefnir hönnuði, tónlistarfólk, dansara, myndlistarfólk, kvikmyndagerðarfólk, leikara og rithöfunda sem dæmi um það. Forsetafrúin Dorrit Moussaieff er verndari listaveislunnar og Mireya Samper listakona er meðal þeirra sem halda utan um verkefnið.

Ásmundur bæjarstjóri á rætur að rekja til Vestmannaeyja og það eiga flestir liðsmenn Föruneytis G. H. líka. Þó ekki gítarleikarinn, Ársæll Másson en Gísli Helgason segir hann hafa verið „ættleiddan". „Það hefur komið til tals að ættleiða Hilmar Sverrisson líka, hann spilar stundum með okkur, það hefur bara ekki komist í verk," segir Gísli glettnislega.

„Í bandinu eru ágætis spilarar og við höfum gaman af þessu sem við erum að gera," segir Gísli og upplýsir að þetta verði fimmtu tónleikar sveitarinnar. Þeir fyrstu hafi verið á þjóðlagahátíðinni Reykjavík Folkfestival í mars, aðrir í Þjóðmenningarhúsinu á menningarnótt í ágúst, þriðju á Kaffi Rósenberg í október og þeir fjórðu og bestu hingað til á Safnanótt í Eyjum í nóvember.

Föruneytið flytur eigin lög ásamt ýmsu öðru efni sem liðsmönnum þess líkar og hugnast svo sem Bítlalög. Eyjalög eiga að sjálfsögðu til að laumast inn líka, að sögn Gísla. „Í Miðgarði flytjum við jólalag eftir mig og það er okkar frumflutningur á því en ég lofa ekki að við syngjum það. Þótt við séum miklir söngmenn, að eigin áliti, þá flíkum við því ekki mjög," segir hann sposkur. „En við hefjum samt upp raustir okkar í öðrum lögum." *gun@frettabladid.is*




Skemmtisveitin Förunautar G. H.: Þórólfur Guðnason, Hafsteinn Guðfinnsson, Árni Áskelsson, Ársæll Másson, Hilmar Sverrisson og Gísli Helgason. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Það hefur komið til tals að ættleiða Hilmar Sverrisson líka, hann spilar stundum með okkur, það hefur bara ekki komist í verk."


Kynning

# Nýtt frá Reebok: EasyTone skór

**Viltu flottari rass og læri? Þú færð meira út úr hverju skrefi í EasyTone.**

EasyTone skórnir frá Reebok eru sérhannaðir til þess að skapa örlítinn óstöðugleika og mýkt í hverju skrefi sem veldur auknu álagi á vöðva í rassi, lærum og kálfum og styrkir þá sérstaklega. Álagið á vöðvana getur verið allt að 30% meira en í venjulegum skóm.

Loftpúðarnir í sólum EasyTone skónna eru afrakstur ítarlegrar rannsóknarvinnu. Loft flæðir milli púða í sólanum svo að þegar skórnir eru notaðir er eins og stöðugt sé verið að gera jafnvægisæfingar. Jafnvægisæfingar styrkja djúplæga kvið- og bakvöðva sem gerir það að verkum að bakverkir geta minnkað.

Skórnir eru ætlaðir til daglegra nota, hvort sem er í vinnu, skóla eða göngutúra. Þeir henta vel fyrir þá sem þurfa að standa mikið en sólinn er sérstaklega mjúkur. Ef þú vilt þægilega, flotta og góða skó sem gefa flottari rass og læri eru EasyTone skórnir eitthvað fyrir þig.

Það vakti mikla athygli þegar danska fyrirsætan Helena Christensen sat fyrir nakin í EasyTone skónum einum í tímaritinu Vogue. Þar lofaði hún EasyToneskóna og sagði þá gera henni kleift að styrkja rass, læri og kálfa á sama tíma og hún sinnir daglegum störfum: „Ég er óþolinmóð og þegar ég prófa eitthvað nýtt vil ég sjá afraksturinn strax. Ég fann að þessir skór virkuðu um leið og því hélt ég áfram að nota þá."

## Ummæli ánægðra notenda

**Konur sem hafa prófað EasyTone skóna hafa þetta að segja um þá:**

Ég viðra tíkina mína á hverjum degi og þá koma EasyTone skórnir mínir að góðum notum því þeir virka allt öðruvísi en venjulegir íþrótta- eða gönguskór. Rassvöðvarnir styrkjast og álagið minnkar þar af leiðandi á mjóbakið. Þessir skór svínvirka!
*Ellý Ármanns, fjölmiðlakona*

Easytone skórnir eru algjör snilld og bylting fyrir konur. Fyrstu skiptin sem ég notaði EasyTone fékk ég væga strengi í aftanverð læri og kálfa sem sagði mér að skórnir eru klárlega að virka. Ómissandi eintak fyrir konur sem vilja tóna og styrkja fætur allan daginn.
*Hrafnhildur Halldórsdóttir, einkaþjálfari og fitnesskeppandi*

Ég er með slæm liðbönd í ökklum en síðan ég byrjaði að nota EasyTone finn ég hvað liðböndin hafa styrkst. Mér finnst mjög þægilegt að ganga í þeim og þeir eru búnir að vekja mikla athygli, enda mjög nettir og ekki of íþróttalegir í útliti svo maður getur verið í þeim við hvert tækifæri.
*Margrét Hulda Karlsdóttir, bikarmeistari í módelfitness 2010*

Göngutúrarnir verða ennþá skemmtilegri í Easytone, því maður bókstaflega svífur um í þeim.
*Marta María, Pressan*








**Gerviaugnhár** gera mikið fyrir allar konur og er gaman að skreyta sig með lengri augnhárum þegar mikið liggur við. Best er að leyfa límínu á augnhárunum að þorna í um það bil hálfa mínútu áður en þau eru sett á og ef ætlunin er að nota þau oftar en einu sinni er best að vera búin að setja maskarann á áður.



# Aðalskart kvenna í dag



Skemmtilega skreyttar tásur með vínrauðu naglageli og gylltu glimmeri. Naglagel og glimmer fæst í öllum regnbogans litum á Heilsu og fegurð og dugar upp í allt að tvo mánuði. Hæglega er hægt að taka naglagelið af eða skipta um lit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Linda Aðalbjörnsdóttir hjá Heilsu og fegurð segir fjölbreytni í naglatísku veita konum svigrúm til að prófa sig áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Linda Aðalbjörnsdóttir hjá Heilsu og fegurð segir naglatískuna vera með fjölbreyttu sniði í vetur. Í raun sé allt leyfilegt, rautt, bleikt og meira að segja grænt naglalakk og -skraut komi til greina á tær og fingur.**

„Litadýrðin er alveg hreint út sagt með ólíkindum í ár, rautt, bleikt, grænt, svart og blátt, allt er leyfilegt,“ upplýsir Linda Aðalbjörnsdóttir, eigandi Heilsu og fegurðar, innt eftir naglatískunni í vetur og kveðst varla reka minni til annarrar eins fjölbreytni eins og einmitt nú.

„Þetta helst sjálfsagt í hendur við það sem er að gerast í tískunni úti í heimi. Í París hafa naglalökk og gelneglur til dæmis aldrei selst eins vel og um þessar mundir, sérfræðingar þar halda því fram að fallegt naglalakk sé aðalskart kvenna í dag og því litríkara því betra. Þó má líka færa rök fyrir því að neytendur sjái naglalökk og gervineglur hreinlega sem góða og auðvitað líka fremur ódýra aðferð til að lífga upp á útlitið.“

Naglaskreytingar segir Linda sömuleiðis vera vinsælar bæði á tær og fingur ásamt „franskri handsnyrtingu“ sem ávallt sé vinsæl hér og erlendis. „Nú er því bara tími til að prófa sig áfram og hafa svolítið gaman af þessu,“ segir hún hress í bragði. *roald@frettabladid.is*



Frönsk handsnyrting er sívinsæl ásamt ýmiss konar skrauti.




Andlitshúðin þarf ekki síður vörn að vetri til en að sumri því kuldinn bítur. Oft er þörf á feitara kremi og annað gott ráð er að fara ekki í mjög heita sturtu, því húðin er oft þurr.

Heimild: http://www.femin.is










NOTAÐIR BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
RENAULT
MEGAN II SPORT TOURER
Nýskráður 2/2007, ekinn 61 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Ásett verð kr. 1.790.000
Tilboðsverð kr. 1.390.000
RENAULT
CLIO II 1.2
Nýskráður 12/2006, ekinn 33 þ.km, bensín, 5 gírar.
Ásett verð kr. 1.390.000
Verð kr. 999.000
TILBOÐ DAGSINS
Renault Megane Scenic 1.6
Nýskráður 3/2000, ekinn 94 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 550.000
Tilboð dagsins kr. 249.000
VOLKSWAGEN
GOLF VARIANT HIGHLINE
Nýskráður 10/2002, ekinn 101 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 950.000
VOLVO
S60 2.0 TURBO 20V
Nýskráður 7/2005, ekinn 42 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.590.000
MITSUBISHI
OUTLANDER SPORT
Nýskráður 12/2005, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.250.000
HONDA
CR-V PANORAMA
Nýskráður 3/2007, ekinn 87 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.490.000
FORD
ESCAPE XLS 2.3
Nýskráður 12/2004, ekinn 73 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.390.000
IVECO
DAILY 35S18 A V
Nýskráður 8/2007, ekinn 97 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.890.000
SUBARU
LEGACY SPORT SEDAN
Nýskráður 9/2006, ekinn 85 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.350.000
PEUGEOT
1007 1,6 SPORTY
Nýskráður 1/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 950.000
PEUGEOT
207 S16 1.6i
Nýskráður 11/2007, ekinn 55 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.190.000
HONDA
CR-V RVSI
Nýskráður 8/1998, ekinn 201 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 650.000
PEUGEOT
BOXER L2H1 2.2HDi
Nýskráður 5/2007, ekinn 19 þ.km, dísil, 5 gírar.
Verð kr. 3.190.000
TOYOTA
RAV-4 GX
Nýskráður 2/2006, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.390.000
TOYOTA
AVENSIS SOL
Nýskráður 5/2006, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.290.000
HONDA
CIVIC SPORT 1.8i
Nýskráður 9/2009, ekinn 13 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.290.000
HONDA
CR-V ADVANCE
Nýskráður 3/2005, ekinn 99 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.950.000
PEUGEOT
206 XR PRÉCENSE
Nýskráður 3/2006, ekinn 30 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.490.000
PEUGEOT
207 S16 1.6i með glerþaki
Nýskráður 4/2007, ekinn 48 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.990.000
LAND ROVER
FREELANDER II S 2.2 TD4
Nýskráður 4/2008, ekinn 56 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.690.000
Allt að 90% lán
VOLKSWAGEN
GOLF HIGHLINE
Nýskráður 9/2003, ekinn 111 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 990.000
TOYOTA
YARIS TERRA 1.0
Nýskráður 5/2006, ekinn 75 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.190.000
TOYOTA
RAV-4
Nýskráður 6/2004, ekinn 70 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.970.000
TOYOTA
COROLLA VVTI 1.6i
Nýskráður 5/2005, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.590.000
SUBARU
JUSTY S 1.0i
Nýskráður 6/2008, ekinn 83 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.290.000
Allt að 90% lán
PEUGEOT
307 XT 1.6i
Nýskráður 3/2006, ekinn 56 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.790.000
PEUGEOT
307SW með glerþaki
Nýskráður 1/2007, ekinn 41 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.790.000
PEUGEOT
407 XT 1.6HDi
Nýskráður 6/2007, ekinn 57 þ.km, dísil, 5 gírar.
Verð kr. 2.550.000
OPEL
ASTRA ENJOY 1.8i
Nýskráður 5/2007, ekinn 39 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.090.000
NISSAN
TIDA VISIA
Nýskráður 6/2008, ekinn 68 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.790.000
Allt að 90% lán
MAZDA
MX-5 (MIATA)
Nýskráður 9/2006, ekinn 17 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð kr. 2.650.000
HYUNDAI
GETZ GLS 1.4i
Nýskráður 6/2008, ekinn 88 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.290.000
Allt að 90% lán
HONDA
JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 6/2008, ekinn 52 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.990.000
HONDA
JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 9/2005, ekinn 25 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.450.000
HONDA
JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 11/2005, ekinn 62 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.290.000
HONDA
ACCORD SPORT TOURER
Nýskráður 8/2007, ekinn 41 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.750.000
HONDA
CIVIC EXECUTIVE 1.8i
Nýskráður 5/2010, nýr bíll, bensín, sjálfskiptur.
Nývirði kr. 4.390.000
Tilboðsverð 3.690.000
HONDA
ACCORD SPORT 2.0i
Nýskráður 10/2005, ekinn 85 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.090.000
HONDA
ACCORD SPORT 2.0i
Nýskráður 6/2007, ekinn 52 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 2.350.000
HONDA
ACCORD EXECUTIVE 2.0i
Nýskráður 6/2007, ekinn 48 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.790.000
HONDA
ACCORD COMFORT 2.0i
Nýskráður 4/2006, ekinn 67 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.990.000
FORD
KA
Nýskráður 8/2007, ekinn 11 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.390.000
Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is
Við seljum bílinn fyrir þig!

# Laun og skuldir í sömu mynt

Efnahagsmál

Magnús Orri Schram
þingmaður Samfylkingarinnar



Stjórnmálamenn eiga jafnt að takast á við málefni líðandi stundar, sem og að marka stefnu til framtíðar. Sjaldan er meiri þörf á skýrri framtíðarsýn en einmitt þegar gengið er í gegnum erfiðleika. Langtímamarkmið okkar er að hér verði mögulegt að búa áfram og það er hlutverk stjórnmálamanna að skapa skilyrði og umhverfi til að svo megi verða.

Stærsta álitaefnið í því sambandi er líklega það hvort almenningur á Íslandi fái sanngjörn laun fyrir sína vinnu eða viljum við áfram búa almenningi þann veruleika að tvær myntir séu í landinu – þ.e. launakrónan í launaumslaginu og verðtryggða krónan í gluggaumslaginu? Það var sveiflan á milli þessara tveggja mynta sem orsakaði eignatjón almennings haustið 2008. Ef við ráðumst ekki að rót þessa vanda, er ekkert því til fyrirstöðu að við bjóðum börnunum okkar uppá sama óréttlætið eftir 10-15 ár og við höfum nú upplifað.

Stærstur hluti erfiðleika íslenskra fyrirtækja og heimila snýst ekki um hrun bankakerfisins heldur miklu fremur um sveiflur í gengi erlendra mynta, launakrónu og verðtryggðar krónu. Ríkið tók á sig mikið högg vegna hruns bankanna en tókst með neyðarlögunum að minnka það tjón og senda reikninginn að einhverju leyti til erlendra kröfuhafa. Tjón almennings er hins vegar miklu fremur tengt gengi krónunnar og því verðbólguskoti sem varð því samfara. Þannig hitti hrun launakrónunnar íslensk heimili miklu verr en bankahrunið. Íslendingar upplifa bæði banka- og myntkreppu, þegar önnur lönd glíma bara við bankakreppu. Sem dæmi hefur írskur almenningur ekki lent í stórkostlegu eignatjóni enda eru laun þeirra og skuldir í sömu myntinni.

> Nú er komið að almenningi að standa með sjálfum sér og krefjast breytinga.

Stjórnmálamenn eiga að skapa skilyrði og umhverfi til að fólk vilji búa hér áfram. Sumir stjórnmálamenn hafa lagt á það áherslu að framtíð íslenskra neytenda, íslenskra skuldara og íslenskra launamanna sé best borgið í myntsamstarfi við vinaþjóðir í Evrópu. Aðrir stjórnmálamenn hafa ekki lagt fram neina framtíðarsýn í þessum efnum. Nú er komið að almenningi að standa með sjálfum sér og krefjast breytinga. Íslenskur almenningur á skilið að laun og skuldir séu í sömu myntinni.

## AF NETINU

### Hvað um endurskoðendur?

Endurskoðunarskýrslurnar sem nú eru að birtast í fjölmiðlum eru komnar frá embætti sérstaks saksóknara.
Þetta eru merkileg plögg sem sýna samfellda og stórfellda misnotkun. Lán til tengdra aðila, lán sem aldrei virðist hafa staðið til að innheimta, falsaða reikninga.
Það sem maður spyr sig er – þegar notaðar eru slíkar blekkingar til að halda bankastarfsemi gangandi er þá eitthvert hald í því sem gert var í skjóli þeirra?
Er þetta þá ekki hrein svikamylla fyrst undirstaðan er ekki betri, og allt sem fylgdi svindilbrask meira og minna – hlutabréfamarkaðurinn, peningamarkaðssjóðirnir, Icesave, gjaldeyrislánin?
Enginn hefði snert neitt af þessu hefði hann vitað um raunverulega stöðu bankanna og það sem fór fram inni í þeim.
Og hvað þá með endurskoðunarfyrirtækn. Er þeim yfirleitt treystandi eftir þetta eða eru þau alltaf til í að fylgja þeim ríku og voldugu hverju sinni?

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

### Árbót á pólitíska vini

Þingheimur er samála um að almenningur í landinu borgi stórbændunum að Árbót tugi milljóna króna, engu breytir að hörmulega tókst til með rekstur heimilisins þar, sem var rekið á samningi við Barnaverndarstofu, og ekki heldur þó forstjóri Barnarverndarstofu hafi ekki séð ástæðu til greiðslunnar.
Fólkið á Árbót á pólitíska vini sem vernda það. Með peningum úr almannasjóðum. Það var léttara að afgreiða tugi milljóna til þessa fólks en mæta þeim fjölmörgu sem eiga um sárt að binda eftir dvöl á heimilum þar sem illa tókst til.
Vonandi er eftirgjöf stjórnmálamanna í Árbótarmálinu frekar sértæk aðgerð en almenn.

Miðjan.is

**Sigurjón M. Egilsson**

### Fráleit hugmynd

Húsið Höfði er líklega frægasta hús landsins og gatan Höfðatún er kennd við það.
Nú heyrir maður að ætlunin sé að leggja niður nafnið Höfða og kenna götuna við konu.
Þetta finnst mér aldeilis fráleit hugmynd og það hlýtur að vera hægt að finna einhverja aðra götu sem hægt sé að skipta um nafn á.
Raunar hefur svipað verið gert áður en þó ekki eins stórkarlalega og nú er ætlunin að gera með því að leggja niður nafnið Höfðatún.

blog.eyjan.is/omarragnarsson/

**Ómar Ragnarsson**





*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ástbjörg Sigríður Geirsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík 26. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ágúst Geir Kornelíusson** — **Gullý Bára Kristbjörnsdóttir**
**Ólafur Hannes Kornelíusson** — **Guðný Jóhanna Kjartansdóttir**
**Ástbjörg Kornelíusdóttir** — **Ómar Þórsson**
**Sigurður Kornelíusson** — **Geirlaug Ingólfsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Sigríður Jónsdóttir**

Dvalarheimilinu Höfða, áður Háholti 33, Akranesi,

lést miðvikudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. desember kl. 11.00.

**Guðný Guðjónsdóttir**
**Rúnar Guðjónsson** — **Ágústa Einarsdóttir**
**Hugrún Guðjónsdóttir** — **Pálmi Jónsson**
**Kristín Guðjónsdóttir** — **Guðmundur Smári Guðnason**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Rögnvaldsdóttir**

áður til heimilis að Skálarhlíð,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar mánudaginn 29. nóvember, verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 11. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélagið Von.

**Guðbjörg Baldursdóttir** — **Sveinbjörn Vigfússon**
**Bryndís Baldursdóttir** — **Gunnar Steinþórsson**
**Guðrún Baldursdóttir** — **Viktor Ægisson**
**Ólafur Baldursson** — **Margrét Jónasdóttir**
**Brynhildur Baldursdóttir** — **Jóhann Ottesen**
**ömmubörn og langömmubörn**



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Benediktsdóttir,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 4. desember sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju í dag, föstudaginn 10. desember kl. 13.00.

**Birgir Guðjónsson** — **Sigþrúður Guðmundsdóttir**
**Sonja S. Guðjónsdóttir** — **Birgir Guðlaugsson**
**Arnar Birgisson** — **Kirstine Nellemann Jensen**
**Steinar Birgisson** — **Snæfríður D. Björgvinsdóttir**
**Grétar Birgisson**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




*Einlægar þakkir til allra er sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Margrétar J. Hallsdóttur**

Lýsuhóli, Tjarnarbóli 14.

Sérstakar þakkir fyrir þá alúð sem hún fékk á 13E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Guðmundur Kristjánsson**
**Ásdís Edda Ásgeirsdóttir** — **Andrés Helgason**
**Hafdís Halla Ásgeirsdóttir** — **Þórkell Geir Högnason**
**Jóhanna Bára Ásgeirsdóttir** — **Agnar Gestsson**
**og fjölskyldur þeirra**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Emilía Þórðardóttir**

frá Grund á Akranesi, Háabergi 35, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 8. desember.

**Pálína Pálsdóttir** — **Jóhannes Einarsson**
**Ragnheiður Pálsdóttir** — **Þorsteinn Auðunn Pétursson**
**Ólafur Ragnar Pálsson** — **Þorbjörg Þórisdóttir**
**Þórður Pálsson** — **Þorbjörg Guðbrandsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Bróðir okkar og mágur,*

**Ólafur Ágústsson**

Skaftahlíð 13, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörkinni, Suðurlandsbraut 66, þriðjudaginn 7. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Erla Eyjólfsdóttir**
**Loftur Andri Ágústsson** — **Kristjana Petrína Jensdóttir**
**Ingibjörg Ágústsdóttir** — **Árni Sigurjónsson**
**Svanhildur Ágústsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar föðursystur okkar*

**Hallberu Guðnadóttur**

Miklubraut 42 Reykjavík.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Hallbera Eiríksdóttir**
**Guðni Eiríksson**
**Tryggvi Karl Eiríksson**



*Elskulegur faðir minn, sonur, bróðir og mágur,*

**Einar Björgvinsson**

sem lést að kvöldi miðvikudagsins 29. nóvember, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju, föstudaginn 10. desember kl. 11.

**Þórey Rósa Einarsdóttir**
**Rósa Gísladóttir**
**Fjóla Margrét Björgvinsdóttir** — **Ólafur Árnason**
**Kristborg Björgvinsdóttir**
**Sigurður Óskar Björgvinsson** — **Sigríður Björk Þórðardóttir**





**STÖÐUGUR LÍNUDANS** Reynir ásamt syni sínum og samritstjóra Jóni Trausta og Heiðu Heiðarsdóttur, markaðs- og sölustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DV: FAGNAR 100 ÁRA ÚTGÁFUSÖGU

# Á réttu spori

DV efnir til hátíðarhalda á morgun í tilefni þess að á þriðjudag verður öld frá því að fyrsta eintakið í útgáfusögu DV, Dagblaðsins-Vísis, kom út. Einar Gunnarsson var stofnandi, eigandi og fyrsti ritstjóri Vísis en með útgáfu þess vildi hann sjá hvort grundvöllur væri fyrir útgáfu á óháðu fréttablaði á Íslandi. Hann reyndist vera fyrir hendi og segir núverandi ritstjóri, Reynir Traustason, að þótt árin séu nú orðin hundrað sé blaðið í megindráttum trútt uppruna sínum.

„Tilgangur blaðsins var og er að flytja fréttir og við sem að því stöndum trúum á það sem við erum að gera og teljum að blaðið sé á réttu spori; þetta er götublað sem heldur sig við staðreyndir og er ekki að niðurlægja fólk," bendir Reynir á en bætir við að þó hafi nokkrum sinnum verið farið út af sporinu gegnum árin. „Auðvitað hafa mistök verið gerð. Í eina tíð hallaði ritstjórnin sér til dæmis of nálægt valdinu í landinu, þegar örstutt var frá Valhöll yfir á ritstjórnina, en við megum auðvitað aldrei vera málpípur tiltekinna stjórnmálaflokka. Hin tilraunin sem mistókst var þegar DV ætlaði að líkja eftir The Sun en hún leiddi í ljós að íslenskt samfélag þolir ekki þannig miðil. Menn voru allt of harðir, en það er í lagi að vera harður ef maður gætir líka kurteisi."

Reynir hefur ritstýrt DV síðustu þrjú ár og verið viðloðandi fyrirtækið frá því snemma á níunda áratugnum þegar hann var fréttaritari á Flateyri. Beðinn um að rifja upp eftirminnileg atvik í sögu fyrirtækisins minnist hann sameiningar Dagblaðsins og Vísis árið 1981. „Fram að því, um miðjan áttunda áratuginn, var blómaskeið í sögu fjölmiðla á Íslandi, vegna mikillar samkeppni milli blaðanna. Svo kom í ljós að ekki var pláss á markaði fyrir tvö blöð af sama toga og því var ákveðið að sameina þau. Blöðin voru þá á sömu hæð í Síðumúla og það var tilfinningaþrungið þegar brotið var á milli."

Reynir segir að eitt af viðloðandi einkennum blaðsins hafi verið að taka á málum sem aðrir miðlar veigri sér við að fjalla um. „Ég get nefnt mál sem standa mér nær í tíma, mál Árna Johnsen og Ólafs Skúlasonar biskups og Ísafjarðarmálið. Öll hafa þau valdið usla og sum orðið til þess að blaðið fékk almenning upp á móti sér. Það síðastnefnda leiddi til dæmis til þess að ritstjórarnir létu af störfum og Dagblaðið varð að vikublaði. Svo hefur komið á daginn að blaðið hafði á réttu að standa. Nú er almennt viðurkennt að konurnar í biskupsmálinu höfðu rétt fyrir sér og eins fengu fórnarlömbin í Ísafjarðarmálinu hæstu mögulegu bætur gegnum bótasjóð; sú frétt var rétt þótt framsetningin hafi verið ósmekkleg," útskýrir hann og segir útgáfu miðils eins og DV því vera stöðugan línudans. „Maður verður bara að passa sig að detta ekki," segir hann og getur þess að af sömu sökum sé gott að starfa á DV. „Það veitir meira svigrúm en tíðkast á fjölmiðlum hér."

Blaðið er nú komið aftur í miðbæinn í húsnæði við Tryggvagötu en skammt frá, á Ingólfstorgi, hefst afmælisveislan á morgun klukkan 15. Fjöldi skemmtikrafta kemur, þar á meðal Bubbi Morthens sem Reynir er ánægður með. „Það markar ákveðin tímamót að hann komi fram í okkar nafni, því hann hefur átt í erfiðu sambandi við blaðið," segir hann. „Svona kannski eins og þjóðin, sem hefur átt í eins konar ástarhaturssambandi við okkur í gegnum árin." roald@frettabladid.is



*Ömmusystir okkar,*

**Aðalheiður Sigurðardóttir**

Skólastíg 14a, Stykkishólmi,

lést á St Franciskusspítalanum í Stykkishólmi 1. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju 14. desember kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju í Heimahorninu, sími 438 1110.

**Jófríður Sveinbjörnsdóttir**
**Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir**
**Stefán Þór Sveinbjörnsson**

markhonnun.is

# nettó
*gleðjumst saman um jólin*




HREINSUN
Sofi Oksanen
**3.569kr**






FURÐUSTRANDIR
Arnaldur Indriðason
**3.414kr**



MÉR ER SKEMMT
Einar Kárason
**3.812kr**




MORGUNENGILL
Árni Þórarinsson
**3.699kr**




POPPKORN
Sigurgeir Sigurjónsson
Einar Kárason
**4.893kr**




Á VALDI ÖRLAGANNA
Þórunn Sigurðardóttir
**4.073kr**




ALVARA LEIKSINS
Þórunn Sigurðardóttir
**3.953kr**




10.10.10 LOGI GEIRSSON
Henry Birgir Ólafsson
**3.953kr**




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA




ERTU GUÐ, AFI?
Þorgrímur Þráinsson
**2.399kr**




NORNIN OG GAUKSKL.
Gunnar Helgason og
Björgvin Franz
**2.539kr**




ÞOKAN
Þorgrímur Þráinsson
**2.474kr**




ARTEMIS FOWL
Atlantisduldin
**2.960kr**

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **10. – 12.** DESEMBER

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eigi, **6.** tímaeining, **8.** frostskemmd, **9.** meðal, **11.** tveir eins, **12.** rabb, **14.** sykurlögur, **16.** í röð, **17.** knæpa, **18.** tál, **20.** frá, **21.** spil.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** karlkyn, **4.** sterkt lyktarefni, **5.** angan, **7.** heimilistæki, **10.** leyfi, **13.** rölt, **15.** kirkjuleiðtogi, **16.** verkur, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ekki, **6.** ár, **8.** kal, **9.** lyf, **11.** mm, **12.** skraf, **14.** síróp, **16.** tu, **17.** krá, **18.** agn, **20.** af, **21.** kani.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** kk, **4.** kamfóra, **5.** ilm, **7.** ryksuga, **10.** frí, **13.** ark, **15.** páfi, **16.** tak, **19.** nn.


Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



FARIÐ HEFUR FÉ BETRA
ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR TEKUR AUKNU TESTÓSTERÓNI OPNUM ÖRMUM.



Meðal annars efnis:

HNYTTNIR ORÐALEIKIR OG PLOTTKVÍÐI
BESTU OG VERSTU BÓKATITLARNIR AÐ MATI ÁLITSGJAFA

GLEYMDU FÓLKINU
STJÓRNMÁLAFLOKKARNIR SKOÐA HVAÐ KLIKKAÐI.

MANNRÉTTINDAMÁL SEM GLEYMIST
AÐGENGISMÁL FATLAÐRA HAFA VERIÐ AFSKIPT.

JÓLASVEINARNIR SEM URÐU ÚTUNDAN
HALLDÓR BALDURSSON TEIKNAR GLEYMDU BRÆÐUR JÓLASVEINANNA ÞRETTÁN.





# Desibeladurgur

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur



Jólasveinar koma til byggða um helgina. Svona opinberlega.

**ÓOPINBERLEGA** eru þeir búnir að vera á stjái síðan einhvern tíma í nóvember til að sjá aðra og sýna sig, einkum þó börnum við ýmis tækifæri. Jólasveinar tilheyra aðventunni, jólaundirbúningnum og ballinu. Ekkert jólaball er með jólaböllum án þess að þar sé að minnsta kosti einn jólasveinn sem dansar með börnunum kringum jólatréð, syngur vitlausa texta, dettur á rassinn og gefur stundum sælgæti eða smágjöf.

**JÓLASVEINNINN** kemur samt ekki á jólaballið af sjálfsdáðum. Hann þarf að dekstra og lokka til að láta sjá sig og kalla þarf á hann eins og hvern annan kött. Og þá dugar ekkert minna en að öll börnin á svæðinu öskri úr sér lungun. Og raddböndin. Stjórnendur jólaballsins hvetja börn, sem fyrri hluta jólaballsins hafa haldist í hendur og dansað prúð og stillt kringum einiberjarunninn, til að hefja upp viðkvæmar barnsraddirnar og garga eins hátt og þau mega aldrei nokkurs staðar og nokkurn tíma gera fyrr eða síðar á árinu.

**JÓLASVEINAR** eru greinilega heyrnardaufir. Það þarf yfirleitt að öskra á þá svona fjórum-fimm sinnum til að þeir láti sjá sig. Kannski standa þeir fyrir utan með desibelamæla og neita að fara inn fyrr en hávaðinn er orðinn þeim sæmandi. Kannski er í samningum Jólasveinafélagsins og Ríkisins að þeir eigi heimtingu á ákveðnum hávaða í desembermánuði ár hvert.

**ÉG** veit það ekki. Eins og gildir um svo margt annað þá er jólasveinum hvorki beint til mín né gegn mér. Ég er einfaldlega ekki í markhópnum og má þess vegna ekki vera með nein leiðindi út í þá. En ég man að þegar ég var lítil var mér nákvæmlega eins innanbrjóst og núna. Ég var hrædd við jólasveina, kveið fyrir hávaðanum og vildi helst fara heim af ballinu áður en þeir komu.

**ÞAÐ** sem ég velti fyrir mér er því þetta: eru jólasveinar og hávaði óaðskiljanleg eind þar sem hvorugt þrífst án hins? Er allt þetta með bjúgun, hurðirnar, kertin og ketið bara yfirskyn fyrir geimverur sem lifa á desibelum sem helst þarf að mynda með grönnum og viðkvæmum raddböndum? Eru háværbarnaóp ómissandi hluti af jólunum?

**ÉG** er ekkert sannfærð um að það þurfi endilega að leggja jólaböll undir öskur. Ég held að börnum líði ekkert betur þó þau fái að öskra haftalítið nokkrum sinnum á ári. Og þrátt fyrir allt hef ég þá bjargföstu barnatrú að jólasveinar hafi ýmislegt annað fram að færa.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM




### FARTÖLVA

**Acer Aspire 5736Z-453G32MN**
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 15.6" WideScreen WXGA LED skjár
- DVD og CD skrifari
- Acer Orbicam 1.3MP vefmyndavél
- Intel GMA X4500 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

intel Pentium

**99.990**

PHILIPS | O'NEILL

### HEYRNARTÓL

**Philips SHO9560**
The Stretch O´Neill heyrnartól. Nánast óbrjótanleg. 5 stjörnu þægindi. Með Dynamic 40mm hátölurum, djúpum bassa, Neodymium, 12Hz - 24kHz, 32 Ohm, 105dB næmni, 24k gulltengi og Cable stress relief tengi. Vafinn slitsterkur 1.2m OFC kapall.



**19.990**

### MP3 SPILARI



**Intenso MusicWaver 2GB**
2GB MP3 spilari með diktafóni, tónjafnara, OLED skjá, útvarpi með minni, USB 2.0, hleðsluraflhlöðu með allt að 12 tíma afspilun. Spilar MP3, WMA og ASF.

INTENSO **7.990**

### MYNDA RAMMI



**Philips SPF1208**
Stafrænn 8" LCD myndarammi með 512MB minni, 800 x 600p upplausn, 500:1 skerpu, 512MB minni fyrir allt að 500 myndir. Spilar JPEG og myndir beint af USB 2.0 eða minniskortum. Klukka, skyggnusýning og vafri.

PHILIPS **22.990**

### MYNDA VÉL



**Panasonic DMC F4**
Með 12,1 milljón punkta uppl., LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.0 - 20.0mm linsu, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni, kortarauf ofl.

Panasonic **19.990**




H.264

### SJÓNVARPS FLAKKARI

**United HD MMP 9590**
Margmiðlunarspilari fyrir innbyggðan 3,5" harðan disk. Spilar HD H.264 MKV, DTS og Dolby Digital True HD skrár. HDMI, Composite og Optical tengi. USB tengi fyrir minnislykla og innbyggður SD/MMC kortalesari. HDMI kapall fylgir og fullkomin fjarstýring.

UNITED **19.990**

1.5TB




### SJÓNVARPSFLAKKARI

**United HD MMP 9530 1.5TB**
Margmiðlunarspilari með innbyggðum 1.5TB hörðum disk, HDMI, Composite, Optical tengi og USB tengi fyrir minnislykla, SD/MMC kortalesara og fullkominni fjarstýringu.

UNITED **27.990**

H.264



### HÁSKERPU SJÓNVARPSFLAKKARI

**DViCO TViX S-1**
Margmiðlunarspilari fyrir innbyggðan 3,5" harðan disk. Spilar HD H.264 MKV, DTS og Dolby Digital True HD skrár. True cinema frame-rate (23.976Hz) og cover-art viðmót. HDMI, Composite, Component, Optical og Coax tengi. Nettengjanlegur, eSATA og tvö USB tengi fyrir minnislykla eða flakkara. Vefútvarp, BitTorrent og RSS. Fullkomin fjarstýring.

TViX **34.990**

1.5TB

### 1.5 TB FLAKKARI



**WD Elements 1.5TB**
1.5 TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

WD **16.990**

### MYNDA SKANNI



**Epson V330**
Einfaldur og góður A4 filmu- og myndaskanni með 4800 x 9600dpi upplausn, 48-bita litadýpt, 3,2 DMax og USB 2. Virkar með Windows og Mac.

EPSON **19.990**

### FJÖL-NOTA TÆKI



**Epson SX218**
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og skannar í 1200 x 2400. Með LCD skjá, kortalesara og USB. Virkar með Windows og Mac.

EPSON **12.990**

**Slingbox SOLO**
Tengist við afruglarann eða sjónvarpið þitt og sendir útsendinguna í tölvur, farsíma og önnur tæki yfir netið.

slingbox



### SJÓNVARPSSENDIR

**16.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

**Í MINNINGU KVARAN** Listasafn Íslands efnir til tónleika í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Karls Kvaran á sunnudag. Á tónleikunum verður meðal annars flutt verkið Offerto eftir Hafliða Hallgrímsson sem tileinkað er Karli Kvaran en einnig verða leikin verk eftir Erwin Schulhoff og Zoltán Kodály. Tónleikarnir hefjast klukkan 14.

# Orðin eru lífsbjörg

Bækur ★★★★

**Skáldsaga um Jón**
Ófeigur Sigurðsson

Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma er fullt heiti skáldsögu Ófeigs Sigurðssonar um einn vetur í lífi Jóns Steingrímssonar sem sagan hefur gefið viðurnefnið eldklerkur. Það er leitun að jafn nákvæmri innihaldslýsingu í heiti skáldsagna nú á tímum, en var hins vegar alsiða á tímum Jóns eldklerks að heiti rita væru skilmerkileg og lýstu innihaldinu. Og sagan segir sem sagt frá veru Jóns í helli við Reynisfjöru, ásamt bróður sínum og vinnumanni þeirra, veturinn 1755 til 1756.

Sagan er skáldsaga en byggir á raunverulegum atburðum og inn í hana fléttast það sem hæst bar á Íslandi þennan vetur. Kötlugos, Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson og náttúrurannsóknir þeirra, Skúli fógeti og fleiri raunverulegar persónur og atburðir leika stór hlutverk í sögunni ásamt Jóni, Þorsteini bróður hans og í fjarlægðinni Þórunni konu hans.

Sagan er í formi bréfa sem Jón ritar Þórunni, þar sem hann fer um víðan völl, fram og til baka í tíma og rúmi, lýsir náttúruhamförunum, heimsóknunum, læknisaðgerðum og þýðingavandræðum og rifjar upp kynni þeirra og sögu sína allt aftur í frumbernsku. Allt á þetta sér stoð í skráðum heimildum, en Ófeigur nýtir sér bréfaformið til að koma að draumum, hugrenningum, sjálfsásökunum, þunglyndi og reiði Jóns, sem skráði sjálfur ekkert um þennan vetur í hellinum.

Þessi blanda staðreynda og skáldskapar gengur fullkomlega upp og þótt lesandinn staldri við á köflum og velti því fyrir sér hvað sé nú satt og hvað logið í sögunni, þá skiptir það ekki nokkru máli þegar upp er staðið. Stíllinn er meistaralegur og hrífur lesandann með sér inn í þennan þrönga heim sem þó spannar allan geiminn og skírskotar meira en lítið til samtímans. Hér verða náttúruhamfarir sem rústa samfélögum hinn 11. september, Skúli landfógeti ber að sumu leyti svipmót útrásarvíkinga, Eggert og Bjarni voru kannski forverar Íslenskrar erfðagreiningar og Kötlugosið fyrirmynd gossins í Eyjafjallajökli. Svona má endalaust tengja saman þátíð sögunnar og nútíðina en þungamiðja sögunnar eru þó persónurnar sem spretta ljóslifandi upp af síðunum, einkum Jón sjálfur og það fer ekki hjá því að hann veki bæði væntumþykju og virðingu svo breyskur og mannlegur sem hann er, en þó um leið óbugandi.

Það markverðasta við þessa skáldsögu er þó textinn sjálfur; að hálfu forn, að hálfu nýr, fljótandi eins og hraun og undir kraumar eldur. Ótrúlega hnyttinn, stundum bráðfyndinn, á köflum ljóðrænn og alltaf tær, alltaf ferskur, sannkölluð lestrarupplifun.

Friðrika Benónýsdóttir



**ÓFEIGUR SIGURÐSSON** Það markverðasta við þessa skáldsögu er textinn; að hálfu forn, að hálfu nýr, segir í dómnum.




**Niðurstaða:** Listilega saminn texti í fantavel byggðri sögu sem speglar veruleikann bæði þá og nú. Tvímælalaust ein besta skáldsaga ársins.

# MYNDIR HANDA MÚM

**Systurnar Ingibjörg og Lilja Birgisdætur opna sýninguna á vídeóverkum sem þær unnu fyrir hljómsveitina múm í gallerí Kling & Bang í kvöld. múm heldur sína fyrstu hreinræktuðu raftónleika hér á landi um árabil í tilefni sýningarinnar.**

Sýning Lilju og Ingibjargar ber heitið „The Last Shapes of Never" og samanstendur af safni vídeóverka sem þær systur unnu fyrir viðhafnartónleika múm í Kraká í Póllandi í september síðastliðnum.

„Eftir tónleikana fórum við að hugsa að það væri gaman að setja þessi verk upp í galleríi," segir Lilka. Á tónleikunum voru verkin notuð til að styðja tónlistina en á sýningunni í Kling & Bang verður því öfugt farið, þar sem tónlistin verður notuð til að styðja við vídeóverkin.

„Þetta verða ekki hefðbundnir tónleikar að því leyti að múm leikur tónlistina hálfpartinn af fingrum fram. Hugmyndin er sú að það verði eins konar sambræðingur milli listgreina," segir Lilja og lofar miklu stuði á tónleikunum á opnuninni í kvöld.

Lilja og Ingibjörg eru báðar myndlistarmenntaðar en hafa unnið mikið með tónlistarmönnum, til dæmis hannað plötuumslög fyrir tónlistarmenn á borð Amiinu, Seaber sem og umslagið og myndskreytingar á sólóplötu Jónsa bróður þeirra, Go. Lilja segir það hafa verið ósjálfráð þróun að þær fóru að vinna mikið með tónlistarmönnum.

„Jónsi er bróðir okkar og Sindri í Seabear er maðurinn hennar Ingibjargar. Við eigum því marga vini og kunningja í þessari kreðsu. Þetta var nokkuð náttúruleg þróun."

Hún segir það að mörgu leyti heppilegri leið fyrir listamenn að koma sér á framfæri í gegnum tónlistartengda miðla og afurðir en hefðbundin listasöfn og gallerí.

„Myndlist er orðin dálítið óaðgengileg. Með því að hanna plötuumslög erum við að búa til listaverk sem fara beint í hendurnar á fólki. Vandað umslag gerir plötuna eða diskinn að eigulegri grip, sem fólk er frekar reiðubúið til að kaupa í staðinn fyrir að sækja tónlistina beint á netið.

Við höfum líka fengið góð viðbrögð við verkum okkar erlendis, sem helst kannski í hendur við hvað íslensk tónlist er orðin útbreidd."

Sýningin Lilju og Ingibjargar stendur aðeins yfir þessa helgi. Hún verður opnuð klukkan 20 í kvöld og er öllum opin.

bergsteinn@frettabladid.is




**INGIBJÖRG OG LILJA** Systurnar hafa hannað umslög fyrir tónlistarmenn á borð við Amiinu, Seabear og Jónsa í Sigur Rós. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM



**ÚR VÍDEÓVERKINU** Vídeóverkin voru sýnd á viðhafnartónleikum múm í Kraká í haust.






# Við sendum pakkann frítt!

**Við aðstoðum við valið, pökkum inn og sendum pakkann þér að kostnaðarlausu innanlands!**



**2.159,-**

Verð: ~~2.699,-~~




**2.239,-**

Verð: ~~2.799,-~~




**2.399,-**

Verð: ~~2.999,-~~




**2.239,-**

Verð: ~~2.799,-~~




**1.759,-**

Verð: ~~2.199,-~~



**2.079,-**

Verð: ~~2.599,-~~




**1.899,-**

Verð: ~~2.399,-~~




**2.239,-**

Verð: ~~2.799,-~~



**2.079,-**

Verð: ~~2.599,-~~




**1.999,-**

Verð: ~~2.499,-~~




**2.119,-**

Verð: ~~2.499,-~~




**6.459,-**

Verð: ~~7.599,-~~

**Frábært úrval af íslenskri tónlist!**

*Verð gilda til og með 14. desember 2010*

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Bækur ★★★

**Takk útrásarvíkingar**
Lára Björg Björnsdóttir

## Hnyttin þjóðfélagsrýni

Lára Björg Björnsdóttur hefur vakið athygli fyrir pistla með sérstæðum ritstíl og kaldhæðnum tón. Á skömmum tíma hefur henni tekist að verða einn af vinsælustu pennunum á netinu. Hver pistill hennar fær hundruð „læka“ og lesendur keppast við að deila pistlunum á samskiptamiðlum. Það kemur því ekki á óvart að hún þreifi fyrir sér utan netsins og gefi út þessa fyrstu bók sína, sem hún nefnir Takk útrásarvíkingar. Frasi sem á vel við í íslensku samfélagi í dag. Blórabögglar við hæfi, að minnsta kosti að mati Láru Bjargar.




Aðalpersóna bókarinnar er Lára Björg sjálf. Við fáum innsýn í atburði og áföll í hennar lífi, allt frá æskuárum til efnahagshruns. Hrunið er reyndar alltumlykjandi, bókin hefst til dæmis á mjög skemmtilegum kafla þar sem Lára, þá starfsmaður Landsbankans, er skyndilega umkringd víkingasveitinni sem mætt er í bankann til að vernda starfsmenn fyrir aðsteðjandi hættu. Vinkonur Láru og fjölskylda eru gildar persónur í bókinni, ekki síst hinn fyndni og ofverndandi pabbi hennar sem hringir sífellt í hana, til dæmis til að vara hana við hálku í tilteknum hverfum.

Lára Björg beitir fyrir sig sjálfshæðni og íróníu. Með því að beina spjótunum að sjálfri sér fær Lára Björg um leið skotleyfi á allt sitt umhverfi og lýsir því oft á óborganlega fyndinn og ýktan hátt. Stíllinn er nútímalegur með löngum setningum, mörgum lýsingarorðum og ýmiss konar innskotum, oft hálfgert talmál á köflum. En það virkar og í raun merkilegt að þetta skuli vera fyrsta bók höfundar miðað við hversu afgerandi stíll hennar er orðinn. Reyndar er stíllinn á köflum svo afgerandi að hætt er við að hann verði þreytandi til lengdar og því hyggilegt að hafa bókina ekki lengri.

Takk útrásarvíkingar er hressileg bók, skemmtileg og oft ótrúlega fyndin. En hún verður samt ekki afgreidd sem hreinræktuð afþreyingarbók, þetta er líka ákveðin heimild um þann glundroða sem varð í íslensku samfélagi á árinu 2008. Hún segir frá viðbrögðum einstæðrar móður við efnahagshruninu og kreppunni í gamansömum stíl. Undir niðri blundar alvara og sú mynd sem hér fæst af mannlífinu á þessum merkilegu tímum segir sína sögu.

**Álfrún Pálsdóttir**

**Niðurstaða:** Hnyttin og kaldhæðin þjóðfélagsrýni þar sem margir munu sjá sjálfum sig bregða fyrir. Fín frumraun.

# Af stangarstökki og mögnuðum seið




Tónlist ★

**Il grande tenore**
Kristján Jóhannsson

## Íþrótt, ekki músík

Kristján Jóhannsson náði á sínum tíma eftirtektarverðum árangri á erlendri grund. Það komast ekki allir söngvarar á sviðið í Metropolitan-óperunni. Hann er kraftmikill og sviðið fer honum vel. Hann á greinilegt auðvelt með að koma fram.

Gallinn við Kristján er að hann er ekki sérlega músíkalskur. Hann hefur litla tilfinningu fyrir hinu óáþreifanlega í tónlistinni, skáldskapnum og fegurðinni. Röddin er (eða var) flott en það er ekki nóg. Dýptina í túlkunina vantar allt of oft. Kristján syngur flest eins. Hann líkist leikara sem hefur bara tvenn svipbrigði. Hápunktarnir í aríunum eru ekki hámark tilfinningaólgu sem hrífur hlustandann. Þeir eru bara íþróttaafrek, stangarstökk, vítaspyrna. Ekki músík.

Þetta kemur berlega í ljós á nýútkominni þrefaldri geislaplötu. Fyrstu upptökurnar eru frá 1970, þær síðustu frá því í ár. Kristján er magnaðastur í litlum lögum þar sem hann má ekki þenja sig. Þau koma mörg vel út. Óperuaríurnar eru hins vegar sjaldnast spennandi í meðförum hans. Á köflum eru þær bara samansafn af klisjum.

Tónlistarsögulega séð er þetta ágæt útgáfa. Hún gefur góða mynd af Kristjáni á mismunandi skeiðum. En fyrir þá sem unna tónlist og vilja hlusta á alvöru túlkun og alvöru list er best að leita á önnur mið.

**Niðurstaða:** Fremur klisjukennd og einhæf túlkun er allt of algeng í söng Kristjáns Jóhannssonar.




Tónlist ★★★★

**Sálmar tímans**
Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson

## Vertu, Guð faðir …

Einn mergjaðasti sálmur sem við eigum er Vertu, Guð faðir, faðir minn eftir Jón Leifs. Það er einföld tónsmíð, laglínan leitar stöðugt upp, en undir niðri liggur sami hljómurinn. Einfaldleikinn skapar seið sem erfitt er að lýsa.

Í Sálmum tímans, geislaplötu Sigurðar Flosasonar saxófónleikara og Gunnars Gunnarssonar organista er þetta lag sett í djassbúning. Laghendingar Jóns taka á sig frjálslegt yfirbragð. Svo koma impróvíseraðar tónahendingar organista og saxófónleikara sem eru óvæntar, en áleitnar. Þær eru merkilega eðlileg viðbót við frumverkið. Útkoman er sannfærandi, heildstæð og umfram allt mögnuð.

Svipaða sögu er að segja um annað á plötunni. Þarna er hver fagur sálmurinn á fætur öðrum. Saxófónleikurinn er hástemmdur, blátt áfram og einlægur. Þegar Sigurður leikur af fingrum fram er það svo eðlilegt og fallegt að maður veit ekki hvar sálmurinn endar og impróvisasjónin tekur við. Sömu sögu er að segja um orgelleikinn. Hann einkennist af smekkvísi og frábæru raddvali. Óhætt er að mæla með þessari plötu.

**Niðurstaða:** Tilfinningarík og skemmtileg túlkun á nokkrum fegurstu sálmum íslenskra tónbókmennta.



Tónlist ★★

**Ideale**
Gissur Páll Gissurarson

## Blóðlaus guðfaðir

Gissur Páll Gissurarson tenór hefur vakið verðskuldaða athygli á undanförnum árum. Rödd hans er fallega mjúk og ég hef oft heyrt hann syngja af sannri tilfinningu og listrænni innsýn.

Geislaplata sem inniheldur ítölsk lög – og líka íslensk – kemur því á óvart. Greinilegt er að hún hefur verið gerð af metnaði. Heil hljómsveit spilar með Gissuri, ekki bara ein undirleikaralufsa. En það dugir ekki alltaf. Gissur syngur fallega og af réttu tilfinningunni, en vandar sig of mikið. Það er of mikil skynsemi í söng hans.

Á diskinum er að finna lagið fræga eftir Nino Rota úr Guðföðurnum. Af hverju syngur Gissur það á íslensku? Það er svo miklu flottara með ítölskum texta. Kannski er það ósanngjarnt, en maður freistast til að bera Gissur saman við tenórinn Roberto Alagna, sem líka hefur sungið þetta lag. Alagna er af sikileyskum ættum, og það er blóðhiti í túlkun hans. Gissur virðist hins vegar ekki trúa almennilega á það sem hann er að gera. Fullmikil endurómun í upptökunni gerir lagið enn undarlegra. Svipaða sögu er að segja um annað á plötunni.

Þetta er synd, því ég held að Gissur sé í rauninni frábær tónlistarmaður. Greinilegt er að listræn stjórn útgáfunnar hefði þurft að vera betri.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Gissur Páll Gissurarson syngur fallega, en mætti vera frjálslegri og ástríðufyllri.





















## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 10. desember**

### Dansleikir

**23.00** Hljómsveitin **Sixties** verður með dansleik á **Gallery - Bar 46** að Hverfisgötu 46 í kvöld. Dansleikurinn hefst kl. 23 og kostar 1.000 krónur inn.

### Tónleikar

**12.15** **Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur** efna til hádegistónelika á Kjarvalsstöðum kl. 12.15 í dag undir yfirskriftinni Glettur með Tríói Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**20.00** Í tilefni af útgáfu plötunnar **Fúsi Halldórs – vinsælustu lögin** verða haldnir tónleikar í Salnum, Kópavogi, þar sem landsþekktir listamenn túlka lög **Sigfúsar Halldórssonar.** Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðasala á salurinn.is.

**20.30** Í **Landsnámssetrinu** verða haldnir jólatónleikar með **Melchior** í kvöld kl. 20.30. Sérstakur heiðursgestur á tónleikunum verður Ólafur Flosason.

**21.00** Hljómsveitirnar **gímaldin** og félagar auk **Saytan** spila á tónleikum á skemmtistaðnum **Bakkus** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og aðgangseyrir enginn.

**22.00** Hljómsveitirnar **Myrká** og **Porquesi** spila á tónleikum á **Sódóma Reykjavík,** að Tryggvagötu 22, í kvöld. Húsið opnað kl. 22 og 1.000 króna aðgangseyrir. 18 ára aldurstakmark.

**22.00** Hljómsveitin **Dikta** verður með tónleika á **Græna hattinum,** Akureyri, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er forsala í verslun Eymundsson.



**22.00** Í kvöld efnir Record Records til tónleika á **Faktorý** þar sem fram koma hljómsveitirnar **Ensími, Bloodgroup, Of Monsters and Men og Sing for me Sandra.** Húsið opnar kl. 22 og er 1000 króna aðgangseyrir. Forsala er á www.midi.is.

### Málþing



**20.00** Stofnun **Vigdísar Finnbogadóttur** í erlendum tungumálum til málþings um **Albert Camus** undir yfirskriftinni „Fjögur högg á dyr ógæfunnar“. Málþingið verður haldið í sal **Þjóðminjasafnsins** frá kl. 14 - 16.

### Forsýning

**20.30** Frumsýning á dansleikhúsgjörningi fjöllistahópsins **Skyr Lee Bob, Square Wunder Globe** verður í kvöld í **Gerðasafni** í Kópavogi. Sýningin hefst kl. 20.30. Miðaverð er 2.000 krónur og eru miðar seldir við inngang.

### Söngur

**14.00** **Gleðigjafarnir í Gullsmára** koma saman og syngja í félagsheimilinu **Gullsmára 13,** Kópavogi, í dag kl. 14. Sturla Guðbjarnason stjórnar og harmonikkuleikararnir Guðni, Sigurður og Guðlaugur leika undir söng. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Fegurðin býr í bókum

★★★★★

„Það er hrein unun að lesa þessa bók.“

*Ingi F. Vilhjálmsson / DV*




1. prentun uppseld
2. prentun væntanleg

**Sögustaðir**
Einar Falur Ingólfsson




**Veiðimenn norðursins**
Ragnar Axelsson

★★★★★

„Fyrir þá sem þora að viðurkenna að höfundurinn sé á meðal sárafárra raunverulegra snillinga á Íslandi er bókin skyldueign.“

*Sigtryggur Ari Jóhannesson / DV*

★★★★★

„Sleppir ekki lesandanum fyrr en síðustu blaðsíðunni hefur verið flett.“

*Matthías Árni Ingimarsson / Morgunblaðið*

**Áfram Afríka**
Páll Stefánsson

„Dásamlega falleg og heillandi bók, full af lífi og leik – og bjartsýni.“

*Egill Helgason / eyjan.is*

★★★★

„Myndir Páls eru svo sannarlega í heimsklassa.“

*Matthías Árni Ingimarsson / Morgunblaðið*




10% af andvirði bókarinnar rennur til byggingar sjúkrahúsa á Fílabeinsströndinni.

**Flora Islandica**
Teikningar – Eggert Pétursson | Texti – Ágúst H. Bjarnason



ADC*E
Silfurverðlaun
Bækur, bókverk og ársskýrslur 2009

THE CUP
Gullverðlaun
Best of Publications 2009

FÍT
Gullverðlaun
Grafísk hönnun fyrir prentmiðla 2009

**Birgir Andrésson**
**– Í íslenskum litum**
Þröstur Helgason

★★★★

„Af þeim bókum sem ég hef lesið í haust sækja orð og vangaveltur Birgis Andréssonar mest á mig.“

*Börkur Gunnarsson / Morgunblaðið*

★★★★

„Falleg bók um vænan dreng.“

*Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn*

★★★★

„Vináttu og fræðum fléttað listilega saman.“

*Ragna Sigurðardóttir / Fréttablaðið*






**Guðjón Ketilsson**
**1990–2010**

Listasafn ASÍ
Sýning ársins 2009
*Morgunblaðið*

CRYMOGEA

Crymogea | Barónsstíg 27 | 101 Reykjavík | sími 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

# Fólk

folk@frettabladid.is

**12** vikum eyddu Páll Óskar og Memfismafían á toppi Lagalistans með ofursmellinn Það geta ekki allir verið gordjöss. Lagalistinn tekur mið af hlustun á allar helstu útvarpsstöðvar landsins.



## Hlakkar til jólanna

Leikkonan Liv Tyler segir í viðtali við tímaritið People að hún hafi ekki gaman af því að fara á stefnumót. Leikkonan hefur verið á lausu frá því hún skildi við eiginmann sinn árið 2008.

„Ég hef í raun aldrei farið á stefnumót áður. Ég er ekki vel að mér í þeim efnum,“ sagði leikkonan, sem nýtur þess í stað að eyða tíma með sex ára gömlum syni sínum.

Tyler segist engu minna spennt fyrir jólunum en sonur hennar. „Ég er svolítið kjánaleg. Ég vakna ennþá klukkan sex að morgni jóladags og hleyp að jólatrénu. Alveg eins og barn.“


## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**„Grýla horfir alltaf á Jóa Fel“**

*Sunna úr leikritinu „Lápur, Skrápur og jólaskapið“ í viðtali.*

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



# Páll Óskar í dag!

## Í verslun Eymundsson í Smáralind kl. 17.00




Páll Óskar kemur í heimsókn í dag, tekur lagið og áritar nýju bókina sína ***Páll Óskar eftir Oddvar***. Bókin verður á tilboði með **20% afslætti** eða á ***1.992 kr.*** á meðan á kynningu stendur og lagið ***Gordjöss fylgir með á geisladiski.***

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*




**Á STÖÐUGUM FERÐALÖGUM** Helgi Hrafn er á leiðinni í tónleikaferð um Bretland og Bandaríkin með Tinu Dico. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í tónleikaferð með dönsku söngkonunni Tinu Dico

**Helgi Hrafn Jónsson er á leiðinni í tónleikaferð um Bretland og Bandaríkin með dönsku söngkonunni Tinu Dico. Þau spiluðu saman á tuttugu tónleikum í Danmörku fyrir skömmu.**

Tónlistarmaðurinn Helgi Hrafn Jónsson fer í mánaðarlanga tónleikaferð um Bretland og Bandaríkin í febrúar með dönsku söngkonunni Tinu Dico. Helgi er nýkominn heim úr tónleikaferð með henni um Danmörku þar sem þau spiluðu saman á tuttugu tónleikum.

„Hún er einn stærsti kvenlistamaðurinn í Danmörku þannig að þetta er frábær kynning fyrir mig,“ segir Helgi Hrafn, sem bæði hitar upp fyrir Dico og spilar undir hjá henni á tónleikum og syngur. „Þetta hefur verið alveg æðislegt og það hefur verið uppselt á hverja einustu tónleika.“

Helgi kynntist söngkonunni þegar hann var á tónleikaferð í Bandaríkjunum fyrir tveimur og hálfu ári með færeyska tónlistarmanninum Teiti. „Þau eru góðir vinir og hún var með okkur í nokkra daga í Ameríku og í Kanada. Ég kynntist henni þar og um sumarið bað hún mig um að syngja með sér dúett á plötu, sem var upphafið af okkar samstarfi. Það varð ekki aftur snúið eftir það,“ segir hann. „Tina er alveg frábær. Við syngjum mikið saman í prógramminu og raddirnar okkar blandast vel saman. Það er gaman að vinna með henni og þetta er mjög gefandi fyrir mig.“

Dico hefur enn ekki haldið tónleika hér á landi, þó svo að hún hafi komið hingað nokkrum sinnum, og Helgi Hrafn hefur sjálfur ekki spilað hér í langan tíma en vonast til að breyting verði á því á næsta ári.

Helgi, sem gaf út sína aðra sólóplötu í fyrra, hefur haft í nógu að snúast á þessu ári eins og undanfarin ár. Hann hefur spilað á um eitt hundrað tónleikum á árinu en er núna kominn heim í tveggja mánaða hlé frá tónleikahaldi sem er lengsti tíminn sem hann hefur dvalið samfleytt á Íslandi í ellefu ár. Hér heima hefur hann tekið upp og útsett tónlist fyrir listamenn á borð við Damien Rice, Tinu Dico, þýsku hljómsveitina Funkstörung og Þjóðverjann Philipp Poisel. Fyrir tveimur árum spilaði hann á básúnu með Sigur Rós á tónleikaferðalagi hennar um heiminn og hitaði einnig upp fyrir sveitina.

Fram undan hjá Helga eru upptökur á þriðju sólóplötunni, auk þess sem hann spilar með Dico í janúar á Eurosonic-bransahátíðinni. Þar koma einnig fram Dikta, Ólöf Arnalds, Who Knew, Endless Dark og Lára. Einnig eru sólótónleikar fyrirhugaðir í Danmörku, Berlín og í Austurríki í janúar áður hann heldur í enn eitt ævintýrið með Tinu Dico.

freyr@frettabladid.is

### TINA DICO

- Heitir réttu nafni Tina Dickow.
- Hóf feril sinn 1997, tvítug að aldri.
- Hefur gefið út sjö hljóðversplötur.
- Gerði útgáfusamning við Sony árið 2004.
- Söng tvö lög á plötu breska dúósins Zero 7, When It Falls.
- Samdi tónlistina við dönsku myndina Oldboys.
- Þrívegis kjörin söngkona ársins af tímaritinu Gaffa.



# Depp þakkar Brando fyrir ferilinn

Johnny Depp þakkar Marlon Brando fyrir góð ráð og að hafa raunar lagt grunninn að ferli hans, í viðtali við breska blaðið The Sun. Brando og Depp léku saman í tveimur myndum, Don Juan og The Brave, en það er fyrsta og eina kvikmyndin í fullri lengd sem Depp hefur leikstýrt. Þeir urðu miklir vinir og Brando leiddi hann í allan sannleika um hvernig væri best að ná árangri í Hollywood.

„Hann spurði mig hvað ég léki í mörgum myndum á ári. Og þá var ég að gera þrjár á hverju ári. Hann sagði að það væri of mikið, við ættum ekki svo mörg andlit í pokahorninu,“ segir Depp, sem hefur um árabil verið einn fremsti karlleikari kvikmyndaborgarinnar og um leið sá sérvitrasti, eins og Brando.

Depp segist einnig í viðtalinu ekki líta á sig sem stórstjörnu, hann geti ekki hugsað um sig sem slíka. Hann viðurkennir hins vegar að honum hafi gengið vel en um helgina verður kvikmyndin The Tourist frumsýnd þar sem Depp leikur á móti Angelinu Jolie. Miklar vonir eru bundnar við myndina enda ekki á hverjum degi sem slíkar stórstjörnur leiða hesta sína saman.

„Angelina er frábær og það er virkilega gaman að vinna með henni, hún er klár og hefur ákaflega skemmtilegan og skrítinn húmor,“ segir Depp um mótleikkonu sína.



**ÞAKKLÁTUR** Depp og Marlon Brando urðu miklir vinir þegar þeir léku saman í Don Juan og The Brave. Depp segir Brando hafa gefið sér bestu ráðin í kvikmyndabransanum.



40% AFSLÁTTUR

★★★★ DV

**Ég man þig**
Yrsa Sigurðardóttir

2. sæti á bóksölulistanum.
Skáldverk.
29.11 - 5.12.

**3.535 kr.**
Verð áður 5.890 kr.




YFIR 500 TITLAR AF BÓKUM

# Þú færð skemmtilegu bækurnar á bónusverði hjá okkur

★★★★ **Morgunblaðið**

**Stelpur**
Kristín Tómasdóttir
Þóra Tómasdóttir

1. sæti á bóksölulistanum.
Barna- og unglingabækur
29.11 - 5.12.

**2.995 kr.**
Verð áður 4.990 kr.




40% AFSLÁTTUR




37% AFSLÁTTUR

★★★★★ **Fréttablaðið**

**Svar við bréfi Helgu**
Bergsveinn Birgisson

4. sæti á bóksölulistanum.
Skáldverk
29.11. - 5.12.

**3.290 kr.**
Verð áður 5.280 kr.

**Verðið á þessum bókum gildir helgina 10. - 12. desember**

A4

Smáratorgi 1 Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

**Skrifstofa og skóli**

# Angelina Jolie vill vernda börnin

Leikkonan Angelina Jolie var gestur í spjallþætti Larry King fyrr í vikunni og ræddi þar um móðurhlutverkið og alla þá athygli sem fjölskyldan fær.

Börn Jolie og Brad Pitt eru oft mynduð þegar þau eru á ferð með foreldrum sínum og segist Jolie vonast eftir því að í framtíðinni verði reglur settar um hvort í lagi sé að mynda börn undir lögaldri.

„Ég vona að einhvers konar reglur eða lög verði sett um hversu nálæg börnum ljósmyndarar mega vera. Ég held að það eigi eftir að koma betur í ljós hversu óheilbrigt þetta er,“ sagði leikkonan. Hún segist reyna að halda börnum sínum fjarri sviðsljósinu en að það geti á stundum verið erfitt. „Við reynum að halda þeim úr sviðsljósinu en þegar það gerist þá reynum við að róa þau. Við segjum: „Engar áhyggjur, þessu fólki finnst bara afskaplega gaman að taka myndir.“ Það eina sem maður getur gert er að róa þau og brosa svo þeim líði ekki illa í þessum aðstæðum.“



**ÁSTRÍK MÓÐIR** Angelina Jolie vill halda börnum sínum fjarri sviðsljósinu. NORDICPHTOS/GETTY



Fatahönnuðurinn Roksanda Ilincic í hvítum kjól með blómabelti.



Hönnuðurinn Giles Deacon og stílistinn Katie Grand voru útpæld í klæðaburði þegar þau gengu rauða dregilinn. NORDICPHOTOS/GETTY



Victoria Beckham stal senunni í þessum svarta kjól úr sumarlínu fatamerkis síns.

# Glæsileg á tískuhátíð

**Það er óhætt að fullyrða að klæðnaður gesta á Bresku tískuverðlaununum hafi verið útpældur en verðlaunin fóru fram fyrr í vikunni. Bretland er löngum þekkt fyrir að vera framarlega á tískusviðinu og hefur getið af sér fjölmarga góða fatahönnuði. Fyrrverandi poppstjarnan og nú fatahönnuðurinn Victoria Beckham stal senunni þegar hún heiðraði samkomuna með nærveru sinni. Hún var tilnefnd fyrir fatamerki ársins en þurfti að lúta í lægri hlut fyrir Mulberry-tískuhúsinu sem bar sigur úr býtum þetta árið. Einnig var Lara Stone valin fyrirsæta ársins, Alexander McQueen fékk sérstök heiðursverðlaun og Alexa Chung fékk verðlaun fyrir einstaklega flottan fatastíl.**



Bianca Jagger var klædd í áberandi fallegan grænan kjól og sést hér ásamt Phoebe Philo, yfirhönnði Celine.



Fyrirsætan Claudia Schiffer var glæsileg í stuttum litríkum kjól við svartar sokkabuxur.



Daisy Lowe var töff í þessum síða svarta kjól.









Lifðu vel um jólin
Floridana Jólasafinn
er kominn í verslanir
Floridana
JÓLASAFI
Floridana

# BRAGI ER YOKO EN SIGRÚN ER LENNON

**Ljósmynd sem Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók af rithöfundunum og hjónunum Braga Ólafssyni og Sigrúnu Pálsdóttur svipar mjög til þekktrar myndar af John Lennon og Yoko Ono.**





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SVIPAÐAR MYNDIR**

Mynd Valgarðs af Braga og Sigrúnu svipar mjög til þekktrar ljósmyndar af John Lennon og Yoko Ono sem var tekin árið 1980.

„Ætli ég sé ekki hinn kvenlegi aðili í okkar sambandi, enda sér Sigrún um peningamálin," segir rithöfundurinn Bragi Ólafsson.

Ljósmynd sem Valgarður Gíslason tók af Braga og eiginkonu hans Sigrúnu Pálsdóttur og birtist síðasta laugardag í Fréttablaðinu svipar mjög til þekktrar myndar af John Lennon og Yoko Ono sem var tekin árið 1980. Bæði pörin ganga í átt að myndavélinni með tré í bakgrunninum að vetri til. Það sem vekur sérstaka athygli er að Lennon er með hendur í vösum, rétt eins og Sigrún, sem gerir það að verkum að Bragi er í hlutverki Ono, ef svo má að orði komast.

Spurður hvort hann og Sigrún eigi eitthvað sameiginlegt með John og Yoko segir Bragi: „Við eigum það sameiginlegt með þeim að hafa útsýni yfir fallegustu garða þeirra borga sem við búum í, eða bjuggu í þeirra tilviki. Þau úr Dakota-byggingunni yfir Central Park, þar sem ég geri ráð fyrir að þau séu stödd á myndinni, og við af Suðurgötunni yfir Hólavallakirkjugarðinn, þar sem myndin af okkur er tekin."

Bragi segir það svolítið fyndið að blaðamaður skuli hafa hringt í hann út af myndunum tveimur. „Eftir að við fengum tilnefningarnar um daginn [til Íslensku bókmenntaverðlaunanna], ég og Sigrún, fékk ég póst frá vini sem sagði: „Þið hljótið að gleðjast yfir þessu". Ég svaraði með orðunum Double Happiness, sem er japanskt slagorð fyrir eitthvað sem ég man ekki hvað var. Síðan datt mér líka í hug Double Fantasy [síðasta plata Lennons og Ono]. Ætli þessi mynd sé ekki tekin á svipuðum tíma og þau voru að gera hana."

Bragi, sem er fyrrverandi meðlimur Sykurmolanna, segist aldrei hafa verið mikill aðdáandi Lennons. „Mér finnst margt mjög fínt sem hann hefur gert en ég hef aldrei átt plötu með Bítlunum eða John Lennon. Ég var oft spurður að þessu í viðtölum út af tónlist. Þá var alltaf þessi klassíska spurning Stones eða Bítlarnir, eða Lennon eða Paul McCartney. Ég þóttist alltaf vera Paul McCartney-maður. Ég er reyndar kominn á þá skoðun að ég er miklu meiri Ringo-maður, á sama hátt og Charlie Watts er sá sem býr til Rolling Stones. Það er eiginlega bítið í þessum hljómsveitum sem knýr þær áfram," segir hann og heldur áfram: „Þótt ég hafi aldrei átt plötu með John Lennon var það rosalegt sjokk þegar maður heyrði um morðið á honum. Þetta var í rauninni það sama og morðið á Kennedy var fyrir aðeins eldra fólkið."

freyr@frettabladid.is







Bíó ★★

**Paranormal Activity 2**

Leikstjóri: Tod Williams. Aðalhlutverk: Sprague Grayden, Brian Boland, Katie Featherston, Micah Sloat, Molly Ephraim.

## Álíka spennandi og soðin ýsa

Hrollvekjan Paranormal Activity sló í gegn árið 2007 en hún var gerð af áhugafólki fyrir nánast engan pening og malaði gull. Myndin sjálf var nú ekki merkileg, en náði þó að hræða líftóruna úr sumum og að sjálfsögðu varð að gera framhaldsmynd.

Paranormal Activity 2 segir frá hjónunum Dan og Kristi sem hafa nýlega eignast son. Dan á dóttur frá fyrra hjónabandi og virðist hafa komið vel undir sig fótunum. Húsið er stórt, þau eru með heimilishjálp og risastóra sundlaug í garðinum. Og já, svo byrjar draugagangur.

Það er algengur misskilningur meðal sumra kvikmyndagerðarmanna að til þess að gera vel heppnaða hrollvekju sé nauðsynlegt að láta áhorfandanum bregða nógu oft. Sjálfur var ég alveg á nálum en ekki vegna þess að myndin vekti hjá mér raunverulegan ótta við draugaganginn, heldur meira eins og þegar maður er nálægt smábarni að leika sér með uppblásna blöðru sem er tímaspursmál hvenær springur. Það er ekki spennandi, heldur meira pirrandi.

Líkt og forveri hennar er Paranormal Activity 2 frekar mikið svindl. Í klukkutíma eru pönnur að detta af krókum sínum og leikfangabílar að færast úr stað. Seinasta hálftímann gerist síðan eitthvað voðalegt. Ég náði því varla hvað það var en myndavélin hristist voða mikið þannig að það hlýtur að hafa verið frekar ofsafengið.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Lítið í gangi hér. Hrollvekjuunnendur eiga betra skilið.

# „MAGNAÐ VERK“

Grímur Atlason / midjan.is



## Vönduð, ítarleg og hreinskilin ævisaga

– breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Tilnefning




1. sæti

ÆVISÖGUR, 5. DESEMBER
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

„Grundvallarrit um þennan mann og tíma hans.“
Egill Helgason / Silfur Egils

„Bókin markar tímamót í ritun ævisagna á Íslandi.“
Dr. Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur

„… mjög ítarleg og nákvæm og samviskusamlega unnin …“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„Einstaklega vönduð og fróðleg ævisaga um litríkan leiðtoga og örlagaríka atburði.“
Ólafur Ísleifsson hagfræðingur

„Afrek; afrek er orðið sem ég vil nota til að lýsa þessu verki sem er í senn ævisaga stjórnmálamanns og stjórnmálasaga í hálfa öld.“
Svavar Gestsson fyrrv. ráðherra / svavar.is

„Íslendingasaga í nútímastíl … ástarsaga …. dramatísk örlagasaga … listilega vel skrifað … spennandi.“
Jón Baldvin Hannibalsson / Silfur Egils



Eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, höfund *Hrunsins* og *Óvina ríkisins.*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**EKKI SAMAN** Jude Law og Sienna Miller munu ekki eyða jólunum saman í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki saman um jólin

**Jude Law mun eyða jólunum með börnum sínum og fyrrverandi eiginkonu, hönnuðinum Sadie Frost. Kærasta Law, leikkonan Sienna Miller, verður þó fjarri góðu gamni.**

**Samkvæmt Frost mun Miller eyða jólunum með foreldrum sínum og systur á meðan Law mun eiga notalega stund með fyrrverandi eiginkonu sinni og börnum. „Á jóladag munum við borða saman hádegismat heima hjá Jude. Hann ætlar að elda fyrir okkur. Ég held að Sienna verði ekki á staðnum. Hún á sína eigin fjölskyldu,“ sagði Frost í viðtali við tímaritið The Telegraph.**

# MILLJARÐS DALA KONAN

**Söngkonan Jessica Simpson hefur ekki átt sjö dagana sæla, en á engu að síður von á 100 milljóna dala launatékka. Hún hefur ekki selt mikið af plötum, en þeim mun meira af fötum.**

POPPBRANSINN

Er ferill Jessicu Simpson í rúst?

Jessica Simpson hefur ekki náð sér á strik í tónlistarbransanum undanfarin ár. Hún gerði misheppnaða tilraun til að gerast kántrísöngkona fyrir tveimur árum og fréttir af óánægðum tónleikagestum bárust eins og eldur í sinu um netheima. Tilraunin reyndist vera salt í sár Simpson, sem virtist ennþá vera að jafna sig á skilnaði sínum og söngvarans Nick Lachey árið 2005. Ástarmál hennar hafa verið mikið milli tannanna á fólki undanfarin misseri, rétt eins og þyngd hennar, en hún hefur bætt á sig nokkrum kílóum eftir að hafa verið í ótrúlegu formi í kvikmyndinni Dukes of Hazzard. Þeim sem töldu að hún hafi náð hápunkti ferils síns þá skjátlast.



**GENGUR VEL** Þrátt fyrir fréttir um annað er ferill Jessicu Simpson í fínu formi. Þó ekki söngferillinn.

Simpson virðist ekki ætla að rétta úr kútnum tónlistarlega í bráð, en hún sendi nýlega frá sér jólaplötu, sem verður seint talið suðupottur sköpunar og frumleika. En það er fatalína Simpson, The Jessica Simpson Collection, sem hefur selst fyrir meira en 750 milljónir dala á árinu. Samkvæmt tískuritinu WWD stefnir línan í að vera fyrsta frægðarfólksfatalínan (e. celebrity) sem selst fyrir milljarð dala - 115 milljarða íslenskra króna. Af þessum peningum fær Simpson 100 milljónir dala í sinn hlut á árinu. Ágætis árslaun það.

Vince Camuto, stofnandi og forstjóri Camuto Group, sem heldur utan um fatalínu Simpson, segir fólki líka vel við Jessicu Simpson og líta á hana sem tískufyrirmynd. „Hún er stelpan í næsta húsi og er með frábærar vörur í boði,“ segir hann. Simpson er ekki ein á markaðnum og er í samkeppni við dívur á borð við Jennifer Lopez, Madonnu, Victoriu Beckham og Gwen Stefani. Simpson er að skilja þær eftir í reyknum og von er á að milljarðs dala fatalína hennar stækki enn frekar á næsta ári.

atlifannar@frettabladid.is



**STEFNIR HÁTT** Willow Smith á sér háleit markmið fyrir framtíðina, þrátt fyrir ungan aldur.

# Vill verða þekktari en Lady Gaga

**Söngkonan unga Willow Smith vonast til að hún verði einhvern tímann jafn fræg og Lady Gaga. „Mig langar að verða mjög þekktur listamaður. Jafn þekktur listamaður og Lady Gaga, og jafnvel þekktari en hún,“ sagði Willow nýverið við breska tónlistartímaritið NME. Willow, sem er dóttir söngvarans Will Smith og leikkonunnar Jödu Pinkett-Smith, er nú þegar orðið stórt nafn í Hollywood. Hún á þó langt í land með að verða jafn stórt nafn og sjálf Lady Gaga, en Willow er aðeins tíu ára gömul og getur því unnið að þessu markmiði sínu í þó nokkuð mörg ár til viðbótar.**





Jólalínan frá þessu vinsæla merki er komin í verslanir.

Debenhams / Smáralind
Anas / Hafnarfirði
GS Akureyri / Akureyri
Oxxo / Hamraborg
Basic +/ Mosfellsbæ
Cha Cha / Glæsibæ
Bjarg / Akranesi
Lindinn / Selfossi
Rita / Kópavogi
Blómsturvellir / Hellissandi
Palóma / Grindavík
Smart / Vestmannaeyjum
System / Pex/ Neskaupstað
Jón & Gunna / Ísafirði
Lónið / Höfn í Hornafirði
Kóda / Keflavík
Sentrum / Egilstaðir
Töff Föt / Húsavík
Siglósport / Siglufirði

Dreifingaraðili,
Rún Heildverslun.
www.run.is


# Hayek var ólögleg

Leikkonan Salma Hayek viðurkennir í viðtali við tímaritið V Magazine Spain að hún hafi verið ólöglegur innflytjandi í Bandaríkjunum fyrst þegar hún kom til landsins.

„Ég var ólögleg í landinu fyrst um sinn. Þetta varði aðeins í stuttan tíma, en ég var ólögleg þrátt fyrir það.“ Leikkonan hefur náð langt síðan þá og leikið í mörgum vinsælum kvikmyndum og framleitt hina vinsælu sjónvarpsþætti Ugly Betty. Hún segir lífið í Hollywood þó ekki alltaf hafa verið dans á rósum. „Ég upplifði gríðarlega kynþáttafordóma fyrst þegar ég kom til Hollywood. Bandarískir leikstjórar og framleiðendur virtust ekki geta ímyndað sér að leikkona frá Mexíkó gæti borið aðalhlutverk kvikmyndar.“



**HEFUR NÁÐ LANGT** Leikkonan Salma Hayek segist hafa upplifað mikla fordóma í sinn garð fyrst þegar hún kom til Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY



# Laus og liðug

Sjónvarpsstjarnan Jenny McCarthy er hætt með kærasta sínum eftir aðeins fjögura mánaða samband.

McCarthy hætti sem kunnugt er með gamanleikaranum Jim Carrey fyrr á árinu og kynnist stuttu síðar vaxtarræktakappanum Jason Toohey í Las Vegas. Að sögn heimildarmanns var það McCarthy sem ákvað að slíta sambandinu. „Jason þoldi ekki hversu fræg hún var og alla athyglina sem hún fékk hvert sem hún fór. Þannig hún ákvað að enda þetta,“ var haft eftir heimildarmanninum, sem vill þó meina að sambandsslitin hafi verið í góðu og að McCarthy og Toohey séu enn góðir vinir.

**Á LAUSU** Jenny McCarthy er hætt með kærasta sínum og því laus og liðug.



BT músin er í Jóla-skapi
nýtt kortatímabil
...allt þetta skemmtilega
MP3
Coby MP3 spilari 2GB - MP550
5.999
12.999 8GB
9.999 4GB
8.999 2GB
Coby MP3 spilari 2" skjár - FM útvarp MP707
23.999 16 GB
Coby MP3/MP4 spilari 2,8" videoscreen skjár FM útvarp - MP615
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
89.999
32" LG LCD 320 - 1366x768 HD Ready
139.999 42"
209.999 50"
42" Samsung Plasma C455 - 1024x768 HD Ready
50" Samsung Plasma C455 -1366x768 Full HD
89.999
Samsung 24" LED FX2490
Sjónvarp og tölvuskjár
Full HD
USB tengi
5 ms
5.000 kr. afsláttur ef keypt er með sjónvarpi
59.999
Samsung HT-C350 5.1 heimabíó
330W rms.
Flott tæki – góður hljómur !
...tónlistin
3.299
2.999
3.699
2.699
3.499
2.499
2.499
3.799
2.499
...myndirnar
2.699
2.499
2.599
2.699
2.499
2.499
2.499
2.499
2.499
...leikirnir
10.999
10.999
10.999
10.499
10.999
9.999
PC
5.995
10.999
10.999
playmobil
Barbie
20% afsláttur af öllum leikföngum um helgina
LEGO
aðeins í BT Skeifunni
9.999
4000 kr. verðlækkun
Ion Deskrocker tölvuhátalarar
Gott útlit - Góður hljómur!
17.999
Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, slides eða filmur beint á tölvuna
59.999
ert þú litli trommuleikarinn?
var að lenda
Ion rafmagnstrommusett
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
89.999
Samsung R530-JA06SE
Skjár: 15.6"
Örgjörvi: Intel Celeron T3300
Vinnsluminni: 2GB
Harður diskur: 250GB
var að lenda
129.999
Acer Aspire 5542-304G
Skjár: 15.6"
Örgjörvi: AMD Athlon II X2
Vinnsluminni: 4GB
Harður diskur: 320GB
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða
Wii leikjatölvan er komin aftur !!
OBH Nordica Poppvél
8.900
OBH Nordica Pizzaofn
16.900
hellingur til heimilisins !!
flott heyrnartól
SKULL CANDY
8.999 HESH
GI
8.999
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is

# Hreimur hræðir Cole

**Cheryl Cole vinnur nú að því að verða stjarna í Bandaríkjunum og er á góðri leið með að takast það. Hún verður dómari í bandarískri útgáfu X-Factor á næstunni, en óttast þó að breski hreimurinn skemmi fyrir henni. Hún vill fá þjálfun í að tala eins og Bandaríkjamaður.**

**„Cheryl var mjög ánægð með að fá að vera dómari í X-Factor, en er á sama tíma mjög hrædd," segir ónefndur heimildarmaður í samtali við fjölmiðla vestanhafs. „Hún óttast að ef Bandaríkjamenn elski hana ekki verði úti um feril hennar. Þess vegna ætlar hún að tala eins og innfædd."**



**SLÆMUR HREIMUR?** Cheryl heldur að Bandaríkjamenn vilji að hún tali eins og infædd.

# ÞORGRÍMUR MEÐ TVÆR Á TOPPNUM

**Lífið leikur við barnabókahöfundinn Þorgrím Þráinsson um þessar mundir. Tvær bóka hans eru á lista yfir mest seldu bækur landsins.**

„Ég þakka þetta tryggum lesendahópi. Krakkar eru engir asnar og þeir væru fyrir löngu búnir að sparka mér út í hafsauga ef þeim líkaði ekki við bækurnar mínar," segir barnabókahöfundurinn Þorgrímur Þráinsson.

Nú þegar allt snýst um að vera í efstu sætum vinsældalistanna getur aðeins einn höfundur stært sig af því að eiga tvær bækur á topp tíu listanum sem Félag bóksala gefur út. Og það er Þorgrímur Þráinsson. Þokan situr í áttunda sæti og Ertu Guð, afi? er í tíunda sæti.

Þorgrímur er hins vegar öllu vanur og rifjar upp hið ágæta ár 1992. „Þá átti ég bók í efsta sæti og bók í öðru sæti," bendir Þorgrímur á en það voru Lalli Ljósastaur og Bakvið bláu augun. „Ég átti einu sinni söluhæstu bækurnar en síðan eru liðin mörg ár og ég hef nánast skrifað bók á ári. Ég lít upp til rithöfundar eins og Arnaldar [Indriðasonar] sem skrifar bara vinsælustu bókina á hverju ári og lætur sig síðan hverfa. Við smælingjarnir þurfum alltaf að láta í okkur heyrast. Arnaldur lifir þessu lífi sem mig langar í," segir Þorgrímur og hlær. Hann segist þó ekki ætla að reyna sig við glæpasögurnar sem seljast eins og heitar lummur um hver jól.„Ég treysti á þær sem hugmyndir sem ég fæ og er trúr þeim. Ég ætla ekki að fara að klæða mig í stuttbuxur sem ég passa ekkert í."



**AFTURHVARF** Þorgrímur hefur áður haft tvær bækur á topp tíu; það var árið 1992 þegar bækurnar Lalli Ljósastaur og Bakvið bláu augun voru mest lesnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

freyrgigja@frettabladid.is





**Í TJARNARBÍÓI** Jónas Sigurðsson ásamt söngkonunni Esther Jökulsdóttur á tónleikunum í Tjarnarbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fyrsta upplag uppselt

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson hélt vel heppnaða tónleika í Tjarnarbíói í vikunni ásamt hljómsveit sinni Ritvélum framtíðarinnar. Tilefnið var önnur plata hans, Allt er eitthvað, sem kom út í október. Þar er meðal annars að finna sumarsmellinn Hamingjan er hér.

„Við tókum útgáfutónleika í Tjarnarbíói og þeir gengu mjög vel þannig að okkur langaði að halda aðra svoleiðis tónleika fyrir jólin," segir Jónas, sem var ánægður með útkomuna. „Það sem þetta konsept gengur út á er að vera með þrumandi tónleika því músíkin er svo stór. Það verður að krydda þetta með þvílíkum látum."

Fyrsta upplagið af nýju plötunni, sem telur 1.500 eintök, er uppselt og annað er á leiðinni. Síðasta plata Jónasar, Þar sem malbikið svífur mun ég dansa, hefur selst í um 1.000 eintökum síðan hún kom út en hún fékk mun minni kynningu. „Sölutölurnar í þessum jólaslag eru eitt. Svo er annað sem er kjarninn í þessu sem er músíkin. Hún nær út og fólk er að tengja við hana. Mér finnst það mjög sterkt, því töfrarnir gerast þar," segir Jónas.

Ritvélar framtíðarinnar munu spila á Norðurpólnum 21. desember ásamt Moses Hightower, Big Bandi Samúels J. Samúelssonar og Ómari Guðjónssyni. - fb

# Snjóþyngsli töfðu útgáfu

**Fjórða plata Benna Hemm Hemm er komin út. Útgáfunni seinkaði, meðal annars vegna mikilla snjóþyngsla í Bretlandi.**



**BENNI HEMM HEMM** Fjórða plata Benna er komin út, töluvert á eftir áætlun.

Fjórða plata Benna Hemm Hemm, Skot, er loksins komin út, rúmum mánuði á eftir áætlun. Ein af ástæðunum er hinn mikli snjóþungi sem hefur verið í Bretlandi upp á síðkastið en þar var gripurinn framleiddur.

„Ég er löngu hættur að hafa áhyggjur af þessu en það að hún sé komin út gleður mig mikið," segir Benni, sem hefur verið búsettur í Skotlandi undanfarin ár. Hljómsveitin Retro Stefson sér um undirleik fyrir Benna á plötunni og var hann ánægður með framlag hennar. „Þau eru svo æðislegir krakkar. Þau tóku vel í mínar vinnuaðferðir en ég er dálítið harður hljómsveitarstjóri. Þau eru svo hæfleikarík að þau rúlluðu þessu upp."

Fyrsta plata Benna, sem hét einfaldlega Benni Hemm Hemm, kom út árið 2006. Síðan hafa þær Kajak (2007) og Murta St. Calunga (2008) fylgt í kjölfarið en fyrir utan þær stóru hafa komið út nokkrar smáskífur.

Benni segir nýju plötuna töluvert frábrugðna fyrri verkum sínum. Í þetta sinn skipti hann sér ekki eins mikið af tæknilegu vinnunni. „Ég ákvað að leyfa Bigga, upptökumanni í Sundlauginni, að sjá um þetta. Það var dálítið stórt skref fyrir mig að sleppa aðeins hendinni af þeim hluta. Það er líka allt annað fólk sem ég var að vinna með og lögin finnst mér dálítið mikið öðruvísi."

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir á Bakkusi á laugardagskvöld en fyrr um daginn spilar Benni í Havaríi, kl. 16. Retro Stefson sér um undirleik fyrir Benna og Prinspóló og Bárujárn hita upp. Dj Öfull sér svo um tónlistina á Bakkusi fram undir morgun. Miðar fást í Havarí og kosta 1.000 kr. í forsölu. Miðaverð við hurð er 1.500 kr.

freyr@frettabladid.is




## Stefnir - Samval

# Þú vilt nýta *tækifærin* sem gefast og að vel sé hugsað um *fjárfestinguna* þína.

Stefnir – Samval er blandaður fjárfestingarsjóður með virka stýringu í skuldabréfum og hlutabréfum, auk sérhæfðra fjárfestinga. Við framkvæmd fjárfestingarstefnu er tekið mið af mati allra fjárfestingarteyma og fjárfest í þeim eignaflokkum sem taldir eru ákjósanlegastir hverju sinni. Með því að fjárfesta í Stefni – Samvali færðu aðgang að faglegri eignastýringu í einum sjóði.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

**Helstu kostir Stefnis - Samvals eru:**

- Eignastýring í einum sjóði – góður kostur í langtímasparnaði
- Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem eru ákjósanlegastir hverju sinni
- Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- 10,6% meðalnafnávöxtun undanfarin 5 ár [1]

**Eignayfirlit 30. 11. 2010 s[2]**




Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér það sem við höfum að bjóða.
Við tökum vel á móti þér.

1) Upplýsingar fengnar frá Arion verðbréfavörslu fyrir tímabilið 30.11.2005-30.11.2010.
2) Upplýsingar eru fengnar frá Arion verðbréfavörslu.
Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Arion banki

# Vilja Smith sem Hróa

Svo gæti farið að Will Smith leiki Hróa hött í nýrri mynd Wachowski-bræðranna um þennan sokkabuxnaklædda Skírisskógsbúa. Systkinin munu að öllum líkindum leikstýra myndinni Hood hjá Warner Bros samsteypunni og vilja þau að Smith leiki aðalhlutverkið. Ef Smith þekkist boðið fetar hann í fótspor ekki ómerkari manna en Erroll Flynn, Sean Connery, Kevin Costner og Russell Crowe, sem lék Hróa síðasta sumar. Smith hafnaði á sínum tíma aðalhlutverkinu í The Matrix, sem Wachowski-bræðurnir leikstýrðu. Keanu Reeves fékk þá hlutverk Neo og stóð sig eins og sönn hetja.



**WILL SMITH** Svo gæti farið að Will Smith verði næsti Hrói höttur.

# Gosling og Blake Lively nýtt par

Samkvæmt slúðursíðunni Lainey-Gossip eru Ryan Gosling og Blake Lively heitasta parið í Hollywood um þessar mundir. Parið sást fyrst saman í október, stuttu eftir að Lively hætti með Penn Badgley, mótleikara sínum í sjónvarpsþáttunum Gossip Girl.

Kvikmyndin Blue Valentine var frumsýnd að viðstöddu margmenni í vikunni þar sem Gosling fer með annað aðalhlutverkið í myndinni. Hann mætti ásamt Lively á frumsýninguna og sátu þau hlið við hlið í sérstöku frumsýningarboði eftir myndina.

Svo óheppilega vildi þó til að Gosling var kynntur sem Dereck Cianfrance og ákvað leikarinn að slá þessu upp í létt grín og gekk undir því nafni það sem eftir var kvölds. „Þetta var besta hlutverk mitt til þessa og enginn fékk að sjá það aðrir en veislugestir. En maður gerir þetta fyrir sjálfan sig, það eru verðlaunin,“ sagði leikarinn þegar hann var spurður út í nafnaruglið.





**STINGA SAMAN NEFJUM** Samkvæmt slúðursíðunni LainyGossip eru Ryan Gosling og Blake Lively nýtt par. NORDICPHOTOS/GETTY






**NICK CAVE** Söngvarinn klessukeyrði Jagúar-bifreið sína í Hove á Englandi.

# Klessukeyrði Jagúar-bílinn

**Söngvarinn Nick Cave ók Jagúar-bifreið sinni á hraðamyndavél og vegrið í heimabæ sínum Hove á Englandi. Tíu ára tvíburasynir hans voru með honum í bílnum, sem skemmdist töluvert, en engan sakaði. Enginn annar bíll kom við sögu í slysinu og ekki er vitað hvað olli því. Cave var ekki handtekinn og virðist hann því ekki hafa verið undir áhrifum vímuefna.**

**Hinn 53 ára Cave er þekktastur sem forsprakki hljómsveitarinnar Nick Cave and the Bad Seeds sem hefur gefið út fjölda platna í gegnum árin. Stutt er síðan önnur hljómsveit hans, Grinderman, gaf út sína aðra plötu.**



**HAMINGJUSÖM** Ashton Kutcher og Demi Moore nota Twitter og Facebook óspart.

# Rómantísk á Facebook

**Leikarahjónin Ashton Kutcher og Demi Moore eru dugleg við að lýsa ást sinni hvort á öðru á síðunum Twitter og Facebook. Fimm ár eru liðin síðan þau gengu upp að altarinu og ást þeirra hefur aldrei verið sterkari. „Að senda eitthvað sætt á Twitter eða Facebook er gaman,“ skrifaði hinn 32 ára Kutcher í pistli fyrir tímaritið Harper´s Bazaar sem nefnist: „Hafa textaskilaboð eyðilagt rómantíkina?“ „Á ýmsan hátt er það ekkert öðruvísi en að senda blóm á skrifstofuna. Þú ert að lýsa yfir ást þinni fyrir framan alla aðra. Hver vill ekki öðlast slíka aðdáun fyrir opnum tjöldum?“ skrifaði hann.**

# Finnst ævisaga Keiths leiðinleg

Mick Jagger, söngvari The Rolling Stones, segir að sjálfsævisaga gítarleikarans Keiths Richards, Life, sé leiðinleg og að hann myndi aldrei skrifa sögu í svipuðum dúr.

„Mér finnst þetta frekar leiðinleg upprifjun á fortíðinni. Oftast gerir fólk þetta fyrir peninginn,“ sagði Jagger í viðtali við New York Times. Spurður um möguleika á eigin ævisögðu sagði hann: „Ég vil ekki enda upp eins og einhver gamall fótboltakappi á barnum sem talar um sendinguna sem hann átti í bikarúrslitaleiknum árið 1964.“

Richards gagnrýnir Jagger í bókinni og segir hann afar stjórnsaman. Einnig segir hann getnaðarlim söngvarans lítinn. Þrátt fyrir skotin sem hafa fokið á milli þeirra segjast þeir báðir vinna vel saman og vera góðir vinir. Búist er við því að Stones fari í nýja tónleikaferð um heiminn á næsta eða þarnæsta ári.



**FÉLAGAR** Jagger og Richards eru félagar þrátt fyrir að þeir skjóti hvor á annan. NORDICPHOTOS/AFP

# Suede í stórri höll

Breska poppsveitin Suede, sem kom nýlega saman eftir nokkurra ára hlé, spilaði á sínum stærstu tónleikum innandyra til þessa á þriðjudagskvöld. Tónleikarnir voru haldnir í O2-höllinni í London, sem tekur ríflega tuttugu þúsund áhorfendur. Þar spiluðu strákarnir öll sín bestu lög, þar á meðal Animal Nitrate, Trash og Beautiful Ones. „Þakka ykkur fyrir. Þetta hefur verið yndislegt kvöld og það er alltaf gaman að spila í London. Kannski sjáið þið okkur aftur einhvern tímann,“ sagði söngvarinn Brett Anderson eftir að lokalagið Saturday Night var búið.

Suede fór í stutta tónleikaferð um Evrópu áður en kom að tónleikunum í O2-höllinni sem heppnuðust mjög vel.



**SUEDE** Bresku poppararnir spiluðu í O2-höllinni í London fyrir skömmu.



**HERRA OG FRÚ** Katy Perry hyggst taka upp eftirnafn eiginmanns síns, gamanleikarans Russell Brand. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frú Brand

**Bandaríska söngkonan Katy Perry hyggst breyta nafni sínu og taka upp eftirnafn eiginmanns síns, grínistans Russells Brand.**

**Perry og Brand hafa verið gift í tvo mánuði og í viðtalsþætti Ellen DeGeneres viðurkenndi Perry að hún ætlaði sér að taka upp eftirnafn eiginmannsins og verða frú Brand.**

**„Ég er orðin vön nafninu því ljósmyndarar kalla mig frú Brand þegar ég sæki viðburði. Þeir byrjuðu á þessu þegar þeir vildu vekja athygli á sér og það virkaði í hvert sinn,“ sagði Perry. Hún segir hjónalífið vera ljúft og þakkar góðu skopskyni eiginmannsins fyrir. „Góður húmor er mjög mikilvægur á okkar heimili. Við hlæjum saman og sloppum þannig af eftir erfiðan dag.“**

# Ekkert bótox

**Carey Mulligan fékk eitt sinn þær ráðleggingar frá húðlækni sínum að hún ætti að fá sér bótox til að fjarlægja hrukkur í kringum augun. Mulligan hefur leikið í kvikmyndum á borð við An Education og Wall Street: Money Never Sleeps.**

**„Ég spurði hann hvað ég gæti gert við línur sem höfðu myndast í kringum augun og hann ráðlagði mér að fá mér bótox. Ég varð mjög hissa, sem leikkona skiptir mestu máli að geta sýnt svipbrigði, það getur maður ekki gert eftir bótox. Aðeins í Los Angeles mundi læknir mæla með slíkri aðgerð við 25 ára gamla manneskju,“ sagði leikkonan sem viðurkennir jafnframt að henni finnist hún sjaldan kynþokkafull á rauða dreglinum. „Ég er frekar þessi skynsama týpa. Mér þætti skrítið að klæðast flegnum fötum.“**



**EKKERT BÓTOX** Carey Mulligan neitaði að fá sér bótox við hrukkum í kringum augun.





**ÚTRÁS** Rokkararnir í Beneath hafa gert útgáfu- og dreifingarsamning við fyrirtækið Unique Leader Records.

# MAÐUR VERÐUR SEINT RÍKUR Á DAUÐAROKKINU

**Liðsmenn dauðarokkssveitarinnar Beneath hafa samið við bandarískt plötufyrirtæki um útgáfu og dreifingu á tónlist sinni á heimsvísu.**

„Við erum allir mjög sáttir. Þetta er það sem við erum búnir að vera að stefna að,“ segir Gísli Sigmundsson úr dauðarokkssveitinni Beneath.

Sveitin hefur skrifað undir samning við Unique Leader Records um útgáfu og dreifingu á plötum sveitarinnar á heimsvísu. Plötufyrirtækið, sem er með höfuðstöðvar í Kaliforníu, sérhæfir sig í dauðarokki og hentar Beneath því mjög vel. „Það eru ansi mörg bönd þarna sem eru helvíti hörð, þannig að við teljum okkur vera í góðum félagsskap,“ segir Gísli. Spurður út í samninginn segir hann: „Þetta er ágætur samningur en ég held að maður verði seint ríkur á dauðarokkinu. Þetta hangir á því hvað við náum að túra mikið og fylgja þessu eftir. Eins og staðan er í dag eru bönd að fá stóran hluta af innkomu sinni með því að túra og selja boli.“

Fyrsta stóra plata Beneath er væntanleg á næstu mánuðum. Hún var tekin upp í Sundlauginni og Stúdíó Fosslandi og hljóðblönduð af Daniel Bergstrand í Dug Out Studios í Uppsölum í Svíþjóð. Bergstrand hefur á síðustu árum skipað sér sess sem einn af færustu upptökustjórunum í harðara rokki. Hann hefur unnið með In Flames, Behemoth og Meshuggah svo fáeinar þekktar dauðarokkssveitir séu nefndar.

Beneath gaf út fjögurra laga þröngskífuna Hollow Empty Void í febrúar á þessu ári í gegnum fyrirtækið Mordbrann Musikk. Skífunni hefur verið tekið vel hérlendis sem erlendis. Vorið 2009 vann Beneath fyrstu Wacken Metal Battle keppnina á Íslandi og spilaði í kjölfarið á Wacken Open Air hátíðinni í Þýskalandi.

freyr@frettabladid.is


MIÐASALA Á SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 4 - 5:30 - 7 - 8:30 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA-3D | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5, 8 og 10.10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 | 10 |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D Ísl Tal | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| THE JONESES | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:30 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
miðasala á midi.is







SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 4 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 10.10 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 4 - 6 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| FASTER | kl. 8 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 5.40 | L |

5% facebook /smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3D | 4, 7 og 10 | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 6, 8 og 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐINN TIL STJARNANNA | 4 og 6 - ISL TAL | L |
| ARTÚR 3 | 4 - ISL TAL | L |

BÍÓ ★ PARADÍS — CAFÉ

| | |
|---|---|
| RARE EXPORTS (16) | 18:20, 20:10, 22:00 |
| IN THE LINE OF FIRE (16) | 17:50 |
| MY LEFT FOOT (12) | 20:10 |
| THE FISHER KING (16) | 22:10 |
| AS GOOD AS IT GETS (L) | 17:50 |
| GHOSTBUSTERS (12) | 22:20 |
| GNARR (L) | 20:20 |
| ÓRÓI (L) | 18:00 |
| THE TAKE (FRÍTT INN) (L) | 20:20 |
| ALPANON (L) | 22:10 |






Mesta úrval landsins af tölvuleikjum!

# LEIKJAJÓL






Stýri 9.990,- með Need For Speed

Venjulegt verð 17.990,-

PS3 11.990,-

Einn besti bílaleikurinn. Hraði og spenna. Eltingaleikur við lögguna á eðalbílum, verður ekki betra. X360 - 11.990,- / PC 7.990,-




PS3 11.990,-

Ein besta leikjasería allra tíma snýr aftur. Láttu skotin dynja yfir vini þína í ótrúlegri online spilun. X360 - 11.990,- / PC - 9.990,-




PS3 10.990,-

Vinsælasti fótboltaleikur í heimi. Ótrúleg grafík, hraði og skemmtun. X360 - 10.990,-/PS2 - 7.990,- PC - 7.990,-




PC 5.990,-

Nýjasta viðbótin við þessa frábæru seríu er loksins komin.

Gjafakort frá Gamestöðinni er góð jólagjöf!




GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA

KRINGLAN · 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

# sport

sport@frettabladid.is



**HELENA SVERRISDÓTTIR** átti stórleik með TCU í bandaríska háskólaboltanum í fyrrinótt en hún skoraði þá 30 stig á 25 mínútum í 81-39 sigri á UT Arlington. Hún hefur aldrei skorað svona mikið í einum leik í búningi TCU. Helena hitti úr 11 af 17 skotum sínum þar af 5 af 7 fyrir utan þriggja stiga línuna. Hún var einnig með 6 fráköst og 4 stoðsendingar í leiknum.

# Árið þeirra Ernu og Jóns Margeirs

**Sundmaðurinn Jón Margeir Sverrisson úr Ösp/Fjölni og skíðakonan Erna Friðriksdóttir úr Hetti voru í gær valin Íþróttamaður og Íþróttakona ársins hjá fötluðum en bæði voru að fá þessi verðlaun í fyrsta sinn.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Íþróttasamband fatlaðra hélt sína árlegu móttöku á Radisson Hótel Sögu í gær þar sem Íþróttamaður og Íþróttakona ársins fengu sín verðlaun. Þetta er alltaf jafn hátíðleg stund og er fyrir marga orðinn fastur liður í aðdraganda jólanna. Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir höfðu fengið þessi verðlaun undanfarin tvö ár en að þessu sinni fóru bikararnir í nýjar hendur.

**Setti 19 Íslandsmet á árinu**

Jón Margeir Sverrisson er aðeins 18 ára gamall sundmaður. Hann fór á kostum á árinu í flokki S14, sem er flokkur þroskahamlaðra. Jón Margeir stóð sig meðal annars frábærlega á Reykjavík International þar sem hann vann allar sex greinarnar sínar ásamt því að vera stigahæsti fatlaði keppandinn. Hann sló líka í gegn á opna þýska meistaramótinu þar sem hann vann fullt af verðlaunum. Jón setti alls 19 Íslandsmet í 11 greinum á árinu.

„Ég er mjög ánægður með árið og þessi verðlaun," segir Jón Margeir en segir síðan kokhraustur að þetta hafi ekki komið sér á óvart. „Ég vissi að þetta var búið að vera frábært ár hjá mér, ég var búinn að leggja mikið á mig á erfiðum æfingum," sagði Jón Margeir.

Þrátt fyrir öll Íslandsmetin hefði hann viljað setja fleiri. „Ég ætlaði mér að setja met í 19 greinum en ekki bara ellefu greinum," segir Jón í léttum tón og það er ljóst að metnaðurinn er mikill hjá þessum efnilega sundmanni. Hann segist líka ekki vera hættur að setja met.

„Ég ætla að bæta fullt af Íslandsmetum á næsta ári. Ég ætla að æfa meira og bæta mig eins mikið og ég get. Ég þarf bæði að æfa þrek og bæta tæknina," segir Jón en hann vill alls ekki vera kallaður ungur. „Ég er ekki ungur, ég er svona sæmilega ungur. Það er einn Breti sem er tveimur árum eldri en ég og hann er rosalega öflugur. Það er draumurinn hjá mér að ná honum," segir Jón.

„Að fá svona bikar hvetur mann áfram til þess að æfa meira og ég ætla að fara á opna breska mótið á næsta ári og svo á Evrópumeistaramótið. Svo er ég líka farinn að horfa til Ólympíuleikanna 2012. Ég þarf að leggja allt sem ég á í æfingar og þarna það sem ég þarf að laga til þess að komast til London. Ég þarf líka að vera duglegur að hlusta á þjálfarana til þess að fá að vita hvað ég þarf að gera betur," segir Jón Margeir.

Hann ætlar sér stóra hluti í framtíðinni og það verður gaman að sjá hvernig gengur hjá honum á næsta ári.



**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Jón Margeir Sverrisson sést hér ánægður með verðlaunin sem hann fékk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fyrst til að keppa í alpagreinum á vetrarólympíuleikum fatlaðra**

Erna Friðriksdóttir er 23 ára og félagi í Skíðadeild Hattar á Egilsstöðum. Erna varð í ár fyrsti Íslendingurinn til þess að keppa á Vetrarólympíumóti fatlaðra í alpagreinum en hún vann einnig til verðlauna á undirbúningsmótum fyrir leikana í Vancouver.

„Ég er að sjálfsögðu mjög stoltur af henni," segir Friðrik Guðnason, faðir Ernu, sem tók við verðlaunum fyrir hönd dóttur sinnar sem er í miðjum æfingabúðum í Winter Park í Colorado í Bandaríkjunum. Erna hefur verið í æfingum með landsliði Bandaríkjanna frá árinu 2006 og hún tryggði sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Vancouver sem voru haldnir á þessu ári.

„Hún tók þessu með jafnaðargleði þegar við sögðum henni frá þessu í gærkvöldi. Hún var ánægð og hefði örugglega viljað vera hérna til þess að taka á móti þessu sjálf," segir Friðrik. Erna er í 17. sæti á heimslistanum í svigi og í 22. sæti í stórsvigi.



**SÖGULEGT Í VANCOVER** Erna Friðriksdóttir varð fyrsti Íslendingurinn til þessa að keppa á Vetrarólympíumóti fatlaðra í alpagreinum.

„Ég sá hana ekki komast svona langt þegar hún fór af stað því við vissum ekkert hvað við vorum að gera í byrjun. Við erum búin að standa í þessu í tíu ár og það er búið að ganga á ýmsu á þessum tíma. Við kunnum nú hvorugt á skíði í byrjun en ég aðstoðaði Ernu fyrstu árin á meðan hún þurfti aðstoðarmann. Nú er það liðin tíð og maður er orðinn óþarfur," segir Friðrik í léttum tón.

„Ég held að áhuginn á skíðum hafi komið frá bræðrum hennar. Hún á tvo bræður sem voru báðir á skíðum. Það var því draumurinn hjá henni að komast á skíði," segir Friðrik, sem er ánægður með allar aðstæður hjá Ernu í Bandaríkjunum.

„Það hefur hjálpað henni mikið að komast að þarna í Winter Park og það er þess vegna sem hún er komin þetta langt. Hún verið þarna á stífum æfingum, því hún æfir þarna fimm daga í viku og í sex tíma á dag. Hún er bara á skíðum allan daginn frá níu á morgnana til fjögur á kvöldin," segir Friðrik.

Hann segir að Erna sé alltaf jafn áhugasöm. „Hún bíður eftir því að komast út aftur. Ég hef komið tvisvar til hennar og svo förum við líka, ég, konan og sonur okkar, eftir Ólympíuleikana í Vancouver. Við förum frá Vancouver til Winter Park. Það var frábært fyrir hana að keppa á Ólympíuleikunum og hún er þegar farin að horfa til Sotsji. Ég viðurkenni það alveg að mig langar líka þangað líka," segir Friðrik að lokum.

ooj@frettabladid.is



**FJÖLMIÐLAFÁR** Fjölmargir ljósmyndarar mættu til að fylgjast með Gazza í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Paul Gascoigne:

## Slapp við fangelsisdóm

**FÓTBOLTI** Fallna hetjan Paul Gascoigne mætti fyrir dómara í gær en hann hefur verið iðinn við að láta grípa sig ölvaðan undir stýri.

Gazza játaði brot sitt í gær en hann var með fjórum sinnum meira áfengismagn í blóðinu en leyfilegt er þegar hann var tekinn í fyrsta skiptið.

Landsliðsmaðurinn fyrrverandi fékk tveggja mánaða fangelsisdóm en hann sleppur við tukthús ef hann heldur skilorð í eitt ár. Hann er samt ekki alveg sloppinn því enn á eftir að taka fyrir annað mál þegar hann var tekinn ölvaður undir stýri.

Ökuskírteinið var að sjálfsögðu tekið af Gazza en hann má ekki keyra næstu þrjú árin og þarf þess utan að fara í áfengismeðferð. - hbg

Carlo Ancelotti:

## Óttast ekki að verða rekinn

**FÓTBOLTI** Það þykir vera heitt undir Carlo Ancelotti, stjóra Chelsea, enda hefur gengi liðsins verið skelfilegt síðustu vikur.

Stöðugur orðrómur er um að Pep Guardiola, þjálfari Barcelona, muni taka við liðinu næsta sumar en sú umræða truflar Ancelotti ekki.

„Ég hef engar áhyggjur af minni stöðu hjá félaginu. Eina sem ég hef áhyggjur af er gengi liðsins. Við verðum að rífa okkur upp hið fyrsta," sagði Ancelotti en Chelsea tapaði fyrir Marseille í Meistaradeildinni í vikunni.

„Ég valdi mitt besta lið í leikinn gegn Marseille því það gengur illa og þarna var tækifæri til að komast á sigurbraut. Við nýttum ekki það tækifæri og spiluðum illa." - hbg

Þín verslun
Seljabraut
25 ára!
Nýtt og betra kjötborð,
frábær afmælistilboð og
25% afsláttur í hverri hillu!
Kíktu í heimsókn,
við tökum vel á móti þér.
Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780
Opnunartími: Mán.–fös. 9–21 / lau.–sun. 10–21

Alan Pardew ráðinn í stað Chris Hughton hjá Newcastle og gerði langan samning:

## Erfitt verður að vinna alla á mitt band

**FÓTBOLTI** Newcastle réð í gær Alan Pardew sem knattspyrnustjóra félagsins en hann tekur við starfinu af Chris Hughton sem var rekinn á mánudag. Mike Ashley, eigandi Newcastle, hefur greinilega mikla trú á Pardew því hann gerði fimm og hálfs árs samning við stjórann.

Ráðning Pardew er frekar umdeild og margir stuðningsmenn félagsins taka honum ekki beint opnum örmum. Pardew viðurkennir sjálfur að það verði erfitt að vinna leikmenn og stuðningsmenn félagsins á sitt band.

„Það eru mikil forréttindi að sitja hér eftir þessa ráðningu og verkefnið sem bíður mín er spennandi og erfitt. Það er sérstaklega erfitt þar sem bæði leikmenn og stuðningsmenn báru mikla virðingu fyrir Chris og brotthvarf hans hefur fallið í frekar grýttan jarðveg hjá mörgum," sagði Pardew á blaðamannafundi í gær en margir leikmenn liðsins hafa lýst yfir vonbrigðum með þá ákvörðun að reka Hughton.



**ALAN PARDEW** Hér á blaðamannafundinum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

„Vandamál númer eitt er leikmennirnir. Ég þarf að koma mínum skilaboðum á framfæri hið fyrsta og á skýran hátt. Bardagarnir sem þarf að vinna eru á vellinum. Ég veit að verkefnið er erfitt en ég gat ekki hafnað því að fá að stýra þessu liði."

Lengd samningsins hefur vakið mikla athygli og Pardew viðurkennir að hafa lamið það í gegn.

„Ég var mjög harður á því að fá langan samning svo það væri hægt að fá tíma til þess að vinna og ná stöðugleika í félagið. Það hefur vantað stöðugleika víða og þar á meðal með stjóra félagsins sem margir hafa staldrað stutt við. Ég ætla mér að ná árangri til lengri tíma hérna. Ég tel mig hafa skilað góðu verki áður í úrvalsdeildinni en ætla samt ekki að bera mig saman við Chris, sem hefur skilað frábæru starfi," sagði Pardew.

Hann var stjóri West Ham er Björgólfur Guðmundsson keypti félagið en Eggert Magnússon var fljótur að reka hann úr stjórastólnum hjá Lundúnafélaginu. - hbg


computer.is
JÓLATILBOÐ
Lenovo G550
15,6" skjár, LED baklýsing
Intel Dual Core 2,3 GHz
4 GB DDR3 vinnsluminni
Windows 7 Home Premium
250 GB SATA diskur
Allt að 3,8 klst hleðsla
Netverð: 94.900
1TB Samsung harður diskur
SATA-2
7200 snúninga
32 MB biðminni
Netverð: 9.900
Teikniborð
í miklu úrvali
PC og Mac
Verð frá: 7.900
CNet Wireless N
USB netkort, 802.11n
Innbyggt loftnet
Netverð: 3.800
König HomePlug
Tvö raflínunetkort í setti
Brúar bilið
þegar erfitt er að leggja kapal
Netverð: 14.900
Tölva á frábæru verði
Fullbúin tölva með Windows 7
AMD AM3 2,7 GHz örgjörvi
2 GB DDR2 vinnsluminni
500 GB SATA2 harður diskur
Skjástýring, gigabit netkort og
8 rása hljóðstýring á móðurborði
19" skjár, Genius lyklaborð og mús
AMD
Netverð: 89.900
Tölvuorðabók
Stóra tölvuorðabókin
Þýðir á milli 12 tungumála
Þýðir orð og setningar
Yfir 6.000.000 orð
Villuleiðrétting f/Word
Framburður á 8 málum
Windows og Mac
Netverð: 9.490
Flakkarar
Uppsettir með disk
Mikið úrval af
flökkurum
frá Samsung,
Vantec, iMicro
og D-Link
Verð frá: 11.900
USB klippikort
Spólurnar á stafrænt form
Netverð: 7.990
Genius LuxeMate
Þráðlaust lyklaborð með mús
Media Center hnappar
á kantinum
Netverð: 15.900
18,5" Asus skjár
VH197D
5ms svartími
LED baklýsing
Netverð: 25.900
USB Micro
Algengasta tengið á farsímum
Fyrir nýja síma frá
Nokia, Motorola
Sony Ericsson,
Samsung o.fl.
Mikið úrval
af köplum:
HDMI, DVI,
USB, FireWire,
Ethernet o.fl.
Netverð: 1.900
Vefmyndavél
USB tengd
Með hljóðnema
30 rammar/sek.
skype
Netverð: 1.790
Heyrnartól
með hljóðnema og styrkstilli
Tilvalið í Skype
netsamtöl.
skype
Netverð: 1.900
DisplayPort
Breytistykki, Mini-DP í DVI
Einföld leið til að tengja Apple
tölvu við flatskjá
Netverð: 3.800
Genius
Genius 5.1 hljóðkerfi
SW-N5.1
Bassabox
Miðjuhátalari
2 framhátalarar
2 bakhátalarar
Netverð: 13.900
Canon CanoScan
LiDE 110 ljósmyndaskanni
Fær rafmagn með USB
2400 x 4800 dpi, 48 bita litir
Netverð: 13.900
Argosy sjónvarpsflakkari
HV335T með 1 TB diski
Full-HD upplausn, allt að 1080p
Kortalesari - SD/MMC/MS/CF/USB
Nettengjanlegur, spilar beint af neti
Spilar m.a. MKV og H.264
HDMI og Composite tengi
Netverð: 29.900
Minnislyklar
2 - 128 GB
PICO mini
Allar stærðir
og gerðir
Verð frá: 1.900
Hleðslutæki
Fyrir flestar fartölvur
Mikið úrval af
hleðslutækjum
einnig í bíla
70 W, stillanlegt 5-24 V
5 mismunandi útgangstengi
Netverð: 6.200
Verðin í þessari auglýsingu gilda aðeins ef pantað er á netinu - www.computer.is

## ÚRSLIT

*IE-deild karla:*

**Keflavík-Tindastóll 82-76**
Keflavík: Lazar Trifunovic 27/11 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 23/9 fráköst/10 stoðsendingar, Gunnar Einarsson 12/5 stoðsendingar, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Jón Nordal Hafsteinsson 4, Valentino Maxwell 4, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 4/6 fráköst, Gunnar H. Stefánsson 3.
Tindastóll: Hayward Fain 22/11 fráköst/8 stoðsendingar/3 varin skot, Sean Kingsley Cunningham 19/7 fráköst, Helgi Rafn Viggósson 13/5 fráköst, Dragoljub Kitanovic 8/6 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 7, Friðrik Hreinsson 4, Svavar Atli Birgisson 3.

**Fjölnir-Grindavík 69-86**
Fjölnir: Ingvaldur Magni Hafsteinsson 21/5 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 17/9 fráköst/5 stoðsendingar, Ben Stywall 14/10 fráköst, Jón Sverrisson 10/7 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 5, Sindri Kárason 2.
Grindavík: Ryan Pettinella 20/9 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 16/10 fráköst, Ólafur Ólafsson 14/5 fráköst, Jeremy Kelly 14/7 fráköst/5 stoðsendingar, Þorleifur Ólafsson 10, Björn Steinar Brynjólfsson 6, Kjartan Helgi Steinþórsson 2, Ómar Örn Sævarsson 2, Guðlaugur Eyjólfsson 2/5 fráköst.

**Hamar-Snæfell 75-99**
Hamar: Andre Dabney 19/8 fráköst, Darri Hilmarsson 19/5 fráköst, Hilmar Guðjónsson 11, Ellert Arnarson 10/5 stoðsendingar, Ragnar Á. Nathanaelsson 8/8 fráköst/5 varin skot, Svavar Páll Pálsson 8/6 fráköst.
Snæfell: Ryan Amaroso 38/11 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 16/6 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 10/6 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 8, Sean Burton 7/8 fráköst/10 stoðsendingar, Egill Egilsson 6/4 fráköst, Atli Rafn Hreinsson 5, Sveinn Arnar Davíðsson 5, Daníel A. Kazmi 2, Kristján Andrésson 2.

**KR-ÍR 100-82**
Engin tölfræði barst úr leiknum.

**Njarðvík-KFÍ Frestað**

**Haukar-Stjarnan 100-85**
Haukar: Gerald Robinson 29/7 fráköst, Haukur Óskarsson 22, Sveinn Ómar Sveinsson 19/5 fráköst, Semaj Inge 16/7 fráköst/10 stoðsendingar, Emil Barja 6/9 fráköst, Davíð Páll Hermannsson 4, Óskar Ingi Magnússon 2/6 fráköst/5 stoðsendingar, Örn Sigurðarson 2.
Stjarnan: Marvin Valdimarsson 21/6 fráköst, Jovan Zdravevski 20/9 fráköst, Justin Shouse 18, Daníel G. Guðmundsson 9, Ólafur Aron Ingvason 7, Fannar Freyr Helgason 6/8 fráköst, Guðjón Lárusson 4.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **10** | **9** | **1** | **1002-902** | **18** |
| Grindavík | 10 | 8 | 2 | 891-783 | 16 |
| **Keflavík** | **10** | **7** | **3** | **888-848** | **14** |
| KR | 10 | 7 | 3 | 986-856 | 14 |
| Stjarnan | 10 | 5 | 5 | 880-884 | 10 |
| **Hamar** | **10** | **5** | **5** | **827-838** | **10** |
| **Fjölnir** | **10** | **4** | **6** | **877-891** | **8** |
| **Haukar** | **10** | **4** | **6** | **857-904** | **8** |
| Tindastóll | 10 | 3 | 7 | 790-871 | 6 |
| Njarðvík | 9 | 3 | 6 | 687-762 | 6 |
| **KFÍ** | **9** | **2** | **7** | **827-907** | **4** |
| ÍR | 10 | 2 | 8 | 869-935 | 4 |



**EKKERT GEFIÐ** Fjölnismenn gáfu Grindvíkingum ekki neitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hið efnilega lið Fjölnis stóð lengi vel í sterku liði Grindavíkur en varð að játa sig sigrað að lokum:

# Grindavík keyrði yfir Fjölni í lokaleikhlutanum

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar unnu sterkan sigur gegn Fjölni, 86-69, í tíundu umferð Iceland Express deildar karla í körfubolta í gær, en leikurinn fór fram í Grafarvoginum.

Fjölnismenn voru með yfirhöndina stóran hluta af leiknum en gestirnir í Grindavík gjörsamlega keyrðu yfir óreynda Fjölnismenn í fjórða leikhlutanum og sigruðu að lokum öruggelga. Ryan Pettinella, leikmaður Grindvíkinga, var atkvæðamestur hjá gestunum með 20 stig en Ægir Steinarsson skoraði 17 stig fyrir Fjölni.

„Þetta var erfiðari leikur en tölurnar gefa til kynna og við komum hreinlega ekki tilbúnir til leiks,“ sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindvíkinga, ánægður með sigurinn.

„Það hefur loðað aðeins við okkur í vetur að mæta ekki tilbúnir í leikina. Í síðari hálfleiknum fórum við loksins að spila vörn og sýnum fínan karakter hérna í lokin. Mínir leikmenn eiga samt sem áður mikið inni og geta spilað mun betur“.

Grindvíkingar áttu í miklum erfileikum með að koma boltanum í körfuna í fyrri hálfleiknum en það breyttist heldur betur í þeim síðari.

„Ég sagði við strákana í hálfleik að ég vildi sjá öll skot syngja í netinu í seinni hálfleiknum því þetta var alveg skelfilegt í byrjun leiks,“ sagði Helgi.

„Við bara sprungum í fjórða leikhluta,“ sagði Örvar Kristjánsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn í gær en hans menn voru að sýna flott tilþrif framan af.

„Þetta var bara ekki nægilega gott hjá okkur í kvöld en við verðum að halda út allan leikinn á móti jafn góðu liði og Grindvík. Ég er nokkuð sáttur við hvað strákarnir mættu tilbúnir til leiks en ég er hundfúll hvað við erum fljótir að missa hausinn.

Grindvíkingar eru komnir með frábært varnarlið og gerðu okkur lífið leitt hérna í lokin, strákarnir voru þvingaðir í allt of erfið skot, sem í raun fór með leikinn,“ sagði Örvar svekktur.

- sáp



**MÖGNUÐ TILÞRIF** Leikmenn Grindavíkur og Fjölnis sýndu lipurleg tilþrif í Grafarvoginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Það voru allir snarvitlausir í húsinu

**Keflvíkingar náðu fram hefndum gegn Tindastóli í gær er liðin mættust öðru sinni á skömmum tíma í Sláturhúsinu í Keflavík. Leikur liðanna var jafn og spennandi en heimamenn reyndust sterkari að lokum.**

**KÖRFUBOLTI** „Það er alltaf hiti sem fylgir þessu, pústrar og svona. Það gerir þetta bara skemmtilegra. Það voru allir snarvitlausir í húsinu og eintóm hamingja,“ sagði Gunnar Einarsson, leikmaður Keflavíkur, eftir að hans lið vann nauman sigur gegn Tindastóli á heimavelli sínum og krækti þar með í tvö stig í Iceland Express deildinni.

Mikill hiti var í Sláturhúsinu og til handalögmála kom milli leikmanna seint í leiknum. Á lokasprettinum voru það heimamenn sem reyndust sterkari og náðu því að hefna fyrir tapið þegar þessi sömu lið mættust á sama stað í bikarnum um síðustu helgi.

„Þetta var ekki alveg að ganga í byrjun seinni hálfleiks en við náðum að rífa okkur upp úr því og klára dæmið. Þetta var algjör baráttusigur. Það er bara ein keppni eftir hjá okkur og þar stefnum við að því að vera númer eitt. Þetta var bara eitt skref í áttina að þessu stóra markmiði,“ sagði Gunnar.

Það voru gestirnir frá Sauðárkróki sem byrjuðu leikinn talsvert betur og strax mátti skynja talsverðan pirring meðal leikmanna Keflavíkur. Stólarnir höfðu sjö stiga forystu eftir fyrsta fjórðunginn en heimamenn náðu að taka sig saman í andlitinu í þeim öðrum og leiddu í hálfleik með sex stigum.

Gestirnir voru þó síður en svo búnir að leggja árar í bát og baráttan hélt áfram eftir hlé þar sem ákefðarstig beggja liða var ansi hátt. Stólarnir náðu að endurheimta forystu sína og eftir það kom kafli þar sem liðin skiptust á að leiða.

Munurinn fyrir lokafjórðunginn var aðeins eitt stig, Keflavík í vil. Þrátt fyrir góðan stuðning á pöllunum og fína frammistöðu þurftu gestirnir að fara tómhentir heim því tauglar heimamanna reyndust sterkari í lokin. Hörður Axel Vilhjálmsson og Serbinn Lazar Trifunovic fóru þar fremstir.

„Við vorum okkar versti óvinur í kvöld,“ sagði Helgi Freyr Margeirsson, leikmaður Tindastóls. „Við áttum í vandræðum gegn svæðinu þeirra í lokin og svo misstum við of mörg fráköst. Við unnum þá í frákastabaráttunni í síðasta leik ásamt því að við tengdum saman góða vörn og góða sókn en náðum því ekki núna.“

Hitinn og pústrarnir í lokin komu Helga ekki á óvart. „Það er allt undir og auðvitað verða alltaf pústrar í svona leik. Okkur finnst stundum á okkur hallað en þetta jafnast allt út yfir allan leikinn. Þegar hormónarnir fara upp verður þetta svona,“ sagði Helgi, sem leit samt á jákvæðu hliðarnar enda allt annað að sjá Tindastólsliðið í dag en í byrjun móts.

„Við vorum mánuði á eftir öðrum liðum í undirbúningi og fengum lélega sendingu af útlendingum. Við vorum ekki komnir með tíu manna æfingar fyrr en seint í september. Svo erum við aðlagast nýjum mönnum og þetta tekur allt sinn tíma. Nú erum við komnir til að vera og leiðin er bara upp á við.“

elvargeir@frettabladid.is



**MAGNAÐUR** Hörður Axel Vilhjálmsson átti sannkallaðan stórleik fyrir Keflavík í gær og var aðeins einu frákasti frá því að ná þrefaldri tvennu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


## Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


Grindavík, Keflavík og KR halda áfram að elta Íslandsmeistara Snæfells:

# Meistararnir eru enn á toppnum

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Snæfells eru enn á toppi Iceland Express deildar karla eftir fínan og öruggan útisigur á Hamri, sem er heldur betur að kólna.

Ryan Amoroso hélt áfram að fara á kostum í liði Snæfells en hann skoraði 38 stig í gær og reif niður ein 8 fráköst. Jón Ólafur Jónsson skilaði sínu að venju fyrir meistarana. Andre Dabney og Darri Hilmarsson voru í sérflokki hjá Hamarsmönnum.

Hamar byrjaði leiktíðina með miklum látum en er að gefa hraustlega eftir.

Haukar gerðu sér lítið fyrir og lögðu Stjörnuna að Ásvöllum en Stjörnumenn eru ekki alveg að standa undir væntingum í vetur. Gerald Robinson fór mikinn í liði Haukanna og skoraði 29 stig og tók 7 fráköst. Semaj Inge var einnig áberandi með 16 stig, 7 fráköst og 10 stoðsendingar.

KR vann síðan borgarslaginn gegn ÍR en ekkert varð af leik Njarðvíkur og KFÍ þar sem ekki var flogið frá Ísafirði í gær.

- hbg



**STERKUR** Pavel Ermolinskij skilar alltaf sínu fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIK ÓB
Finndu ÓB á Facebook og smelltu á „like“. Þú gætir unnið eldsneyti fyrir 10.000 kr.
ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ ÓB-LYKIL?
-10 kr.
Í FYRSTA SKIPTI, SÍÐAN ALLTAF –2 KR.
ÞÚ SÆKIR UM LYKIL, FÆRÐ HANN SENDAN FRÍTT OG BYRJAR STRAX AÐ SPARA.
Sæktu um ÓB-lykilinn á ob.is
ÓB ódýrt bensín
ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.
www.ob.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 103167

## ÚRSLIT

*EM kvenna:*

**Ísland-Svartfjallaland 23-26 (10-14)**

Mörk Íslands (skot): Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 8/1 (16/1), Rut Jónsdóttir 4 (5), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4/4 (7/5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (3), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (4), Rakel Dögg Bragadóttir 1 (3), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (3), Sólveig Lára Kjærnested (1), Ásta Birna Gunnarsdóttir (2), Karen Knútsdóttir (6).
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 6 (11, 55%), Berglind Íris Hansdóttir 6 (26/1, 23%).
Hraðaupphlaup: 3 (Rebekka Rut 1, Hrafnhildur Ósk 1, Anna Úrsúla 1).
Fiskuð víti: 6 (Rut 2, Anna Úrsúla 2, Rakel Dögg 1, Þorgerður Anna 1).
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Svartfjallalands (skot): Jovanka Radicevic 6 (7), Maja Savic 6 (7), Sandra Nikcevic 4 (5), Milena Knezevic 3 (5), Jelena Markovic 3 (7), Marija Jovanovic 3 (8), Andjela Bulatovic 1/1 (3/2), Radmila Miljanic (1), Suzana Lazovic (1).
Varin skot: Sonja Barjaktarovic 11 (24/3, 46%), Marina Vukcevic 4/1 (13/2, 31%), Mirjana Milenkovic 0 (1/1).
Hraðaupphlaup: 5 (Radicevic 3, Savic 1, Knezevic 1).
Fiskuð víti: 2 (Radicevic 1, Savic 1).
Utan vallar: 8 mínútur.
Dómarar: Kjersti Arntsen og Ida Cecilie Gullaksen, Noregi.



**BARÁTTA** Þorgerður Anna brýst hér í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Íris Björk Símonardóttir:

# Ætlum að vinna Rússana

**HANDBOLTI** Íris Björk Símonardóttir átti líklega bestu innkomuna af bekknum í gær. Hún lék síðasta stundarfjórðunginn og varði helming þeirra skora sem hún fékk á sig.

„Mér fannst Berglind Íris einnig standa sig vel í þessum leik og við stigum báðar upp í dag. Við ætluðum að gera betur eftir síðasta leik en við vorum afar ósáttar eftir þann leik,“ sagði Íris.

„Vörnin var mikið betri í dag og það munar miklu fyrir okkur í markinu að það sé þó aðeins komið við andstæðinginn. Við hefðum sennilega unnið leikinn hefðum við fengið tíu mínútur í viðbót og við sýndum undir lokin og á köflum í öllum leiknum að við eigum erindi á þetta mót. Nú eigum við að halda þessu áfram og bara vinna næsta leik, gegn Rússunum.“ - esá

Þjálfari Svartfellinga:

# Hrósaði íslenska liðinu

**HANDBOLTI** Dragan Adzic, landsliðsþjálfari Svartfellinga, hrósaði íslenska liðinu sérstaklega á blaðamannafundi eftir leikinn í gær.

„Mér fannst íslenska liðið spila miklu betur en í fyrsta leiknum. En þetta var gríðarlega mikilvægur sigur fyrir okkur því við vildum fylgja eftir sigrinum á Rússlandi,“ sagði hann.

Fréttablaðið spurði hann af hverju hann hefði ákveðið að hvíla Bojönu Popovic, sem er einn besti leikmaður heims.

„Til að gefa henni hvíld fyrir síðasta leikinn í riðlinum. Það er gríðarlega mikilvægur leikur fyrir okkur. En það eru allir leikmenn í okkar liði mikilvægir og þær fengu dýrmætar mínútur inni á vellinum í kvöld.“ - esá

Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir eftir tapið gegn Svartfjallalandi í gær:

# Ætlaði ekki að gleyma þessu móti við heimkomu

**HANDBOLTI** Hrafnhildur Ósk Skúladóttir átti stórleik með íslenska landsliðinu gegn Svartfjallalandi í gær og skoraði átta mörk. Það dugði þó ekki til þar sem Ísland tapaði leiknum, 26-23.

Hrafnhildur átti erfitt uppdráttar gegn Króatíu í fyrstu umferð riðlakeppninnar á EM í Noregi og Danmörku en kom tvíefld til baka í gær.

„Ég steig upp og er að sjálfsögðu ánægð með það. Ég ætlaði ekki að fara aftur heim til að gleyma þessu móti um leið,“ sagði hún og brosti. „Ég var staðráðin í að gera betur og ég gerði það – alveg eins og ég vissi að ég myndi gera.“

Hún segir að það þýði ekkert að vera rög við að skjóta á markið. „Öðruvísi skora ég ekki. Ég lít þá ekki á skotin sem mistök, heldur tilraunir.“

Hún sagðist vera svekktust með misnotuðu dauðafærin hjá Íslandi í gær. „Við vorum fjórum mörkum undir í leiknum og það eina sem skildi á milli var að við vorum að misnota dauðafærin en þær ekki. Leikurinn átti því að vera mun jafnari. Þær voru aðeins heppnari en við í leiknum, rétt eins og þær króatísku voru.“

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir var vitanlega svekkt með tapið. „Þetta er miklu meira svekkjandi en í síðasta leik. Við vissum þá að við sýndum ekki okkar réttu hliðar en í dag náðum við að gera það,“ sagði hún.



**GÓÐAR SAMAN** Hrafnhildur sendir hér inn á Önnu Úrsúlu. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Varnarleikur Íslands var lengst af mjög góður í gær en Anna Úrsúla sagði að það hefði ýmislegt mátt fara betur. „Þær voru stundum að skora af fimmtán metra færi. Ég var ekki að fara út, ná í þær og brjóta á þeim. Það er dýrt. En við vorum miklu betri í vörninni í þessum leik og það er talsvert skemmtilega að spila þegar varnarleikurinn gengur vel. Við sýndum í dag að við eigum eitthvað í þessi lið og það er gott að fólkið heima hafi fengið að sjá það.“ - esá

# Baráttan og viljinn dugðu ekki til

**Ísland sýndi stórbættan leik gegn Svartfjallalandi á EM í handbolta í gær. Niðurstaðan var þriggja marka svekkjandi tap gegn afar sterku liði sem hafði lagt sjálfa heimsmeistarana í fyrstu umferð mótsins.**

**HANDBOLTI** Ísland hefur tapað sínum fyrstu tveimur leikjum á EM í handbolta. Í gær töpuðu stelpurnar okkar fyrir Svartfellingum, 26-23, og þurfa nú að leggja sjálfa heimsmeistarana í lokaumferðinni til að komast upp úr riðlinum. Þær geta þó gengið til þess leiks beinar í baki og með rífandi sjálfstraust eftir leikinn í gær.

Allt annað var að sjá til íslenska liðsins strax í fyrri hálfleik í gær. Ísland byrjaði í 5+1 vörn og sóttu varnarmennirnir nú mun meira út í skytturnar. Þær sóttu síðan hratt fram og án þess þó að tapa mörgum boltum. Það var einnig mikil breyting frá leiknum gegn Króatíu.

En markvörður Svartfellinga fann sig vel í upphafi leiksins og þá byggðu andstæðingarnir upp forystu sem Ísland náði aldrei að brúa aftur. Ísland náði þó að ógna forystunni nokkrum sinnum með öflugum varnarleik og liprum sóknarleik á köflum og minnka muninn í tvö mörk þegar minnst var, 12-10. En það sem varð Íslandi að falli í þessum leik voru dauðafærin sem fóru forgörðum. Alls sluppu stelpurnar fjórum sinnum í gegn í hraðaupphlaupum án þess þó að ná að skora. Það liggur í augum uppi hversu dýrkeypt það var.

Einnig vantaði nokkuð inn á markvörsluna en Íris Björk átti þó glæsilega innkomu og varði gríðarlega vel á síðasta stundarfjórðungi leiksins. Berglind Íris hefur margsinnis sýnt hversu góður markvörður hún er og hrekkur vonandi



**MÖGNUÐ** Rut Jónsdóttir sýnir hér flott tilþrif en hún átti virkilega fínan leik fyrir íslenska liðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

í gang gegn Rússum á laugardaginn.

Síðari hálfleikur byrjaði ekki nógu vel og náðu Svartfellingar að síga fram úr, hægt og rólega. Mestur varð munurinn sjö mörk, 23-16, þegar þrettán mínútur voru eftir af leiknum.

En íslensku leikmennirnir gefast aldrei upp og það gerðu þær ekki heldur þá. Með mikilli baráttu tókst stelpunum að minnka muninn í þrjú mörk þegar tæpar fimm mínútur voru eftir og galopnuðu í raun leikinn. Íris varði allt sem á markið kom og Hrafnhildur fékk tvívegis tækifæri til að minnka muninn í tvö mörk en allt kom fyrir ekki. Svartfellingar skoruðu og Íslendingar, þrátt fyrir allan sinn baráttuvilja, féllu einfaldlega á tíma.

Hrafnhildur fann sig vel í sókninni og sýndi að frammistaðan í fyrsta leiknum var aðeins tilviljun. Rut Jónsdóttir sýndi glæsileg tilþrif, oft þegar mest þurfti á að halda. Þorgerður Anna átti góða innkomu og Anna Úrsúla stóð fyrir sínu. Fleiri stóðu sig vel en það mátti einnig sjá að liðið á enn mikið inni fyrir lokaleikinn. Það verður vel hægt að stríða heimsmeisturum Rússa þá.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
skrifar frá Árósum
eirikur@frettabladid.is



Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var stoltur af stelpunum eftir tapið gegn Svartfjallalandi í gær:

# Stelpurnar eru með óbilandi baráttuvilja

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari sagði að íslenska liðið hefði spilað miklu betur gegn Svartfjallalandi í gær en í fyrsta leiknum gegn Króatíu. Ísland tapaði þó í gær fyrir Svartfellingum, 26-23, eftir hetjulega baráttu.

„Þegar á heildina er litið er ég ánægður og sérstaklega voru síðustu 20 mínúturnar mjög góðar. Svartfellingar ætluðu greinilega að fara rólega í gegnum hann á einföldum göngubolta en það kom bara ekki til greina. Við unnum þann leikkafla 9-6 og spiluðum gríðarlega vel, bæði í vörn og sókn.“

Hann segir þó að liðið hafi enn svigrúm til að bæta leik sinn en lokaleikur Íslands í riðlinum verður gegn Rússum á laugardaginn.

„Við fórum í dag illa með dauðafærin og töpuðum miklu á því. Varnarleikurinn var mun grimmari en í síðasta leik en á tímabili hefðum við átt vera jafnvel enn grimmari. Ég geri mér þó grein



**FAGNAÐ** Júlíus og Harpa Sif á bekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

fyrir því að við förum aldrei í gegnum heilan leik án þess að fá á okkur mark af níu metrunum. Markvarslan og ýmsar sóknarútfærslur hefðu mátt vera betri í kvöld og eru þetta allt vandamál sem við erum að reyna að finna lausnir á.“

Júlíus segir að hrósa beri leikmönnum fyrir hugarfar. „Þær eru með óbilandi baráttuvilja og eiga risastórt hrós skilið fyrir það. Þær eru sífellt að reyna að finna lausnir inni á vellinum, á hliðarlínunni með okkur og inni í klefanum í hálfleik. Þær gefast aldrei upp og það sáum við í kvöld.“

Hrafnhildur Ósk Skúladóttir átti stórleik í gær og skoraði átta mörk. Allt annað var að sjá til hennar en í fyrsta leiknum, þar sem hún átti erfitt uppdráttar.

„Hún hefur átt erfitt síðan í fyrsta leiknum og við höfum rætt við hana um hann. En það var líka alveg ljóst að hún myndi koma til baka og það var gríðarlega sterkt að sjá hana svona öfluga í dag,“ sagði hann.

„Rut átti líka fínan leik og spilaði meira núna en í fyrsta leiknum. Það er óhætt að segja að leikmenn eins og Rakel, sem spila fyrst og fremst í vörninni, vilja falla í skuggann en hún stóð sig mjög vel í vörninni eins og hún gerir langoftast. Rebekka átti góða innkomu og Þorgerður nýtti sínar mínútur vel eins og í síðasta leiknum. Þetta er því mikið af ungum leikmönnum sem eru að fá afar dýrmætar mínútur og það kemur til með að hjálpa okkur mikið í framtíðinni. Við erum að taka skref fram á við og ég er ánægður með það.“ - esá

# Jólagjafir

## sem endast og endast




Xpedition II - dömu
**Verð kr. 24.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810003-52570


Xpedition II - herra
**Verð kr. 24.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810004-52570


Xpedition II - dömu
**Verð kr. 27.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810013-56390


Xpedition II - herra
**Verð kr. 27.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810014-56390


Offroad - dömu
**Verð kr. 15.995**
Stærðir: 35 - 50 | Vörunr. 69533-00201


Offroad - herra
**Verð kr. 15.995**
Stærðir: 35 - 50 | Vörunr. 69534-00201


Offroad - dömu
**Verð kr. 15.995**
Stærðir: 36 - 42 | Vörunr. 69533-00217


Offroad - herra
**Verð kr. 15.995**
Stærðir: 40 - 50 | Vörunr. 69534-00222




Xpedition II - dömu
**Verð kr. 29.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810023-55634


Xpedition II - herra
**Verð kr. 29.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810024-56390


Xpedition II - dömu
**Verð kr. 29.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810023-52570


Xpedition II - herra
**Verð kr. 29.995**
Stærðir: 36 - 48 | Vörunr. 810024-52570




Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-54301


Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56496


Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56497


Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56498




Þú finnur okkur á: facebook

ecco KRINGLAN
Sími 553 8050

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND
Sími 551 8519

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN
Sími 568 9212

## > Steve Martin

„Ég hef fulla trú á því að afþreyingarefni geti orðið að list. Það væri hins vegar algjör heimska að ætla sér það frá upphafi að gera afþreyingarefnið að list.“

***Stever Martin kann betur en margir að grínast. Hann fer með aðalhlutverk í gamanmyndinni Planes, Trains and Automobiles sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HRÍFST AF MGM

# *Kynni við gamla vini endurnýjuð*

MGM hefur alltaf staðið í skugganum af TCM-rásinni þar sem sýndar eru (stundum) sígildar kvikmyndir. Vandamálið með TCM á mínum ágæta Digital-spilara (þetta eru mörg erlend nöfn í tiltölulega fáum línum) er að hljóðið kemur á undan myndinni. Kvikmyndin þarf því að vera skrambi góð til að maður láti slíkt yfir sig ganga. Og helst með John Wayne í aðalhlutverki.

MGM hefur þó komið sterkt til leiks af varamannabekknum að undanförnu eftir að hafa verið úti í kuldanum í dágóðan tíma og henni hefur tekist að koma með ferskan blæ inn í staðnaðan sjónvarpsheim heimilisins (Og þá er fótboltalíkingunni lokið í bili). Road House, ein af mínum eftirlætismyndum frá unglingsárunum, var til að mynda sýnd í vikunni, Patrick Swayze í hörkuformi og Sam Elliot eitursvalur að vanda.



Road House hlýtur að hafa haft töluverð áhrif á þau ferlíki sem standa við dyrakarma reykvískra knæpa um hverja helgi og henda ölóðum Íslendingum út fyrir óspektir og óþarfa káf á kvenfólki.

Road House var til á spólu heima hjá afa og ömmu í Hafnarfirði (af hverju veit ég ekki) og ég kunni hana nánast utan að enda eina myndin sem var til á spólu (af hverju veit ég ekki) Það að ég skuli ekki hafa endað sem útkastari er ótrúlegt því Dalton og Wade voru hetjur þess tíma (Swayze og Elliot fyrir hina fáfróðu). Ástæðuna fyrir því er þó sennilega að finna í undarlegri og hálf-asnalegri líkamsbyggingu; á mínum yngri árum var ég horrengla með granna handleggi en nú er ég með bumbu og að fá skalla. Swayze var með hvorugt í Road House.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 EM kvenna í handbolta** (Ísland - Svartfjallaland) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**18.00 Otrabörnin** (1:26)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Mosfellsbæjar og Reykjavíkur eigast við.
**21.20 Saga af strák** (About a Boy) Bresk bíómynd frá 2000 byggð á sögu eftir Nick Hornby um óþroskaðan ungan mann sem lærir ekki að haga sér eins og fullorðinn maður fyrr en ungur drengur leggur honum lífsreglurnar. (e)
**23.05 Wallander – Hefnd** (Wallander: Hämnden) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Beaufort-kastali** (Beaufort) Ísraelsk bíómynd frá 2007 um ísraelskan herflokk á undanhaldi frá Líbanon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Galdrabókin** (10:24)
**07.50 Kalli litli Kanína og vinir**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (10:22)
**11.50 Hopkins** (4:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (5:8)
**13.50 La Fea Más Bella** (286:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (287:300)
**15.20 Gavin and Stacy** (7:7)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (9:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi**
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**20.55 Total Wipeout** (3:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**21.55 Nothing Like the Holidays** Fyndin, hugljúf og skemmtileg mynd um jólahald stórrar og líflegrar fjölskyldu frá Púertó Ríkó í Chicago.
**23.35 Planes, Trains and Automobiles** Frábær gamanmynd með Steve Martin, sem leikur fjölskylduföður sem fer í vinnuferð rétt fyrir þakkargjörðardaginn.
**01.05 Beowulf** Hörkuspennandi mynd, byggð á Bjólfskviðu.
**03.05 Half Nelson** Dan Dunne er kennari í ríkisskóla í Brooklyn.
**04.50 The Simpsons** (9:22)
**05.15 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.

## SPORT *besta sætið*

**17.35 Icelandic Fitness and Health Expo 1** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**18.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 European Poker Tour 6 - Pokers**
**22.40 UFC 123** Útsending frá UFC 123 en þangað eru mættir til leiks flestir af bestu bardagamönnum heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Sunnudagsmessan**
**15.40 Chelsea - Everton**
**17.25 Arsenal - Fulham**
**19.10 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 QPR - Watford** Bein útsending frá leik QPR og Watford.
**21.45 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Allar helstu breytingarnar á liðunum skoðaðar, viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
**22.15 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.45 Football Legends - Schmeichel** Einn besti markvörður veraldar frá upphafi verður kynntur til sögunnar að þessu sinni. Peter Schmeichel, danska tröllið, gerði garðinn frægann með Manchester Utd. og þykir einn besti markvörður heims fyrr og síðar.
**23.15 Premier League Preview 2010/11**
**23.45 QPR - Watford**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (13:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (13:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Dr. Phil**
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Life Unexpected - NÝTT!** (1:13) (e)
**19.00 Melrose Place** (8:18) (e)
**19.45 Family Guy** (12:14) (e)
**20.10 Rules of Engagement** (7:13)
**20.35 The Ricky Gervais Show** (7:13)
**21.00 Last Comic Standing - Lokaþáttur** (14:14)
**22.30 30 Rock** (2:22) (e)
**22.55 Law & Order: Special Victims Unit** (18:22) (e)
**23.45 Whose Line Is It Anyway?** (3:39) (e)
**00.10 Lost Treasure of the Grand Canyon** (e) Þriðja kvikmyndin af fjórum í myndaflokknum „Fantasy Adventure Collection“. Leiðangur er sendur til að finna týnda borg frá tímum Azteka í Miklagljúfri.
**01.40 Deadliest Sea** (e) Glæný sjónvarpsmynd sem byggð er á sannri sögu um ungan mann sem fær vinnu á togara.
**03.15 Jay Leno** (e)
**04.40 The Ricky Gervais Show** (7:13) (e)
**05.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.30 Golfing World** (e)
**13.10 Dubai World Championship** (4:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Grand Slam of Golf** (2:2) (e)
**21.50 Golfing World** (e)
**22.40 PGA Tour Yearbooks** (9:10) (e)
**23.25 Golfing World** (e)
**00.15 ESPN America**

## EXTRA

**19.20 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.05 Jamie Cooks Christmas** Sérstakur jólaþáttur með meistara Jamie Oliver þar sem hann kennir okkur að gera að mesta úr hátíðarmatnum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (17:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**22.35 Human Target** (8:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**23.20 Life on Mars** (4:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam.
**00.05 Hopkins** (4:7) Vandaðir þættir um lífið á Hopkins sjúkrahúsinu í Baltimore og gefur raunsæja mynd af því hvernig spítalalífið er í raun.
**00.50 Jamie Cooks Christmas**
**01.40 Auddi og Sveppi**
**02.10 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BÍÓ

**08.00 Red Riding Hood**
**10.00 Journey to the Center of the Earth**
**12.00 La Bamba**
**14.00 Red Riding Hood**
**16.00 Journey to the Center of the Earth**
**18.00 La Bamba**
**20.00 The Proposal**
**22.00 Outbreak**
**00.05 Shadowboxer**
**02.00 Rob Roy**
**04.15 Outbreak**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin veltir fyrir jólaboðskap Jóhönnu og Steingríms.
**21.00 Kokkalíf** Við vissum að við ættum klassakokka en svona heimsklassa, vááá!
**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingar í ævintýraleit með Stefáni Drengssyni á myndavélinni.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

512 50 50
Auglýsingasími




Í Sony Center fást jólagjafir fyrir allt heimilið


14.990,-
Sony Þráðlaus heyrnatól
MDR-RF810


19.990,-
Sony Stafrænn myndarammi
DPF-A710


18.990,-
Sony DVD spilari
DVP-S600H


9.990,-
Sony Heyrnatól
MDR-XD100

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni



Logi Bergmann er mikið jólabarn og jólalögin eru allsráðandi í þættinum, sem að þessu sinni verður helgaður hljómsveitinni Baggalúti. Þessir miklu snillingar flytja jólalög eins og þeim einum er lagið, segja sögur af hljómsveitinni og rifja upp áhugaverða tíma.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og glorír **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Perlur **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** New Tricks **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** Keeping Up Appearances **15.45** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** Gavin & Stacey **20.00** After You've Gone **20.30** Survivors **21.20** Whose Line Is It Anyway? **21.45** My Family **22.15** Gavin & Stacey **22.45** After You've Gone **23.15** Keeping Up Appearances **23.45** New Tricks

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Naturens former **13.00** 6200 Aabenraa **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** Boogie Listen **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Fillmore **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hva' så Danmark? **20.00** TV Avisen **20.30** Fools rush in **22.15** National Security **23.40** Boogie Listen

### NRK 1

**13.10** Tradisjonshandverk **13.20** V-cup skiskyting **15.00** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **15.10** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera; **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Fleksnes **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Tause vitner **22.15** Kveldsnytt **22.30** Tause vitner **23.20** To rockestjerner - en scene

### SVT 1

**13.20** Skidskytte: Världscupen Hochfilzen **15.00** Rapport **15.20** Så övervanns malarian **15.25** Nobel 2010: Prisutdelningen **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Nobel 2010: Nobelbanketten **22.30** Min jul **22.35** Croupier

Salka / MEL

# Fjörlegar og fræðandi

Í bókunum um **Rikku og töfrahringinn** erum við minnt á að þótt hin fjölmörgu lönd veraldar séu ólík þá búum við öll saman í þessum heimi og eigum að vera vinir.






**Rikka og töfrahringurinn á Íslandi**
• til á ensku • til á hljóðbók

Sameinuðu þjóðirnar völdu bókina **Rikka og töfrahringurinn á Íslandi** til að vekja athygli á menntunar- og umhverfismálum í heiminum.






Í **Rikka og töfrahringurinn á Indlandi** fara ungir lesendur í litríkt og framandi ferðalag.



**Hendrikka Waage**
gefur höfundarlaun sín til góðgerðasjóðs Alþingis barna. kidsparliament.org

Myndir eftir Ingu Maríu Brynjarsdóttur

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Salka

## Verðlaunalínan er aftur komin í hús - og 5 ára ábyrgð í Sony Center

Tækjablaðið What HiFi útnefndi Sony BRAVIA KDL40EX500 „TV Product of the Year 2010"




**Sony BRAVIA 32" LCD**
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9
• Full HD 1080x1920 upplausn
• MotionFlow 100hz
• Bravia Engine 3
• 4 HDMI tengi




**Sony BRAVIA 40" LED**
KDL-40EX500
40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm
• Full HD 1080x1920 upplausn
• MotionFlow 100hz
• Bravia Engine 3
• 4 HDMI tengi

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★




**Sony BRAVIA 40" LED**
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.
• Full HD 1080x1920 upplausn
• MotionFlow 100hz
• Deep Black panel
• Innbyggt þráðlaust net

FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Ég myndi halda að það væri lagið You Got the Love með Candi Staton."*

Sigríður Thorlacius, söngkona

# Norskar húfur nefndar eftir Sigur Rós

„Ég er mjög mikill aðdáandi Sigur Rósar og Jóns og nafnið er augljóslega vísun í lag hljómsveitarinnar," segir Petter Foshaug, stofnandi norska húfuframleiðandans Hoppipolla Headwear.

Fyrirtækið var stofnað á árinu og er nefnt eftir lagi Sigur Rósar Hoppípolla af plötunni Takk.... sem kom út árið 2005. Lagið er eitt allra útbreiddasta lag hljómsveitarinnar og hefur verið notað í fjölmörgum auglýsingum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndastiklum. Lagið var til að mynda í stiklu Óskarsverðlaunamyndarinnar Slumdog Millionaire og í auglýsingum þátta David Attenborough, Planet Earth. Loks heyrðist lagið í umfjöllun breska ríkisútvarpsins BBC um björgun námuverkamannanna í Síle.

Petter Foshaug er mikill Íslandsvinur og hefur sjö sinnum heimsótt landið. Brettakappinn Halldór Helgason kom Hoppipolla-húfunum rækilega á framfæri þegar hann var með eina á hausnum þegar hann vann til gullverðlauna í háloftaflokki bandaríska X-Games mótsins í janúar, sem er eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.



**STYÐUR NORSKAN VIN** Halldór Helgason var með Hoppipolla-húfu þegar hann vann til gullverðlauna á X-Games-mótinu í janúar.

„Vinsældir Halldórs hafa hjálpað mikið og við höfum verið á meðal mest seldu húfanna í flestum búðanna sem við dreifum í," segir Foshaug, en húfunum er dreift víða um Evrópu og alla leið til Kóreu.

En nú eru strákarnir í Sigur Rós þekktir fyrir ást sína á lopahúfum, hafa þeir fengið sendar Hoppipolla-húfur?

„Við erum komnir með dreifingaraðila á Íslandi og þeir ætluðu að kanna hvort það væri hægt að fá meðlimi Sigur Rósar til að nota húfurnar," segir Petter Foshaug.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 11.12. Kl. 11:00 U | Lau 18.12. Kl. 11:00 U | Þri 28.12. Kl. 14:00 Ö |
| Lau 11.12. Kl. 13:00 U | Lau 18.12. Kl. 13:00 U | Þri 28.12. Kl. 16:00 Ö |
| Lau 11.12. Kl. 14:30 U | Lau 18.12. Kl. 14:30 U | Mið 29.12. Kl. 14:00 |
| Sun 12.12. Kl. 11:00 U | Sun 19.12. Kl. 11:00 U | Mið 29.12. Kl. 16:00 |
| Sun 12.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 U | |
| Sun 12.12. Kl. 14:30 U | Sun 19.12. Kl. 14:30 U | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 6.1. Kl. 20:00 Ö | Fim 20.1. Kl. 20:00 |
| Mið 12.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 12.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 15:00 Ö | Fim 30.12. Kl. 16:00 U |
| Sun 12.12. Kl. 15:00 Ö | Þri 28.12. Kl. 16:00 U | Sun 2.1. Kl. 13:00 Ö |
| Sun 19.12. Kl. 13:00 Ö | Mið 29.12. Kl. 16:00 U | Sun 2.1. Kl. 15:00 |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Fim 20.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 |
| Lau 15.1. Kl. 20:00 | Lau 22.1. Kl. 20:00 | |
| Sun 16.1. Kl. 20:00 | Fim 27.1. Kl. 20:00 | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

**Kandíland** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums. Ö | Fim 6.1. Kl. 20:00 | Lau 8.1. Kl. 20:00 |
| Mið 5.1. Kl. 20:00 | Fös 7.1. Kl. 20:00 | |


BÖRKUR ARNARSON: RÖKRÉTT FRAMHALD FYRIR ÓLAF ELÍASSON

# Ólafur ein af stjörnum Ólympíulistahátíðar í London

„Þegar menn eru búnir að reisa fossa í New York og byggja sól er þetta kannski rökrétt framhald," segir Börkur Arnarson hjá listgalleríinu i8, einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Elíassonar hér á landi.

Íslenski listamaðurinn verður ein af stjörnum Listahátíðar í London árið 2012 sem haldin verður í tengslum við Ólympíuleikana þar. Í kynningu á listahátíðinni segir að fremstu listamenn heims hafi verið valdir til að taka þátt í þessum einstaka viðburði. Meðal þeirra eru leikkonan Cate Blanchett, rithöfundurinn Toni Morrison, leikstjórinn Mike Leigh og stórstjörnurnar Damon Albarn og Jude Law. Ólafur verður aðalnúmerið í listhlutanum en Börkur sagðist ekki vita hvert hans hlutverk væri. „Ég held alveg örugglega að þetta eigi að koma fólki á óvart og menn vilji ekki ræða um það í smáatriðum." Fram kemur í fréttatilkynningu að Ólafur sé að vinna sérstakt verk fyrir hátíðina ásamt listakonunni Rachel Whiteread og að það verði til sýnis.

Börkur segir það ekki koma sér á óvart að Bretarnir skuli hafa falast eftir kröftum Ólafs. Listamaðurinn sé í fremstu röð í nútímalist en veðursýning hans í Tate Modern var valin einn af menningarviðburðum fyrsta áratugar þessarar aldar í breska blaðinu The Telegraph. Boris Johnson, borgarstjóri London, fór enda fögrum orðum um hópinn sem Ólafur tilheyrir í fréttatilkynningunni. „Listamennirnir eru af þeirri stærðargráðu að öllum ætti að vera það ljóst að árið 2012 verður eitt af eftirminnilegri árum í sögu London." Undir það tók Sebastian Coe, formaður Ólympíunefndarinnar í London. „Sumarið 2012 verður töfrum líkast og þessi Listahátíð á eftir að leika stórt hlutverk í að gera Ólympíuleikana að stærstu sýningu heims."

freyrgigja@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Í MÖGNUÐUM HÓPI**

**Ólafur Elíasson** er í mögnuðum hópi sem á að bera uppi listahátíð London árið 2012. Þar má meðal annars sjá Nóbelsverðlaunahafann Toni Morrison, Óskarsverðlaunahafann **Cate Blanchett**, Bafta-verðlaunahafann Mike Leigh, stórstjörnuna **Jude Law** og Brit-verðlaunahafann **Damon Albarn**.

# Nýir húsbændur á Mótel Venus

„Staðurinn þurfti mikilla breytinga við og nafnabreyting var stór hluti af því, til að gefa staðnum nýjan blæ," segir Veigar Freyr Jökulsson, sem hefur tekið við rekstri Hótels Brúar í Borgarfirðinum, sem hét áður Mótel Venus.

„Við erum búnir að vera sveittir fram á nætur að gera staðinn huggulegan," segir Veigar Freyr, sem hélt opnunarhóf um síðustu helgi eftir að hafa sent út boðskort til Borgarness og nágrennis. „Það voru hérna vel yfir hundrað manns sem mættu og það voru allir svaka hrifnir og ánægðir með að það sé eitthvað að gerast á þessum stað. Húsið er rosaflott en fólkið fékk einhvern kjánahroll virðist vera af gamla nafninu og fannst það aldrei eiga neitt erindi hingað."

Gamli staðurinn var auglýstur sem leiðin að rómantísku kvöldi og orðrómur var lengi vel uppi um að fólk notaði hann til framhjáhalds. Veigar segir þetta skemmtilega sögu en engan flugufót vera fyrir henni. „Ég finn ekki annað út en að nafnið eitt hafi skapað þessa sögu, þessi blanda af þessum tveimur orðum."

Veigar, sem rekur staðinn með hálfbróður sínum Gústafi Hannibal, segir að Hótel Brú verði af öðrum toga en forveri sinn. „Þetta verður alvöru veitingastaður. Við ætlum ekki að fara í þennan hamborgaraslag við Borgarnes. Þetta er kjörið fyrir vinnuhópa, árshátíðir og annað álíka á veturna," segir hann og bætir við að umhverfið skemmi ekki fyrir: „Þetta er rétt við þjóðveginn. Þú keyrir hundrað metra og ert kominn í algjöra paradís hérna í Hafnarskógi. Útsýnið er alveg óborganlegt hérna yfir Borgarfjörðinn."

Áhugasamir geta skoðað síðuna hotelbru.is vanti þá frekari upplýsingar. - fb



**VEIGAR OG GÚSTAF** Veigar Freyr Jökulsson (til hægri) og Gústaf Hannibal Ólafsson hafa tekið við rekstri Hótels Brúar í Borgarfirðinum.


KYSSILEGUST!

„Þetta er bráðskemmtileg bók og mæli ég hiklaust með henni."

Harpa Mjöll Reynisdóttir, 14 ára / DV

Ný bók eftir metsöluhöfundinn JACQUELINE WILSON




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir.

vísir.is

# FÖT Á ALLA
## FJÖLSKYLDUNA

**Hettupeysa loðfóðruð**



Leggings
Nokkrir litir
og týpur, verð 1.290

**1.999**
Stærðir 1–6 ára

**Jakki með loðkraga**



**3.999**
Stærðir 7–13 ára

**Bleik úlpa**



**2.999**
Stærðir 2–8 ára

**Síðerma bolur**



**999**
Stærðir 4–14 ára

**Hettupeysa**



**1.999**
Stærðir 1–6 ára

**Íþróttagalli**



**1.999**
Stærðir 1–6 ára

## SAIKO Dömuúlpur

**7.990**
Stærðir xs–xxl



## Jakkaföt



**14.990**

**Vittorio Bellucci**
herrailmvatn fylgir með




**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

*Opið alla daga 10–20 - Sími 534 4451 - www.gulahusid.is*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skjótt skipast...

Fréttablaðið greindi frá því í gær að bóksalar hefðu almennt lítinn áhuga á bókinni Jónínu Ben. eftir **Sölva Tryggvason**. Og hafði það eftir forstjóranum Hermanni Guðmundssyni. Forstjórinn hafði hins vegar á orði að margt gott fólk væri í vinnu hjá N1 og það hefði meiri áhyggjur af sölu bókarinnar en hann. Þeir starfsmenn virðast hafa haft rétt fyrir sér því Jónínubókin verður frá og með deginum í dag til sölu í bókabúðum Eymundsson... og það verður hægt að skila henni.



### Ein af þeim bestu

Aska, skáldsaga **Yrsu Sigurðardóttur**, er ein af bestu glæpasögum ársins að mati breska dagblaðsins Metro. Í grein í blaðinu í gær er fjallað um átta bestu glæpasögur og þar er bók Yrsu, sem kallast Ashes to Dust upp á ensku, nefnd ásamt bókum Håkan Nesser, Jo Nesbø og fleiri. Flennistór mynd af Yrsu prýðir síðuna og í greininni segir meðal annars: „Hrollköld lesning sem verður enn áhrifaríkari með þéttu plotti, trúverðugum persónum og þurrum húmor Yrsu Sigurðardóttur." Metro er fjórða stærsta dagblað Bretlandseyja og stærir sig af því að vera stærsta fríblað í heimi. Þetta verður því að teljast góð kynning fyrir Yrsu.

**- fgg, hdm**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Gáttaðir á hegðan hákarla
2. Mamma Ellu Dísar tilkynnt til barnaverndaryfirvalda
3. Gefðu mér tíu!
4. Farþegaskip í sjávarháska
5. Jólaboð Ásdísar Ránar







ENNEMM / SÍA / NM44619